



Bændablaðið

8. tölublað 2023 • Fimmtudagur 27. apríl • Blað nr. 632 • 29. árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Hvað er risa-fyrirtæki?

„Það er torskiljanlegt að þeir aðilar sem berjast hvað harðast gegn undanþáguheimildum fyrir íslenskan landbúnað eru oft þeir sömu og tala fyrir inngöngu í ESB, þar sem mun víðtækari undanþáguheimildir frá samkeppnisreglum gilda en hér á landi,“ segir Herdís Magna Gunnarsdóttir, varaformaður Bændasamtaka Íslands.

Í aðsendri grein fer hún yfir regluverk undanþáguheimilda afurðastöðva hérlandis og erlendis.

Undanþága á borð við þá sem íslenskar afurðastöðvar í mjólkuriðnaði hafa hér á landi er að finna víða um heim. Herdís nefnir að í Noregi og innan ESB séu víðtækar undanþágur fyrir framleiðendur landbúnaðarvara og að í báðum tilfellum sé lögð megináhersla á starfsemi stórra rekstrareininga.

Mjólkurframleiðsla á Norðurlöndum lýtur svipuðu kerfi og hér þekktist. Eitt stórt fyrirtæki sér um söfnun og dreifingu mjólkur með frá 60-95% af allri framleiddri mjólk landsins undir. Stærðarhagkvæmni er gífurleg í samanburði við Ísland.

„Til að átta okkur betur á stærðarmun mjólkurframleiðslu landanna þá framleiddi danskir kúabændur um 5,7 milljónir tonna af mjólk árið 2021 og sænskir kúabændur framleiddu um 2,7 milljónir tonna. Íslenskir kúabændur framleiddu um 153 þúsund tonn af mjólk sama ár,“ segir Herdís Magna.

Utan Evrópu er sömu sögu að segja. Í Bandaríkjunum starfrækja þrjú risafyrirtæki saman mjólkurvinnsluna MWC í Michigan-ríki. Verksmiðjan vinnur osta og mysuprótein úr um 1,3 milljörðum lítra af mjólk árlega, sem samsvarar magni um 9 ára framleiðslu mjólkur á Íslandi. Í verksmiðjunni eru framleidd yfir 130.000 tonn af osti og tæp 9.000 tonn af mysupróteinum á ári. Starfsmenn verksmiðjunnar eru um 260 talsins. Fyrirtækin þrjú sem eiga verksmiðjuna eru meðal stærstu mjólkurvinnslufyrirtækja í heimi; það stærsta Dairy Farmers of America, sem er með heimsmarkaðshlutdeild upp á 3,4%. Glanbia, sem er tólfta stærsta mjólkurvinnsla í heimi með um 0,9% heimsmarkaðshlutdeild og minnst þessara þriggja heitir Select Milk Producers og framleiðir úr 9,5 milljörðum lítra af mjólk á ári.

„Í umræðunni á fólk það til að kalla Mjólkursamsöluna RISA á markaði. (...) Mjólkursamsalan er í raun agnarsmátt það í samanburði við stór mjólkurvinnslufyrirtæki landanna sem ég nefni,“ segir Herdís Magna enn fremur í grein sinni.

Hún varar því við þeim tillögum að afnema þá heimild sem afurðastöðvar í mjólkuriðnaði hafa til að starfa saman með það að markmiði að halda niðri framleiðslukostnaði. /ghp

Sjá nánar á bls. 52.



Fyrstu ærnar eru byrjaðar að bera um þessar mundir. Hér þrilar golsóttá gimbrin Drottning á móður sinni, en hún er fyrsta lamb þessa vors á Litla-Holti í Saurbæ í Dölum.

Mynd / Dórothea Sigríður Unnsteinsdóttir

Kórónar markaðsverð

Sauðfjårbændur óttast ekki samkeppni þótt innflutt lambakjöt fái nú í verslunum. Mikilvægt sé þó að afurðastöðvar nýti sér kosti og gæði íslenska kjötsins í markaðs- og sölustarfi.

Nýlega bauð Nettó upp á frosnar spænskar lambakórónur í verslunum sínum á 8.999 krónur fyrir kíló. Varan var auglýst á 38% afslætti á 5.579 kr/kg. Ökryddaðar íslenskar lambakórónur eru ekki sýnilegar í almennum matvöruverslunum, en samkvæmt upplýsingum frá kjötvinnslu eru þær seldar á um 6.000–7.000 kr/kg til veitingamanna. Sérverslanir á borð við Kjötöskan og Kjötöskan bjóða upp á kryddlegar lambakórónur eða lambakonfekt á um 9.000–10.000 kr/kg.

Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjårbænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að sauðfjårbændur þurfi ekki að óttast samkeppni. „Svo framfarlega sem

afurðastöðvar og smásöluaðilar nýti sér kosti og gæði íslenska lambakjötsins í markaðs- og sölustarfi. Þar skiptir miklu máli að upplýsa neytendur um gæði vörunnar, sérstöðu og ekki síður að upprunaland vörunnar komi skýrt fram á neytendapakkningum.“

Í grein hans kemur fram að síðasta haust hafi reiknað meðalafurðaverð á Íslandi verið 755 kr/kg sem er með því allra lægsta í Evrópu. Á meðan hafi meðalafurðaverð á Spáni verið 1.086 kr/kg.

„Við sauðfjårbændur gerum bara þá einföldu kröfu að okkur séu gefin tækifæri til að lifa af okkar búskap. Markaðurinn sér svo um sína.“

Í því samhengi bendir hann á að samkvæmt greiningu á afkomu sauðfjårbænda árið 2023 er að óbreyttu gert ráð fyrir að um 400–600 kr/kg dillakjöts vanti í tekjur til að rekstur bænda skili ásættanlegri afkomu og standi undir eðlilegri launagreiðslugetu.

Frá árinu 2016 hefur framleiðsla á dillakjöti dregist saman um 20%, farið úr 9.283 tonnum niður í 7.408 tonn. Gert er ráð fyrir að samdrátturinn muni aukast enn meira í ár.

Langmest kemur frá Spáni

Fjögur fyrirtæki skiptu með sér tollkvóta fyrir innflutning á 345.000 kg af kinda- eða geitakjöti á tímabilinu 1. júlí 2022 til 30. júní 2023.

Meðalverð tollkvótans var ein króna. Stjórnugrís ehf. fékk úthlutað 280.929 kg, Ekran ehf. fékk 40.000 kg, Innnes ehf. 20.000 kg og Samkaup 4.071 kg.

Á tímabilinu frá júlí 2022 til og með febrúar 2023 hafa 14.606 kg af kinda- eða geitakjöti verið flutt hingað til lands, langmest, eða 14.209 kg, frá Spáni. /ghp

Sjá nánar á bls. 50 og 53.

Úrehtar riðuvarnir

Miðfjårdarhólf í Vestur-Húnavatnssýslu hefur bæst í hóp sýkra sauðfjårveikivarnarhólfa, eftir að riðutilfelli greindust á tveimur bæjum og þurfti í kjölfarið að skera þar niður um 1.400 fjår.

Ákall fólks er nú víða hávært innan búgreinarinnar um nauðsyn þess að breyta þurfi fyrirkomulagi riðuveikivarna á Íslandi.

Tillögur yfirdýralæknis þess efnis hafa legið í landbúnaðarráðuneytinu frá því í desember 2021 þar sem gert er ráð fyrir nýju heildarskipulagi þessara mála. Meðal breytinga sem þar er lagt til er að hlífa skuli gripum með verndandi arfgerðir þegar skera þar niður hjörð í kjölfar staðfesta riðutilfella. Auk þess eru þar tillögur að breytingum á fyrirkomulagi varnarhólfa, sem komið var á til að útrýma öðrum sauðfjårsjúkdómum en riðu og höfðu borist til Íslands með innfluttu fé.

Á liðlega 40 árum hafa rúmlega 850 hjarðir verið skornar niður á Íslandi, með meira en 200 þúsund fjår. Deildar meiningar eru um árangurinn af þessum aðgerðum, en ljóst er að tjónið er mikið – bæði fjårhagslegt og tilfinningalegt – fyrir bændur sem hafa ræktað upp sínar hjarðir. Á þessum tíma hafa ríflega 620 bair gengið í gegnum þær hörmungar.

Riðutilfellum fækkað og hjörðum

Óumdeilt er að riðutilfellum hefur fækkað umtalsvert, en að sama skapi einnig fjöldi hjarða í landinu. Þegar niðurskurðaraðgerðir hófust voru 25 varnarhólf af 38 sýkt. Í dag eru átta af 25 hólfum sýkt. Riða hefur komið aftur í nýjan fjårstofn á um 12 prósent bæjanna og á suma oftan en einu sinni. Áætlað er að aflétting riðuhafta verði í Landnámshólfi 31. desember á þessu ári.

Mikið ræktunarstarf er þegar hafið sem felur í sér útbreiðslu á arfgerðunum tveimur sem taldar eru verndandi gegn riðu. Hrátar með slíkar arfgerðir voru fengnir á sæðingastöðvar fyrir síðustu fengitíð og voru nokkrir í hópi þeirra vinsælu. Má búast við að þúsundir lamba muni bera arfgerðirnar eftir sauðburð nú í vor. Eyþór Einarsson, sauðfjårræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, hefur stýrt átaksverkefni í arfgerðagreiningum og er í teymi sem leiðir það verkefni að rækta upp riðupólinn sauðfjårstofn á Íslandi.

Hann telur æskilegt að yfirdýralæknir hafi tækifæri til að velja mismunandi leiðir þegar upp koma riðutilfelli; í fyrsta lagi að skera allt niður eins og hér er gert, skera allt niður nema verndandi arfgerðir eða bara sýkta gripi þó það séu ekki mikið af verndandi arfgerðum í hjörðinni. /smh

Sjá nánar á bls. 20-22.

FRÉTTIR

Viðurkenningar á fagfundi sauðfjárræktarinnar 2023:

Brúnastaðir ræktunarbú ársins

– Galli var valinn besti lambafaðirinn og Viddi besti alhliðahrútur sæðingastöðvanna

Á fagfundi sauðfjárræktarinnar 13. apríl voru veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í sauðfjárrækt.

Sauðfjárræktarráðunautar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) útnefndu Brúnastaði í Flóahreppi ræktunarbú ársins 2022, besti lambafaðir sæðingastöðvanna á síðasta ári var Galli frá Hesti í Borgarfirði og þá var Viddi frá Fremri-Gufudal í Gufudalssveit valinn besti alhliða kynbótahrútur sæðingastöðvanna.

Það var Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá RML, sem kynnti niðurstöður fagráðsins. Í máli hans kom fram að ræktunarbú ársins væri nú útnefnt í annað skiptið. Forsendurnar fyrir valinu væru heildareinkunn kynbótamats fyrir ærnar á viðkomandi bú, en reiknuð er heildareinkunn á allar kindur fæddar 2012 til 2021. Meðalkynbótæinkunn búsins er 108,1 BLUP-stig og sagði Eyþór að það stæði afgerandi hæst allra búa í landinu

Brúnastaðir hljóta Halldórsskjöldinn

Brúnastaðir hljóta því Halldórsskjöldinn 2022. Í rökstuðningi Eyþórs kom fram að til að bú komi til álita þurfi það að uppfylla ýmsar kröfur um afurðir í takti við núgildandi ræktunarmarkmið og komast inn á lista yfir úrvalsbú sem birtur er á vef RML.

Eyþór sagði að á Brúnastöðum hafi ræktun á þeim sauðfjárstofni sem þar er í dag hafist árið 1952 þegar tekið var nýtt fé eftir meðuveikifjárskiptin.

Stofnkindurnar komu úr Suður-Þingeyjarsýslu

Að sögn Eyþórs komu stofnkindurnar í ræktun Brúnastaða úr Suður-Þingeyjarsýslu, úr Aðaldalnum, frá Húsvík og af Tjörnesinu. „Árið eftir var fenginn hrútur frá Hóli í Kelduhverfi sem Hrappur hét og reyndist happafengur. Ákveðin straumhvirf urðu síðan í fjárræktinni á búinu þegar byggð voru ný fjárhús 1983 sem skilaði því að afurðirnar jukust og ræktunaráhuginn magnaðist.

„Sauðfjársæðingar hafa lengi verið stundaðar af kappi á Brúnastöðum, eða allt frá árinu 1968. Þannig hefur lengi verið sótt í það besta erfðaefni sem í boði er á hverjum tíma. Hrútar frá Hesti hafa



Einar Hafliðason, Fremri-Gufudal, Elín Magnúsdóttir og Ágúst Ingi Ketilsson, Brúnastöðum, Eyjólfur Kristinn Örnólfsson frá Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir Hestbúið og Logi Sigurðsson, bústjóri á Hesti.

Mynd / Rósa Björk Jónsdóttir



Galli frá Hesti í Borgarfirði.



Viddi frá Fremri-Gufudal í Gufudalssveit.

mikið verið notaðir þar og reynst farsællega.

Eyþór nefndi nokkra hrúta sem markað hafa spor í ræktuninni á Brúnastöðum; Jarl 90-311 frá Oddgeirshólum og síðan heimahrútana, Blæ 91-312, sem var sonur Fóla 88-911 frá Hesti og dótturson Arons 83-825 frá Hesti; Kristal 02-079, son Lóða 00-871 frá Hesti og dótturson Garps 92-808 frá Lækjarhúsum og Sorti 16-079, son Jónasar 12-949 frá Miðgarði og dótturson Guma 09-880 frá Borgarfelli. „Þá var til á búinu hrútur sem þótti algjört metfé sem Sóni hét 96-500, sonur Búts 93-982 frá Hesti

og var hann falaður af stöðvunum en varð síðan of skammlífur til að það gengi eftir. Í meira en áratug hefur búið síðan ekki verið aðgengilegt sæðingastöðvunum þar sem sauðfjárveikivarnarhólfid hefur verið lokað,“ sagði Eyþór.

Fjárfjöldi á bilinu 140–150

Eyþór sagði að á Brúnastöðum væri stundaður blandaður búskapur og hefur fjárfjöldi þar yfirleitt verið 140 til 150. Brúnastaðabændur væru landsþekktir ræktunarmenn, hvort sem um nautgripi, hross eða sauðfé væri að ræða. Þar fari greinilega

saman góð fjármennska, áhugi og þekking á búfjárræktun. Sagði hann að líkt og birtist í niðurstöðum skýrsluhaldsins í sauðfjárrækt hefur búið lengi verið í fremstu röð fyrir afurðir og frábæra gerð sláturlamba og stundum staðið efst allra búa í þeim eiginleika.

Galli í hópi mest notaðra hrúta

Eyþór sagði Galla 20-875 frá Hesti vera kominn af þekktum kynbótahrútum Hestbúsins, en reki einnig ættir í Vestur-Húnavatnssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu; sonur Mfnusar 16-827 frá Mýrum 2 í

Hrútafirði og föðurfaðir hans er því Hvati 13-926 frá Hesti. Móðurfaðir Galla er Durtur 16-994 frá Hesti.

„Galli var valinn á sæðingastöð á grunni afkvæmarannsóknar á Hesti haustið 2021. Galli var í hópi mest notuðu stöðvahrúta bæði árin sem hann hefur verið á stöð. Haustið 2022 voru stigaðir rúmlega 200 synir hans vítt og breitt um landið. Þeir voru yfir meðaltali fyrir flesta eiginleika. Synir hans voru með næstþykka bakvöðvann, aðeins undir í lífþunga og á meðaltali fyrir ull og samræmi. Hann átti mikið úrval glæsilegra ásetningshrúta og átti Galli meðal annars fjóra lambrúta með 90,0-90,5 í heildarstig. Dæmdar voru rúmlega 300 gimbrar undan Galla og voru 2/3 af hópnum með 18,0 stig eða meira í lærastig og nokkuð yfir 100 gimbrar voru með 33 millimetra bakvöðva eða meira og algveg upp í 42 millimetra,“ sagði Eyþór.

Afgerandi efstir í afkvæmarannsókn

Það var Árni Bragason sem afhenti viðurkenninguna fyrir Viddu 16-820. Hann sagði að Viddi væri einn þeirra kollóttu stöðvahrúta sem eru afkomandi Hnokka 12-047 frá Árbæ í Reykhólasveit. „Hnokki hefur haft mikil áhrif á ræktun kollótta fjárens í landinu þó að hann yrði aldrei stöðvahrútur sjálfur. Faðir Viddu, Deddi, 15-410 var fæddur í Árbæ og sonur Hnokka 12-047. Móðir Viddu var einnig undan hrúti sem fenginn var í Árbæ og var hann sonur Dags 11-034 frá Árbæ. Dagur þessi stendur einnig að baki nokkurra kollóttu stöðvahrúta sem eiga ættir að rekja að Árbæ. Viddi rekur því ættir sínar að stórum hluta til öflugra kynbótahrúta í Árbæ. Móðir Viddu, Katnis 15-568, var svartbotnótt og frábær afurðaðar. Hún bar 14 lömbum á sex árum, tvílembd sem gemlingur, síðan tvílembd og tvílembd en geld síðasta árið. Hún var með 9,5 afurðastig fyrir æviferilinn.

Viddi var valinn til notkunar á sæðingastöðvunum sumarið 2019. Hann, tveir synir hans og hálfbróðir höfðu þá staðið afgerandi efstir í afkvæmarannsókn heima í Fremri-Gufudal haustið 2018. Viddi byrjaði ferilinn í Þorleifskoti og voru sæddar með honum 572 ær. Veturinn eftir var hann í Borgamesi og sæddar með honum 480 ær. Honum entist síðan ekki aldur fram til næsta fengitíma og nýttist því aðeins tvö ár í þjónustu stöðvanna.“ /smh

Afurðaverð nautgripa að hækka

Töluverðar verðhækkningar hafa átt sér stað undanfarna mánuði á afurðaverði til nautgripabænda. Hækkningar hafa numið allt að rúmum tuttugu prósentum.

Aukin eftirspurn eftir nautakjöti hefur birst í hækkunum afurðastöðva á afurðaverði á undanföllum mánuðum. Nú þegar hafa allar afurðastöðvarnar hækkað verð sitt það sem af er ári og sumar þeirra hafa hækkað verðskrár sínar þrisvar.

Rafn Bergsson, formaður búgreinadeildar nautgripabænda, segir að hækkningar séu vissulega kærkomnar enda hafi staða nautakjötsframleiðslu verið afar erfið að undanföllum. „Við höfum séð fækkun á ásettum gripum en vonandi er þróunin að snúast við. Það er auðvitað þrjú ára ferli að framleiða gripi þannig að áhrifin koma kannski ekki fram strax.“

Ef skoðuð er hækkun UN gripa frá janúar til og með hækkunum sem tóku gildi 17. apríl sl. nemur hún allt að rúmum 20% í flokkum yfir 200 kg. Undir 200 kg flokkur UN gripa hækkar mun minna og flestar afurðastöðvar hafa ekki hreyft þá verðskrá það sem af er ári, að SS undanskildu.

VATN vísitalan, sem búgreinadeild nautgripabænda hefur haldið utan um, hefur hækkað um 6% frá janúar til



VATN vísitalan hefur hækkað um 6% frá janúar til mars. Appelsínugula línan táknar VATN vísitöluna en sú gráa vísitölu neysluverðs.

mars. Stærstu verðhækkningar áttu sér þó stað í mars og apríl en tölur til að uppfæra vísitöluna fyrir apríl liggja ekki enn fyrir. Búast má við því að hækkningar komi sterkar fram við næstu uppfærslu VATN vísitölunnar. /HS-ghp

FÓÐURBLANDAN

Gæði fyrir dýrin og þig!

FÓÐURBLANDAN

FB Reykjavík
Kornagarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvalsóllur
Duftþaksbraut 1
570 9850

www.fodur.is
fodur@fodur.is



ergo

Látum það gerast

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar

Þegar kemur að fjármögnun atvinnutækja er reynslubankinn okkar sneisafullur. Við tökum þátt í uppbyggingu lítilla og stórra fyrirtækja í öllum atvinnugreinum, hvort sem við rýnum í vinnuvélar eða fólksbíla, flugvélar eða röntgentæki.

Aðalmálið er að aðstoða þig við að auka afkastagetuna og hagkvæmnina svo þú getir nýtt tækifærin sem best.

Hafðu samband og við hjálpum þér að láta hlutina gerast.

FRÉTTIR

Missirðu alltaf af Bændablaðinu?

Komdu í áskrift!

Einungis 11.900 krónur á ári, fyrir eldri borgara og öryrkja.

14.900 krónur fyrir alla aðra.

Frekari upplýsingar á www.bbl.is eða í síma 563-0300

Kúabændurnir Berglind Kristinsdóttir og Jón Elvar Hjörleifsson á Hrafnagili og Hermann Ingi Gunnarsson og Ingibjörg Leifsdóttir á Klauf í Eyjafirði hafa fundið góð not fyrir heimikinn bygghálm sem fellur til við kornrækt.

„Þvílíkur snilldarundirburður“

– Töluverð verðmæti gætu legið í vinnslu og notkun hálmis

Kúabændur á tveimur bæjum í Eyjafirði hafa síðan í haust eingöngu notað heimagerðan undirburð úr bygghálmi. Með því telja þeir sig hafa sparað á fimmtu milljón króna. Bændurnir eiga sér draum um framleiðslu.

Bændur urðu varir við aðfangaverðshækkunir í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu. Samhliða hærra heimsmarkaðsverði á timbri fór hærra verð á undirburði að bíta marga þá sem þurfa drjúgan skerf af honum.

Kúabændurnir Hermann Ingi Gunnarsson og Ingibjörg Leifsdóttir á Klauf og Jón Elvar Hjörleifsson og Berglind Kristinsdóttir á Hrafnagili í Eyjafirði rækta umtalsvert mikið af korni. Síðastliðið haust brugðu þau á það ráð að þurrka bygghálm og vinna úr honum undirburð með eftirtækta verðum árangri.

Þau hirtu hálminn þurran, rúlluðu honum með hálmstillingu, því þá er það lausara í sér, og þurrkuðu svo rúllurnar í kornþurrkunaraðstöðu sinni á Hjalteyri. „Þar eru ristlar í gólfinu sem þjóna sem forþurrkun. Við röðuðum rúllunum á ristarnar og þær þornuðu á ótrúlega skömmum tíma. Með því móti er fljótlegt að mala hálminn,“ segir Jón Elvar.

Á Hjalteyri búa þeir Jón Elvar og Hermann svo vel að hafa aðgang að hinni kunnu færarlegu

kögglaferksmiðju Stefáns Þórðarsonar í Teigi sem Þórður Stefánsson, sonur hans, hefur nú tekið við. Með vélinni var hálmurinn malaður í undirburð. Hermann telst til að hafa unnið úr um 40 rúllum og mun undirburðurinn duga þeim báðum út árið og rúmlega það.

„Þetta er alveg þvílíkur snilldarundirburður. Það er miklu skemmtilegra að eiga við þetta en sag. Hálmurinn tollir betur í básunum og fyllir vel í þá og það verður einhvern veginn meira úr honum,“ segir Jón Elvar. Hann nefnir einnig að líftölumælingar hafi sýnt lægri gildi eftir að þau tóku upp notkun á hálmnum, sem þau Berglind nota án allra sótthreinsiefna.

Gætu sparað hundruð milljóna króna innflutning

Ekki nóg með það, heimagerði undirburðurinn reynist sparnaðarráð. Þannig segist Jón Elvar hafa greitt um 1.700 þúsund til tvær milljónir króna í undirburð á ári, fyrir verðhækkunir. „Kílóíð er komið upp í 100 til 150 krónur. Það er alveg galið að kaupa þetta. Sagið er orðið dýrara en kjarnfóðrið. Ef kornuppskeran klikkar þá er þetta alltaf að fara að bæta hana upp. Í raun er hálmurinn orðinn verðmætari en kornið.“

Sem nokkuð stórtækir kornræktendur búa bændurnir því að mögulegu hráefni til nokkuð stórtækra framleiðslu á undirburði. „Draumurinn er að gera meira úr þessu, að geta þurrkað, malað og pakkað hálm og selt hann. Við gætum framleitt miklu meira en við þurfum. Maður fær um 15 rúllur á hektara af hálm, oft meira. Ég einn fæ svona 400 rúllur á ári,“ segir Jón Elvar.

Gríðarleg tækifæri

Verðmæti slíkrar undirburðarvinnslu getu því orðið töluverð en Hermann reiknast til að bændur eyði um 400 milljónum króna á ári í innflutt gætu til undirburðar.

„Um 2.800 tonn af undirburði er flutt til landsins á hverju ári. Það má gera ráð fyrir því að notkun á kúabúum séu um 2.000 tonn en svo er hann einnig nýttur í alifuglarækt, svínarækt og í hesthúsum. Það eru gríðarleg tækifæri í vinnslu undirburðar hér á landi, ekki bara með bygghálmi – hér er líka ræktaður sandreyr sem ég sé fyrir mér að hægt væri að mala í undirburð. Það hlýtur að vera kolefnisbætra fyrir okkur að nýta eitthvað sem fellur til hér á landi frekar en að fella tré í útlöndum til að nota sem undirburð hér,“ segir Hermann. /ghp



Mjólkurframleiðsla hefur aukist en beingreiðslur ekki.

Mynd / Úr safni

Mjólkurframleiðsla:

Ríkisstuðningur hefur lækkað um 51%

Ef sami stuðningur hefði haldist á hvern framleiddan mjólkurlíttra frá árinu 2004 til 2022, væru beingreiðslur 106 prósent hærri. Frá þessu er greint í ársskýrslu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Árið 2004 voru beingreiðslur 49 prósent af tekjum við framleiðslu á hvern lítra mjólkur. Árið 2022 hefur þetta hlutfall lækkað niður í 29 prósent. Í ársskýrslunni er bent á að þetta hlutfall sé lægra en í Bandaríkjunum, en árið 2016 var ríkisstuðningur

45 prósent af tekjum á hvern lítra mjólkur. Þessi mikla lækking skýrist helst af því að bændur hafa svarað ákalli um aukna framleiðslu mjólkur undanfarin tuttugu ár á sama tíma og heildarmagn beingreiðslna hefur lækkað að raungildi.

Ef ríkisstuðningur hefði fylgt verðlagsþróun og framleiðslu-aukningu á þessu tímabili, hefði stuðningur við mjólkurframleiðslu árið 2022 verið 14,7 milljarðar króna, segir í ársskýrslu SAM. /ÁL

Kofinn: "leikhús" í garðinn - sumarþústaðinn - leikvöllinn

Forsniðnar „bjagaðar“ einingar eru saman á hornum.



Kofinn - efnislýsing

Veggir og þak: Djúprásaður 11mm furukrossviður.

Gólf: Djúprásaður 11mm krossviður.

Tenging á hornum og þakskegg: 21mm hefluð fura/greni.

Gluggar: 6mm plast (Plexi). Limdir í gluggafals.

Afgreiðsla: Allir timburhlutar eru afhentir ómálaðir en með fúavörn.

Hægt er að fá „kofann“ í litum skv. samkomulagi. (ATH: Litaval er ekki að fullu frágengið og háð nánara samkomulagi við kaupendur).

Kofi.is, s: 6901155 netfang: kofi.is.

Kofi.is



Draumur bændanna er að hefja framleiðslu á undirburðinum sem gæti að sögn Hermanns sparað bændum um 400 milljóna króna innflutning.



Kýr og kálfar kunna vel við undirburðinn. Jón Elvar segir að líftölumælingar hafi sýnt lægri gildi eftir að þau Berglind tóku upp notkun á hálmnum.

Vertu til fyrir sumarið

N1
Vefverslun
Skoðu úrvalið
og skráðu þitt
fyrirtæki



Tegera girðingahanskar

Fóðraðir í lófa. Ljóst leður í lófa og blátt tau á baki. Frábærir í girðingavinnuna.

Stærðir: 10–11.



Dunlop Wellies gúmmískór

Vinsælir í matvælavinnslu.

Litur: Hvítur. Stærðir: 35–46.



Handbursti

Hentugur bursti með stuttu handfangi.

Litur: Hvítur.



Tork handþurrkur

Mjúkar tveggja laga multifold Xpress handþurrka með Z broti sem passa í TORK H2 veggskammtara.

Stærð: 21,3x24 cm. Magn: 180 þurrkur í pk.



Vélatuskur úr bómullarefni

Tuskur sem henta vel til að þrifa vélar.

Stærð: 21,3x24 cm. Magn: 180 þurrkur í pk.



Mobil Chain Oil Spray

Glær keðjuólía sem loðir vel við og hrindir frá sér vatni. Matvælavottuð, NSF H1. NSF 158909

Magn: 400 ml. 12 brúsar í kassa.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0300

Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is, Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins. Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublaðið) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.

Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

SKOÐUN

Egg og baunir

Fæðuöryggi og framtíð norrænnar matvælaframleiðslu er í húfi ef drög að nýjum norrænum næringarráðleggingum (NNR) verða að veruleika.

Það er meðal þess sem kemur fram í aðsændri grein Erlu H. Gunnarsdóttur, samskiptastjóra BÍ og tengiliðs við hóp norrænu bændasamtakanna, í Morgunblaðinu laugardaginn 22. apríl sl. Þar kemur fram að norrænu bændasamtökin sjái ýmsa ámælisverða vankanta á grundvelli næringarráðlegginga.

Næringarviðmið landlæknis byggja á þeim norrænu, en þau eru m.a. grundvöllur opinberra innkaupa. Þess vegna hafa tédar ráðleggingar gífurleg áhrif á neyslu og þar með almenna lýðheilsu hér á landi. Miðað við áhrifavald þessa plaggis, sem telur í dag 196 síður, ætti að geta búist við því að þær byggðu á áreiðanlegri þekkingu frá okkar allra færustu fagmönnum. En svo virðist ekki vera.

Erla hafði áður skrifað um efnið í jólablaði Bændablaðsins. Þar kom fram að í stað þess að fá þar til gerða sérfræðinga og vísindastofnanir í samstarf við gerð þýðingarmikilla hluta ráðanna, sem snýr að sjálfbærni, hafi bresk hugveita verið sett í verkið. Sú hugveita beitir sér fyrir róttækum breytingum á matvælakerfi, m.a. með því að breyta landbúnaðarsvæðum í búsvæði með villtum dýrum, skógi og grænmetsræktun. Sá kafli sem hugveitan skrifar grundvallar ýmsar róttækar neyslubreytingar sem lagt er upp með. Heilt yfir virðast drögin ekki byggja á landfræðilegum möguleikum landa á norðurhvara veraldar til matvælaframleiðslu, frekar hugmyndafræðilegum áróðri.

Þannig hafa norrænu bændasamtökin gagnrýnt skort á vísindalega aðferðafræði og gagnsæi við vinnu þeirra.

Þegar drepið er niður í kafla um kornneyslu kemur á óvart að þar sé fullyrt að kornframleiðsla sé byggð upp á ósjálfbæran hátt, framleiðslumagn sé langt umfram það sem þurfi til að fæða menn og að „afgangurinn“ sé notaður í dýrafóður, lífelsesneytisframleiðslu og fleira. Eftirspurn sem myndast geti við slíka notkun stuðlað að skaðlegum umhverfisáhrifum kornframleiðslu. Ekki virðist vera skilningur á því að korn til manneldis þarf að ná ákveðnum þroska til að uppfylla neyslukröfur. Af einmitt þeirri ástæðu er uppstaða kornframleiðslu á norðurhvara veraldar nýtt sem fóður.

Þar að auki er ekki mælt með að borða nema í allra mesta lagi eitt egg á dag. Sagt að meiri neysla eggja geti verið óholl vegna kólesterólsinnihalds þeirra, þó sú mýta sé fyrir löngu afsönnuð. Þegar skoðaðar eru þær rannsóknir sem vísað er til í skýrslunni er nákvæmlega það staðhæft; að takmörkuð gögn séu til um tengsl milli neyslu á fleiri en einu egg á dag og hættu á sjúkdómum. Því er væntanlegt neysluviðmið furðulegt í meira lagi.

Þá er mælt með verulegum samdrætti á neyslu á rauðu kjöti, úr 500 g niður í 350 g á viku. Jákvæð áhrif dýraafurða á lýðheilsu fá afar lítið vægi þrátt fyrir að margar rannsóknir sýni neyslu þess stuðla að upptöku járn, prótíns og vítamína. Samkvæmt drögunum á minna kjötát að vera bætt upp með verulegri neyslu á belgjurtum, talað er um jákvæð áhrif þess að neyta 100 g á dag til að ná fram næringarviðmiðum. Núverandi neysla belgjurta er að meðaltali 2 grömm.

Aðstæður landa á norðurhvara veraldar til stórtækra baunaráktar er takmörkuð. Við nýttum jarðgæði landsins fyrir búfé, sem breytir grasi – sem ekki er aðgengileg fæða fyrir menn – í kjöt, sem er góð staðbundin næring og ein af undirstöðu fæðuöryggis landsins.

Norsku Bændasamtökin hafa reiknað út að ef farið verði eftir hinum nýju næringarráðum muni sjálfsnægt Noregs minnka úr 46% niður í 28%, próteinhlutfall innlendrar framleiðslu falla úr 64% niður í 38%. Þessu þurfi að mæta með innfluttum matvælum sem veikir sjálfbærni þjóðarinnar. Hvernig ætli slíkir útreikningar horfi við hugveituhöfundunum?

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri

Starfsskilyrði íslensks landbúnaðar

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Árið 2022 var sannarlega ár mikilla áskorana í búrekstri vegna mikilla hækkana á öllum helstu aðföngum.

Stjórnvöld studdu landbúnaðinn með 650 milljóna króna álagi á jarðræktarstyrki og landgreiðslur auk 50 milljón króna stuðningi við áburðarráðgjöf. Í júní 2022 skipaði matvælaráðherra spretthóp til að skila tillögum og valkostagreiðingum vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi. Niðurstaða þessarar vinnu var 2.460 milljón króna stuðningur til að koma til móts við verðhækkningar á aðföngum. Auk þessa stuðnings komu til hækkunar á afurðaverði til bænda, þó með misjöfnum hætti eftir búgreinum.

Nú þegar liðnir eru næstum 4 mánuðir af þessu rekstrarári er ljóst að staða landbúnaðarins er lítið betri en hún var fyrir ári síðan. Hækkunar á aðföngum hafa gengið lítið til baka en auk þess hefur launakostnaður, aðkeypt þjónusta og fjármagnskostnaður hækkað verulega.

Óviðunandi afkoma í sauðfjá- og nautgriparákt

Miðað við hækkun rekstrarkostnaðar í landbúnaði má gera ráð fyrir því að sauðfjárræktin þurfi um 1.800 milljónir til að reksturinn skili ásætlanlegri afkomu á þessu ári. Þá sýna greiningar Bændasamtakanna að nautakjötsframleiðslan þurfi um 1.700 milljónir til að skila viðunandi afkomu. Rétt er að taka það fram að þessar tækr búið hafa nú um langt skeið staðið frammi fyrir lélegri afkomu sem kemur nú skýrt fram í samdrætti í framleiðslu. Bændur í þessari framleiðslu eru markvisst að draga saman í sínum rekstri. Þörf er á skýru inngripi sem skapar rekstrarforsendur til lengri tíma.

Tollverndin reynist bitlaus

Sú eftirgjöf sem orðið hefur á tollvernd kemur skýrt fram í minni markaðshlutdeild á innlendri framleiðslu á alifugla-, svína- og nautakjöti.

Innflutningur innan tollkvóta sem og rýrnun á verðgildi WTO tolla gerir það að verkum að innflutt vara stýrir að mestu verðþróun á markaði. Þannig verður ekki eðlileg verðmyndun milli smásölu og frumframleiðslu sem kemur fram í óásætlanlegri afkomu í landbúnaði sem leiðir til samdráttar í framleiðslu. Verði ekkert að gert mun kjötfarmleiðsla á Íslandi halda áfram að dragast saman. Við blasir stjórnlaust hrun í þessum greinum.

Staðan er grafalvarleg

Á 152. löggjafarþingi Alþingis voru samþykkt lög um breytingu á tollalögum sem fólu í sér að felldir voru niður allir tollar á landbúnaðarvörum sem eru upprunar í Úkraínu. Áhrif frumvarpsins voru talin óveruleg, enda nam heildartollverð innfluttra vara frá Úkraínu til Íslands samtals 500 milljónum kr. árið 2021 og enginn innflutningur var á landbúnaðarvörum.

Tilgangur laganna með breytingum um tímabundna niðurfellingu tolla af landbúnaðarvörum frá Úkraínu var að sýna táknrænan stuðning í verki við úkraínska bændur. Samt virðist það vera svo að Norðmenn hafi á síðasta ári ekki samþykkt að fella niður tolla af landbúnaðarvörum frá Úkraínu sem væri í beinni samkeppni við þeirra eigin innanlandsframleiðslu. Af hverju? Jú, því um leið og dymar eru opnaðar, verður erfitt að loka þeim aftur enda veit enginn hvað stríðið mun vara lengi.

Á tímabilinu september 2022 og fram í febrúar 2023 voru nokkrar sendingar af kjúklingakjöti frá Úkraínu fluttar til landsins án þess að vera bornar undir eftirlit Matvælastofnunar, eins og ber að gera. Tollyfirvöld létu MAST í té upplýsingar um sendingarnar og kallaði stofnunin eftir gögnum frá viðkomandi innflytjendum. Með öðrum orðum, innflutningsleyfi lá ekki fyrir skv. ákvæðum reglugerðar um innflutning, en innflutningsleyfið byggir m.a. á áhættumati sem tekur til dýrasjúkdómastöðu upprunals og ber innflytjendum að sækja um slíkt leyfi áður en flutt er inn í fyrsta sinn til landsins. Það var ekki gert.

Úkraínsku fyrirtækin sem kjúklingur er keyptur af og seldur hérlendis eru stórfyrirtæki á heimsvísu og eiga fátt sameiginlegt með íslenskum bændum. Til að bera saman þennan

alþjóðlega rísa við íslenskan raunveruleika þá framleiðir meðalfjölskyldubú í innleggsviðskiptum hér á landi u.þ.b. 240 tonn af kjúklingi árlega á meðan hinn alþjóðlegi framleiðandi framleiðir 754.000 tonn. Íslenski bóndinn framleiðir því einungis 0,03% á við hið alþjóðlega stórfyrirtæki. Samkvæmt mælaborði landbúnaðarins var heildarframleiðsla kjúklinga á Íslandi 9.086 tonn árið 2022. Það sýnir að hið erlenda stórfyrirtæki sem kjúklingurinn frá Úkraínu er fluttur inn frá, er einungis 4-5 daga að framleiða ársframleiðslu íslenskra kjúklingabænda.

Þau tæplega 200 tonn sem komið hafa til Íslands vega létt í þeirra umsvifum en fyrir lítið hagkerfi eins og okkar munar þetta miklu og neikvæð áhrif á íslenskan alifuglabúskap og raunar allan íslenskan landbúnað eru langt frá því að hafa komið í ljós að fullu. Um 500 manns starfa við alifuglarækt á Íslandi. Fleiri lönd í Evrópu eru í svipaðri stöðu en Samtök evrópskra landbúnaðarframleiðenda lýstu á dögnum yfir áhyggjum af mikilli aukningu á magni úkraínskra landbúnaðarvara sem fluttar eru inn til Evrópusambandsins. Því hafa þau óskað eftir endurskoðun á skilmálum um fríðindaviðskiptaskilyrði við Úkraínu og hugsanlega útilokun sumra vara frá lista yfir tollfrjáls viðskipti.

Ein meginforsenda þess að hægt sé að byggja upp íslenska framleiðslu er að þeir sem hana stunda geti búið við eðlilegt rekstrarumhverfi og horft til framtíðar. Íslenskir kjúklingabændur hafa í gegnum tíðina eingöngu getað treyst á tollvernd alifuglakjöts þar sem greinin nýtur ekki opinbers stuðnings í gegnum búvörusamninga. Síðustu ár hafa tollar á innflutt kjúklingakjöt hins vegar farið lækkað og fimmfölduðust tollkvótar t.a.m. árið 2018.

Samtökin taka undir það að mikilvægt sé að allar þjóðir leggi hönd á plóg til stuðnings Úkraínu en þó þurfi ríkisstjórnin og alþingismenn að svara því hvort að slík lagasetning sem samþykkt var sl. vor, og öll teikn eru á lofti um að verði framlengd, sé réttlætlanleg gagnvart íslenskrum landbúnaðarframleiðslu, eru ekki til önnur aðferðarfræði til að styðja úkraínska bændur án þess að skaða verulega rekstrarumhverfi íslenskra bænda?

GAMLA MYNDIN



Vefnaður er eitt elsta handverk listar sem finna má um veröldina. Við Íslendingar kynntumst vefstólum á 18. öld (þótt vefnaður hafi verið unninn á annan máta áður) og lærðum brátt að í honum er uppstaðan lárétt, skilin stigin með fótunum og því er mjög fjótlegt að vefa. Þarna sjáum við nemendur Varmalandsskóla í Borgarfirði – líklegast í kringum miðja síðustu öld – önnu kafna í verklegri fræðslu vefnaðar. Mynd / Gunnar Rúnar



Akrar plægðir undir Eyjafjöllum.

Mynd / Þórarinn Ólafsson, Raufarfelli



Kartöfluútsæði flutt í garðana. Mynd / Sveinn Rúnar Ragnarsson, Akurnesi

Vorverkin hafin

Sumardagurinn fyrsti var fyrir viku síðan. Þótt sumarið sé ekki komið af fullum krafti eru vorannir hafnar hjá bændum. Lesendur sendu Bændablaðinu nýjar myndir héðan og þaðan af landinu.



Anguskálfar í Skagafirði.

Mynd / Bessi Freyr Vésteinsson, Hofstaðaseli



Sáð í kornakra í Hornafirði.

Mynd / Birgir Þór Ragnarsson, Flatey



Fyrstu lömbin komin.

Mynd / Kristín Magnúsdóttir, Austurhlíð



Dyttað að girðingum með staurasleggju.

Mynd / Sveinn Rúnar Ragnarsson, Akurnesi



Viðáttumiklir akrar í Gunnarsholti.

Auðunn Magni Björgvinsson, Laxárdal



Slóðadráttur í Reykjadal í Ölfusi.

Mynd / ghp



Tvílemd golsótt ær.

Mynd / Sveinn Rúnar Ragnarsson / Akurnesi

MÆLT AF MUNNI FRAM

Í þessum vísnaþætti verður kynntur til sögu enn einn hagyrðingurinn úr Hrafnkeldsdal. Snorri Aðalsteinsson er fæddur á Vaðbrekku á árinu 1962. Snorri telur föðurbróður sinn, Ragnar Inga Aðalsteinsson, eiga nokkurn þátt í því að á síðasta ári gaf Snorri út lítið ljóðakver er hann nefnir *Gullvör*. Kverið er góður vitnisburður um landlæga hagnælsku í Vaðbrekkuættinni, þar sem afburða vald er yfir stuðlum og rími. Nafn bókarinnar er dregið af hollvætti þeim er Gullvör nefnist, og fylgt hefur Vaðbrekkufólki sem og Jökuldælingum í framættir. Ég freistast þó til þess að álykta að Gullvör hafi einnig og ekki síður haldið utan um þá ríku síðferðiskennnd sem héraðið hefur búið við um aldir. Gullvöru tileinkar Snorri hið fyrsta hugverk þessa þáttar:

*Að ágæti bar af ófreskum konum,
einlæg og sönn.
Draumspeki lagði dalsins sonum,
í dagsins önn.
Hollvættur fylgdi í háskaförum,
um holt og láð.
Til giftu hrotu sem gull af vörum
hin góðu ráð.*

Happaskipið Hnefill:

*Af göfgu nafni gæfa skín,
ég greypti það við stafn.
Fyrsta æskuástin mín
innblés þetta nafn.*

Kveðja

*Allar stundir þú varst mér væn,
þín vísdom í hjartanu geymi.
Er kveð ég þig nú í bljúgri bæn,
blíðasta amma í heimi..*

Tár

*Er sjávarbrim við sund og tanga
seltukeim af vörum ber.
Tár á þínum vota vanga
víkja ei úr huga mér.*

Í orðastað Birgis frá Vaðbrekku-stökur.

*Hákon góðan geymir mann,
þó gerðist róður tregur.
Á æskuslóð sem engill hann,
var alltaf bróðurlegur.*

*Ferðir yfir urð og grjóti,
átti margur skjóðurinn.
Á jeppa sigldum jökulfljóti,
ég og Hákon bróðir minn.*

*Hákoni var lag að ljúga,
lét þá hafa eftir sér:
"Þú skalt alveg þessu trúa,
þetta sagði Birgir mér."*

Fyrsta vísa á hagyrðingamóti

*Þið hagyrðinga heyrið senn,
henda frá sér drápunum,
og kvíðafulla kvæðamenn,
að koma út úr skápunum.*

Framtíð kvæðamennsku

*Kvæðið næstu kynslóð berst,
og kannski ekki úr vegi.
Það hugsanlega gæti gerst,
að gömlu skáldin deyi.*

Að mæta Hákon frænda á hagyrðingamóti

*Hagyrðings háð og spott,
í hófi er nokkuð gott.
En Hákon kjaftákur
er hortugur strákur
með skelfilegt skítaglott.*

*Þó Guðsord fengi blandað móðurnjólk,
margvís lifði Hákon syndakynni.
En það er alveg fyrirmyndarfólk,
frændur hans af yngri kynslóðinni.*

*Ég líkjast fullum frænda mínum vil,
fara um sveit með hávaða og látum.
Og ljúga eins og langur ég er til,
er loford gef ég heimasætum kátum.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Bandarísk rannsókn:

Þvagfærasýkingar úr kjúklinga- og svínakjöti

Samkvæmt nýlegri bandarískri rannsókn má rekja 85 prósent allra þvagfærasýkinga í Bandaríkjunum til E.coli bakteríusýkinga og átta prósent þeirra eiga uppruna sinn í kjúklinga- og svínakjöti.

Karl G. Kristinsson, prófessor og yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítalans og læknadeild háskóla Íslands, veur athygli á þessari staðreynd á Facebook-síðu sinni. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í tímaritinu One Health.

Lönd með gríðarlega mikrið sýklalyfjaónæmi

Í rannsókninni voru 1.188 E. coli sýni úr fólki skoðuð og 1.923 sýni úr kjötafurðum.



Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítalans.

Karl spyr síðan á Facebook-síðu sinni: „Hvers vegna erum við þá að flytja inn frosna kjúklinga frá löndum með gríðarlega mikrið sýklalyfjaónæmi í E. coli og fleiri bakteríum?“ /smh

Ólafsfjörður:

Mikil eftirspurn eftir þyrluflugi í sumar

Nýtt þyrluflugfélag með höfuðstöðvar á Ólafsfirði hefur hafið rekstur.

„Við höfum notað tímann núna til að keyra okkur í gang og koma okkur í rétta girinn fyrir sumarið, sem er ávallt háannatími í þyrlurekstrinum. Viðbrögðin hafa verið frábær og gaman að sjá hvernig bókanir hlaðast inn á dagatalið fyrir næstu mánuði,“ segir Jón Þór Þorleifsson, framkvæmdastjóri HeliAir Iceland, en fyrirtækið mun halda úti þyrlurekstri frá Ólafsfirði og í Reykjavík.

Allir flugmenn félagsins eru íslenskir og leggur félagið mikla áherslu á að flugmenn þekki vel til íslenskra aðstæðna. „Þrír flugmenn eru í vinnu hjá okkur og auk þess eru nokkrar stöður sem fylgja því að halda úti flugrekstrarleyfi. Það eru nokkrir í eigendahóp HeliAir en aðaleigandinn er Árni Helgason ehf. á Ólafsfirði,“ segir Jón Þór.

Honum fannst tímabært að byggja upp ferðapjónustu á Ólafsfirði. „Skíðaflugið hefur verið mjög vinsælt hér á Tröllaskaganum síðustu árin. Eftirspurn eftir þyrluferðum á svæðinu hefur verið aukast og því fannst okkur kjórið að stökkva inn og byggja upp félag hér á svæðinu



Eiganda þyrlufyrirtækisins fannst orðið tímabært að byggja upp ferðapjónustu á Ólafsfirði.

Myndir / Aðsendar

sem gæti sinnt þessum markaði. Við höfum líka mikla trú á því að þetta eigi eftir að vinna vel saman, að vera með þyrlur í rekstri bæði á Ólafsfirði og Reykjavík,“ segir Árni Helgason. Bodið er upp á ýmis konar útsýnisflug. „Auk þess erum við líka að sinna ýmsu verkflugi, s.s. flutningi á efni og hífingar með þyrlu. Vélín sem við erum að fljúga núna er Bell 407 GXP, sem er ný vél og er sérstaklega hönnuð til útsýnisflugs með extra stórum gluggum. Þessi vél hentar líka vel til hífinga og hefur reynst okkur vel í þeim verkefnum,“ segir Árni. /mhl



Bógkreppa er alvarlegt vandamál í íslenski sauðfjárrækt, en hún veldur vansköpun í leggjum framfóta.



Fagfundur sauðfjárræktarinnar:

Erfðapróf í sjónmáli fyrir erfðagallann bógkreppu

Á fagfundi sauðfjárræktarinnar 2023, sem haldinn var á Hvanneyri á dögum, kynnti Sæmundur Sveinsson frá Matís verkefni sem felst í leit að erfðapáttum bógkreppu – en í máli hans kom fram að erfðapróf væri í sjónmáli sem verður hægt að nýta til að finna arfbera.

Sæmundur segir að niðurstöðurnar, sem stefnt er að nýta til þróun erfðaprófs, sé í raun afrakstur samstarfs RML, Keldna og Matís ásamt rannsóknastofnuninni AG-Research í Nýja-Sjálandi. Þessir aðilar hafa stundað rannsóknir á bógkreppu á undanförunum tveimur árum, sem hafa verið dyggilega studdar af Þróunarsjóði í sauðfjárrækt.

„Bógkreppa hefur um áratuga skeið verið alvarlegt vandamál í íslenski sauðfjárrækt. Þetta er víkjandi erfðagalli sem veldur vansköpun í leggjum framfóta og allt bendir til að um eitt gen sé að ræða,“ segir hann.

Mikil vansköpun

„Vansköpunin er í flestum tilfellum það mikil að lömb komast ekki á spena og er yfirleitt lógað stuttu eftir burð,“ útskýrir Sæmundur.

„Víkjandi erfðagallar eru sérstaklega erfiðir viðureignar í búfjárrækt, þar sem einstaklingar þurfa að hafa tvö eintök af hinu gallaða geni til að svipgerðin birtist. Þetta þýðir að arfberar eru ekki greinanlegir fyrr en þeir gefa af sér gölluð afkvæmi. Til að flækja málið enn frekar eru vísbendingar um að sami erfðagalli gefi aukinn vöðvavöxt í arfblendnu ástandi. Þetta þýðir að arfblendnir hrútar eru líklegri en ella til að verða valdir á sæðingarstöð. Nýjasta dæmið um þetta er sæðingahrúturinn Viðar 17-844, sem var afburðahrútur en



Sæmundur Sveinsson greindi frá erfðaprófi til að finna arfbera bógkreppu.

Um söfnun sýna vegna bógkreppurannsókna

Við söfnun sýna fyrir verkefnið verður lögð áhersla á að fá:

- Sýni úr sem flestum bógkreppulömbum sem fæðast í vor og báðum foreldrum þeirra.
- Sýni úr sonum Viðars 17-844.
- Önnur áhugaverð sýni (s.s. Viðarsdætur eða hrútar sem liggja undir grun).
- Þar sem aðeins verður hægt að greina takmarkaðan fjölda sýna verður beitt forgangsroðun við val sýna í greiningar og því ekki hægt að lofa því að öll sýni sem berast verði hægt að greina – a.m.k. ekki í fyrsta kast. Þessar greiningar verða bændum að kostnaðarlausu þar sem þetta er hluti af rannsóknarverkefni.
- Nota má sömu hylkin og verið er að dreifa vegna sýnatöku fyrir riðurfgerðargreiningar. Ekki er hægt að nota stroksýni fyrir þessar greiningar. Merkja þarf sýnin vel (gripanúmer og bæjarnúmer) og láta fylgja þeim upplýsingar um gripinn sem sýnið er úr og hvernig hann tengist bógkreppu. Senda sýnin til Eyþórs Einarssonar, RML (Borgarsíða 8, Sauðárkrúki) en Eyþór veitir nánari upplýsingar varðandi söfnun sýna fyrir verkefnið (ee@rml.is).

/Eyþór Einarsson

að öllum líkindum arfblendinn um bógkreppugenið,“ segir Sæmundur.

Hann segir að meginmarkmið verkefnisins sé að lýsa gallanum meinafræðilega og þróa erfðapróf til að hægt sé að finna arfblendna einstaklinga. „Niðurstöður eru lofandi og vonandi verður hægt að

nýta erfðapróf á fyrri hluta næsta árs til að finna arfbera.

En til að sannreyna virkni erfðaprófsins þarf að halda rannsóknunum áfram og til þess þurfum við að fá erfðasýni af sem flestum bógkreppulömbum sem fæðast í vor ásamt foreldrum þeirra.“ /smh

Frakkland:

Bannað varnarefni í innkölluðum tómötum

Matvælastofnun Frakklands hefur innkallað stóra lotu af tómötum vegna þess að þeir innihalda sveppavarnarefnið klóróþalóní sem getur verið hættuleg heilsu manna.

Tómatararnir fóru í dreifingu 22. febrúar en hefur nú verið tekið úr sölu úr verslunum. Þeir neytendur sem keypt hafa vöruna geta skilað þeim í verslun og fengið endurgreitt. Matvælastofnun Frakklands segir í tilkynningu að í öllu falli ætti ekki að borða tómata þá neysla sveppaeitursins



Tómatararnir innihéldu sveppaeitur.

Mynd / Tom Hermans

geti valdið margvíslegum heilsufarsvandamálum. Öllum þeim sem kunna að hafa neytt tómata er bent á að ráðfæra sig við lækni ef einhverjir kvillar gera vart við sig.

Notkun varnarefnisins klóróþalóníls er bönnuð í matvælum og fóðri samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Bannið gildir einnig hér á landi samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Bann við notkun þess tók gildi í Evrópu árið 2020.

Efnið er notað sem breiðvirkt varnarefni gegn sveppum, skordýrum og myglu í plöntum. Enn er notkun þess víðtæk í Bandaríkjunum, sér í lagi við ræktun á hnetum, kartöflum og tómötum. /ghp

Vetrarsól er umboðsaðili



Sláttuvélar & sláttuorfi

STIGA

Gulltryggð gæði

40 ár á Íslandi



Sláttutraktorar



Snjóblásarar

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is





Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu

Fyrirtækjasvið sér meðal annars um dreifingu eldsneytis og smurolíu um allt land, þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, flug, bílaleigur, bílaumboð, smurstöðvar, verktaka og ýmis- konar iðnað.

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá fyrirtækjapjónustu Olís, í síma **515 1100**, eða á **olis.is**.

Fyrirtækjapjónusta Olís

Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu

olis

FRÉTTIR

Grænbók um sjálfbært Ísland

Drög að grænbók um sjálfbært Ísland hafa verið sett í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

Um er að ræða fyrsta skrefið í mótun stefnu fyrir Ísland um sjálfbæra þróun og á sér rætur í víðtæku samráði sem farið hefur fram á vettvangi Sjálfbærniáráðs á undanförunum vikum og mánuðum.

Drögum að grænbók er skipt upp í kafla eftir málefna sviðum og undir kaflanum um stöðulýsingu og stöðumat, þar sem fjallað er um tiltekin viðfangsefni sem stjórnvöld og aðrir lykilaðilar vinna að varðandi meginstöðir sjálfbærrar þróunar, má finna innlegg Bændasamtaka Ísland (BÍ) og Samtaka fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) til stöðu mála.

Sjálfbærni lykilháttur

BÍ segja sjálfbæra nýtingu lands og annarra auðlinda vera lykilháttur umhverfisstefnu landbúnaðar.

„Í landnýtingarmálum eiga bændur að leiða umræðuna og stefna að því að öll landnýting til landbúnaðar sé sjálfbær til lengri tíma. Til þess að ná slíkum markmiðum getur þurft að ráðast í umfangsmikil landbótaverkefni á einhverjum svæðum og jafnvel friða önnur. [...]

Ótal dæmi er hægt að nefna þar sem bændur geta verið leiðandi í umhverfismálum. Lífrænan úrgang er hægt að nýta sem áburð, hliðarafurðir er hægt að nýta sem fóður og miklir möguleikar eru í vistvænni orkuframleiðslu á bændabýlum. Með umhverfisstefnu sem sett hefur verið fram til ársins 2030 vilja BÍ skerpa á áherslum íslensks landbúnaðar í umhverfismálum og hvetja bændur og landbúnaðinn í heild til að huga að vistbætandi verkefnum.

Umhverfisstefnan á að vera leiðarljós, hvatning og verkfæri til jákvæðrar ímyndarsköpunar og grunnur sem framtíðarsamstarf bændur og stjórnvalda í umhverfismálum byggir á,“ segir í innleggi BÍ.

Framleiðslan færast nær efnahagslegri sjálfbærni

SAFL telja að mikilvægt sé að tryggja að grunnframleiðsla í landbúnaði búi við góð rekstrarskilyrði svo að framþróun og nýsköpun megi njóta sín og hægt verði að ráðast í fjárfestingar og verkefni með það að markmiði að auka verðmætasköpun með sjálfbærni og lágmarkskolefnislosun íslenskrar matvælaframleiðslu að leiðarljósi.

Með því að auka hagræðingu í slátrun og vinnslu kjötafurða yrði framleiðsla arðbærari og starfsemin myndi færast nær efnahagslegri sjálfbærni. Þannig yrði bæði efnahagsleg og félagsleg sjálfbærni byggðarlaga, þar sem kjötframleiðsla er stunduð, mun traustari en ella. SAFL telja að raforkukostnaður spili mikilvægt hlutverk í uppbyggingu sjálfbærrar matvælaframleiðslu. Mikilvægt sé að tryggja frekari jöfnun kostnaðar til að styðja við það markmið stjórnvalda að byggja upp græna matvælaframleiðslu um land allt. Þá þurfi að bjóða upp á skilvirkari lausnir á sviði úrgangsmála og efla þannig möguleika úrgangs til að fara inn í hringrásarhagkerfi.

Katrín Jakobsdóttir hefur boðið almenningi um allt land til opinna samráðsfunda um sjálfbært Ísland og verða þeir tveir síðustu haldnir 27. apríl, á Ísafirði og 4. maí með fjarfundarfarirkomulagi. Nánari upplýsingar um fundina má finna á vef Stjórnarráðs Íslands. /smh



Útígangsgripur að vetri.

Mynd / Jón Eiríksson

Ungneyti hröktust eftir þreifandi byl

– Girðingar tjónuðust og gripir féllu niður í á

Nautgripirnir sem fundust dauðir í fjörum á Suðurlandinu í kringum páska voru geldneyti sem hröktust eftir óveður í byrjun mars. Sautján ungneyti stungu af og þar af voru sex sem drápuft við að falla í á. Fjögur hræ hafa fundist undanfarnar vikur.

Eigandi gripanna, sem ekki vill vera nafngreindur, segir að aðstæður hafi verið einstaklega erfiðar þarna og girðingar tjónuðust í veðrinu. Skafrenningur olli skaflamyndun og fylltust skurðir og lægðir í landslaginu af snjó. Hann segist ekki hafa upplifað álíka veður, en skyggni var nokkrir metrar þegar verst lét. Hann segir sína útígangsgripa hafa aðgang að rúmgóðu skjóli sem uppfyllir aðbúnaðarreglugerðir – þ.e. lokað á þrjár hliðar og með þaki.

„Ef ég hefði reynt að líta til með þeim í þessu veðri hefði ég farið út í þreifandi byl og þá hefði ég allt eins getað orðið úti. Þar sem ég vissi að þær voru með nóg hey við skjólið átti ég von á því að þær myndu hanga þar,“ segir bóndinn. Hann telur ungneytin hafa farið á flakk um það leyti sem veðrinu var að slota – skömmu áður en hann kom til að líta til með þeim. Allir vegir og slóðar voru ófærir, sem gerðu það að verkum að hann náði ekki til þeirra fyrr.

Sá hóp handan árinna

Þegar bóndinn fór að gefa ungneytum sá hann að marga einstaklinga vantaði í hópinn. „Þá fór ég að leita um allt. Óttaðist jafnvel að það hefði snjóað yfir þær, þannig að ég gekk með bökkum og stíkaði niður eins og við snjóflóðaleit. Svo fann ég för og sá hvert þær fóru,“ segir hann, en fljótlega eftir það sá hann nautgripir handan árinna. Þeim var gefið gróffóður við fyrsta tækifæri og smalað heim daginn eftir. „Það var brugðist eins hratt við og hægt var.“

Féllu í gegnum fönn

Bóndinn segir kýrnar hafa gengið á þriggja til fjögurra metra djúpum snjóskafli sem huldi djúpan ál í ánni rétt við bæinn. Ellefu nautgripir komust óhultir yfir, en fönnin gaf sig með þeim afleiðingum að sex lentu í ánni og hlutu af því bana. Þegar hann sá að vantaði í hópinn hóf hann leit um haga og fjörur og tilkynnti Matvælastofnun um atvikið, eftir að hafa leitað af sér allan grun. Málið hefur einnig komið á borð lögreglu og segir bóndinn því vera lokið af hálfu áðurnefndra stofnana.

Málið hefur tekið á bóndann, enda hefur umræðan í fjölmiðlum hljómað þannig að um búskussahátt sé að ræða.

„Það er ekki glæsilegt hjá manni dýrauppeldið ef maður er dauður úti í skafli,“ segir hann, sem telur aðstæður hafa verið óviðráðanlegar. Hann kemur ekki undir nafni þar sem hann vill ekki verða fyrir aðkasti frá fólki sem þekkir ekki atvik málsins. Aðspurður um fjárhagslegt tjón telur hann tapið liggja á bilinu ein til tvær milljónir króna.

Voru merktar fyrir atvikið

Þegar fréttir bárust um ómerkt kýrhræ í fjöru undir Eyjafjöllum taldi bóndinn það ekki tengjast sér, því allir hans gripir hafi verið með eynamerkingar. Þegar merktur nár fannst skömmu síðar fór hann að grennslast fyrir hvort viðkomandi hefði verið frá sér. Hann hefur oft lent í að merki brotni eða detti úr gripum við lítið hnjask, sem hefur gerst í tilfelli ómerkta gripanna sem fundust fyrst.

Bóndinn segir aðstæður hafi almennt verið góðar fyrir útígangsgripa í vetur, því þrátt fyrir mikinn kulda hafi verið þurrt.

/ÁL

Nýir skrifstofukjarnar

Fyrirtækið Regus opnaði á dögum nýjan skrifstofukjarna á Siglufirði og Stykkishólmi. Þar eru nú tugir starfsstöðva sem fólk og fyrirtæki geta leigt, bæði í öpun og lokuðum rýmum.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra opnaði kjarnann á Siglufirði. Hún sagði af því tilefni að ánægjulegt væri að einkaframtakið mæti með skrifstofurými meðal annars fyrir störf sem eru óháð staðsetningu. Rýmin byggju til

einstök tækifæri fyrir Fjallabyggð og auki samkeppnishæfni sveitarfélagsins.

Í tilkynningu segir Erna Karla Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Regus á Íslandi, að æ fleiri sjái kostinn í því að vera ekki með fasta skrifstofu heldur sinna vinnunni hvar sem þeir eru hverju sinni.

Fyrirtækið rekur skrifstofukjarna á þrettán stöðum á landinu núna en stefnir á að fjölga þeim í 27 fyrir árslok 2027.

/ghp

Atvinna í boði Reykjabúíð ehf / Ölfus

Reykjabúíð ehf auglýsir eftir röskum aðila til að taka að sér þrif á fuglahúsum í Ölfusi.

Fuglahús eru mokuð og sápu þriffin eftir hverja eldislotu.

Áríðandi að viðkomandi temji sér verklag og umgengisreglur sem gilda í svona starfsemi.

Nánari upplýsingar veitir Jón Magnús, s. 566 8250 - reykjabuid@kalkunn.is



Reykjabúíð ehf, 271 Mosfellsbæ

Evrópskir bændur uggandi

Mikil aukning á innflutningi á kjúklingakjöti og eggjum frá Úkraínu til landa Evrópusambandsins veldur evrópskum bændum áhyggjum.

Á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2023 var 94% meira alifuglakjöt sent frá Úkraínu til Evrópu en árinu áður. Umfangið nam rúmum 32.000 tonnum. Í frétt miðilsins Poultry World er þó sagt að eggjaútflytningur Úkraínu til Evrópusambandsins skyggi á kjötið. Aukningin þar er vel yfir 1000% á fyrstu tveimur mánuðum ársins.

Þessi mikla aukning hefur vakið umræður meðal evrópskra alifugasamtaka sem segja að óhóflegur útflytningur á úkraínsku alifuglakjöti og eggjum geti ógnað staðbundinni framleiðslu.

„Vandamálið er að úkraínskir framleiðendur þurfa ekki að fara

að gæða- og dýravelferðarstöðlum sem gilda í Evrópusambandinu. Fyrir vikið geta þeir framleitt mun ódýrar en við,“ er haft eftir Pawel Podstawka, formanni framkvæmdanefndar The Poultry Meat Promotion Fund. Undir þetta tekur Dariusz Goszczynski, forseti alifuglaframleiðenda í Póllandi, í fregn Poultry World og bendir á að næstum allur innflutningur á alifuglakjöti komi frá einu úkraínsku fyrirtæki, MHP.

„Frá júní 2022 hafa 700 vörubílar hlaðnir kjöti farið inn í Evrópusambandið í hverjum mánuði. Sumir þeirra fóru til Hollands, þar sem þetta fyrirtæki er með verksmiðjur sínar og eftir endurpakkingu var kjötinu dreift um ESB á verði sem var óframkvæmanlegt fyrir okkur,“ er haft eftir honum. Goszczynski tekur verðdæmi og segir að úkraínskar

kjúklingabringur séu á markaði fyrir 13-14 pólsk zloty (pln) fyrir kíló, sem jafngildir 400-450 krónum, þegar pólskir framleiðendur ná ekki upp í kostnað ef verðið er undir 19 pln, eða um 600 kr.

Samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Svavarssyni, formanni búgreinadeildar alifuglabænda, telst lágmarksverð fyrir heilan ferskan fugl um 800 kr/kg til að framleiðsla standa undir kostnaði hér á landi. Hreinar ferskar bringur í hefðbundnum búðapakningum þurfa að kosta að lágmarki 2.000 kr/kg í heildisölu til að framleiðslan borgi sig.

Flutt voru inn rúm 120 tonn af úkraínsku kjúklingakjöti á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Meðalkílóverð á því var 543 krónur samkvæmt tölum Hagstofunnar.

/ghp

Það sem boðið er upp á í fyrstu tannlæknaskoðun hjá Kreativ Dental

Við bjóðum:

- ▶ Fría skoðun og ráðgjöf hjá reynslumiklum tannlæknum og margverðlaunaðri tannlæknastofu
- ▶ Fría heilkjálkaröntgenmynd (opg xray)
- ▶ Flug greitt allt að 180 evrum (*Sjá skilyrði)
- ▶ Fría nótt á samstarfshótelum (**sjá skilyrði)
- ▶ Þjónustuborð á flugvelli í Búdapest þar sem tekið er á móti okkar gestum strax við komu til borgarinnar
- ▶ Frían akstur á milli flugvallar og samstarfshótela (Arena og Hungaria) við komu og brottför
- ▶ Frían akstur á milli Kreativ Dental og samstarfshótela (Arena og Hungaria)
- ▶ Að öll gögn séu fáanleg á íslensku, þ.e. meðferðaráætlanir, reikningar, útskýringar á meðferðum og þjónusta á íslensku
- ▶ Að þeir sem klára meðferð hjá Kreativ Dental fái fría skoðun árlega með heilkjálkaröntgenmynd hjá Kreativ Dental í Búdapest til framtíðar!

Skilyrði:

* Flug. Hefjist meðferð hjá Kreativ Dental innan 6 mánaða frá því ráðgjöf var veitt verður flugmiði niðurgreiddur um allt að 180 evrum ef heildarkostnaður samkvæmt meðferðaráætlun er hærrí en 1.800 evrum.
** Frí nótt á samstarfshótelum. Frí nótt er í boði hjá einu af samstarfshótelum okkar ef einstaklingur dvelur á því hóteli yfir þann tíma sem fyrsti hluti meðferðar/ráðgjafar tekur.



Nýtt bros
-
Nýtt líf

Kreativ Dental Ísland

Heimasíða:
kreativdental.is

Facebook:
kreativdentalisland

Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir:
grimur@kreativdentalclinic.eu

Sími:
(+354) 859 9403 (frá 9-13)

Allar vikur eru tannheilsuvikur hjá Kreativ Dental í Búdapest!

25 ára reynsla



Kreativ Dental Ísland

- ▶ Rúmlega 4000 Íslendinga hafa fengið þjónustu hjá okkur frá árinu 2016!
- ▶ Stöðug þróun
- ▶ Fjöldi alþjóðlegra viðurkenninga
- ▶ Spara má 50 - 70 % af tannlæknakostnaði

“Nýtt bros – Nýtt líf”

FRÉTTIR



Hólmfríður Geirsdóttir jarðarberjaræktandi og eigandi Jarðarberjalands.

Jarðarberjaland endurreist

– Framleiðir nú á auknum afköstum allan ársins hring

Búið er að endurreisa garðyrkju-stöðina Jarðarberjaland og er framleiðsla komin aftur á fullt, en stöðin eyðilagðist í aftakaveðri sem gekk yfir Suðurland í febrúar á síðasta ári. Stefnit er að enn meiri framleiðsla allt árið með endurbættri stöð.

„Við settum fyrstu plönturnar inn í nýja húsið um miðjan desember og fyrsta uppskeran fór á markað um miðjan mars. Við erum þegar komin í meiri afköst en við vorum í og tinum hér á fullu alla daga. Uppskeran fer svo í gegnum Sölufélag garðyrkjumanna (SFG) til dreifingar í verslunum,“ segir Hólmfríður Geirsdóttir, eigandi Jarðarberjalands.

Landsmenn sitja ekki allir við sama borð

Að sögn Hólmfríðar sendir stöðin frá sér vikulega hundruð kílóa, en SFG sækir ber til þeirra þrisvar í viku. „Svo fer þetta í þær verslunardejgur sem vilja selja íslensk jarðarber, en það eru ekki allar verslanir sem

vilja það, því miður. Við fáum athugasemdir frá viðskiptavinum okkar stundum um að þeir sjái ekki framleiðsluna okkar í þeirra búðum. Það er þá undir verslunarstjórum þessara verslana komið að ákveða hvort þeir vilji bjóða upp á þessa vöru og leyfa kúnnanum að hafa valið – en okkur finnst það frekar leiðinlegt að vörurnar okkar virðast skila sér síður í verslanir úti á landsbyggðinni.

Í því sambandi er ekki við SFG að sakast, heldur er það í valdi hvernar verslunar fyrir sig að ákveða þetta,“ segir Hólmfríður.

Hún segir að tjónið sem þau urðu fyrir á síðasta ári hafi verið mikið en byggt hafi verið upp frá grunni. „Við byrjuðum á því að rífa hitt húsið alveg í burtu og svo var ný stöð byggð, með nýjum lýsingarbúnaði og öðrum búnaði, sem getur afkastað meiru og hún á að þola talsvert meira veðurálag en sú fyrri.

Tryggingarnar bættu okkur upp hluta tjónsins en við urðum að taka á okkur talsvert fjárhagslegt högg,“ segir Hólmfríður. /smh

Hrossaræktarfundir

Elsa Albertsdóttir, ræktunarleiðtogi íslenska hestsins, og Nanna Jónsdóttir, formaður deildar hrossabænda hjá Bændasamtökum Íslands, munu ferðast um landið næstu daga og funda með hestamönnum og hrossaræktendum, sem eru hvattir til að fjölmenna.

Skipulag fundanna er eftirfarandi:
• Fim. 27. apríl kl. 20:00 – Höfn
• Fös. 28. apríl kl. 20:00 – Egilsstaðir

• Lau. 29. apríl kl. 12:00 – Akureyri
• Sun. 30. apríl kl. 12:00 – Sauðárkrúkur
• Sun. 30. apríl kl. 20:00 – Vestur-Húnavatnssýsla
• Mið. 3. maí kl. 20:00 – Borgarnes
• Fim. 4. maí kl. 20:00 – Hella

Í tilkynningu frá RML og BÍ kemur fram að nákvæmar staðsetningar hvers fundar verði auglýstar í netmiðlum hestamanna.

Atlantshafslaxinn:

Ratcliffe vill hafa jarðir sínar í búrekstri

Engar annarlega hvatir eða dulinn tilgangur liggur að baki kaupum Jim Ratcliffes á jörðum sem liggja að laxveiðiám á Austurlandi. Sonur hans, Samuel Ratcliffe, segir að markmiðið sé strangheiðarlegt; að stuðla að verndun Atlantshafslaxins sem sé í útrýmingarhættu.

Laxverndarverkefnið Six Rivers stóð fyrir alþjóðlegu málþingi um framtíð Atlantshafslaxins dagana 18. og 19. apríl sl. á Nordica hóteli í Reykjavík. Var þetta í þriðja sinn sem slíkur viðburður var haldinn sem liður í eflingu vísindalegs skilnings á ástæðum hnignunar laxastofnsins og til að innleiða hagnýtar leiðir til verndunar hans. Á dagskrá voru fjölmörg erindi vísindamanna og sérfræðinga um Atlantshafslaxinn sem komu víðs vegar að úr heiminum. Stofnandi Six Rivers og stjórnarformaður þess, sir Jim Ratcliffe, var af því tilefni hér á landi með syni sínum, Samuel, sem situr í stjórn verkefnisins.

„Six Rivers Iceland leggur áherslu á verndun bæði lands og vistkerfis nokkurra áa Norðrausturlands og að styðja viðgang laxastofna þeirra. Verkefnið er metnaðarfullt að umfangi og felur í sér umtalsverða fjárfestingu bæði í beinum verndaraðgerðum og langtímarannsóknnum svo staðinn verði vörður um eitt af síðustu svæðunum þar sem Atlantshafslaxinn dafnar,“ segir í tilkynningu um verkefnið, sem er fjármagnað beint af Ratcliffe auk tekna af stangveiðiupplifunum í ánum, þar sem reglan er að öllum veiddum fiski er sleppt aftur.

Sjálfbær verkefni áhrifaríkust

Samuel Ratcliffe er sonur Jims Ratcliffes. Hann segir það krefjandi verkefni að sannfæra fólk um mikilvægi verndunar laxfisksins.

„Atlantshafslaxinn er lykiltegund en fær ekki nóga athygli. Fólk þekkir lax sem mat. Sem slíkur reynist erfiðara að selja hugmyndina um vernd hans í samanburði við til dæmis fila eða ljón – því það er mun aðgengilegri frásögn. Einnmitt vegna þess hve krefjandi verkefnið



Samuel Ratcliffe, sonur Jims Ratcliffes, segir að allt landbúnaðarland í eigu Six Rivers eigi að vera nýtt í búrekstri. Mynd / ghp

er þá er það mikilvægt. Hnignun stofnsins er hraður, hann er kominn niður fyrir fimm milljónir fiska og er því kominn á valista yfir tegundir í útrýmingarhættu. Fólk áttar sig ekki svo auðveldlega á þessu. Því viljum við beina sjónum að tegundinni og grípa til aðgerða sem styður við varðveislu laxins.“

Ratcliffe á eignarhlut í tugum jarða á Norðrausturlandi sem eiga allar land að ám sem Atlantshafslaxinn þrífst í. Samuel segir að tilgangur eignarhaldsins snúi eingöngu að því að vernda tegundina. Með stjórn á ánum geti þeir viðhaldið þeim og bætt gæði þeirra. Þegar kaup þeirra hófust fyrir nokkrum árum hafi fólk verið uggandi. „En með tímanum hefur fólk séð að eina ástæðan fyrir þessu er verndun laxins. Við erum ekki með neinar undirbyggandi leynilegar ástæður, þetta er heiðarlegt verkefni.“

Þó nokkurt landbúnaðarland fylgir þeim jörðum sem eru í eigu Ratcliffes. „Við erum reyndar í þeirri vinnu núna að fara yfir allar eignirnar og greina notkunarmöguleika þeirra. Við viljum hafa jarðirnar í búrekstri. Við leyfum þeim bændum sem þar eru að meta hvernig best sé að nýta þær. Einu áhrifin sem við viljum hafa eru í kringum árnar.“

Langtíma markmiðið sé þó að verkefnið verði sjálfbært. „Það er reynsla okkar að sjálfbær verkefni eru áhrifaríkari en þau sem maður þarf stöðugt að viðhalda. Faðir minn stofnaði þetta og ég mun fylgja því eftir en á endanum er meginmarkmiðið að verkefnið geti fjármagnað sjálft sig með leigu stangveiðiupplifana án aðkomu okkar.“

Samuel segir að aðstandendur Six Rivers hafi áhuga á að komast í samband við aðra laxáreigendur hér á landi. „Okkur langar að sýna hvað við erum að gera, af hverju við erum að þessu og hvernig við störfum. Við viljum til dæmis kynna fyrir þeim veiðireglurnar okkar sem þóttu nokkuð umdeildar. Við stytum veiðitímam, takmörkuðum fjölda stanga og sleppum öllum laxi. Þá er gestum einungis heimilt að nota léttan búnað – allt til að vernda laxinn og bæta gæði upplifunar sportveiðimanna.“

Málþingið hafi þannig verið liður í að vekja umræðu, kynna þá þekkingu sem sé til staðar og reyna að ná fram hugmyndum að aðgerðum til verndar Atlantshafslaxinn.

/ghp

Hnífjöfn Meistaradeild

Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir var sigurvegari einstaklingskeppni Meistaradeildar Líflands í hestaíþróttum eftir æsispennandi lokakeppni sem fram fór í HorseDay-höllinni að Ingólfshvoli þann 14. apríl sl.

Meistaradeildin samanstendur af sex keppnisviðburðum í vetur þar sem átta lið með fimm knöpum innanborðs öttu kappi í átta keppnisgreinum. Fyrir lokakeppnisgreinina, 100 m skeið, var Árni Björn Pálsson með eins stigs forskot á Aðalheiði Önnu. Því þurfti annað þeirra einfaldlega að skeiða hraðar gegnum keppnishöllina. Þau fóru sprettina hins vegar hnífjöfn, á 5,66 sekúndum. Þar sem næstfljótasti sprettur Aðalheiðar Önnu var betri en hjá Árna hlaut hún stigi meira og því voru þau hnífjöfn í lok mótsins.

Aðalheiður hefur hins vegar stigið á verðlaunapall oftast í vetur og sigraði hún því einstaklingskeppni deildarinnar. Hún sigraði í keppni í fjórgangi og slaktaumatölti T2 á Flóvent frá Breiðsstöðum, var þriðja



Sigurvegari Meistaradeildarinnar í hestaíþróttum, Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir, og Flóvent frá Breiðsstöðum.

í 100 metra skeiði á Ylfu frá Miðengi og fjórða sæti í gæðingafimi á fyrrnefndum Flóvent. Árni Björn Pálsson var í öðru sæti og Konráð Valur Sveinsson í því þriðja.

Liðakeppnin var ekki síður spennandi. Þar enduðu einnig tvö lið jöfn að stigum en vegna

árangurs innbyrðis sigraði lið Top Reiter sem skipað var knöpunum Teiti Arnasyni, Árna Birni Pálssyni, Eyrúnu Yri Pálsdóttur, Þórdísi Ingu Pálsdóttur og Konráði Vali Sveinssyni. Lið Hjarðartúns var í öðru sæti og Ganghestar/Margrétarhof í því þriðja. /ghp

MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn fyrir 2023.



Styrkhæf eru verkefni sem talin eru styrkja verðmætasköpun í matvöruhluða íslenskra sauðfjárafurða. Falli undir að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf. Umsóknarfrestur er til og með 4. júní 2023.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra í netfanginu hafliði@icelandiclamb.is





RENAULT



Atvinnubílar

Við erum með rétta bílinn fyrir þig til afgangslu strax

Renault framleiðir einhverja vinsælustu atvinnubíla á íslenskum markaði. Hvort sem þú velur þér Kangoo, Trafic eða Master gengur þú að gæðunum og þægindunum vísunum. Allir eru þeir með **fimm ára ábyrgð/160.000 km eða ótakmörkuðum akstri fyrstu tvö árin.**



5 ÁRA ÁBYRGÐ*

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
4612533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
4811313
8622516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
4191881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



FRÉTTIR



Jákvæðar niðurstöður komu úr samanburðarrannsókn á rúlluplastinu. Mynd / Aðsend

Endurunnið rúlluplast kemur vel úr prófunum

Samkvæmt nýlegum niðurstöðum úr prófunum á Hvanneyri er virkni á endurunnu rúlluplasti á pari við annað rúlluplast.

Það segir Tryggvi Marinósson, framkvæmdastjóri hjá Silfrabergi umbúðalausnum. Í fyrirasumar flutti hann inn lítið magn af endurunnu rúlluplasti, frá pólska framleiðandanum Folgos, til reynslu við íslenskar aðstæður.

Landbúnaðarháskóli Íslands gerði samanburðarrannsókn á rúlluplastinu þar sem verkun heysins var könnuð. Úr þeim niðurstöðum má lesa að fódrið sem pakkað er í endurunna plastið sé af

sömu gæðum og heyið sem rúllað er í það rúlluplast sem Lbhí notar að jafnaði. Öll notkun og umgengni var einnig áþekkt því sem bændur hafa vanist.

Samkvæmt Tryggva er kolefnisspor endurunna plasticsins allt að 80 prósent minna en hjá hefðbundnu rúlluplasti, en verðið nánast það sama. Hann bætir við að framleiðandinn vilji gjarnan nota íslenskt plast sem hráefni í sína framleiðslu, en efnin er hægt að endurvinnna aftur og aftur. Tryggvi ætlar að funda með innlendum söfnunaraðilum til að koma því í farveg. /ÁL



Mynd / Luca Baggio

Losun 6% meiri en 1990

Umhverfisstofnun gaf nýverið út skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Þar er skoðuð þróun frá 1990 og gerðir framreikningar til 2050. Ítarleg yfirlit verður á Loftslagsdeginum 4. maí í Hörpu.

Losun fór vaxandi frá 1990 til 2008, en dróst saman fyrstu árin eftir efnahagshrunið. Frá 2011 til 2020 hélst losunin stöðug en dróst saman í heimsfaraldrinum. Aukning var milli ára 2020 til 2021 og er spáð enn frekari aukningu 2022.

Árið 2021 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi 14,1 milljónir tonna af koltvísýringsgildum, ef alþjóðasamgöngur eru ekki teknar með. Þar af ber landbúnaðurinn ábyrgð á 620 tonnum.

Stærstur er liðurinn landnotkun og skógrækt, sem ber ábyrgð á 9.398 tonnum losunar. Ísland sker sig úr frá öðrum Evrópuríkjum að þessu leyti, en flest eru þau með meiri bindingu en losun. Losun frá framræstu votlendi vegur þar þyngst.

Miðað við að árlegur samdráttur verði 0,6 prósent á hverju ári hér eftir, má reikna með að heildarlosun koltvísýringsgilda verði 13,4 milljónir árið 2030 og 11,7 milljónir árið 2050. Framreikningarnir byggja á spám um þróun mannfjölda, eldsneytisnotkun, verga landsframleiðslu ásamt Aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum. /ÁL



SUMARTILBOÐ - 300.000



SOLIS 50 StageV
Ný og endurbætt vél með vengdir við stýri.
Túrbína og intercooler
Endurhannað stjórnrymi
Verð nú 4.680.000+vsk
Með ámoksturækjum og skóflu.
Verð nú 5.880.000+vsk

www.vallarbraut.is vallarbraut@vallarbraut.is S-4540050

Matvælastofnun:

Eftirlit með svínunum með því mesta sem framkvæmt er með dýrum

Matvælastofnun (MAST) vekur athygli á því hvernig fyrirkomulagi dýraeftirlits með svínunum er háttað, í umfjöllun á vef sínum. Það sé með því mesta sem framkvæmt er með dýrum hér.

Einu sinni á ári sé farið í reglulegt eftirlit inn á svínabúin, daglegt eftirlit sé með velferð og heilsu svína við slátrun og þá þurfi svínabúin að vera með samning við þjónustudýralækni sem fari einu sinni í mánuði í heimsóknir.

Þessum dýralæknum er skylt að gera þjónustusamning milli sín og búisins. MAST segir að með þessum samningi skuldbindi dýralæknar sig til þess að heimsækja búið að lágmarki mánaðarlega og fylgjast með heilsu og velferð dýra og ráðleggja um fyrirbyggjandi aðgerðir. Umfjöllun MAST kemur í kjölfar útgáfu skýrslunnar „Bætt dýravelferð - Staða og tillögur til úrbóta“ sem Ágúst Ólafur Ágústsson, hagfræðingur og lögfræðingur, vann fyrir Dýraveldisráðgjafarfélag Íslands (DÍS) og var kynnt á málþingi DÍS 14. mars. Þar birtist einmitt gagnrýni á ýmsa þætti í starfsemi Matvælastofnunar og tillögur til úrbóta, meðal annars um tíðari eftirlitsheimsóknir á bæi.

Í skýrslunni kemur fram að markmið MAST sé að farið sé í eftirlitsheimsóknir á starfsstöðvar hrossa fjórða hvert ár, með nautgripum þriðja hvert ár, með sauðfé þriðja hvert ár, með alifuglum annað hvert ár og með svínunum á hverju ári. Þar segir að framlag ríkisins til Matvælastofnunar hafi lækkað að raunvirði á undanförunum árum. Helmingi færri stöðugildi sinni nú eftirliti með búfénaði en áður var.

Í skýrslunni segir að skoðunaratriði MAST vegna dýravelferðar hafi tvöfaldast á þremur árum. Mun lægra hlutfall sé á „óboðuð eftirliti“ í svínarekt og alifuglarækt heldur en hjá hrossabændum og sauðfjárbændum. Yfir fimm þúsund ábendingar um



Ungir grísir í eldi.

Mynd / AL

grun um illa meðferð á dýrum bást til MAST á undanförunum níu árum.

Ábendingum vegna búfjár hefur farið fjölgandi undanfarin ár og eru þær flestar vegna hrossa en nánast engar ábendingar berast vegna svína. Er í skýrslunni leiddar líkur að því, að því meira sem starfsemin er hulin, því færri ábendingar berist.

Er í skýrslunni lagt til að eftirlitstíðnin verði aukin, ekki síst óboðuð eftirlit með alifuglum og svínunum og áhættumat stofnunarinnar bætt.

Hefðbundin svínabú eru 18 talsins

Í umfjöllun MAST kemur fram að hefðbundin svínabú séu nú 18 talsins á landinu. Gyltur séu haldnar á átta þeirra og afgangurinn eru eldisbú þar sem grísir eru aldri til slátrunar. Samkvæmt lögum skal opinbert eftirlit vera áhættumiðað. Árið 2018 vann MAST mat á eftirlitsþörf í frumframleiðslu og öðru dýrahaldi.

„Til þess að forgangsraða eftirliti með dýrum út frá áhættu fyrir dýravelferð og matvælaöryggi hafa verið skilgreindir ákveðnir áhættu-

þættir sem horft er til við áhættuflokkunina. Fyrir hvern áhættuþátt eru gefin stig eftir því hve mikil áhættan er, þ.e. eftir því sem áhættan er meiri eru gefin fleiri áhættustig. Þannig er horft til áhættu varðandi skort á eigin eftirliti umráðamanna hvaða möguleika dýr hafi til að sýna eðlilegt atferli og afleiðingar það hefur ef þau geta það ekki, mögulegan skort á umhirðu og afleiðingar þess, sjúkdóma- og slysaþættu og sýnileiki gagnvart almenningi.

Á grundvelli áhættumatsins er tíðni reglubundins eftirlits ákveðin og dýrategundir/starfsemi áhættuflokkuð. Svínahald er metið í áhættuflokk 1 sem gerir tíðni reglubundins eftirlits einu sinni á ári sem er sú mesta hjá öllum búfjartegundum. Í reglubundnu eftirliti er dýravelferð og hollustuhættir skoðaðir á búum auk ýmissa skráninga. Þá er daglega fylgst með þáttum sem gefa vísbendingar um heilsu og velferð svína á búum, með eftirliti opinberra dýralækna í slátruhúsum,“ segir í umfjöllun MAST. /smh

Fjölbreytt lokaverkefni

Nemendur í búvísindum og hestafræðum hjá Landbúnaðarháskóla Íslands héldu í lok marmánaðar kynningu á BS verkefnum sínum. Efnisval verkefna var með fjölbreyttasta móti.

„Nemendurnir ljúka sinni BS námsvegferð við skólann með útskrift þann 2. júní nk. Hópurinn telur tíu manns og fjölbreytni verkefnanna jafn mikil og fjöldi nemendanna. Efnisval er háð áhugasviði nemenda og frumkvæðið oftast en ekki þeirra um endanlegt val viðfangsefnisins. Leiðbeinendur verkefnanna eru starfsmenn skólans og, eftir því sem við á, fræðifólk viðkomandi fagsviðs starfandi í greininni á öðrum stofnunum eða fyrirtækjum,“ segir í tilkynningu frá Landbúnaðarháskólanum. Í ár eru viðfangsefnin eftirfarandi:

- Gunnhildur Birna Björnsdóttir: *Tíðni magasára í íslenskum hrossum*
- Gunnhildur Gísladóttir: *Nýtt kynbótamat íslenska byggverkefnisins*
- G. Þórdís Halldórsdóttir: *Samband brjóst máls og þunga hjá kálfum í uppeldi fyrsta árið*
- Heidi Laubert Andersen: *Riðuveiki, saga og vörn gegn útbreiðslu í þrem löndum*



Væntanlegir útskriftarnemar búvísinda og hestafræða Lbhí vorið 2023. Frá vinstri: Sigurjón Már Kristinsson, Heidi Laubert Andersen, Ragnheiður Árnadóttir, Gunnhildur Gísladóttir, Gunnhildur Birna Björnsdóttir, Stella Dröfn Bjarnadóttir, Oddleifur Eiríksson og Melkorka Ægisdóttir. Á myndina vantar Heru Sól Hafsteinsdóttur og Þórdísi Halldórsdóttur. Mynd / Lbhí

- Hera Sól Hafsteinsdóttir: *Erfða-breytileiki í MC1R geninu í muskóttum (glóbrúnum) íslenskum hrossum*
- Melkorka Ægisdóttir: *Aferlis-rannsókn kúa í burðarstíu og geldkúastíu*
- Oddleifur Eiríksson: *Hagkvæmni-athugun kornþurrkunarstöðvar í Eyjafirði*
- Ragnheiður Árnadóttir: *Samanburður á ull á feldfjálömbum og annarri lambsull*

- Sigurjón Már Kristinsson: *Bættiefni í kjúklingsfóðri*
 - Stella Dröfn Bjarnadóttir: *Hvernig best er að fódra fleirlembur þannig að þær skili þrem eða fleiri lömbum að vori*
- Í kjölfar útskriftar fara verkefni í gagnabanka sem varðveitir loka-verkefni nemenda háskóla landsins. Fyrir áhugasama má finna verkefni á vefslóðinni skemman.is þar sem m.a.má leita eftir höfundi, efnisorði og titli. /ghp

JEEP® WRANGLER RUBICON GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUM

4xe
PLUG-IN HYBRID



35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI

RAFMAGNAÐUR OG VATNSHELDUR JEEP®

Konungur fjallaævintýranna. Jeep® Wrangler Rubicon býr yfir rafmögnum krafti sem skilar þér þangað sem þig langar. Plug-in Hybrid með mestu drifgetuna – náttúran hefur aldrei verið jafn heillandi.

HLÖÐUM Í HAGKVÆM FJÖLSKYLDUÆVINTÝRI

4xe
PLUG-IN HYBRID



GLÆSILEGUR
455.000 KR.
SUMARKAUPAUKI
FYLGIR MEÐ

JEEP® COMPASS HENTAR ÞÉR FULLKOMLEGA

Rafmagnaður, fjórhjóladrifinn Jeep® Compass skilar þér hvert á land sem er. Pláss fyrir allt, alla og öll þín ævintýri — út í búð eða upp á næsta fjall. Sumarkaupauki fylgir öllum Jeep® Compass og Jeep® Renegade. Dráttarbeisli, aurhlífar, hleðslukapall og þjónustuskoðanir að verðmæti 455.000 kr.

 ISBAND

PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



NYTJAR HAFSINS

Humarveiðibann

– „Náttúrulegar sveiflur langlíklegasta skýringin,“ segir Jónas Páll Jónasson humarsérfræðingur

Sigurgeir B. Kristgeirsson
binni@vsv.is



Humarveiðar hafa verið stundaðar við Ísland frá 1950, fyrst eingöngu af erlendum skipum en rétt fyrir 1960 hófust hamarveiðar Íslendinga við suðurströndina.

Mest fór aflinn í 6.000 tonn, eins og sést á meðfylgjandi mynd, en sveiflaðist í kringum 2.000 tonninn þar til hrun varð á veiðunum fyrir nokkrum árum og nú hafa hamarveiðar verið bannaðar í tvö ár. En hvað er að gerast?

Við fengum Jónas Páll Jónasson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun og sérfræðingur í humri, til að segja okkur frá humrinum, veiðum, lífsferli og fleiru áhugaverðu um humarinn.

Útbreiðsla og lífsferill humars

Leturhumarinn er eina humarategundin við Ísland. Leturhumar heitir ekki humar á erlendum tungumálum (enska: lobster), heldur ýmsum öðrum nöfnum.

Leturhumarinn er útbreiddur, allt frá Miðjarðarhafi, norður með ströndum V-Evrópu og Noregs, inn í Norðursjó og norðvestur um Færeyjar og alla leið til Íslands.

Heildarveiði leturhumars er um 80–100.000 tonn, mest við Skotland og Írland en einnig í öðrum löndum V-Evrópu. Humarveiðarnar hafa nánast eingöngu verið trollveiðar við Ísland. Þannig er einnig farið með hamarveiðar við Skotland og Írland þar sem langmest er veitt af honum en á einstaka afmörkuðum svæðum er hann veiddur í gildrum.

Kjörhiti humars er 5–15 gráður. Af þeim sökum velur hann sér dýpi sem hæfir og er því á miklu dýpi í Miðjarðarhafinu en grynna við Skotland. Humarinn er langlíf tegund, verður líklega allt að 20–25 ára, þótt það sé ekki vitað með fullri vissu því það er mjög erfitt að aldursgreina hann. Einkenni íslenska humarsins er að hann er að jafnaði stærri en humar veiddur við strendur Evrópu.

Erfðafræðilega lítill munur

Humarinn lifir í leirkenndum botni, einkum í jökulleirnum við suðurströndina, þar sem hann getur grafið sér holur í leirinn.




VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikilla eftirspurna þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskektum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.



Afli 1950-2021.



Útbreiðsla humars.

Hann hrygnir annað hvert ár á vormánuðum, líklega í apríl-maí. Fyrstu 6–8 vikurnar eru lirlurnar sviflægar, þ.e.a.s. þær synda en taka síðan botn og umbreytast. En þegar upp er staðið eru það hafstraumar sem ráða mestu um hvar humarlirlurnar taka botn. Eftir að humarinn hefur grafið sér holu þá ferðast hann lítið eftir það.

„Við tókum þátt í rannsókn á erfðafræðilegum mun á humri við Ísland og Skotland. Það sem kom í ljós þar var að það var nánast enginn erfðafræðilegur munur milli humars í Breiðamerkurdýpi og í djúpunum vestur af Írlandi.“

Það er þekkt að skötuselur syndir

í yfirborðinu austur úr og hrygnir á Hatton-Rockall svæðinu. Það er einnig þekkt að hrognastrengir þeirra reka að hluta til Íslands og klekjast út þar. Skötuselsstofninn við Ísland stækkaði mikið upp úr árinu 2000, á svipuðum tíma og nýliðun í humri var mikil við Ísland. Það er því ekki útilokað að svipað mynstur gæti hafa átt sér stað með lirlur humarsins,“ segir Jónas.

Veiðanleiki humars

Humarveiðin byggist aðallega á karldýrum en um eða yfir 90% í veiði er karldýr. Kvendýrið heldur sig að mestu í holum sínum og fer afar sjaldan út en karldýrið er meira á ferðinni og því veiðanlegra. Kvendýrið er oft með græna sliki undir höfuðbolnum og skelin linari. Hrognin eru fagurgræn.

Mælingar á stofnstærð humars hafa verið erfðileikum háðar segir Jónas. „Humarinn er mjög háður hitastigi. Þannig er því farið hér við land að ef hitastig sjávar er lágt, þá fer hann ekki út úr holum sínum. Það er því mjög erfitt að meta stofnstærð humars út frá veiði með trolli, þar sem hitastig eða aðrar aðstæður ráða mestu um hvort hann veiðist eða ekki. Því hefur Hafró snúið sér frá stofnstærðarmælingu með trolli yfir í talningar á holum.“

Eins og sjómenn þekkja þá er veiðanleiki hans meiri þegar smástreynt er fremur en stórstreynt. Eins kemur hann meira úr holum sínum þegar mikill blómi er í hafinu.“

Nýliðunarbrestur

Veiðibannið er afleiðing nýliðunarbrests. Á árunum 1990–1997 og síðan árið 2000 komu inn stórir árgangar



Leturhumar, *Nephrops norvegicus*, er sú humarategund sem veiðist við Ísland.

sem voru undirstaða veiðanna árin á eftir. Síðan 2005 hefur ekki komið inn stór árgangur sem er ástæða minnkandi veiði og nú banns við hamarveiði. En hver er ástæða þessa nýliðunarbrests?

„Það er ekki að fullu þekkt. Það sem er merkilegt er að við sjáum svipað mynstur hjá öðrum suðlægum tegundum s.s. blálöngu, skötusel, keilu og sandsíli. Afleiðing hruns á sandsíli um 2006 var nýliðunarbrestur hjá lunda við suðurströndina frá 2006 til 2017 þegar rofa tók til í kjölfar þess að stofn sandsílis náði sér á strik.“ segir Jónas. Þess ber að geta að engar veiðar eru stundaðar á sandsíli og sveiflur á stofnstærð sandsílis eru því eingöngu náttúrulegar.

Breytingar á sjávarhita og straumum

Færeyingar hafa bent á að næringarsnaudur suðlægur sjór hefur verið að berast sunnar út Atlantshafi inn á Norður Atlantshafið. Fyrst varð hans vart við Færeyjar en síðar kom hann að suðurströnd Íslands. Framleiðni sjávarins við Ísland hefur verið mikil sem er undirstaða lífríkis sjávar við landið. Gætu þessar breytingar verið að hafa áhrif? „Við vitum að þörungablómi er undirstöðufæða sviflægra lirla eins og humarlirla,“ segir Jónas.

„Ef hrygning hittir ekki á blómanna þá komast lirlurnar ekki af. Við vitum af gervihnattagögnum að hámark þörungablóma við Ísland hefur verið seinni en oft áður. Við vitum af öðrum tegundum sem eru með sviflægg egg, og í kjölfarið lirlur, hafa átt í basli með nýliðun af sömu ástæðu. Ofan á allt þetta er næringarsnaudari sjór að koma inn á uppvaxtarsvæðin. Þetta tel ég helstu ástæðu nýliðunarbrests á humri á



Jónas Páll Jónasson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun og sérfræðingur í humri.

„undanförnum árum. Þegar maður sér öll sömu ljós kvikna hjá mörgum tegundum þá er langlíklegast að eitthvað sem er að gerast í náttúrunni sé aðalskýringin,“ bætir Jónas við.

Er makrillinn að éta humarlirlurnar? Nú hafa margir bent á að makrillinn hafi komið inn á Íslandsmið árið 2006 og spurt sig, étur hann ekki allar lirlur og þar með humarlirlur? Þá hafa aðrir bent á að gríðarlega stór hrygningarstofn þorsks við suðurströndina þyki humar líka góður og éti hann. Hvað segir Jónas um þessar kenningar? „Þær eru áhugaverðar og hafa allar einhvern vinkil. Við vitum að þorskurinn étur humar og makrillinn líka. En þorskurinn er að éta fullorðinn humar en ekki lirlur og það er nýliðun sem vantar. En svo er það makrillinn. Hann kemur inn á slóðina þegar humarlirlur hafa að mestu tekið botn svo okkur finnst það ekki líkleg skýring.“

Von um bættu tíð?

En hvað með humarinn, eru engar vísbendingar um betri tíð hjá humrinum? „Við höfum ekki séð nein merki nýliðunar hjá humri enn þá enda er humarinn seinvaxið dýr. Hann kemur ekki inn í veiðina fyrr en 5–6 ára. Við höfum séð breytingu hjá nokkrum tegundum, t.d. í mælingum á sandsíli síðastliðin ár og sérstaklega frá 2020, sem gefur von en enn höfum við ekki séð nein merki nýliðunar í humri,“ segir Jónas og bætir við:

„Það hefur verið skortur á grunnrannsóknum í hafinu við Ísland og við skiljum lífríkið ekki nægjanlega vel. Samspil náttúrulegra þátta skipta máli og við verðum að skilja þá líka. Það er vandinn og því höfum við ekki afdráttarlaus svör.“

NÝTT Á MARKAÐI!

CAN-AM TRAXTER 6X6



can-am

FYRSTU BÍLAR VERÐA KLÁRIR
TIL AFHENDINGAR Í JÚNÍ

1000cc / 82 hö.

770+ kg burðargeta

1600+ kg dráttargeta

6x6 drif með
ViscoLok læsingu

Kynningaverð:

4.830.000 kr. +vsk

Fullt verð: 5.990.000 kr. m/vsk



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS



Býli með 501-600 kindum skilaði rúmlega þrefalt meiri fjárumunum í hendur eiganda síns en býli með 301-400 kindur.

Mynd / ghp

Rekstur sauðfjárbúa:

Ekki má mikið út af bera

Í júní í fyrra birti Hagstofa Íslands metnaðarfulla greiningu um afkomu í landbúnaði frá árinu 2008 til 2020.

Síðan þá hefur árið 2021 bæst í gagnasafnið en enn er bið eftir árinu 2022. Mikið hefur verið ritað og rætt um stöðu sauðfjárræktar undanfarið ár og þá erfiðu stöðu sem bændur eru í. Ljóst er að árið 2022 var afar krefjandi fyrir landbúnaðinn í heild sinni, ekki þarf að fletta upp í ársuppgjörum til að staðfesta það. Samkvæmt afkomukönnun Hagstofunnar batnaði afkoma í sauðfjárrækt árið 2021 eftir mögur ár þar á undan. Samanlögð laun, hagnaður og breyting (hækkun eða lækkun) á eigin fé meðal sauðfjárbýlis hækkaði um 31% frá meðaltali árána 2017-2020 en var engu að síður ekki nema 2,3 milljónir á verðlagi ársins. Stærð hefur þó mikið að segja þegar kemur að afkomu en býli með 501-600 kindur skilaði til að mynda rúmlega þrefalt meiri fjárumunum í hendur eiganda síns en býli með 301-400 kindur.

Þrátt fyrir að 2,3 milljónir króna í hendur bændu sé bætting frá því sem þeir hafa þurft að venjast á árunum á undan 2021 er ljóst að afkoma á árinu 2022 var verri. Samkvæmt greiningu Bændasamtaka Íslands tvöfaldaðist



aðfangakostnaður á milli árána 2021 og 2022. Fyrir meðalbúið þýðir það hækkun upp á rúmar tvær milljónir, nánast jafn mikið og bændur fengu í eigin vasa árið 2021.

Skuldahlutfall í sauðfjárrækt er hagstætt og fer lækkandi yfir tímabilið sem rýnt er í. Fyrir flestar bústærðir er hlutfallið undir einum og á tímabilinu 2012 til 2021 lækkaði meðal skuldahlutfallið úr 85,6% niður í 74,6%. Eins og áður segir hafa niðurstöður fyrir árið 2022 ekki verið birtar en áhugavert verður að sjá hvað

afkomukönnun Hagstofu Íslands mun leiða í ljós fyrir árið það ár. Raunin er þó sú að áfallspól í sauðfjárrækt er ekki mikið. Þrátt fyrir lág skuldahlutföll er eigið fé í greininni lítið og laun lág. Ekki er mikið til að skera niður annað en viðhald og endurfjárfesting í býlunum sjálfum leiðir óhjákvæmilega til þess að arðsemi dregst saman. Í raun er margt sem bendir til að sú þróun sé þegar hafin og að fjárfestinga sé þörf á stórum hluta sauðfjárbýla.

/SFB

Laun og hagnaður eftir stærð býlis (2021 verðlag)


Stærð býlis	m.kr.
Meðaltal	2,3
1-100	0,2
101-200	1,3
201-300	3,1
301-400	4,1
401-500	5,1
501-600	7,4
601-700	6,2
>700	12,3

Vöru og hráefnisnotkun(m.kr.)

Stærð býlis	2021	2022 (spá)
Meðaltal	2,1	4,2
1-100	0,6	1,2
101-200	1,7	3,3
201-300	2,3	4,6
301-400	3,0	6,0
401-500	4,3	8,6
501-600	5,5	11,0
601-700	7,2	14,3
>700	8,8	17,5

Eigið fé

Eigið fé er að hluta til lögbundið eigið fé, sem þarf að vera í félagum til þess að lánardrottinn geti gert kröfu á það komi til þrots, en getur líka verið óráðstafað eigið fé. Eigið fé er peningur sem fyrirtækjæigandi telur að best sé að hafa inni í félaginu frekar en að taka það út og fjárfesta í einhverju öðru. Þann pening er sem sagt hægt að nýta til þess að bæta fyrirtækið að einhverju leyti. Ef ekki er nein von um að bæta reksturinn er óráðstafað eigið fé greitt út sem arður. Öllu eigið fé fylgir sem sagt einhver gróðavon og er því arðsemi oft sýnd í samhengi við hversu mikill peningur er í félagum sem eigið fé.



Arðsemi eigin fjár (hagnaður/eigið fé). Árið 2012 státaði meðal sauðfjárbýli að 1,3 milljónum í eigið fé og skilaði 0,5 milljónum í hagnað. Árið 2015 var meðal eiginfjárstaða 2,5 milljónir (verðlag 2015, 2,3 á 2012 verðlagi) en hagnaður enn aðeins 0,5 milljónir.

Markaðir

Evra

↑ €
150,3 kr

USD

↓ \$
136,36 kr

Pund

↑ £
169,55 kr

95 okt bensín

↓

314,6221 kr

Diesel

↓
313,174 kr

Mjólk (USD/100 pund)

↑
18,63 USD

Korn (USD/sekkur)

↓
6,4 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)

↑
35,4 EUR

UII (AUD/100 kg)

↓
1289 AUD

Ostur (USD/pund)


↓
1,715 USD

Smjör (EUR/tonn)

↓
4700 EUR

STEINULLAR- EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn



■ Íslensk, CE vottuð framleiðsla

■ Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.

■ Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.

■ Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.

■ Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótt- og iðnaðarhús.

■ Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

FRÉTTASKÝRING

Riða greinist í Miðfjarðarhólfi í fyrsta sinn:

Ákall er um breytingar á riðuvörnum

– Ráðunautur í sauðfjárrækt telur brýnt að yfirdýralæknir fái heimildir til að taka ákvörðun um aðra möguleika en heildarniðurskurð

Riðuveiki í sauðfé hefur í fyrsta sinn greinst í Miðfjarðarhólfi, sauðfjárveikivarnarhólfs í Vestur-Húnavatnssýslu. Um 1.400 fjár hefur verið skorið niður á tveimur bæjum. Ákall er í búgreininni meðal bænda og sauðfjárræktarráðunauta um breytt fyrirkomulag á riðuveikivörnum. Þá hefur yfirdýralæknir lagt ákveðnar breytingar til á fyrirkomulagi varnarhólfa og á riðureglugerð þess efnis að verndandi arfgerðir gegn riðusmitum verði hlíft við niðurskurði þegar tilfelli koma upp í hjörðum.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Tillögur yfirdýralæknis um breytingar á reglugerð um riðu og endurskoðun varnarhólfa hafa legið í ráðuneytinu frá því í desember árið 2021. Samkvæmt upplýsingum sem fengust úr ráðuneytinu í október fólu breytingatillögur yfirdýralæknis í sér umtalsverðar breytingar á regluverkinu. Ákvörðun hafi verið tekin um að fara í heildarendurskoðun á lagabálkunum sem snúa að dýraheilbrigði. Vinnan sé umfangsmikil og ekki ljóst hvenær henni lýkur.

Að sögn Sigurborgar Daðadóttur yfirdýralæknis þarf lagabreytingar til endurskipulags sauðfjárveikivarnarhólfa – og aðkomu Alþingis. Hins vegar sé hægt að afleggja varnarliður og breyta reglugerð sem gerir ráð fyrir algjörum niðurskurði, án lagabreytinga.

Tilfellum fækkað en hjörðum einnig


Á liðlega 40 árum hafa rúmlega 850 hjarðir verið skornar niður á Íslandi, með meira en 200 þúsund fjár. Deildar meiningar eru um árangurinn af þessum aðgerðum, en ljóst er að tjónið er mikið – bæði fjárhagslegt og tilfinningalegt fyrir bændur sem hafa ræktað upp sínar hjarðir. Á þessum tíma hafa ríflega 620 bæir gengið í gegnum þær hörmungar.

Óumdeilt er að riðutilfellum hefur fækkað umtalsvert, en að sama skapi einnig fjöldi hjarða í landinu. Þegar niðurskurðaraðgerðir hófust voru 25 varnarhólf af 38 sýkt. Í dag eru átta af 25 hólfulum sýkt. Riða hefur komið aftur í nýjan fjárstofn á um 12 prósent bæjanna og á suma oftast en einu sinni. Áætlað er að aflétting riðuhafta verði í Landnámshólfi 31. desember á þessu ári.

Riða í Miðfjarðarhólfi

Í lok mars tilkynntu bændurnir á Bergsstöðum um einkenni í tveimur kindum sínum sem gætu bent til riðuveiki. Starfsfólk Matvælastofnunar tók sýni og síðan var grunurinn staðfestur á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum. Samkvæmt reglugerð um útrýmingu á riðuveiki leggur yfirdýralæknir til við landbúnaðarráðherra að ef riðuveiki er staðfest í hjörð verði öllum kindunum lógað hið fyrsta. Á Bergsstöðum voru 690 kindur og var þeim öllum fljótlega fargað, auk annarra tuttugu sem fluttar voru þaðan á nýu bæi innan hólfins. Niðurstöður sýnatöku úr þessum tuttugu kindum sýndu að ein kind var riðusmituð – og hana var hægt að rekja á bæinn Syðri-Urriðaá, þar sem skera þurfti niður um 720 kindur í kjölfarið.

Báðar hjarðirnar voru skornar niður á útisvæði sláturhússins á Hvammstanga; Bergsstaðaféð var flutt í fimm gáumum til förgunar í Kölkum, sorpeyðingarstöðvar á Sudurnesjum – en vegna bilunar sem



Sauðfjárveikivarnarhólf. Bergsstaðir og Syðri-Urriðaá eru í Miðfjarðarhólfi sem merkt er númer sjö á kortinu, en ekki hafði áður greinst riða í því. Nú eru alls átta hólf skilgreind sem sýkt; Landnámshólf, Vatnshólf, Húna- og Skagahólf, Tröllaskagahólf, Suðurfjarðarhólf, Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf, Biskupstungnahólf og Miðfjarðarhólf. Upphaflega var fyrirkomulaginu komið á til að útrýma öðrum sauðfjársjúkdómum en riðu, sem borist höfðu til Íslands með innfluttu fé.

Mynd / Matvælastofnun

kom síðan upp í stöðinni þurfti að urða hræin frá Syðri-Urriðaá, sem er neyðarúrræði. Umhverfisstofnun hefur umsjón með slíkri förgun. Í leiðbeiningum hennar, um urðun og frágang vegna riðusmitaðs úrgangs, kemur fram að áður en val á endanlegum urðunarstað fari fram sé svæðið yfirfarið með tilliti til umhverfisaðstæðna sem þar er að finna, til dæmis gerð jarðvegs, grunnvatnsstöðu, rennslishátta og hæð í landi.

Tæplega 100 kindur seldar á tíu árum

Miðfjarðarhólf er nú skilgreint sem sýkt svæði næstu tuttugu árin hið minnsta, ef ekkert smit kemur upp á þeim tíma. Með þeirri skilgreiningu felst sú breyting að óheimilt er að

flytja sauðfé til lífs á milli hjarða innan hólfins, auk annars sem geti borið smitefni eins og til dæmis hey, heykögglar, hálm, húsdýraábúrd, túnþökur og gróðurmol. Þær tuttugu kindur sem var lógað frá öðrum bæjum voru þær sem eftir lifðu af þeim tæplega 40 kindum sem fluttar hafa verið frá Bergsstöðum á bæi innan hólfins á síðustu fimm árum. Talið er að frá því að kind smitast og þar til hún sýnir sjúkdómseinkenni geti liðið eitt til tvö ár að meðaltali – eða jafnvel allt að fimm ár.

Á síðasta áratug hafa tæplega 100 kindur verið seldar frá Bergsstöðum og leggur Sigurborg áherslu á að eðli sjúkdómsins sé með þeim hætti að alls ekki sé hægt að útiloka að smitefni hafi borist á einhverja fleiri bæi þótt þar sé ekki staðfest riðusmit.

Unnið er að rannsóknum á sýnum frá Bergsstöðum og síðan verður farið í að greina sýni frá Syðri-Urriðaá. Þaðan hafa farið kindur á um 25 bæi á síðustu tíu árum. Fjöldinn er hins vegar enn ekki ljós þar sem kaupendur hafa ekki allir verið með skýrsluhald í Fjárvís. Verið er að afla þessara upplýsinga. „Já, þannig er staðan. Bæirnir verða undir aukinni vöktun rétt eins og allt hólfid komandi misseri og ár,“ segir Sigurborg.

Sýni úr mænukyllunni til greiningar

Þegar skorið er úr um hvort kind er riðuveik, þarf að lóga henni og taka sýni til greiningar úr mænukyllunni. „Það er hægt að finna riðusmit efni í tilteknum eitlum úr lifandi fé, en

Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um urðun og frágang vegna riðusmitaðs úrgangs

Þegar um er að ræða förgun vegna riðusmitaðs úrgangs er ávallt fyrsti kostur að koma úrgangnum til brennslu í brennslustöð sem til þess hefur starfsleyfi. Ef upp koma þær aðstæður að ómögulegt er að koma úrgangnum í brennslu er urðun næsti kostur. Ef þannig aðstæður koma upp þá er unnið eftirfarandi leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um förgun og frágang. Áður en endanlegur staður er valinn til urðunar er svæðið metið út frá þeim umhverfisaðstæðum sem þar er að finna, t.d. gerð jarðvegs, grunnvatnsstöðu, rennslishátta og hæð í landi.

1. Framkvæmdaraðila ber að beita góðum starfsreglum við móttöku úrgangsins og urðun hans, með aðgerðum til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum. Jafnframt séu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.
2. Fara þarf þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrífnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.
3. Aðgangur að gryfjunni sé takmarkaður og svæðið afgirt með fjárheldri girðingu. Tryggja þarf að skepnur hafi ekki aðgang að förgunarstaðnum hvorki þegar urðun fer fram né þegar staðurinn er lokaður. Girt verði fyrir aðgengi búfánaðar að yfirborðsvatni sem getur verið til staðar nálægt og í rennslisátt frá urðunarstaðnum.
4. Verði vart við meindýr eða vargfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á förgunarstaðnum, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
5. Úrganginn þarf að hylja með jarðvegi þegar í stað eftir að honum hefur verið komið fyrir í gryfjunni. Við endanlegan frágang þarf gryfjan að vera hulin jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 metra þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig regnvatns ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt. Gott er að koma fyrir gróðri ofan á gryfjunni.
6. Gryfjan skal hnitsett og færð í kortagrunn um mengaðan jarðveg í samræmi við reglugerð 1400/2020.
7. Framkvæmdaraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik og sjá um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út.
8. Verði óhapp sem þarfnast tafarlausa aðgerða skal hafa samband við neyðarlífunu 112.

Leiðbeiningarnar taka meðal annars mið af leiðbeiningum Matvælastofnunar Sameinuðu Þjóðanna.

KOMINN TÍMIÁ SKOÐUN?



Komdu með hestakerruna á næstu skoðunarstöð og hafðu hana klára fyrir vorið og sumarið.

Sími 570 9090 • frumherji.is



Frumherji



Hópmýnd af gripunum með ARR-arfgerð á Þernunesi í Reyðarfirði, en þar fundust einu gripirnir úr arfgerðgreiningunum með þessa formlegu verndandi arfgerð. Hrutarnir Gimsteinn 21-899 og Gullmoli 22-902 voru í hópi þeirra tíu vinsælustu á sæðingastöð í síðustu vertíð. Mynd / Þernunes



Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir.

Um riðuveiki

Riðuveiki er langvinnur og ólæknandi smitsjúkdómur í sauðfé. Sjúkdómurinn veldur svampkennendum hrönnunarskemmdum í heila og mænu. Flestar kindur sem sýna einkenni eru 1½-5 ára. Dæmi eru þó um riðueinkenni í 7 mánaða gömlu lambi og 14 vetra á. Smitefnið er hvorki baktería né veira heldur prótín, nefnt Prion eða PrP sem hefur breytt lögun og við það orðið sjúklegt og fádæma lífseigt, þóllir langa suðu og flest sóttþreinsiefni nema helst klór.

Heimild: Matvælastofnun

það er ekki viðurkennd greiningar- aðferð," segir Sigurborg.

Hún segir að talsverð óvissa fylgi þessum smitsjúkdómi og því þurfi að gæta ýtrustu varkárni við sóttvarnir. „Við erum í raun bara á fyrstu stígunum smittrakningar. Við vitum í raun heldur ekki neitt fyrir víst um smitleiðina inn í hólfid,“ bætir hún við.

Helstu smitleiðir þekktar

Sigurborg segir afar mikilvægt að leggja áherslu á það við bændur að huga að helstu smitleiðum í sínum smitvörnum. „Þær eru þekktar og eru einkum í kringum sauðburð; til að mynda í fæðingavökvanum og í hildunum. Yngra fé er smitnæmara en það eldra. Smitvarnir á sauðburði eru rosalega mikilvægar, að fólk sé ekki að fara á milli bæja til að hjálpa til við sauðburð. Hugan þarf að hreinlæti eins og mögulegt er – og nota klór við sóttþreinsun.

Síðan er þetta beina smit frá dýri til dýrs, sem þýðir að það á ekki að vera að flytja kindur á milli bæja eða taka aðkomufé inn í fjárhús til sín – sem mér finnst alveg skelfilegt. Þótt það sé ekki bannað þá er það bara af mikil áhætta því riðan smitast gjarnan einmitt í gegnum drykkjaráhöld eða við fóðurgrindur.

Aðrar beinar og óbeinar smitleiðir

Þetta séu aðalsmitleiðirnar, en aðrir möguleikar um beinar smitleiðir séu til staðar. Til dæmis þegar verið sé að rýja og kamburinn kemst í snertingu

við blóð – og svo er farið á næsta bæ þar sem kamburinn kemst líka í snertingu við blóð. Sigurborg segir þetta vera dæmi um aðrar smitleiðir sem vissulega séu fleiri.

„Svo getur riða borist með heyi, tækjum og tólum, sem eru dæmi um óbeinar smitleiðir. Það eru minni líkur á slíkum smitum og enn minni til dæmis í hagagöngu,“ segir Sigurborg.

Hún leggur áherslu á að tilgátur um smit úr jarðvegi séu óraunhæfar, enda hafi rannsóknir sýnt fram á að litlar líkur séu á að fé smitist á beit.

Skilvirkari leiðir í baráttunni gegn riðu

Á undanföllum misserum hafa vonir vaknað um að hægt verði að beita skilvirkari aðferðum í baráttunni gegn riðu en varnarhólfum og niðurskurði. Ráðist hefur verið í nokkuð umfangsmiklar arfgerðarannsóknir í íslensku sauðfé til að finna gripi með verndandi arfgerðir gegn riðusmiti, sem hægt verði að nota til kynbóta – og þar með að lokum að rækta upp riðupólinn íslenskan sauðfjárstofn.

Í kjölfar ótíðinda af riðutilfellum og niðurskurði á Bergsstöðum og Syðri-Urriðá hefur verið kallað eftir heildarendurskoðun og -viðhaldi á sauðfjárveikvarnarlinum til að styrkja sóttvarnir varnarhólfanna. Sigurborg hefur unnið með ráðuneytum landbúnaðarmála á undanföllum árum að tillögum til endurskipulagningar lagaumgjörðar um riðuvörnir. Þar hefur hún meðal annars lagt til að farið verði að fordæmi flestra annarra Evrópuþjóða; að gripir með verndandi arfgerðir verði ekki skornir niður í hjörðum þar sem riða kemur upp. Aukinheldur hefur Sigurborg lagt til að varnarhólfafyrirkomulagi smitvarna verði breytt. „Núverandi fyrirkomulag var sett upp á sínum tíma til að hefta útbreiðslu á mæðivisuveirunni – sem er allt annað fyrirbæri en riðusjúkdómur.

Önnur lönd nota ekki svona varnarhólf til að sporna við útbreiðslu á riðu. Við áttum þetta kerfi bara til og auðvitað notuðum við það með nokkuð góðum árangri frá 1986 þegar formlega var farið að berjast gegn henni með þessum hætti. En þar sem við höfum þetta kerfi þá þarf auðvitað að halda því við og það kostar heilmikla fjármuni. Það hafa hins vegar ekki verið til þeir peningar hjá Matvælastofnun sem þarf til að gera allar þessar varnarlinur fjárheldar.

Núna þegar búið er að finna þessa verndandi arfgerð [ARR] sem áður var talið að ekki væri til á Íslandi – og aðra sem talin er mögulega verndandi – þá opnast möguleikar á því að beita öðrum aðferðum en bara að hólfandi niður. Það er líka til dæmis alveg hægt að hefta flutning gripa á milli bæja án þess að hafa varnargirðingu,“ segir Sigurborg.

Fjármunum betur varið í annað en viðhald á varnarlinum

Spurð um hvort skynsamlegt væri að fara í heildarendurskoðun og

-viðhald á núverandi varnarlinum fyrir allt landið segir Sigurborg að hún telji að peningunum yrði betur varið með öðrum hætti. „Það er ekkert óeðlilegt að skipta landinu niður í einhver hólf og reyna að notast sem mest við náttúrulegar hindranir til þess eða varnir – en ekki að verið sé að eyða miklum peningum í girðingar til smitvarna í úthögum þar sem litlar líkur eru í raun á smitum.

Önnur lönd sem berjast gegn riðu með ræktun á gripum sem eru með verndandi arfgerðir, skipta sínum löndum ekki í svona hólf eins og við erum með. Viðkomandi bær fer bara í einangrun í sjö ár og gripir sem ekki eru með verndandi arfgerð skornir niður. Ég hef lagt til að það verði þá tekin upp eins konar riðuhólf, þar sem væru í gildi mjög strangar smitvarnir og slíkt hólf gæti verið mjög breytilegt að stærð; frá því til dæmis að vera heill hreppur eða jafnvel bara bæjarorfa. En ákvörðun um breytingu á okkar fyrirkomulag kallar á lagabreytingar og aðkomu Alþingis, en hins vegar er hægt að leggja niður varnarlinur án slíkra lagabreytinga,“ segir Sigurborg.

Ráðuneyti landbúnaðar hafa frá desember 2021 haft tillögur Sigurborgar til umfjöllunar, en þær höfðu áður farið í lokað umsagnarferli.

Arfgerðagreiningar á kindunum á bæjunum tveimur verða gerðar. Matvælastofnun greinir smituðu gripina en svo munu aðrir aðilar, sem starfa í verkefni um ræktun sauðfjár með verndandi arfgerðum, láta greina alla gripina sem skornir voru niður á dögnum. Karólína Elísabetardóttir, bóndi í Hvammshlíð, tekur þátt í verkefninu sem er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra vísindamanna, RML og fleiri aðila, með aðkomu íslenskra sauðfjárbænda.

Hún telur að það taki nokkrar vikur að fá úr því skorið hvaða arfgerðir voru í gripum hjarðanna, en gert er ráð fyrir að þær upplýsingar geti orðið mikilvægt innlegg inn í ræktunarstarfið fram undan.

Framvindan í ræktun á verndandi arfgerðum

Mikið ræktunarstarf er þegar hafið sem felur í sér útbreiðslu á arfgerðunum tveimur sem taldar eru verndandi gegn riðu. Hrutar

með slíkar arfgerðir voru fengnar á sæðingastöðvar fyrir síðustu fengitíð og voru í hópi þeirra vinsælustu.

Má búast við að þúsundir lamba muni bera arfgerðirnar eftir sauðburð nú í vor.

Í Miðfjarðarhólfi eru nokkur af bestu ræktunarbúum í íslenskri sauðfjárrækt. Eyþór Einarsson, sauðfjárræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), hefur stýrt átaksverkefni í arfgerðagreiningum og er í teymi sem leiðir það verkefni að rækta upp riðupólinn sauðfjárstofn á Íslandi. „Það breytir talsvert stöðunni hjá okkur að vera komin með riðusmit inn í þetta hólf, ef við horfum á stöðuna almennt út frá ræktunarstarfinu. Úr þessu hólfu höfum við sótt mjög dýrmætun efnivið og hefðum örugglega horft til þess að nota hrúta þaðan með verndandi arfgerðir í uppbyggingarstarfinu,“ segir Eyþór.

„Nokkur sauðfjárbúin í Miðfjarðarhólfi hafa raðast efst á listana hjá okkur hvað varðar afurðir og bestu gerð, eins og til dæmis Bergsstaðir, Urriðá, Efri-Fitjar, Mýrar og svo er Þoroddsstaðir eitt lyklibú þaðan sem við höfum tekið marga sæðingahrúta,“ segir Eyþór, en Þoroddsstaðir hlutu nafnbótina ræktunarbú ársins 2021 í vali ráðunauta RML.

Eftirspurnin eftir erfðaeftir mun aukast

„Svo breytir þessi nýja staða okkar plönunum, sem við höfum unnið eftir, um hraðann á innleiðingu á erfðaeftir og þörfina fyrir sæðingastöðvahrúta með þessar verndandi arfgerðir. Það má gera ráð fyrir að eftirspurn eftir slíkum hrútum muni margfaldast og það þarf að keyra þessar arfgerðir kantski hraðar inn en við höfðum gert ráð fyrir. Þessi riðutilfelli hreyfa við öllum,“ segir Eyþór um þessa breyttu stöðu.

Hann segir það í sjálfu sér ekkert óvænt að ekki hafi verið búið að arfgerðagreina á þessum bæjum allar kindur. Staðan sé sú í dag, að venjulega sé hlutfallið á bilinu frá þremur og upp í tuttugu prósent gripa í varnarhólfum sem hafa verið arfgerðagreindir. Auk þess hafi bændur í svona hólfum lifað í öðrum raunveruleika en í

hólfum þar sem riða hefur komið upp. „Við hins vegar gerðum ráð fyrir að á bæjum í hólfinu myndu nú í vor fæðast nokkur lömb með ARR-arfgerðina úr sæðingum og átti ég von á að gætu komið rúmlega 20 ARR-hrútar til nytja í haust sem hefði verið spennandi að skoða fyrir sæðingastöðvarnar.“

Um tíu prósent af íslenska stofninum verið arfgerðagreindur

Eyþór telur að samanlagt sé búið að arfgerðagreina nálægt tíu prósent af íslenska sauðfjárstofninum. „Að stórum hluta hefur þetta verið gert í gegnum átaksverkefni með stuðningsgreiðslum. Þessum greiningum þarf að fylgja eftir með arfgerðagreiningum á afkvæmum líka og það er talsvert utanumhald sem því fylgir og kostnaður. Í því sambandi má nefna að nú í vor gætu mögulega fæðst um fjögur þúsund lömb með ARR – líkindalega séð – en raunhæft er að búast við að um helmingur þess fjölda beri arfgerðina. Eins varðandi hina arfgerðina T137, sem talin er verndandi, að þar gætu mögulega bæst við eitt til tvö þúsund lömb nú í vor. Við lögðum sérstaka áherslu á að bændur myndu láta gera þessar greiningar hjá sér á lömbum sem væru mögulega með þessar arfgerðir – fylgdu þessu eftir. Þróunarsjóður sauðfjárræktarinnar greiðir þessar sýnatöku sérstaklega niður.

Ef við gefum okkur svo að það verði hægt að nota alla ARR-hrúta sem koma til nytja út úr þessum sæðingum og notkun sölurúta frá Þernunesi, þá verða lömbin orðin um 30 þúsund á næsta ári sem þarf að halda utan um. Til viðbótar er svo æskilegt að fjölga einnig öðrum arfgerðum sem eru lítið næmar og vonandi einhverjar mögulega verndandi líkt og T137. Þessu þarf að fylgja eftir með greiningum. Frumskilyrði hjá öllum er að vita hvaða arfgerð hrutarnir þeirra bera, sama hvar þeir búa á landinu.“

Íþyngjandi kostnaður bænda

Eyþór segir að það verði mjög snúið miðað við núverandi forsendur að fá bændur til að fylgja þessu eftir af samviskusemi.

Framhald á næstu opnu.

TIL SÖLU

Bykkvibær, 851 Hella

HLÖÐUELDHÚSIÐ

Til sölu er HLöðueldhúsið sem er á lögbýlinu Oddsparti í Bykkvæ.

Þetta er spennandi tækifæri í ferðaþjónustu og afþreyingu. Húsakynnin alls 577m² eru íbúðarhús, veislusalur og störelldhús, gróðurbraggi og tvær skemmur en önnur þeirra er upphituð. Landið er 6,7 ha sem gefur möguleika á frekari uppbyggingu.

Verðtilboð.

Allar upplýsingar veitir

Kristján Þórir Hauksson
Löggiltur fasteignasalir
S: 696 1122
kristjan@fastlind.is

FRÉTTASKÝRING



Til dæmis vegna kostnaðar við greiningarnar. „Á meðan við verðum núna fyrstu árin að mestu með arfblendna gripi þá er algjört lykilatriði að þessu sé fylgt vel eftir. Það er augljóst að það þarf að koma miklu meiri peningur inn í þetta – heildarkostnaðurinn við þetta getur numið yfir 100 milljónum á ári,“ segir hann og leggur áherslu á að það sé ekki gott að ætla sér að rækta upp riðupólinn stofn á Íslandi með of miklum hraða sem kæmi þá mjög niður á ræktunarstarfinu.“

Fyrir ræktunarstarfið fram undan væri best ef aðkoma stjórnvalda fælist í beinum stuðningi við þau verkefni sem eru þegar í gangi, en vissulega yrði þátttöku Íslenskrar erfðagreiningar í arfgerðagreiningum tekið fagnandi – en hugmyndir hafa verið uppi um slíka aðkomu. Stjórnvöld geti flýtt verulega fyrir þróuninni að því að gera allan

Íslenska stofninn riðupólinn, en núverandi áætlanir ganga út frá því að á næstu tíu árum verði verndandi arfgerðir orðnar verulegar útbreiddar í landinu.

Lykilatriði að yfirdýralækni verði veittar heimildir

Eyþór tekur vel í hugmyndir yfirdýralækni um breytt fyrirkomulag í riðuvörnum. „Jú, það er lykilatriði að yfirdýralækni séu veittar heimildir til að ákveða eitthvað annað en heildarniðurskurð og að hægt sé að taka tillit til verndandi arfgerða.

Samkvæmt Evrópureglugerðinni, sem mér skilst að tillögurnar taki mið af, þá hafa yfirvöld tækifæri til að velja mismunandi leiðir þegar upp koma riðutilfelli; í fyrsta lagi að skera allt niður eins og hér er gert, skera allt niður nema verndandi arfgerðir eða bara jafnvel að skera sýkta gripi þó það sé ekki mikið af verndandi arfgerðum í hjörðinni. Þá eru bændur bara skikkaðir til að innleiða verndandi arfgerðir mjög hratt.

Ég tel að það væri æskilegt að yfirdýralækni hafi slík verkfæri til að geta beitt eftir því sem við á. Í öllu falli þarf að klára breytingar á núgildandi reglugerðum þannig að þær taki mið af því að hér er gjörbreytt staða. Ég held að allir séu sammála um það að lykillinn að sigrinum felst í markvissum kynbótum fyrir þólinum arfgerðum.“



Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir lykilatriði að yfirdýralækni verði veittar auknar heimildir. Mynd / RML



Um 300 manns sótti fundinn á Hótel Laugarbakka í Miðfirði.

Mynd / Guðfinna Lára Hávarðardóttir

„Samúð með bændum ápreifanleg í salnum“

– Upplýsingafundur um riðu í sauðfé á Laugarbakka

Opinn upplýsingafundur var haldinn á Hótel Laugarbakka þriðjudaginn 18. apríl vegna riðutilfella í Miðfjarðarhólfi sem þar voru nýlega staðfest í fyrsta skipti.

Talið er að um 300 manns hafi sótt fundinn, en að sögn Sigríðar Ólafsdóttur, sauðfjárbónda í Víðidalstungu, sem stýrði fundi, komu fundargestir frá öllu Norðurlandi vestra, Ströndum, Borgarfirði og alveg vestan af Snæfellsnesi. Fyrst og fremst hafi verið um samstöðu- og upplýsingafund að ræða en engar eiginlegar niðurstöður komið fram.

Á dagskrá fundarins voru framsögur þeirra Gunnars Þorgeirssonar, formanns Bændasamtaka Íslands, Sigurborgar Daðadóttur yfirdýralækni og Sigurbjargar Bergsdóttur, sérdýralækni sauðfjársljúkdóma hjá Matvælastofnun, Karólínu Elísabetardóttur, bónda í Hvammshlíð, og Jóhönnu Bergsdóttur sálfræðings. Eftir framsögur voru almennar umræður.

Vilja þátttöku ríkisins í kostnaði

„Það kom ekki neitt loforð um framlag frá ríkinu á þessum fundi

enda þjuggumst við í sjálfu sér ekkert við að það kæmi slíkt loforð alveg á stundinni,“ segir Sigríður, sem er varamaður í stjórn deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands. „Hins vegar kom fram sá skýri vilji okkar að að ríkið taki þátt með okkur í að greina allar kindur á landinu, útrýma áhættuarfgerðum og innleiða verndandi eins fljótt og hægt er – enda sparar það peninga fyrir ríkið til framtíðar.

Allir þingmenn sem voru á svæðinu tóku mjög jákvætt í þessa beiðni okkar og vonumst við þar með til að það skili sér inn í störf Alþingis. Við ætlum raunar ekki að hætta fyrir en þessi beiðni okkar verður tekin til raunverulegrar skoðunar.“

Handapat í stjórnsýslunni

Sigríður segir að fram hafi komið óánægja hjá fundargestum með að ekkert varaplan sé til staðar varðandi förgun á þessum skrokkum sem búið var lóga.

„Það er algerlega óásættanlegt þetta handapat sem er búið að vera í þeim málum af hálfu Umhverfisstofnunar, matvælaráðuneytisins og umhverfisráðuneytisins og er ekki bjóðandi þeim

bændum sem um ræðir að þurfa að hafa áhyggjur af því hvað verður gert við kindurnar þeirra eftir förgun, ofan á allt annað álag sem er á þeim á sama tíma. Sömuleiðis kom fram gagnrýni bænda í hólfinu um skort á upplýsingagjöf frá Matvælastofnun.

Samstaðan var í fyrsta, öðru og þriðja sæti á þessum fundi. Samúð með þeim bændum sem lentu í þessu núna var allt að því ápreifanleg í salnum, sem og baráttuvilji allra til að kveða þennan vágast niður í eitt skipti fyrir öll.“

Hvatningarræða formanns

Að sögn Sigríðar voru fundarmenn ánægðir með erindin á fundinum. „Umræður voru góðar og mál-efnalegar þrátt fyrir allar þær tilfinningar sem hafa ólgað í samfélaginu undanfarna daga.

Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, flutti svo hvatningarræðu í lok fundar.“

Guðfinna Lára Hávarðardóttir, Stóra-Fjarðarhorni var Sigríði til aðstoðar við fundarstjórn og Guðrún Eik Skúladóttir, Tannstaðabakka var fundarritari.

/smh

Midea Varmadæla

Arctic Series

-Loft í vatn-

Nýtt útlit - tekur lítið gólfpláss
Innbyggður neystluvatnstankur
Wifi tenging - hægt að stjórna og fylgjast með úr snjalltæki

Hafðu samband við okkur og við finnum réttu dæluna fyrir þig

Frábær verð



Kaelitækni

www.kaelitaekni.is

Stuðningsyfirlýsing

Stjórn Félags sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu lýsa yfir stuðningi við ályktun fundar sauðfjárbænda í Miðfirði um innleiðingu viðauka VII í reglugerð um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar, að því er fram kemur í tilkynningu.

„Upp er komin alvarleg staða hjá sauðfjárbændum í Miðfjarðarhólfi þar sem riða greindist á tveimur bæjum nú á vordögum 2023.

Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu sendir félögum sínum fyrir norðan og sauðfjárbændum öllum hlýjar kveðjur og vonar að ekki greinist fleira fé með þennan hræðilega sjúkdóm. Það er á allan hátt ómurlægt að standa frammi fyrir niðurskurði á þessum árstíma þegar ær eru komnar að burði.

Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu lýsir yfir stuðningi við ályktun sem fundur sauðfjárbænda í Miðfirði sendi frá sér þann 16. apríl síðastliðinn og hvetjum við einnig matvælaráðherra til að innleiða nú þegar viðauka VII í heild við ESB-reglugerð nr 999/2001 sem tók gildi á Íslandi 2012 (reglugerð 41/2012), en sá kafli var undanskilinn við innleiðingu reglugerðarinnar.

Verndandi arfgerðir fyrir riðu hafa fundist á Íslandi og skorum við á stjórnvöld að leggja meiri áherslu og fjármagn á allar mögulegar leiðir til að flýta dreifingu þeirra um landið til að koma megi í veg fyrir kostnaðarsaman og sársaukafullan niðurskurð í náinni framtíð,“ segir í tilkynningu frá stjórn Félags sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu.

/ghp

Yfirlýsing frá Félagi sauðfjárbænda í Borgarfjarðarhéraði

Félag sauðfjárbænda í Borgarfjarðarhéraði sendir nágrönnum sínum í Miðfjarðarhólfi hlýjar kveðjur með von um að ekki greinist fleira fé með þennan hræðilega sjúkdóm sem riðuveiki er.

Jafnframt skorar félagið á matvælaráðuneytið, Mast og

sveitarstjórnir Borgarfjarðar og Hvalfjarðarsveitar að þær hlutist til um stórukið viðhald og eftirlit sauðfjárveikivarnargirðinga, einkánlega á milli Borgarfjarðar og Húnavatnssýslu, í ljósi nýlegra riðusmita í Miðfjarðarhólfi.

Stjórn FSB

BYGGJUM SAMAN BETRI SAMFÉLÖG

Með sjálfbærni að leiðarljósi



Fyrirtæki í heimabyggð eru einn mikilvægasti þátturinn í að viðhalda búsetu í landinu.


Öflug atvinnustarfsemi skilar ríkulega til samfélagsins og byggir undir gott og mannsæmandi líf íbúa. Í árslok störfuðu 199 manns hjá Arnarlaxi, þar af 66% eða 142 í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi.

Samfélagsspor Arnarlax í formi skatta og opinberra gjalda er umtalsvert eins og sjá má í meðfylgjandi samantekt.

Útflutningstekjur af eldisfiski hafa aukist til muna frá árinu 2021 til 2022 eða um 75% milli ára. Þær námu á síðasta ári 5,6% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar.*

*Hagstofan 5. janúar 2023

Greiddir skattar og gjöld (m.kr.)	2022	2021	2020	2019
Tryggingagjald	129,7	103,9	80,8	75,1
Mótframlag í lífeyrissjóð	226,0	163,8	142,8	129,1
Gjöld í umhverfisjóð	81,8	80,0	86,5	45,7
Auðlindagjald	102,2	29,2	21	-
Aflagjöld	162,8	87,4	76,8	63,1
Aðrir skattar og gjöld				
Önnur gjöld til hafnarsjóðs	29,8	21,3	29,4	15
Bein vörugjöld og tollar	18,0	13,2	9,7	12,5
Fasteinagjöld	20,8	7,1	4,9	5,2
Annað	38,6	14,9	13,1	16,8
Innheimtir skattar				
Staðgreiðsla starsmanna	499,6	467,2	315,6	275,9
Aðrir skattar	12,5	10,4	5,5	5,9
Skattar og gjöld alls	1.321,9	998,4	786,1	644,3



Hagnaður varð af rekstri árið 2022 og mun Arnarlax greiða 149 millj. kr. í tekjuskatt árið 2023. Skattalegur hagnaður fyrir nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps fyrri ára nam 3.974 millj. kr. árið 2022.


Arnarlax
SUSTAINABLE ICELANDIC SALMON

MENNING

Á döfinni ...

Félagsmenn Bandalags íslenskra leikfélaga athugið!

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga verður haldinn í Neskaupstað helgina 5.–7. maí nk. Gestgjafi er Leikfélag Norðfjarðar. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Fulltrúar Þjóðleikhússins mæta á hátíðarkvöldverð á laugardeginum og tilkynna val á Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins en það hefur farið fram allt frá leikárinu 1993–1994.



Sýningar Leikfélags Vestmannaeyja á hinu klassíska verki Rocky Horror halda áfram. Sýnt er á Heiðarvegi 19, Vestmannaeyjum, miðsala fer fram á staðnum og nú er um að gera að hraða sér því lokasýning er sunnudaginn 30. apríl kl 20 og það er jafnframt partísýning. Frekari upplýsingar má fá í síma 868 2139. Síðustu sýningar eru annars dagana 27. og 29. apríl kl. 20.

Leikfélag Hugleiks sem þekkt er fyrir frumsamin verk sín hefur í sýningum dans- og söngleikinn Húsfélagið. Enn má nálgast miða á vef Hugleiks, www.hugleikur.is og eru sýningar í húsakynnum Leikfélags Kópavogs, Funalind 2, 201 Kópavogi.



Dýrið/Prinsinn: Víkingur Leon Þórðarson. Skuggar: Óskar Sólberg Róbertsson og Baltasar Guðmundsson.



Doddi dreki: Freydis Ösp Stefánsdóttir.



Blíða: Emelía Íris Benediktsdóttir.



Þau Víkingur Leon Þórðarson og Emelía Íris Benediktsdóttir í hlutverkum sínum.



Frú Klemma kaupakona: Anna Margrét Jónsdóttir.



Jens: Pálmi Ragnarsson, Jakob: Hafþór Örn Laursen Ólason.



Gala galdrapula / Marianna Þórgrímsdóttir.

Leikfélag Blönduóss:

Dýrið & Blíða

Leikfélag Blönduóss kynnir með stolti fjölskyldusýninguna Dýrið og Blíðu, sem þekktist á enskunnri sem *Beauty and the Beast*.

Er þetta fyrsta sýning leikfélagsins í níu ár og segir forynjan Eva Guðbjartsdóttir að mikil eftirvænting sé í fólki að stíga á sviðið. Sigurður Línald leikstýrir en honum er innan handar eiginkonan Greta Clough.

Í leikhópnum eru níu manns og er Eva vongóð um að takist að rétta úr kútnum eftir langa hríð og hefja hið blómlega leikstarf sem áður einkenndi Leikfélag Blönduóss. Lengi vel var frumsýnt annað hvert ár, þá í kringum páskana eða sumardaginn fyrsta, en síðastliðin ár hafa Covid og svo áfall í samfélaginu litað starfsemi leikfélagsins. Gaman væri að fjölga meðlimum leikfélagsins svo og fólki sem hefur áhuga á að vinna bakvið tjöldin – sviðsmenn, sminkur, ljósmenn ... allir sem áhuga hafa er því hér með boðnir velkomnir.

Eva segir að nokkuð sé um að vanti fólk á milli tvítugs og fertugs, en Emelía Íris Benediktsdóttir, aðalleikona verksins um Dýrið og Blíðu, er rétt þrettán ára gömul Hvammstangamær sem áður hafði gert góða hluti í leiklistinni þar í bæ. Tekið skal fram að mótleikari hennar er tvítugur, og sagan því ekki jafn mikill rómans og oft.

Áhugavert er að segja frá því að árið 1897 var fyrsta leiksýningin sett upp á Blönduósi, „Kómedía“, og voru flýgjendur liðsmenn „Leikfímifélags Blönduóss“.

Árið 1944 var leikfélagið svo formlega stofnað og

starfaði nánast óslitið fram að aldamótum, sýning sett upp hvert einasta ár. Langar Evu að endurvekja þennan kraft samfélagsins sem kemur einnig fram í 1. árgangi Húnavöku árið 1961, grein eftir Tómas R. Jónsson „*Það er áreiðanlega ósk og von okkar allra að leikstarfsemi megi eflast og þroskast hér á Blönduósi í framtíðinni til skemmtunar og menningarauka fyrir héraðsbúa. Til þess að það megi verða er fyrsta og aðalskiyrðið það, að hér risi upp fyrirhugað félagsheimili, með nægilega rúmgóðu leiksviði, búningsherbergjum og geymslum. Slík breyting á öllum aðstæðum mundi hvetja uppaxandi æskufólk og starfandi leikfélag til stærra átaka. Stærri og fjölbreyttari verkefni yrðu tekin til meðferðar, og þá mundi auðveldara að fá hingað hefja leikstjóra og tjaldamálara en nú er.*

Sýningar á Dýrinu og Blíðu verða fjórar talsins – enda tekið tillit til sauðburðar – en þær verða dagana 29. apríl–3. maí. Eva er hjartsýn á framhaldið og segir að félagið hafi nýverið gert 3 ára samning við Húnavygð þar sem stefnt er á að sýna annað hvert ár, en að auki verið með námskeiðshald og annað þess utan. Kostnaður er mikill við sýningar og því sé gaman að bjóða upp á minni viðburði, skemmtikvöld og annað þar sem t.d. verði sýnt upptekið efni síðustu áratuga er viðkoma leikfélaginu.

Er von til þess að það kveiki undir frekari áhuga þeirra sem hafa einhvern hug á að ganga til liðs við leikfélagið enda er tilvera leiklistar jafnan sálin og lífið í samfélögum.

/SP

Leikfélag Sauðárkróks:

Allir á svið

Leikritið Á svið eftir Rick Abbot, í þýðingu Guðjóns Ólafssonar og leikstjórn Ingridar Jónsdóttur, fjallar um leikhóp sem stendur að æfingum og sýningum á leikverki.

Fá sýningargestir að upplifa æfingarferli leikrits í fyrsta og annars hluta þess og þar er nú ýmislegt sem kemur upp á. Í þriðja hluta er svo komið að frumsýningu og þá ætti nú allt að vera löngu tilbúið – en auðvitað getur allt gerst á frumsýningum. Er sýningin kómísk á köflum – enda ekki þrautalaust að setja á svið heilt leikrit.

Í hlutverkum eru ellefu meðlimir leikfélags Sauðárkróks og verður frumsýnt þann 30. apríl kl. 20. Áætlaðar eru tíu sýningar í kjölfarið og sýnt í félagsheimilinu Bifröst á Sauðárkróki – lokasýning er sunnudaginn 14. maí klukkan 20. Miðapantanir og frekari upplýsingar eru í síma 8499434. /SP



Leikarar, leikstjóri og hluti af starfsfólki sýningarinnar til vinstri en sjá má að glatt er á hjalla hjá Leikfélagi Sauðárkróks. Myndir / Gunnhildur Gísladóttir



Límtréshús, bogahús og færarlegar byggingar

Hýsi.is



Færarlegar byggingar



Bogahús



Límtréshús

HYSI
BYGGJUM BETUR



Óbeisluð orka úr íslenskri náttúru.

Porsche Taycan - 100% rafmagn.

Taycan er fjölnota, 5 sæta, 100% rafmagnsbíll, sem framkallar einstaka akstursupplifun hjá allri fjölskyldunni.

Eigum bíla til afhendingar.

Mynd: Stefan Bogner

Hestöfi: 476 | 19" Aero álfelgur | 150 w hjóðkerfi m/10 hátölurum | Leðurinnrétting | Rafdrifin stillanleg sportsæti | Leiðsögukerfi með Íslandskorti | Fjarlægðarskynjarar framan og aftan | Leðurklætt Sport aðgerðastýri | LED ljósabúnaður
Rafdrifin vindskeið | 16,8" stafrænt mælaborð | Apple Carplay | 10,9" háskerpustjórnborð með snertiskjá | Skriðstillir | Sjálfvirk opnun/lokun á afturhlera | Porsche stöðugleikakerfi | Loftpúðaafjöðrun | Fjór hjóladrifinn | Lyklalaus ræsing | Hleðslustöð



PORSCHE

Bíla
Benna

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 17:00 | Opið laugardaga frá 12:00 til 16:00

Miðskógur í Dölum:

Fyrsta kjúklingabú Dalamanna

Nautgripabændurnir á Miðskógi í Dölum hafa gert samning við Reykjagarð um uppbyggingu á kjúklingaeldi á bænum. Í samningnum er gert ráð fyrir að bændurnir reisi eldihús fyrir um 13 þúsund kjúklinga til að byrja með, sem geti skilað um 180 tonna ársframleiðslu af kjúklingakjöti. Reykjagarður mun leigja af þeim húsið, kaupa þjónustu við eldið og afurðirnar af bændunum. Verður Miðskógur þar með fyrsta kjúklingabúíð í Dölum.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Búið í haginn fyrir heimkomu dóttur og tengdasonar

Spurður um ástæður þess að nautgripabændur gefi þessum möguleika gaum, segir Skúli að það hafi í raun verið spurningin hjá þeim hjónum hvernig þau gætu breikkað rekstrargrundvöll búsins og þannig opnað leið fyrir dóttur þeirra og tengdason, Sunnevu Hlín Skúladóttur og Jóhannes Örn Pálmason, til að flytja til þeirra í Dalina frá Dýrastöðum í Norðurárdal. „Þau voru með bæinn á leigu og samningur þeirra er að renna út núna í maí. Þau langar til að halda búskap áfram og við buðum þeim þennan valkost; að kaupa sig inn í búreksturinn okkar og reka með okkur bæði kjúklingaeldið og kúabúíð. Þau flytja til okkar núna um miðjan maí með krakkana sína sem ná þá í lok skólaársins.“

Skúli segir að engin skýr verkaskipting verði í rekstri búanna,



Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Guðrún Esther Jónsdóttir í fjösinu á Miðskógi.

Mynd /smh

„Þetta kom þannig til að í haust auglýsti Reykjagarður eftir samstarfsaðila á Suðurlandi, til að koma inn í greinina,“ útskýrir Skúli Hreinn Guðbjörnsson, tilvonandi kjúklingabóndi á Miðskógi, sem hefur rekið þar kúabú og nautaeldi ásamt konu sinni, Guðrúnu Esther Jónsdóttur, frá 2015.

„Forsendurnar sem Reykjagarður gaf upp fyrir slíkt eldi voru þær að þar þyrfti að vera hitaveita, þriggja fasa rafmagn, hreint drykkjarvatn, veltenging og ljósleiðari.“

Ég hugsaði með mér að hér væri allt til staðar; af hverju væri ekki hægt að hafa þetta í Dölunum eins og á Suðurlandi? Ég sendi þeim bara póst og þeir bitu á agnið,“ bætir Skúli við.



Guðrún Esther Jónsdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Guðmundur Svavarsson frá Reykjagarði, Jóhannes Örn Pálmason og Sunneva Hlín Skúladóttir.

en unga fólkið muni byrja á því að reisa íbúðarhúsnæði við hlið þeirra Skúla og Guðrúnar. „Síðan ætluðum við bara að byrja sem fyrst á framkvæmdum við eldihúsið. Það er verið að teikna það núna en við þurfum að fara í jarðvegsskipti á þeim stað þar sem það mun rísa. Við erum að skoða hvaða leiðir við munum fara í að byggja það; hvort það verði staðsteypt eða hvort við kaupum einingar. Við sjáum um byggingaframkvæmdina en Reykjagarður sér alveg um allan eldisbúnað, eins og fyrir fóður og vatn. Við sjáum svo um allan daglegan rekstur,“ útskýrir Skúli.

Þetta sé fyrirkomulag sem henti vel fyrir báða aðila og Reykjagarður viðhafi á öðrum bæjum.

Stefnt er að því að framleiðsla verði hafin á kjúklingabúinu fyrir næstu áramót en Skúli segist horfa dálítið til októbermánaðar í þeim efnum.



Skúli með hamburgara beint frá Miðskógi í Dölum.

Mynd /smh

Ekki svo ólíkar búgreinar

Guðrún segir að þótt kúabúskapur og kjúklingaeldi kunni að virðast ólíkar búgreinar, séu þær þó í raun ekki svo ólíkar. „Við erum að vísu að annast ólíkar dýrategundir en grunnreglurnar eru þær sömu; það þarf að fylgjast vel með skepnunum, að aðbúnaður sé góður og heilbrigði. Það er mikil binding sem felst í því að ala bæði kjúklinga og nautgripi, mikil nákvæmisvinna hvort tveggja.“

Kjúklingabúíð á Miðskógi verður 13. búíð sem framleiðir fyrir Reykjagarð og með smærri búum. Það verður eina búíð með eingöngu eitt eldishús.

„Reykjagarður lagði reyndar til við okkur að við reistum strax tvö hús – af því að það er mikil og aukin eftirspurn eftir íslenskum kjúklingi,“ segir Skúli. Alifuglakjöt er endá komið með mjög sterka stöðu á íslenska kjötafurðamarkaðnum, með um þriðjung markaðshlutdeildar á síðasta ári, en um 9.500 tonn af kjúklingakjöti var framleitt hér á landi á síðasta ári.

Skúli telur ýmsa möguleika vera til staðar varðandi blöndun búgreina líkt og þau gera. „Ég held að það sé eitthvað sem bændur þurfi að skoða í meira mæli til að auka sína afkomumöguleika. Ég er ekki hrifinn af verksmíðubúskap – vil hafa þetta í fjölskylduvænum einingum. Það geta líka verið alls konar samlegðaráhrif – við munum til dæmis geta nýtt hænsnaskítinn okkar sem áburð

á okkar tún,“ segir hann og segist aðspurður ekki vilja útiloka aðrar aukabúgreinar eins og garðyrkju. Ef um vandaðan búrekstur sé að ræða geti þetta allt unnið vel saman.

Fyrri ábúandi náfrændi Guðrúnar

Ábúðarsaga þeirra Skúla og Guðrúnar er fremur stutt á Miðskógi. „Esther er fædd og uppalin á Saurbæ í Dölum, en ég er uppalinn á Vatnsnesinu í Húnavatnssýslu. Við hittumst á Hvammstanga og bjuggum þar alveg til 2004. Þá fluttum við á Akranes og þar var ég verslunarstjóri í Húsasmíðjunni í 11 ár. Ég frétti svo af því að þessi jörð væri hugsanlega til sölu þótt hún væri það ekki formlega. Ég hafði sambandi við bóndann sem vildi í fyrstu ekki selja mér af því að hann væri ekkert að hætta. Síðan fórum við að ræða ættfræði og komumst að því að hann er náskyldur Guðrúnu og það kann að hafa ráðið úrslitum um að hann ákvað að selja okkur loksins. Og þetta var 1. maí 2015,“ segir Skúli.

Hann segist hafa verið uppalinn í sveit til rúmlega tvítugs þar sem blandaður búskapur var með kindur, kýr og hross. „Búskapurinn var í blóðinu okkar og við kunnum afskaplega vel við þetta líf og kýrnar. En kýrnar hafa alltaf kunnað mun betur við Guðrúnu en mig. Hún er svo natin við þær, enda horfa þær alltaf til hennar,“ segir Skúli.

Fyrir kröfuharða

Makita
PROFESSIONALS AT WORK

ÞÓRÞ
thor.is



BEINT Á BÝLI

Frí heimsending hvert á land sem er þegar keypt eru dekk og eða felgur*



DICK
CEPEK

MICKEY THOMPSON
M/T

PRO COMP

ARCTIC
TRUCKS



AT ÁLFELGUR

VANDAÐ ÚRVAL - MARGAR STÆRÐIR

GATADEILING FYRIR JAPANSKA OG AMERÍSKA BÍLA



*Gildir til 14. maí 2023 þegar keypt eru 4 dekk og eða 4 felgur saman.



Hjá Arctic Trucks færðu úrval hágæða dekkja og felgna fyrir jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum heims. Veldu þín dekk og eða felgur í vefverslun okkar eða hafðu samband og sérfræðingar okkar aðstoða þig við að velja bestu dekkinn og felgur fyrir þínar áskoranir.

KLETTHÁLS 3

SÍMI 540-4900

info@arctictrucks.is

www.arctictrucks.is



Slökkviliðssafn Íslands gæti lokað endanlega í vor.

Mynd /ÁL

Stefnir í lokun

Slökkviliðsminjasafn Íslands í Reykjanesbæ varðveittir sögu slökkviliðsmanna á Íslandi, allt frá því fyrstu slökkviliðsmennirnir voru skipaðir í sínar stöður, til dagsins í dag.

Nú hefur sveitarfélagið ekki endurnýjað leigusamning um húsnæðið, sem upphaflega var undirritaður til þriggja ára í febrúar árið 2013. Húsakosturinn er til sölu og stefnir í lokun safnsins á vormánuðum.

Helstu drifjafirnir á bak við safnið eru slökkviliðsmennirnir Sigurður Lárus Fossberg Sigurðsson og Ingvar Georgsson. Þeir segja í samtali við Bændablaðið að ef safninu verði lokað munu safngripirnir sem þar eru varðveittir eiga í hættu á að skemmast eða glatast. Munirnir eru flestir í eigu aðila héðan og þaðan af landinu sem oft hafa ekki kost á að varðveita hlutina við bestu aðstæður. Samningaviðræður eru í gangi við Reykjanesbæ, en Sigurður og Ingvar eru ekki mjög bjartsýnir á framhaldið.

Markmið safnsins er að halda á lofti sögu slökkviliða á Íslandi og var það opnað vorið 2013 í tilefni

af hundrað ára afmæli slökkviliðsins í Keflavík. Kveikjan að opnun safnsins var sú að Sigurður og Ingvar sáu fyrir rúmum áratug að gamall búnaður frá slökkviliðum lá undir skemmdum. Oft eru tæki geymd utandyra eða í geymslum sem halda illa vatni og vindum.

Í húsnæðinu, sem er nálægt 1.500 fermetrum, er meðal annars að finna tuttugu slökkviliðsbíla, nokkrar vél- og handdælur ásamt öðrum minni búnaði sem slökkvilið hafa notað í gegnum tíðina. Þar má nefna verkfæri, hjálma, fatnað, klippur, reykklöfnartæki og ýmislegt fleira. Verði safninu ekki lokað eru áform uppi um að koma stærsta slökkviliðsbíl heims fyrir í sýningarrýminu, en hann þjónaði áður á Keflavíkflugvelli.

Samkvæmt Ingvari og Sigurði er Slökkviliðsminjasafn Íslands með sérstöðu á heimsvísu, en hvergi annars staðar finnst safn sem geri grein fyrir slökkviliðum heillar þjóðar. Erlendis séu þetta yfirleitt álmur innan borgar- eða héraðssögusafna. Safnið er opið á sunnudögum frá 13 til 17, en eftir þöntun þess á milli. /ÁL

Textilhönnun:

Má bjóða þér pizzu?

Hugmyndaríka hönnunarteymið Flétta, þær Birta Rós Brynjólfssdóttir og Hrefna Sigurðardóttir, auk textilhönnuðsins Ýr Jóhannsdóttir, sem þekkt er undir nafninu Ýrúrarí, munu opna pizzustað á HönnunarMars dagana 3. - 7. maí.

Þeir sem til þekkja gætu furðað sig á uppátækinu, en hingað til hafa þær ekki verið þekktar fyrir að standa fyrir slíkri iðju. Við nánari eftirgrenslan kom í ljós að saman munu þessar lagskonur Flétta og Ýrúrarí þæfa pizzur úr ullarafgöngum íslensks ullariðnaðs.

Í tilkynningu frá þeim kemur fram að „Á Þítustund með Fléttu og Ýrúrarí verður hægt að kaupa ullarpizzur af matseðli.“ Rétt er að geta þess að pizzurnar sem þæfðar eru á staðnum verða í takmörkuðu upplagi. Höfuðstöðvar þeirra í Kópavoginum iða bókstaflega af lífi og eftirvæntingu þessa dagana, enda nóg að gera við að undirbúa pizzugerðina. Voru þær Birta og Ýr teknar tali einn sólskinsdaginn nýverið en því miður var Hrefna heimavið að sinna veiku barni.

Áhugamenn um efnisbúta

Verkstæði þeirra gefur augaleið að þarna er mikið unnið úr því sem m.a. til fellur frá íslenskum iðnaði og segir Birta að í raun hafi leiðir þeirra Hrefna og Ýr legið saman í gegnum farveg textílsins. Tekur sú síðastnefnda undir og segir áhugavert hve mikið hægt sé að vinna með afskurði eða afganga af ýmsu tagi og skemmti þær sér við að finna nýjar leiðir til endurvinnslu. Það sé svo dýrmætt að geta séð hlutina í nýju ljósi.

Saman ákváðu þær því að setjast niður og forma verkefni þar sem þær gætu unnið að endurvinnslu textíls á Íslandi. Með þá hugsjón fengu þær rannsóknarstyrk frá Hönnunarstöð og lögðu land undir fót - á Blönduós, spenntar fyrir tilraunum með afskurði frá íslenskum þrjónaverksmiðjum, vitandi af þæfingarvél sem þær er staðsett. Í kjölfarið hófst sameiginlegt þæfingarverkefni og þrýða þessi fyrstu, fallega samansettu verk, úr afklippum þrjónaverksmiðju Hvammstanga, veggi verkstæðis þeirra. „Við fengum



Hönnuðurnir og tilvonandi pizzugerðarmennirnir Birta, Hrefna og Ýr.



Egg & beikon eru vinsælt álegg á pizzur, sérstaklega þæfðar.



alls konar ræmur og úr því þróaðist svona fallegt tungumál, fallegar hringlóttar prufur. Við ætlum að halda verkefninu áfram og sjáum fyrir okkur að setja saman gölfmottur til að byrja með,“ segir Birta. Ýr bætir því við að þær hafi orðið svo spenntar fyrir vélinni að þær hafi ekki ráðið við sig fyrr en þeim tókst að fjárfesta í einni slíkri. „Þetta er líklegast þá önnur vélin á landinu, ég veit ekki betur,“ segir hún. „Það er svo margt hægt að gera með svona vél,“ skýtur Birta inn í, „möguleikarnir endalausir!“

Hugmyndavinna fyrir Hönnunarmars

„Hún var svo skemmtileg hugmyndavinnan. Við vorum í smá galsa og fannst upplagt, fyrst við vorum með þessa hringlóttu prufur og þæfingarvélin, að sníða til álegg sem hægt væri að setja á prufurnar áður en þær væru settar inn í vélin. Þetta eru nefnilega sömu handahreyfingar og þegar pizzubakarar eru að setja pizzur inn í ofninn og lengjurnar verða að sömu mjúku línunum og við þekkjum á pizzum,“ segir Birta.

„Eiginlega var það til þess að við ákváðum að fjárfesta í þæfingarvélinni - til þess að geta bakað pizzur á HönnunarMars. Við urðum svo spenntar fyrir hugmyndinni að slíkum viðburði,“ segir Ýr hlægjandi.

„Þetta var svo geggjáð,“ heldur Birta áfram „enda til viðbótar hægt að nýta tækifærið og kynna fólk vélin á HönnunarMars.“ Þær höfðu velt því fyrir sér hvað hægt væri að gera til þess að vekja áhuga fólks á endurvinnslu, þá helst eitthvað sem að hægt væri að taka þátt í - og pizzugerð var því óvitlaus hugmynd þegar allt kom til alls. „Pizza er auðvitað eitthvað sem allir geta tengt við og þarna tekið þátt í ferlinu með því að velja álegg. Fólk getur keypt hjá okkur pizzulistaverk af matseðli, eða bara valið hvaða álegg hverjum og einum þykir best.“

Ýr bendir á að auk áherslu á endurvinnsluna kynnist fólk því að ull



Þæfingarvélin góða.

fellur til á ýmsum framleiðslustigum og mismunandi hvernig hægt er að vinna með hana. Þetta séu verðmæti sem hægt er að gera ýmislegt með.

Þessa dagana forvinna þær því pizzubotna og álegg, en mikið úrval litskrúðuga áleggsgtegunda er í boði. Ananas, beikon, egg, ólífur og basilika eru meðal þess sem hægt er að velja og þar sem um þurrþæfingu er að ræða geta viðskiptavinir verslað óhindrað - enda ekki um rennblautar sneiðar að ræða. Ýr vill taka fram að auk áleggsgins sé hægt að fá það sem þær kalla „extra toppings“, þá hvítlauk eða chili, en einnig geti áhugasamir hreinlega fengið kusk....

Pizzugerðarmenn framtíðar

Jafnframt þessari skemmtilegu vinnslu, settu þær, í samstarfi við grafískan hönnuð, saman bæði matseðil og merki staðarins, auk stuttermabola og derhúfa sem þær áætla að klæðast sem pizzugerðarmenn.

„Það var svo áhugavert,“ segir Birta „að hluti þess sem við rannsökuðum í pizzaferlinu okkar, var saga pizzunnar. Þar komumst við að því að upphaflega var hún búin til, til þess að nýta afganga sem settir voru ofan á hringlóttan botn. Nákvæmlega eins og við erum að gera; nýtum afganga á hringlóttu botnana okkar. Þannig - þetta gæti ekki verið fullkomnara. Svo er þæfing ótrúlega góð leið til endurvinnslu og við hlökkum til að kynna verkin okkar - já og vélin.“ Pizzustað þeirra stallna má heimsækja á dögum HönnunarMars, nánar tiltekið á Laugavegi 32, í Gallerí Port. /SP

Bændablaðið kemur næst út
11. maí

MARÁS

Léttar og meðfærilegar
brunadælur frá Tohatsu



V20FS
46kg
525 L/min (6 Bar)
Bensín 1cyl / 2 gengis
Sogar 9 metra hæð

VE1500
107kg
2050 L/min (6 Bar)
Bensín 2cyl / 2 gengis
Sogar 9 metra hæð
Hægt að raðtengja..
..1 Km hver dæla



Marás ehf
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 555 6444 - www.maras.is

Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta.
Bjóðum aðeins viðurkenndan búnað.

Hvað er ...

PFAS?

PFAS er skammstöfufun á per- and polyfluorinated alkyl substances sem er flokkur manngerðra fjölliða, nytsamlegra til margra hluta. PFAS efni brotna seint eða aldrei niður í umhverfinu og færast upp fæðukeðjuna. Aukin meðvitund er um skaðsemi efnanna á heilsu fólks og annarra lífvera.

Helst ætti fólk að þekkja PFAS efni í Teflon steikingarpönnum og Gore-Tex útivistarfátnaði. Framleiðsla PFAS hófst á sjötta áratugnum og eru efni eftirsótt í fjölmargar vörur vegna eiginleika þeirra til að hrinda frá sér vatni og fitu. PFAS byggja á sterku efnasambandi kolefna og flúors.

Fyrirtækjum ber ekki skylda að taka fram hvort vörur þeirra innihaldi PFAS. Neytendur sem vilja sneypa hjá PFAS geta valið verslunarvörur með Svansmerki, öðrum umhverfismerkjum eða sem eru sérstaklega merktar PFAS- eða flúorfriar, eins og kemur fram á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Vatnsheldur útivistarfátnaður með vaxhúð í stað Gore-Tex er umhverfisvænni lausn. Fjallráven var meðal fyrstu vörumerkjanna til að fasa út allt PFAS í sínum útivistarvörum. Evrópska lífvöktunarverkefnið HBM4EU tekur fram í upplýsingabæklingum að 4.700 mismunandi efni teljast til PFAS efnahópsins. Það gerir vísindasamfélaginu erfitt að skilgreina hver skaðsemi hvers og eins er og koma með ráðleggingar hver skuli leyfð og hver ekki. Sum þeirra sem hafa verið rannsökuð eru grunaðir krabbameinsvaldar, talin hafa eituráhrif á æxlun, valda skjaldkirtilssjúkdómum, hækka kólestról, valda lífrarskaða, hafa neikvæð áhrif á ónæmiskerfið ásamt mörgum öðrum kvillum. ESB hefur til skoðunar að banna öll PFAS efni sem ekki hafa fengið staðfestingu á skaðleysi.

Vegna mikillar notkunar PFAS undanfarna áratugi má gera ráð fyrir að líkamar flestra einstaklinga innihaldi efni í einhverju magni. Efnin komast í líkamann ýmist í gegnum öndun, meltingarveg eða húð. Í gegnum lungun berst PFAS með ryki sem losnar frá hinum og þessum vörum. Í gegnum meltingarveginn berst PFAS með fjölmörgum fæðutegundum eins og fiski, kjöti, ávöxtum og eggjum. Einnig frá matvælum sem geymd eru í PFAS umbúðum eða elduð á PFAS pönnum. Slökkviliðsmenn eru í helstri hættu við að fá PFAS í gegnum húðina þar sem það er notað í eldvarnarefni og froður. Almennig er minna útsettur fyrir PFAS í gegnum húð en getur fengið efni í sig í gegnum notkun á málningu, vatnsfráhrindandi húð o.fl. PFAS dreifist auðveldlega um umhverfið, en efni hafa fundist á heimskautunum og í óbyggðum um heim allan. Þau magnast á leið sinni upp fæðukeðjuna, en nýlega greindist mikið magn PFAS í lífrænum dönskum eggjum sem rakið var til fóðrunar varphænanna á fiskimjöli, en höfin eru menguð PFAS. Evrópska lífvöktunarverkefnið telur upp algenga hluti sem innihalda PFAS og er þar fyrst að nefna áður nefndar viðlöðunarfríar pönnur. Einnig eru listaðar upp umbúðir skyndibita eins og örbylgjupoppspokar, fitufráhrindandi pappír, pitsukassar og nammiumbúðir. Þá eru efnavörur eins og ofnahreinsir, fituhreinsir, blettaeyðir, stíflueyðir, málning, lakk, þéttiefni, blettabolin húð notuð á teppi, klæðningu og annan textíl oft með PFAS. Algengar neysluvörur eins og vatnsfráhrindandi og efnabollinn fatnaður, snyrtivörur eins og sjampó, tannþráður, naglalakk og farði innihalda oft PFAS. Sérhæfðari hlutir eins og eldvarnarfroður, smurefni og skíðavax byggja eiginleika sína gjarnan á PFAS.

/ÁL

Afmælisár Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga

Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga mun blása til afmælishátíðar í Fossselsskógi þann 24. júní nk. af tilefni þess að 80 ár eru síðan félagið var stofnað.

Skógræktarfélagið var stofnað 19. apríl 1943 og er sambandsfélag deilda sem stofnaðar voru í hreppum Þingeyjarsýslu. Fossselsskógur hefur verið helsta skógræktarsvæði félagsins.

„Fyrstu áratugin var aðalstarf félagsins að hvetja til og styrkja skógrækt á sem flestum jörðum í sýslunni og skógarreitirnir urðu liðlega eitt hundrað. Árið 1960 tók félagið á leigu helming af Fossselsskógi og 1966 fékk félagið leigusamning um allan skóginn. Næstu áratugi varð skógurinn aðalræktunarsvæði félagsins. Auk Fossselsskógar hefur félagið gróðursett umtalsvert svæði í Hjallaheiði í Reykjadal. Hin síðari ár hefur

umhirða og nýting skóganna orðið aðalverkefni félagsins. Félagið hefur tekjur af höggi jólatrjáa og trén í Fossselsskógi hafa nú náð nýtingarstærð og munu næstu áratugi skila umtalsverðum viðarafa,“ segir í tilkynningu frá Agnesi Þ. Guðbergsdóttur, formanni Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga.

Nú verði grisjun og nýting skógarins mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins. „Gömlu heimilisskógarnir eru yndisreitir á fjölmörgum bæjum í sýslunni og skógar félagsins í Fosseli og á Hjallaheiði eru fögur útivistarsvæði. Kolefnisbinding úr andrúmslofti er orðin mikilvægur hluti skógræktar á Íslandi og skógar félagsins binda árlega mikið kolefni og munu gera um langa framtíð.“

Nánari upplýsingar um dagskrá afmælishátíðarinnar verða auglýstar þegar nær dregur.



Fyrstu áratugin var aðalstarf félagsins að styrkja skógrækt á sem flestum jörðum sýslunnar.

Þú veist hvað þig vantar

- við fjármögnum

Lykill
fjármögnun

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi:

Fræðsluvefur um raddir vorsins

Mófuglar er alþýðuheiti yfir algengustu tegundir fugla sem finna má í íslenska úthaganum, eða móanum, og eru blanda af vaðfuglum, spörfuglum og einum hænsnfugli, rjúpu. Þetta eru fuglarnir sem færa flestum vorið og mynda hljóðheim íslenska sumarsins.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi setti nýlega í loftið vef, moi.hi.is, sem fjallar um tengsl landnotkunar og náttúruverndar. Verkefnið á rætur að rekja til rannsókna sem hófust fyrir nokkrum árum og snerust um að skoða tengsl landbúnaðar og fuglaverndar. Eitt af því sem kom út þar var að íslenskir bændur eru afar hlyntir því að hafa ríkulegt fuglalíf á landi sínu.

Fræðsla um mófugla


Lilja Jóhannesdóttir, vistfræðingur og forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands, segir að hugmyndin að vefnum hafi kviknað þegar hún var í doktorsnámi.

„Doktorsverkefnið snerist í stuttu máli um að skoða áhrif landbúnaðar á mófugla. Við þá vinnu varð ljóst að það eru leiðir til að haga landnýtingu á þann máta að hún komi síður illa við mófuglana og einnig kom fram að nær öllum bændum þykir eftirsóknarvert að hafa auðugt mófuglalíf á landi sínu. Sumir bentu þó á að það væru ekki til aðgengilegar upplýsingar um hvernig ætti að styðja við mófugla. Því þótti okkur dr. Tómasi Grétari Gunnarssyni, forstöðumanni Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, sem var aðalleiðbeinandi minn í verkinu, tilvalið að leita leiða til að koma þessum upplýsingum á framfæri við bændur og aðra áhugasama.

Í framhaldi af því fæddist hugmyndin að vefsíðu sem myndi miðla þessum leiðbeiningum og öðrum upplýsingum um mófugla. Á seinni stigi kom svo dr. Aldís Erna Pálsdóttir, sem einnig vann doktorsverkefni við Rannsóknasetrið, til sögunnar en hennar verkefni snerist um að skoða áhrif mismunandi mannvirkja á mófugla. Niðurstöður hennar gerðu okkur kleift að bæta við upplýsingarnar þannig þær ættu ekki einungis við landbúnað heldur fjölmarga þætti landnýtingar.“

Samskipti við bændur

„Þegar ég var í námi heimsótti ég yfir sextíu bæi víða um land og lagði spurningalista fyrir bændur. Spurningarnar fjölluðu um landnotkun og náttúruvernd, einkum fuglavernd.




Heiðlóa.

Myndir / Aðsendar



Lilja Jóhannesdóttir, vistfræðingur og forstöðumaður Náttúrustofu S-A-lands.



Hrossagaukur.

Markmiðið var að kanna viðhorf bænda til náttúruverndar, hvar væru sóknarfæri og hvað bændur væru til í að gera til að hlúa að fuglum. Ástæða spurninganna er sú að það er krefjandi á heimsvísu að samræma aukna landbúnaðarframleiðslu og nauðsynlega náttúruvernd. Slík vandamál munu aukast á næstu áratugum ef landbúnaður vex með þeim hætti sem talið er.“

Lilja segir nauðsynlegt að skilja betur tengsl landbúnaðar og náttúruverndar svo að það tvennt geti farið sem best saman. „Bændur tóku mér vel og langflestir mjög áhugasamir um að búskapurinn færi sem best með náttúruna. Slíkt er ekki bara mikilvægt fyrir vernd þeirra vistkerfa sem landbúnaður er háður heldur er þetta líka spurning um markaðsmál. Það er því til mikils að vinna að landbúnaður fari vel saman við náttúruvernd.

Í svörum við spurningunum kom í ljós að margir bændur hlúa nú þegar að fuglum í sínum búskap og grípa til dæmis til ráðstafana eins og þeir geta til að hreiður og ungar lendi ekki í sláttuvélum og reyna að ræsa ekki fram tjarnir. Einnig kom líka í ljós að það vantar meiri stuðning við náttúruvernd í íslenskum landbúnaði því það þarf að vera hægt að lifa af landbúnaði. Það er ekki bara ábyrgð bænda hvernig farið er með landið heldur þarf mikilvægi náttúruverndar að endurspeglast í stuðningi stjórnvalda.“



Spói.

Landnotkun í dreifbýli

„Á síðunni er fjallað um ólíkar gerðir landnotkunar í dreifbýli sem við og fleiri höfum verið að rannsaka með tilliti til fugla.

Þetta er auðvitað stóra áskorunin, að halda í líffræðilega fjölbreytni samhliða því að auka landnotkun.

Við bendum á mikilvægi beitar í að halda

landinu opnu fyrir mófugla og fleira sem stundum virðist koma á óvart.

Vefurinn er því viðleitni okkar til að taka saman rannsóknir á þessu sviði og koma þeim á aðgengilegt form fyrir þá sem vilja stuðla að fuglavernd, samhliða annarri landnotkun. Auðvitað er þetta verk í vinnslu og mikilvægt að fá ábendingar um það sem má betur fara.“

/VH

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

HONDA

**HONDA SLÁTTU-
VÉLAR FÁST Í
BYKO SELHELLU**

Mófuglar

Með mófuglum er átt við vaðfuglana heiðlóu, hrossagauk, spóa, stelk, jaðrakan, tjald og lóupræl og spörfuglana skógarpröst og þúfutittling.

Flestar þessar tegundir standa höllum fæti á heimsvísu og hefur orðið vart fækkunar hjá mörgum þeirra. Mikilvægi Íslands gagnvart þessum tegundum helgast af því hversu hátt hlutfall heimsstofns verpur hér.

Sem dæmi verpir um 40% heimsstofns heiðlóu hér á landi og rúm 30% spóa. Það er því ljóst að íslenski úthaginn er þessum tegundum afar mikilvægur og þegar hann tekur breytingum missa þær búsvæði sín.

Landnýting er alltaf að aukast og eftirspurn eftir landi er mikil. Þetta mun víða eyða búsvæðum þessara fuglategunda og valda því að þeim fækkar. Slík þróun gengur gegn fjölda alþjóðasamninga sem Ísland hefur skuldbundið sig að, þar má nefna sem dæmi samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og samning um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra í Evrópu, oft nefndur Bernarsamningurinn.

Okkur ber skylda til að vernda þessar tegundir og búsvæði þeirra og við verðum að taka því alvarlega og taka tillit til þess við skipulag á landnýtingu.

/VH



Jaðrakanapar.

GARÐDAGAR SÚMAR TILBOÐ

Með öflugu **Milwaukee FUEL™** garðverkfærunum klárar þú verkefni á umhverfisvænan, hagkvæman og öruggan hátt.



- ✓ Enginn útblástur
- ✓ Engin mengun
- ✓ Engar bensinblöndur
- ✓ Ekkert tog-start
- ✓ Minna viðhald
- ✓ Minni hávaði
- ✓ Aukið öryggi



SKANNAÐU
OG SKOÐAÐU



Milwaukee
M18 FUEL

**VERKFÆRA
SALAN**



Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400

Gólfisög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX

Sláttuorf - 3 hestitöl



Husqvarna 535RX

Sláttuorf - 2,2 hestitöl



Husqvarna Traktor TC238T

Sláttutraktor - 18 hestitöl



Husqvarna Rider 320X AWD

Sláttutraktor - 20 hestitöl



Husqvarna LF75LAT

Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770

Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970

Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II

Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring

Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII

Keðjusög - 4,2 hestitöl



Husqvarna AM310 MK II

Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X

Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X

Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X

Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305

Slátturóbot - 600m² - 40% halli

Fiskeldi í Þorlákshöfn

– GeoSalmo hefur uppbyggingu nú í vor á 24 þúsund tonna landeldisstöð

Sigurður Már
Harðarson
smh@bondi.is



Nýjasta viðbótin við félagskerfi Bændasamtaka Íslands (BÍ) er fiskeldisfyrirtækið GeoSalmo, sem nýverið gekk inn í búgreinadeild landeldis. Fyrirtækið hyggur á uppbyggingu sinnar landeldisstöðvar í vor á Laxabraut við Þorlákshöfn og kemur sér þar fyrir við hlið fyrirtækisins Landeldis, sem var stofnaðili búgreinarinnar innan BÍ.

Þjarki Már Jóhannesson var búgreinarfulltrúi GeoSalmo á Búgreinapingi BÍ sem haldið var í febrúar. Hann segir að stöðin þeirra verði í grundvallaratriðum með þeim hætti, að þar verður laxeldi í lokuðum landeldiskerjum þar sem fiskur sé alinn frá hrogni í sláturstærð. „Tæknin sem fyrirtækið stefnir á að nota er svokölluð „Hybrid flow-through“-tækni, eða gegnumstreymi með endurnýtingu. Það þýðir einfaldlega að vatn flæðir í gegnum stöðina, en í stað þess að fara beint í affall eftir að fiskurinn hefur nýtt það er það endurnýtt að stórum hluta, eða um 70 prósent,“ segir Þjarki.

Byggt upp í tveimur fösom

Þjarki segir að áætlunin sé að hefja uppbyggingu núna á vordögum. „Hafist verður handa við að grófjafna lóðina og áætlað er að afhenda lóðina í lok sumars til verktaka. Planid er að reisa 24 þúsund tonna landeldisstöð. Uppbyggingin verður fasaskipt þar sem byrjað er á að reisa eina línu af fiskeldiskerjum ásamt fiskvinnslu og öðrum nauðsynlegum innviðum. Eftir að fyrsta fasa er lokið getur stöðin framleitt um átta þúsund tonn á ári af laxi. Seiðin fyrir þennan fyrsta fasa munu koma úr seiðaeldisstöðinni



Tölvuteikning af landeldisstöð GeoSalmo í Þorlákshöfn.

á Laugum í Landsveit sem félagið hefur keypt og er verið að taka í gegn og nútímavæða. Í seinni fasa framkvæmdarinnar er svo tveimur línur af fiskeldiskerjum bætt við og framleiðslugetan fer upp í 24 þúsund tonn á ári. Þá verður einnig reist endurnýtingarkerfi, seiðaeldisstöð og gróðurhús sem nýtir affallsvatn frá seiðaeldinu.

Við stefnum á að byrja að slátra úr fyrsta fasanum á fyrsta ársfjórðungi ársins 2026 og full afköst ættu að nást í kringum 2029-2030,“ útskýrir Þjarki.

Sérfræðingar ráðnir til verkefnisins

Fyrirtækið GeoSalmo er að stærstum hluta í eigu Aðalsteins Jóhannssonar sem var fjárfestir í gagnaverageiranum, hjá Advania og fjárfestingabankanum Beringer Finance.

Aðalsteinn hefur, að sögn Þjarka, ekki áður komið að fiskeldi en



Þjarki Már Jóhannesson er yfir viðskiptapróun GeoSalmo.

fyrirtækið hefur ráðið til sín hóp sérfræðinga sem kemur að hönnun og skipulagningu á stöðinni í Þorlákshöfn. „Við höfum til að mynda fengið norska fyrirtækið Artec Aqua til að hanna og byggja

fiskeldisstöðina en þeir hafa reynslu af uppbyggingu sambærilegra verkefna í Noregi, sem hafa gefið góða raun,“ segir Þjarki.

Hann segir að áhugi sé á að byggja upp stöðvar í fleiri sveitarfélögum. „Fyrirtækið er komið í viðræður á fleiri stöðum um mögulegar staðsetningar. Þar ber helst að nefna land í sveitarfélaginu Vogum þar sem aðstæður fyrir landeldi eru mjög ákjósanlegar og hefur fyrirtækið þegar hafið formlegar viðræður við sveitarfélagið.“

Vatn, raforka og fóður

Helstu hráefni fyrir rekstur landeldisstöðvar eins og GeoSalmo ætla að reisa í Þorlákshöfn, eru ferskt vatn, sjór, heitt vatn, raforka og fóður.

Þjarki segir að á fullum afköstum sé áætlað að hámarks vatnspörf sé 750 lítrar á sekúndu af fersku vatni, 18.500 lítrar á sekúndu af sjó og átta lítrar á sekúndu af heitu vatni.

„Í fullbyggðri stöð þarf um 28.800 tonn af fóðri á ári. Við leggjum áherslu á innlent hráefni. GeoSalmo stefnir að því að versla fóður frá íslenska framleiðandanum Laxá. Enn fremur hefur fyrirtækið lagt áherslu á það við fóðurframleiðendur að beina markaðssetningu sinni að Íslandi, þar sem íslenskt afgangshráefni sem flutt eru út í dag getur nýst í laxafóður.“

BioMar, sem er einn af þremur stærstu fóðurframleiðendum heims, hefur ásamt Síldarvinnslunni tilkynnt um áform sín í þessa veru og fleiri eru að kanna möguleikana. Að því marki sem erlend plöntuhráefni væru nýtt til þeirrar fóðurframleiðslu væri skilyrði um að þau væru upprunavottuð.

Sjálfbært hráefni til fóðurgerðar

Þjarki segir mikla þróun vera í gangi í framleiðslu á sjálfbærum hráefnum fyrir laxafóður – og GeoSalmo fylgist vel með henni. „Með fóðri frá Laxá eða nýrri verksmiðju BioMar verður kolefnisspor þess fóðurs sem GeoSalmo nýtir með því allra lægsta sem um getur í nokkru dýrafóðri, enda ekki um að ræða flutninga á hráefnum eða fullunnu fóðri milli landa.“

Vatn kemur úr grunnvatnsauðlind á svæðinu sem mun verða borad eftir – bæði jarðsjó sem og fersku vatni en mikill meirihluti vatns sem nýttur verður í stöðinni verður sjór.

Stefnt er á samning við Landsvirkjun til kaupa á rafmagnni en reiknað er með að eldið þurfi um 25 megavött á ári.“

Rask á hrauni helstu neikvæðu umhverfisáhrifin

GeoSalmo hefur markað sér þá umhverfisstefnu að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið frá sinni starfsemi, nýta auðlindir á ábyrgan hátt og endurnýta úrgang eins og hægt er. Fyrirtækið aðhyllist hugmyndir um hringrásarhagkerfið.

Þjarki segir að helstu neikvæðu umhverfisáhrif af GeoSalmo stöðinni verði landnýtingin og raskið á hrauninu á svæðinu þar sem stöðin verður byggð. „Svæðið er þó skipulagt sem iðnaðarsvæði á deiluskipulagi sveitarfélagsins og því áætlanir um að nýta það hvort sem það er GeoSalmo eða eitthvað annað. Töluvert þarf af vatni í svona starfsemi og mun það koma úr grunnvatni, bæði jarðsjór og ferskvatn. Samlegðaráhrif vatnsvinnslu á svæðinu getur skapað niðurdrátt í grunnvatnsgeyminum sem gæti verið „óskilegt“ en þess vegna hefur verið komið á samvinnu milli hagaðila á svæðinu um að vakta þessa mikilvægu auðlind.“

Þá liggur stærsti hluti kolefnisfótsports fiskeldis í fóðrinu og með því að versla innanlands frá fóðurframleiðanda sem nýtir innlent hráefni eins og hægt er má minnka það mjög mikið.“

Kostir og gallar landeldis og sjóeldis

Þegar Þjarki er spurður um muninn á landeldi og sjóeldi, segir hann að báðar aðferðirnar hafi kosti og galla – önnur komi ekki endilega í stað hinnar. „Fiskeldi á landi veitir augljóslega möguleikann á að stýra umhverfisáhrifum nær fullkomlega þar sem sjóeldið stjórnast mikið af duttlungum náttúrunnar. Þar á móti þarf að kosta til miklu landrými og öðrum auðlindum, ásamt fjármagni, til þess að öðlast þessa stjórn.“

Sjóeldi býr að því að þurfa ekki land en kvíar í sjó rúma töluvert fleiri rúmmetra en ker á landi og vegna takmarkana á stjórn umhverfisins er nauðsynlegt í sjóeldi að velja staði þar sem straumar og súrefni eru náttúrulega fyrir hendi en þar sparast orka. Öneitanlega er einnig mun minni líkur á og auðveldara að sporna við slyasleppingum úr landeldi en úr sjóeldi eins og staðan er í dag.“

Það er auðveldara líka að hafa stjórn á sjúkdómavaldandi veirum og bakteríum í landeldi. Það er til dæmis hægt að meðhöndla vatn áður en það nær til fiskanna í landeldi og fiskurinn er yfirleitt bólusettur við helstu sjúkdómavaldandi bakteríum sem bóluefni er til við.“

Það er líka hægt að meðhöndla sjúkdóma sem koma upp í landeldi og varna útbreiðslu úr einu kari til annars. Í sjóeldi er mun erfiðara að eiga við slíkt en þar er nokkuð opið á milli kvía.“

Bjartsýnn á framtíðina innan BÍ

Þjarki list gífurlega vel á að vera komin í BÍ, enda séu GeoSalmo og aðrir í fiskeldi vissulega bændur.

„Hjá okkur verður alinn fiskur á landi sem gerir okkur kleift að safna skít og fóðurleifum sem til verður í framleiðslunni. Slíkt hráefni getur síðan nýst í áburð í öðrum landbúnaði.“

Við sjáum því fyrir okkur að til framtíðar séum við og önnur eldisfyrirtæki góð viðbót í BÍ og matvælaframleiðslu á Íslandi og þegar fram líða stundir órjúfanleg frá heildinni.“

VARAHLUTIR Í KERRUR

stalogstansar.is



KNOTT
BREMSEN • AXLEN

AL-KO
QUALITY FOR LIFE

DEXTER AXLE

Stál og stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is





Atvinnubílar

Alrafmagnaður atvinnubíll ID.BUZZ Cargo


Hagkvæmur kostur



Flutningsrými ID.Buzz Cargo

Lengd: 2.208 | Hæð: 1.279
Breidd: 1.732 | Rúmmál: 3,9m³
Rými fyrir 2 euro bretti

Hekla → Laugavegi 172, 105 Rvk → Sími 590 5000 → www.hekla.is
Höldur Akureyri → Bílasala Selfoss → Bílakjarninn Reykjanesbæ → BVA Egilstöðum



Pantið tímanlega

og fáid plastið sent heim í heilum brettum



Power Stretch

5 laga plast framleitt af ASPLA
75 cm svart kr. 16.650.- án vsk.
75 cm hvítt kr. 16.790.- án vsk.



Rani Wrap

er markaðsleiðandi vörumerki sem hefur náð mjög sterkri stöðu vegna hárra gæða. Eitt mest selda plastið á Íslandi til margra ára.

50 cm hvítt kr. 14.990.- án vsk.
75 cm hvítt kr. 16.950.- án vsk.
75 cm grænt kr. 16.950.- án vsk.



Bal'ensil 5 laga gæðaplast fyrir kröfuharða notendur. Mjög gott lim, mikil teygja.

75 cm hvítt kr. 17.490.- án vsk.
75 cm grænt kr. 17.490.- án vsk.

Supergrass 7 laga gæðaplast

75 cm hvítt kr. 17.990.- án vsk.
75 cm grænt kr. 17.990.- án vsk.

TamaNet™ 4500m

EDGE to EDGE™

Edge to Edge 4500 m - lengstu netrúllur í heimi
- í einni rúllu eru yfir 500 heyrúllur



Tama - Stærsti netframleiðandi í heimi



Búvís
2006-2016

Akureyri · Sími 465 1332
www.buvís.is



Snæfellsnes:

Ný þjóðgarðsmiðstöð opnuð á Hellissandi

– Forréttindi að standa vörð um íslenska náttúru

Magnús Hlynur Hreiðarsson

magnushlynurh@gmail.com



Ný þjóðgarðsmiðstöð hefur verið opnuð á Hellissandi. Hákon Ásgeirsson, þjóðgarðsvörður Snæfellsjökulþjóðgarðs, segir miðstöðina hafa mikla þýðingu, bæði fyrir þjóðgarðinn og samfélagið allt á Snæfellsnesi.

„Þegar við vorum að vinna hugmyndavinnu með fulltrúum hér úr samfélaginu um hvernig sýningu ætti að setja upp í húsinu, þá snerist umræða að miklu leyti um það hvernig húsið nýttist samfélaginu. Eftir vinnuna með hugmyndavinnuhópnum héldum við fundi með fulltrúum í nærsamfélaginu, þ.e. frá fræðsamfélaginu, skólunum á svæðinu og fulltrúum frá Snæfellsbæ. Umræðan var um hvernig þjóðgarðsmiðstöðin nýttist í heimabyggð,“ segir Hákon.

Samkeppni um hönnun sýningar

Að sögn Hákons er verið að setja upp sýningu, hönnuð af Antoni Illugasyni, sem ætlað er að verði fullbúin fyrir sumarið 2024. Samkeppni verður um hönnun sýningarinnar, sem fer í útboð á næstunni. Í húsinu verður einnig veitingasala sem verður boðin út. Þá verður minjagripasala og fræðslurými til að taka á móti skólahópum á öllum stigum. Einnig verður rými fyrir tímabundnar sýningar um sögu, listir og vísindi.

Hægt verður að halda ýmiss konar viðburði, eins og ráðstefnur og fundi, í nýja húsnæðinu.

„Okkar von er að þetta verði ekki bara gestastofa fyrir gesti þjóðgarðsins, heldur einnig fræðahús og félagsmiðstöð. Að hér vilji fólk koma aftur og aftur, eiga stund saman, hvort sem það eru skólahópar í fræðslu eða bara til að hittast yfir kaffibolla hér í tilvonandi veitingaaðstöðu og spjalla um mikilvæg málefni eins og veðrið.



Nýja byggingin er um 710 fm að stærð en þar verður þjónusta við gesti þjóðgarðsins, sýning, veitingaaðstaða, skrifstofur og fleira. Kostnaður við bygginguna var um 600 milljónir króna en hún var hönnuð af Arkis arkitektum, sem unnu hönnunarsamkeppni árið 2006.

Myndir / Aðsendar



Starfsfólk þjóðgarðsins, frá vinstri: Mandy Nachbar þjónustufulltrúi, Guðmundur Jensson landvörður, Eva Dögg Einarsdóttir yfirlandvörður, Rut Ragnarsdóttir þjónustustjóri, Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, sem opnaði formlega nýju þjóðgarðsmiðstöðina, Hákon Ásgeirsson þjóðgarðsvörður og Páll Marel Jónsson landvörður.

Stefnt er á að þjóðgarðsmiðstöðin verði opin alla daga allt árið um kring. Einnig er í húsinu skrifstofa

þjóðgarðsins og erum við alsæl með þá aðstöðu, það er góður andi í húsinu,“ segir Hákon.

Fjölbreytilegur þjóðgarður

Snæfellsjökulþjóðgarður var stofnaður 28. júní árið 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstæða náttúru svæðisins og merkilegar sögulegar minjar. Þjóðgarðurinn er 183 ferkílómetrar að stærð, staðsettur vestast á Snæfellsnesi og er fyrsti þjóðgarður landsins sem nær að sjó.

Eins og margir vita er strönd Snæfellsness fjölbreytileg þar sem skiptast á grýttir vogar, strendur með ljósum eða svörtum sandi og snarbrattir sjávarhamrar með iðandi fuglalífi yfir varptímamann. Láglandið innan þjóðgarðsins er að mestu hraun sem víðast er þakið mosa en inn á milli má finna skjólsæla bolla með gróskumiklum gróðri.

Snæfellsjökull, eitt formfegursta fjall landsins, trónir tíuglega í þjóðgarðinum. Jökullinn er virk eldkeila sem hefur hlaðist upp í mörgum hraun- og sprengigosum á síðustu 800 þúsund árum. Síðast gaus í jöklinum fyrir um 1.800 árum og var það stórgos.

„Eldstöðvakerfið, sem kennt er við Snæfellsjökul, sýnir menjar eftir einstæð eldsumbrot, bæði frá síðasta jökulskeiði og eftir að ísöld lauk. Þessar fjölbreyttu jarðmyndanir gera þjóðgarðinn einstakan. Suðurhlíðar jökulsins eru sérstæðar en Háahraun og Svartahraun eru gróf apalhraun, við Svalþúfu og Lóndranga má sjá þversnið gjóskugígs, Purkhólhraun er eitt hellaauðugasta hraun landsins og ströndin frá Malarrífi að Hóláhólum er prýdd margs konar hraunmyndunum,“ segir Hákon um leið og hann vekur athygli á því að innan þjóðgarðsins er að finna merkar menningarminjar frá tímum árabátautgerðar, til að mynda kjalför



Hákon Ásgeirsson, sem tók við starfi þjóðgarðsvörðar í júlí á síðasta ári. Aður starfaði hann í þjóðgarðinum sumrin 2006-2009 og 2011 sem sumarlandvörður.

báta í sjávarklöppum, fiskbyrgi, fiskreiti og rústir. Rústir bændabýla, jafnvel allt frá söguöld, eru einnig greinilegar. Gamlar þjóðleiðir liggja um þjóðgarðinn og með sumum þeirra eru fallega hlaðnar vörður.

Svæðið kemur einnig mjög við sögu í skáldskap og listum, innanlands og utan.

450 þúsund gestir

Metfjöldi gesta heimsótti Snæfellsjökulþjóðgarð árið 2019, alls 450.000 manns. Í fyrra voru gestirnir 350.000 talsins. „Við gerum ráð fyrir miklum fjölda gesta í sumar því fleiri skemmtiferðaskip hafa bókað komu sína í Grundarfjörð en áður, eða 65 skip með um 65.000 farþega. Við teljum okkur vera vel undirbúin að taka á móti þeim og ný þjóðgarðsmiðstöð hjálpar þar til. Með henni munu gestir vonandi dreifast meira um svæðið og álag á Malarrif minnkar yfir háannatímamann, en þar fer fjöldinn stundum yfir það sem sú gestastofa getur borið. Þá bætast við tíu salerni í þjónustu okkar en það hefur verið áskorun allt til dagsins í dag að hafa nóg af salernum. Þá hefur mikið verið byggt upp af innviðum í þjóðgarðinum og því er svæðið vel í stakk búið að taka á móti gestum án þess að það hafi neikvæð áhrif á náttúruna. En áfram verður gert betur í þeim efnum,“ segir Hákon.

Enginn dagur eins

Það eru eflaust einhverjir sem velta því fyrir sér hvert hlutverk þjóðgarðsvörðar sé og hvað sé skemmtilegast við starfið. „Það eru þau forréttindi að standa vörð um íslenska náttúru. Enginn dagur er eins í starfi þjóðgarðsvörðar. Starfið er að stórum hluta samskipti við alls konar fólk, ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög, ferðaþjónustufyrirtæki, gesti þjóðgarðsins og síðast en ekki síst fólk í Snæfellsnesi. Meginhlutverk þjóðgarða er að vernda náttúru en um leið að fræða fólk um náttúruna, sögu og mikilvægi náttúruverndar. Eitt það skemmtilegasta í mínu starfi er fræðsluhlutverkið. Það er ekkert skemmtilegra en að fara með gesti þjóðgarðsins í göngu og tengja þá náttúrunni. Það er ekkert fallegra en það ef það tekst. Þegar ég fékk New York búann til að fara úr skónum í móanum, sleppa tókum á símanum, loka augunum og virkja öll skynfæri, tærnar í grasinu, ilmur af blómstrandi brönuhrasi og ekkert hljóð nema vellið í spóanum. Þetta var ein stórkostlegasta upplifun sem New York búinn hafði upplifað,“ segir Hákon skælbrosandi.

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

BALEX METAL
YLEININGAR

Léttar stálklæddar samlokueiningar sem fást með þéttifrauds- eða steinullarkjarna. Auðveld og fljót uppsetning, auðveld þríf, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir. Henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjálkæðningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is

Góðar stundir




Verð frá
1.167.000 kr.

Sauna
tilbúin til notkunar




Eldstæði
í þremur stærðum



Verð frá
220.150 kr.

Pottar
Heitir og kaldir



Lok
og festingar



Sindraskel
tilvalin í ferðabjónustuna



Aukahlutir
Tröppur, yfirbreiðslur o.fl.

trefjar.is

Óseyrarbraut 29, Hafnarfirði



Hafðu samband
550 0100
sala@trefjar.is

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



**Allt frá
fræjum til
afurða**

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is



Samhentir

FRÆÐSLA

Burðarhjálp

– Leiðbeiningarmyndbönd í stöðugri uppfærslu og endurskoðun


Sauðburður er á næsta leiti og þá er gott fyrir bændur að hafa aðgengi að góðu leiðbeiningarefni um burðarhjálp.

Fyrir þremur árum voru fyrstu leiðbeiningarmyndböndin úr smíðju þeirra Karólínu Elísabetardóttur, bónda í Hvammshlíð, og Axels Kárasonar dýralæknis gefin út á YouTube-rásinni „Leiðbeiningarefni um burðarhjálp“ og síðan hafa þau stöðugt verið uppfærð og endurskoðuð. Að sögn Karólínu hafa margir haft not af myndböndunum og fær hún iðulega fyrirspurnir um hvar sé hægt að nálgast þau, þegar líður að sauðburði.

Vandamálið greint í skrefum

Myndböndin eru alls 23 í dag á íslensku, auk þess sem öll helstu myndböndin eru einnig til á þýsku og ensku. Í tengslum við myndböndin var útbúið „ákvarðanatré“ sem er að sögn Karólínu gagnlegt tól til að greina aðstæðjandi vandamál við sauðburðinn skref fyrir skref.

Leiðbeiningarmyndböndin eiga að ná til nærri allra hugsanlegra



Stórt lamb, þar sem leiðbeint er um hvernig hægt er að nota vír með handfangi á til að ná því út.

burðarvandamála og liggja myndbönd Karólínu til grundvallar sem hún hefur tekið upp á mörgum og mismunandi sauðfjárbúum á undanförunum árum. Þá veitir Axel innsýn inn í hvað á sér stað inni í ánni, með notkun á lambalíkönum og mjaðmagrind í raunsterð.

Öll myndbönd og ákvarðanatréð

má nálgast á eftirfarandi vefslóðum:
www.tinyurl.com/sauðburdarhjalp (á íslensku)

www.tinyurl.com/schafgeburtskilfe (á þýsku)


www.tinyurl.com/burðarhjalp (öll youtube-rásin - velja spilunarlistann „á ensku/in English“ til að sjá ensku útgáfunar) /smh



Ásta Nikulásdóttir, nýbúin að bera Víði og Engjarós í Hvammshlíð. Lína og Sóley fylgjast spennu með.

Einfaldar leiðbeiningar um algengustu vandamál við burð

Tekið saman af Hákonni Hanssyni og Þorsteini Ólafssyni



STÖRF Í BOÐI

LEKTOR Í BÚVÍSINDUM

Framundan eru mörg spennandi verkefni til að bæta þekkingu á losun gróðurhúsalofttegunda frá búfé og ræktun í þeim tilgangi að undirbygga losunarbókhald Íslands. Starfsmanninum er ætlað að vera einn af leiðtogum LBHÍ í þeim störfum.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Þóroddur Sveinsson, deildarforseti
- thorodd@lbhi.is - 433 5000

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri
- gudmunda@lbhi.is - 433 5000

Umsóknir berist í gegnum Starfatorg.is.

UMSÓKNARFRESTUR 28.04.2023

SÉRFRÆÐINGUR Á RANNSÓKNA- & ALÞJÓÐASKRIFSTOFU

Vegna aukinna umsvifa í alþjóðlegum samstarfsverkefnum m.a. UNIGreen - European University Initiative, auglýsum við eftir sérfræðingur á sviði gæðamála á rannsóknna- og alþjóðaskrifstofu háskólans.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Christian Schultze, rannsóknna- og alþjóðafulltrúi
- christian@lbhi.is - 433 5000


Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri
- gudmunda@lbhi.is - 433 5000

Umsóknir berist í gegnum Starfatorg.is.

UMSÓKNARFRESTUR 17.04.2023

Hlutverk Landbúnaðarháskóla Íslands er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurslóðum

WWW.LBHI.IS



Er þetta eðlilegur burður?

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14''
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000
Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Víkurbær 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

IDEX

IÐNAÐAR- OG BÍLSKÚRSHURÐIR



Iðnaðar- og bílskúrshurðir úr áli



CE - merkt framleiðsla

- yfir 30 ára reynsla á Íslandi
- hurðir úr áli — engin ryðmyndun
- hámarks einangrun
- styrkur, gæði og ending — langur líftími

- háþrúð tækni og meira öryggi
- möguleiki á ryðfríri útfærslu
- lægri kostnaður þegar fram líða stundir

Sveigjanlegar lausnir og fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga.

Byggðu til framtíðar
með hurðum frá IDEX

IDEX

idex.is - sími: 412 1700

SAGA VÉLAR

Fyrsta íslenska stálskipið

– Sjálfboðaliðar Hollvinasamtaka Magna II ætla að koma honum í upprunalegt horf

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Í lok árs 1953 hófst smíði á nýjum dráttarbát fyrir Reykjavíkurhöfn í Stálsmiðjunni í Reykjavík. Með því hófst nýr kafli í íslenskri iðnaðarsögu, en fram að því hafði ekkert stálskip verið smíðað hérlandis.

Magna II var í fullri notkun frá 1955 til 1987, þegar vélin skemmdist. Hollvinasamtök hafa tekið uppgerð skipsins að sér.

„Okkur ber að varðveita þetta skip, sem er fyrsta stálskip smíðað á Íslandi,“ segir Axel Orri Sigurðsson, formaður Hollvinasamtaka Magna II, sem vinna nú í sjálfboðavinnu að því að reisa skipið til fyrri dýrðar. Hann hefur sókkt sér í sögu þessa skips og fræddi Bændablaðið um málið. Á sjötta áratugnum var ljóst að þörf væri á öflugum dráttarbát í Reykjavíkurhöfn, þar sem skip sem hingað komu voru sífelld stækkandi.

Þá var í notkun gufuknúinn dráttarbátur, sem var keyptur átta ára gamall frá Hamborg árið 1928, og bar nafnið Magni.

Hjálmar R. Bárðarson, fyrsti skipaverkfræðingur Íslendinga, var einn helsti hvatamaðurinn að smíði nýs Magna. Hann var jafnframt þekktur sem mikilvirkur ljósmyndari og gaf út bækur, eins og Fuglar Íslands; og Ísland – svipur lands og þjóðar; og Fyrsta stálskip smíðað á Íslandi. Sú síðastnefnda fjallar um Magna II.

Fjölnotaskip

Hjálmar hannaði Magna II sem fjölnotaskip og var hann því útbúinn bómu, til að geta þjónustað baujur. Jafnframt var hann með stóra vatnstanka til að flytja neysluvatn í skip og útbúinn öflugum slökkvidælum. Enn fremur var skrokkurinn á Magna II úr þykku stáli og nýttist hann sem



Dráttarbáturinn Magni II í Reykjavíkurhöfn. Unnið er að uppgerð skipsins í sjálfboðastarfi hollvinasamtaka.

Mynd / Jón Kr. Friðgeirsson

ísbrjótur. Aðstaðan til að smíða skip hérlandis var fábrotin og segir Axel Orri að Hjálmar hafi hannað vél til að beygja stálpötur. Eini kraninn sem Stálsmiðjan hafði aðgang að til að koma 22 tonna þungum mótornum fyrir var þungalyftibóma í flutningaskipinu Tröllafossi.

Magni II var fullsmíðaður árið 1955. Stálsmiðja Reykjavíkur hóf þegar framleiðslu á öðru skipi, sem var varðskipið Albert og var smíði hans lokið árið 1956. Sama teikning var notuð við smíði brúarinnar á báðum þessum skipum.

Bræddi úr sér

Vélin í Magna II var 1.000 hestafla, átta strokka dísilsmótor frá Deutz. Hún gekk á föstum snúningum og var

hraða skipsins stjórnað með að breyta halla skiptiskrúfunnar. Togkraftur Magna var tólf tonn. Til samanburðar er öflugasti dráttarbáturinn hjá Faxaflóahöfnum í dag með 85 tonna togkraft. Þessi tala segir þó ekki allt, því með tólf tonna togkrafti er hægt að draga skip sem er hundruð tonna.

Eitt af helstu verkefnum Magna var að fylgja Gullfossi inn og út úr höfninni. Hann var þó ekki einungis notaður í Reykjavík, heldur fór hann í fjölmörg verkefni í Faxaflóanum og víðar. Þegar Magni var í siglingu árið 1987 varð áhöfninni á þau mistök að gleyma að opna fyrir kælinguna á smurólunni, sem varð til þess að vélin bræddi úr sér.

Fljótlega varð ljóst að ekki væri hægt að gera við mótorinn og þar með var Magna II lagt.

Ætla að koma í gott stand

Áxel Orri segir að eftir það hafi Magni II legið í reiðileysi við bryggju og ástand skipsins komið á viðkvæman stað. Faxaflóahafnir afhentu Magna II til eignar árið 2013 og árið 2017 voru Hollvinasamtök Magna stofnuð. Þau samtök hafa það að markmiði að koma skipinu í eins upprunalegt horf og hægt er, í samstarfi við Borgarsögusafnið.

Fyrstu verkin voru að þurrka skipið að innan með því að þetta leka og kynda. Einnig þurfti að losa út mikið magn af ryðdrullu og öðrum óhræinindum. Borgarsögusafnið hafði þegar fjarlægð talsvert af innanstokksmunum og varðveitt í geymslu. Aðspurður um ástand bátsins í dag segir Axel að enn sé mikið sem þurfi að gera. Árið 2018 fór Magni II í slipp þar sem hann var málauður og var skrokkurinn þykktarmældur, sem kom heilt yfir vel út. Þó segir Axel Orri nauðsynlegt að skipta út plötum á nokkrum stöðum í sjólinu fyrir en síðar. „Með tíð og tíma þarf að taka skipið í gegn frá A til Ö.“

Ný vél frá Danmörku

Hollvinasamtök Magna fundu vél í Danmörku, sem er nánast alveg eins og sú upprunalega, nema tíu árum yngri og í góðu ástandi. Þau fóru í áttak til að fjármagna kaupin og flutninginn til landsins. Eftir að hafa verið í geymslu síðan 2019 er nýlega búið að koma henni í vélarrúm bátsins. Gamla vélin var útbúin túrbínu, en nýi mótorinn er að auki útbúinn skolloftskæli (e. intercooler) og er þar af leiðandi nokkuð aflmeiri.

Núna á eftir að ganga frá vélinni þannig að hún sitji rétt í vélarrúminu. Síðan þarf að yfirfara

hana alla áður en hægt er að setja hana í gang. Jafnframt þarf að koma sjólögnum og rafmagnskerfi í lag áður en hægt er að sigla Magna á ný. Á Facebook-síðu hollvinasamtakanna er hægt að fylgjast með framgangi uppgerðarinnar.

Lán í óláni

Andrés Hafberg vélfræðingur vann í íhlaupum á Magna II á árunum 1983 til 1984. Hann segir að ef ekki hefði brætt úr vélinni hefði skipið líklegast verið selt fyrir en síðar og væri núna orðið að brotajárni. „Það má kannski segja að þetta hafi verið lán í óláni.“ Sjálfur hefur hann ekki tekið þátt í starfi hollvinasamtakanna, en segir þau vinna mjög lofsvert verk.

Andrés segir að í áhöfn hafi verið fjórir menn, eða skipstjóri, stýrimaður, vélstjóri og háseti. Hann segir að heilt yfir hafi verið gott að vinna á bátnum, en þó hafi Magni II verið kominn til ára sinna. Hann nefnir í því sambandi rafkerfið, sem upphaflega var með jafnstraumi, en eftir að varahlutir hættu að fást varð það að samblandi jafnstraums og ríðstraums.

Selfluttu neysluvatn

Yfirleitt voru verkefni stutt og hægt að klára á einum degi. Hins vegar kom fyrir, ef mjög hvasst var í veðri, að Magni þurfti að liggja á skipum hátt í sólarhring. Þá var dráttarbáturinn með stefnið í síðu skipsins og þrýsti að höfninni, þar sem landfestar voru gjarnan ekki nógu góðar á þessum árum og hætt var á að þær slitnuðu.

Eitt af þeim verkefnum sem Andrés tók þátt í var að ferja vatn í skemmtiferðaskipið Edduna. Við Kleppsbakka var ekki nógu öflugt vatnskerfi til þess að neysluvatnstankarnir fylltust á þeim fjórum tímum sem Eddan lá við bryggju hverju sinni. Því hafi áhöfn Magna nálgast vatn í Korngörðum, sem eru nokkur hundruð metrum frá, og sótt nálægt 150 þúsund lítrum í þremur ferðum.

„Hann var þökkalegur, en var orðinn ansi fúinn og það var farið að leka inn með dekknu í eldhúsið. Hann var ágætur á þessum tíma, en myndi ekki standast nokkrar kröfur í dag og hann var orðinn illa farinn fyrir 40 árum,“ segir Andrés Hafberg.



Keypt var notuð vél frá Danmörku og er nýlega búið að koma henni í Magna II.

Mynd / Böðvar A. Eggertsson.

NÝ SENDING

SAVAGE ARMS

ACCUTRIGGER ACCUSTOCK

Axis XPII Sett með 3-9x Weaver sjónauka til í cal 223 og 243

kr 116.900

110 Apex Predator XP Sett M 4-12x44 Vortex ,fluted hlaup snittað F/hljóðdeyfi. Cal 223-, 6,5 creed - 308

kr 179.900

MarkII FXP sett 22 cal M/3-9x40 Bushnell stillanlegur Gikkur

kr. 79.900

B22 FV-SR 22 cal , M/stillanl gikk, rail og þungt snittað hlaup.

kr. 89.900

Rascal Target XP 22 cal sett M/4x32 sjónauka, þungt hlaup og tvífótur

kr.89,900

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturröst.is

GÁMATJÖLD

GÁMATJÖLD

EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20" eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Stöðuleyfi sem lausamunir
- Tjöld vítt og breitt um landið

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707



Gámatjöld



Afhendum hjól
beint heim að
dyrum

Reiðhjólaverzlunin
Berlin

www.berlin.is
Háaleitisbraut 12
sími 557 7777

VIÐTAL



Karítas Hreinsdóttir og Pétur Diðriksson, bændur á Helgavatni í Þverárhlið. Þau segja litlu hlutina skipta máli í öllum rekstri, en með því að halda skuldum í lágmarki hafa tvær fjölskyldur getað haft atvinnu af búinu. Myndir / AL

Borgarfjörður:

Ekki byggt á einni nóttu

– Bændurnir á Helgavatni sköpuðu sér tugi milljóna með því að fjárfesta ekki í dráttarvél

Á Helgavatni í Þverárhlið starfrækja tvær fjölskyldur kúabú sem hafa getið sér orðstír fyrir fyrirhyggju í rekstri, að ryðja brautina í stæðuverkun heys og nýlega fengu þau verðlaun fyrir besta kynbótanautið. Síðastnefnda atriðið segja þau ráðast af tilviljun, en athygli vekur að þau hafa ekki notað heimanaut í tvo áratugi. Breytingar eru í vendum með kynslóðaskiptum síðar á árinu.

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



„Ég er búinn að vera viðloðandi þetta síðan 1975 – þá kláraði ég B.S.-prófið á Hvanneyri,“ segir Pétur Diðriksson, en til ársins 1992 rak hann, ásamt eiginkonu sinni, Karítas Hreinsdóttur, býlið með föður Péturs, þegar bróðir hans keypti sig inn í búskapinn. Hin hjónin á bak við reksturinn heita Vilhjálmur Diðriksson og Ágústa Gunnarsdóttir.

Pétur er uppallinn á Helgavatni, en Karítas er frá Ljósavatni. „Hvanneyri leiddi mann hingað suður,“ segir Karítas, en þar stundaði hún búfræðinám og tók verknám á Helgavatni. „Ég fór ekkert aftur. Ég framlengdi bara verknámið – það eru að verða fjörutíu ár.“

Heitavatnið grunnurinn

Pétur segir grunninn að býlinu hafa verið lagðan fyrir áratugum síðan, en árið 1963 tóku pabbi hans og afi í notkun 72 kúa básafjós, sem var mjög stórt á sínum tíma. „Afi minn, Jón Kjartansson, keypti þessa jörð á frjálsum markaði árið 1947, meðal annars út af heita vatninu. Hann átti heima í Reykjavík, en á þeim árum var byrjað að leggja hitaveituna og sá hann möguleikann í því. Pabbi kom árið 1951,“ segir

Pétur, en Diðrik var tengdasonur Jóns Kjartanssonar.

Uppbygging búsinu hefur ekki gerst á einni nóttu, en Pétur segir almennt hafa verið leitast við að framkvæma fyrir eigið fé. Skuldabaggi fylgi því ekki rekstrinum sem geri tveim fjölskyldum kleift að hafa atvinnu af búinu. „Þegar þú fjárfestir mikið og tekur mikið af lánum þarftu að hagræða svo það verði sem minnst vinnuafli og þá hagræðirðu aðra fjölskylduna af búinu. Við höfum ekki þurft að fara þá leið.“

Síffellt vakandi fyrir kostnaði

Þau hafa gætt að því að halda húsakosti og ræktun í góðu standi með viðhaldi og endurræktun. Pétur segir einnig nauðsynlegt að endurnýja og fjárfesta í nýjum húsakosti með reglulegu millibili. Síðustu stóru framkvæmdina fóru þau í árið 2010, en þá hafi áráð þannig að mjög auðvelt hafi verið að ná hagstæðum samningum við byggingaverktaka.

Annað atriði sem Pétur segir skipta máli sé að vera síffellt vakandi yfir kostnaði. Við fjárfestingar á vélum er gætt að því að þær hæfi bústærðinni og reynt er að velja tæki sem ganga ekki úr sér af tækniástæðum. „Maður þarf að gera sér grein fyrir því þegar maður umgengst svona vélar að maður ætlar að hitta þær aftur á vorin,“

segir Pétur, en rétt meðferð á vélum segir hann dýrmæta.

Aðspurður um einhver dæmi nefnir hann heyhleðsluvagn sem var keyptur árið 2006 fyrir 3,6 milljónir og er enn í fullri notkun. Pétur segir hann gera jafnmikið og tæki sem kosta tuttugu milljónir í dag. Þau áttu ekki nógu öflugan dráttarvél fyrir heyvagninn, en vissu af traktor sem þau gátu tekið í skammtímaleigu eftir þörfum og var hann einungis notaður í heyskap. „Á þessum árum skapaði það okkur tugi milljóna að hafa ekki fjárfest í dráttarvél, en á meðan keyptum við kvóta og byggðum fjósið.“

Snemma með áburðar - og fóduráætlanir

„Upp úr 1985 fór ég að gera áburðaráætlanir út á skítinn til að spara áburð. Í gegnum áratuginu hefur maður sparad um eina og hálf milljón króna á núvirði í áburð á hverju vori vegna skítsins. Ef þú gerir þetta í tuttugu – þrjátíu ár, þá ertu kominn með fimmtíu – sextíu milljónir í sparnað sem þú ert búinn að ná þér í með því að liggja yfir tölum og vinna eftir planinu.“

Við höfum gert þetta líka með fóduráætlanir fyrir kýrnar – maður hefur verið harður í því að gefa kjarnfóður á réttan stað. Við erum búin að vera með tölvutækni í kjarnfóðrinu síðan 1998. Sú vinna skilar kannski hundrad til tvö hundrad þúsund krónum á mánuði í sparnað á kjarnfóðri. Á tíu árum eru þetta hátt í tuttugu milljónir. Þetta eru hlutirnir sem skipta máli – þarna renna stóru tölurnar í gegn. Bændur eru á mjög góðu kaupum ef þeir setja sig inn í þetta.“

Vinnuafli og afkastaminni vélar

Pétur segir einnig að í ljósi þess að á bænum séu tvær fjölskyldur og vinnuafli, þá sé hægt að gefa sér meiri tíma í verkefni og því hafi þau komist upp með að nota minni vélar. Þau mjólka til að mynda í fjósi byggðu árið 1979. Tólf tækja mjaltabásinn er að grunni til frá þeim tíma, en var uppfærður með nýjustu tölvutækni árið 1998.

Aðspurður segir Pétur að verkaskiptingin sé ekki mikil, heldur geta allir gengið í öll verk. „Við höfum rekið þetta á þeim grunni að við höfum verið jafngild. Við höfum alltaf getað leyst hvert annað af án þess að þurfa að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir,“ segir Pétur.

Bændurnir hafa ekki stuðst við neitt vaktaskipulag, heldur láta þeir hlutina ganga með góðu samkomulagi. Ef þeir eru heima segir Pétur þá vera á vakt allan sólarhringinn. Bændurnir hafa ekki reiknað sér tímakaup, heldur er alltaf föst upphæð í hverjum mánuði sem hvor fjölskylda fær.

Hann segir einhug í rekstri ekki sjálfsagðan, heldur þurfi að hafa fyrir því. „Það þarf bara að nota höfuðið til að velja fyrir sér hvort er verðmætara að stúta þessu eða að reyna að semja um hlutina og tala saman. Þú getur farið hina leiðina – farið í kergju og kálað þessu. Þá er þetta bara búíð, eftir atvikum reksturinn eða samstarfið, og þú þarft að vinna meira. Þetta er valið og þú hefur þetta í hendi þér. Ég hef alltaf sagt að það er yfirleitt hægt að fá fólk með sér í miklu fleiri hluti heldur en maður getur ímyndað sér, bara með því að tala

um hlutina opinskátt, af rökfestu og heilindum.“

Bróðursynir taka við

„Ég verð að hætta, en það vill svo til að ég verð sjötugur í sumar,“ segir Pétur, en nú liggur fyrir að bróðursynir hans, Diðrik og Bjarki Vilhjálmsynir, taka við búinu.

„Það eru tvær leiðir í þessu – að hætta og láta þetta lifa áfram, eða láta þetta deyja með sér. Ég vil gera þetta á meðan maður hefur enn þá mikinn áhuga og hefur verið að passa reksturinn. Þá er allt á fullu og auðvelt að taka við. Þannig á það að vera í svona fyrirtækjum. Þetta er ekkert ósjálfsagðara en að taka þá ákvörðun að byrja.“

Hausinn á mér er enn þá í lagi og þar er vitneskja sem fólk getur sótt í ef það vill – en ég hef engar áhyggjur ef þau vilja það ekki. Ég hef sagt þeim sem taka við að ég vilji sjá hvað þau eru að gera, en þau geta tekið loforð af mér að ég ætla ekki að skipta mér af því.“

Aðspurður hvort erfitt sé að sleppa hendinni af ævistarfinu, segir Pétur að þetta snúist ekki um neitt annað en hugarfar. „Lífið er ekki bara vinna, það er líka svo margt annað. Þú getur bara fundið þér eitthvað annað verkefni sem tekur hugann þinn.“

Um leið og þú lætur frá þér verkið verður þú að hafa það hugarfar að þú ræður því heldur ekki hvernig það er gert. Þú getur haft skoðun á því, en þetta er ekki þitt verkefni lengur. Ég verð að viðurkenna að ég kvíði þessu ekki. Ég hef miklu meiri áhyggjur af því að dagurinn muni ekki endast í allt það sem mig langar til að gera.“

Ekki heimanaut síðan 2002

Búið á Helgavatni fékk verðlaun fyrir besta kynbótanautið á búgreinaþingi fyrir nokkrum vikum. „Þetta er bara tilviljun,“ segir Pétur aðspurður um ástæður árangursins. Eftir að sæðingar urðu mjög útbreiddar er sjaldgæft að sami bærinn fái þessa viðurkenningu oftar en einu sinni. „Öll hjörðin á Íslandi er einn erfðahópur. Samsetningin í þessu tilfelli var rétt – það er ekki til neins að segja neitt um þetta.“

Árið 2002 tóku þau þá ákvörðun að hætta alfarið að nota heimanaut á bænum og hafa allar kvígur og kýr verið sæddar með sæði frá Nautastöðinni síðan þá. Þau keyptu hreyfiskynjara þegar þau létu slag standa og þakka þau góðri aðstöðu fyrir að geta haldið þessu til streitu. „Það breytir samt ekki því að þú þarft að hafa fyrir því að ná í kvíguna, í staðinn fyrir að láta nautið sjá um þetta.“

Viðtekin venja er að bændur hleypi heimanauti í kvígur sem hafa ekki haldið eftir aðra eða þriðju sæðingu. Pétur segir að ef kvígur hjá honum séu orðnar eldri en 400 daga, án þess að hann hafi séð þær yxna, eigi viðvörðunarbjóllur að fara í gang. Allar heilbrigðar kvígur verða yxna. Hann segir skipta miklu máli hvernig kvígur eru fódraðar á þessum aldri, en ef þær eru á of sterku fóðri eru þær fljótur að fitna, sem gerir erfitt að koma í þeim kálfi. Sé ekki gætt að fóðruninni endi þær sem „spikfeitir gripir í hamborgara“. Þau láta dýralækni skoða kvígur sem ekki festa fang og sker hann úr um hvort þær séu þess virði að halda í.

Pétur segir að erlendis hafi verið gerðir útreikningar sem sýna fram á að kostnaðurinn við að fá sæðingarmann og/eða dýralækni til að sæða alla gripa með besta erfðafninu sem býðst á hverjum tíma, komi til baka með erfðafrámförum. Einnig sé rétt að



Afi núverandi bænda keypti Helgavatn árið 1947, en hann sá mikla möguleika í heitu vatni á jörðinni.

taka inn kostnaðinn sem fylgir því að fóðra og ala heimanaut.

„Mér fannst líka svo leiðinlegt að ná í sæðiskvígurnar og vera með einhvern bola þarna inn á milli sem enginn veit fyrir hvað stendur.“

Það þarf að átta sig á því að heimanautið kemur yfirleitt aldrei til greina sem naut á sæðingastöð – það er oftast mörgum klössum fyrir neðan,“ segir Pétur.

Rúllutæknin fór framhjá þeim

Bændurnir á Helgavatni hafa verið frumkvöðlar í verkun heys í útistæður. Lengi vel var allur heyfordinn verkaður í yfirbyggðar flatgryfjur og þurrhey. Í kringum aldamótin var búið stækkandi og þörf fyrir meira fóður.

Þau gátu ekki hugsað sér að koma upp rúlluverkun og héldu því áfram að verka heyið í lausu, nema í stæðum utandyra. Hérlandis var enginn annar búinn að taka upp þessa aðferð, en Pétur

hafði séð verklagið á ferðalagi til Danmerkur og innleiddu nokkrir bændur heyverkunaraðferðina rétt fyrir aldamót. Fyrsta útistæðan var gerð á Helgavatni árið 1999, og hafa þau útbúið slíkar á hverju sumri síðan þá. Þurrheysverkun var hætt 2004. „Við vorum auðvitað með flatgryfjurnar og áttum allan nauðsynlegan búnað. Þá lá beinast við að gera nákvæmlega það sama með útistæðurnar með sömu tækjunum, þannig að rúllutæknin fór framhjá okkur.“

Það eru ákveðin lögmál sem þarf að virða. Í fyrsta lagi þarf að vera með almennilegt hey og í öðru lagi þarf að nenna að ganga frá þessu. Við tókum þetta strax föstum tókum, en við þekktum auðvitað flatgryfjuna.“

Hann viðurkennir að þetta sé ekki einfalt á snjóþungum vetrum og þessu fylgi ákveðnir gallar. Með því að vera með vetarheyið fyrir mjólkurkýrnar í yfirbyggðum flatgryfjum ná þau að komast



Á Helgavatni þurfti aukinn heyforða með stækkandi búi rétt fyrir aldamót og vildu bændurnir ekki innleiða rúllutæknina. Pétur sá útistæður á ferðalagi í Danmörku og hefur verkað hey með þeim hætti síðan 1999.

yfir helstu erfiðleikana. Í flestum útistæðunum er geldneytahey sem ekki þarf að nálgast á hverjum degi ásamt mjólkurkúaheyi sem hugsað er sem fóður á sumrin.

Ókostirnir við þetta samanborið við rúllurnar er að það þarf fleira fólk í heyskapnum á sumrin, en að lágmarki þarf þrjá á hverjum tíma til að láta þetta ganga nógu hratt. Þá einn niðri á túni til að raka og slá, annar á heyhleðsluvagninum og þriðji heima á bæ að jafna út og þjappa hey í stæðuna.

Má ekki kosta hvað sem er

„Ég held að einhver stærsta áskorunin fyrir okkur Íslendinga núna er að manna þessa grein. Við þurfum að fá fólk með þekkingu. Þjóðfélagið er orðið eitt allsherjar þekkingarsamfélag og landbúnaðurinn er ekkert undanskilinn. Það er mikil áskorun fyrir þessa grein að fá öflugt fólk, þar sem búin stækka og krafan um að

hlutirnir gangi vel í hlutfalli við fjárbindingu. Þetta er þúra rekstur þar sem menn eru að kaupa inn vörur til að skila frá sér afurðum. Bóndinn er ekkert annað en milliliður í þessari atburðarás.“

Ég hef alltaf verið harður á því að bændur þurfa að leggja sitt af mörkum til að láta þennan rekstur ganga og við megum ekki láta það kosta hvað sem er. Eftir allar þessar tollabreytingar og aukinn innflutning, er eina leiðin til að láta landbúnaðinn lifa af að hann verði samkeppnishæfur.

Markaðurinn hefur áhuga á því að fá vöru á samkeppnishæfu verði og ef við ætlum að halda landbúnaði í landinu verðum við bændur að taka þátt í þessu. Það er bara lífið eða dauðin í þessu máli. Það þýðir ekkert fyrir okkur bændur að vera með gamla shaldssemi. Við verðum að vera þátttakendur í því að auka framleiðni í landbúnaðinum alveg eins og allt þjóðfélagið er á fleygiferð í.“

SEGWAY Ferða- og vinnutæki

Segway Snarler AT6L fjórhjól

570cc fjörgengismótor
44 hestöfl, 48 Nm tog
2WD/4WD hátt/lágt drif
26" dekk / 14" beadlock felgur
Læsanleg mismunadrif
23 l. bensíntankur
Þyngd 384 kg.
27 cm. undir lægsta punkt
T3b dráttarvélskráning



Öll Segway tækin eru vel útbúin.

Þau eru öll götuskráð og tveggja manna. Fjórhjóladrifin með rafmagnsstýri, góðri fjöðrun, LED ljósum, rafmagnsspili og dráttarkúlu.

1.899.000 kr. m/vsk.

Verð með vetrarpakka:

(stóru farangursboxi, hita í handföngum og aksturstölvu):

1.999.000 kr. m/vsk.

Þú finnur allt um tækin og aukahluti á hesja.is

Kópavogur:

546 0415

Akureyri:

415 6415



Afgreiðum tækin á næstu afgreiðslustöð Samskipa án aukakostnaðar.

Tækjafjármögnun í boði á öll tæki.

Hvammstangi:

Landsmót kvæðamanna

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Vísnaverð er þjóðariðkun frá fornu fari og hlutverk þeirra og efni eru nánast samofni lífi þjóðarinnar, samkvæmt vefsíðu kvæðamannafélagsins Íðunnar.

Þessum arfi okkar Íslendinga er enn haldið á lofti, en Landssamtök kvæðamanna héldu landsmót á dögnum, nánar tiltekið helgina 21.–23. apríl sl. Var margt um manninn, mæting góð frá bæði aðildarfélögum svo og öðrum gestum, en kvæðamannafélögin Íðunn frá Reykjavík og Vatnsnesingur V-Húnavatnssýslu héldu utan um mótið.

Formaðurinn tekur til höndum

„Það var afar vel mætt þetta árið,“ segir Bára Grímsdóttir, sem gegnir hlutverki bæði formanns Íðunnar og Stemma, sem er heiti Landssamtakanna, og bætir við að til kvöldverðar á laugardeginum hefðu bókast yfir sextíu sæti.

Bára, sem er fædd og uppalin í kvæðamannafjölskyldu, telur þó ekki eftir sér þá miklu vinnu sem liggur að baki, en hún ásamt fleirum hafa verið að skipuleggja mótið síðan í fyrravor. Meðal annars hafa skipuleggjendur velt fyrir sér hentugum stað fyrir áætlaðan fjölda, grennslast fyrir um skáld fyrri tíma sem eiga rætur að rekja til staðarins svo og þá sem miðla vilja af sköpun sinni eða vísku.

Bára stóð sjálf fyrir kveðskaparnámskeiði á laugardeginum, rakti þar sögu systkinanna frá Bergsstöðum, en fjögur þeirra fluttust til Reykjavíkur í upphafi tuttugustu aldar og stofnuðu Kvæðamannafélagið Íðunni árið 1929. Nokkru síðar, á árunum 1935–36, héldu þau í stúdíó og létu hljóðrita þar 200 stemmur sem Steindór Andersen, formaður Íðunnar, lét gefa út í tilefni 75 ára afmælis félagsins árið 2004. Samkvæmt ræðu sem var haldin á útgáfuhátíð Íðunnar þann 15. september sama ár kom fram að:

Kvæðamennirnir á silfurplötum



Meðlimir kvæðamannafélagsins Gefjunar frá Akureyri voru hressir.



Gleði og áhugi ríkti jafnan meðal gesta.

Íðunnar eru aðeins 13 að tölu en þeir kveða stemmur sem rekja má til 70 annarra kvæðamanna víðs vegar að af landinu. Við útgáfuna var kappkostað að finna hvaða kvæðamenn fylltu þennan hóp, hvar þeir bjuggu og allt annað sem varpaði ljósi á uppruna laganna.

Þá var rakin slóð til jafn margra skálda og hagrýðinga sem áttu lausavísur eða rímnabrot á upptökunum. Alls koma því um 170 kvæðamenn, skáld og hagrýðingar við sögu á silfurplötum Íðunnar.

Gaman er að geta þess að við það tilefni var yngsta kvæðamanni Silfurplatananna, Jóni Eiríkssyni, þær færðar að gjöf, en hann var níu ára árið 1935.

Fór Bára einnig yfir kvæðamenn frá Vatnsnesi og feril Jóns Lárussonar, kvæðamanns frá Hlíð í Vatnsenda, dóttursonar Bólu-Hjálmars, en hann var vel þekktur fyrir kunnáttu sína og leikni á þessum sviðum.

Lifandi og skemmtileg dagskrá

Dagskrá helgarinnar var eins og geta má mjög lifandi og skemmtileg, en strax á föstudagskvöldinu fóru kvæðafélögin mikinn á sviði félagsheimilis Hvammstanga og flutti hvert félag stemmur og kvæði með sínum brag. Voru meðlimir Gefjunar frá Akureyri áberandi, en þar mátti bæði finna yngsta meðlim Landssamtakanna, Niels Ómarsson, svo og Þór Sigurðsson,



Þeir voru reffilegir félagarnir, Agnar Levy og Sigurður Sigurðarson.



Þessar stúlkur voru hluti kvæðamannafélagsins Ríma frá Fjallabyggð.



Meðlimir kvæðamannafélagsins Vatnsnesings nutu mikillar hylli.

en kröftugur flutningur hans á vísu Bólu-Hjálmars, „Ofan gefur snjó á snjó“ gaf viðstöddum gæsaþétt og það sjálfsagt ekki í fyrsta skipti sem þessi ágæti kvæðamaður hefur mikil áhrif.

*Ofan gefur snjó á snjó
snjóum vefur flóa tó.
Tófa grefur móa mjó
mjóan hefur skó á kló.*

Aðspurður segist yngsti meðlimurinn, Niels, þó ekki vera alinn upp í kvæðamannumhverfi heldur hafi hann einskæran áhuga á öllu því sem tengist fyrri áratugum. Niels er t.a.m. félagi í þjóðháttafélaginu Handraðanum á Akureyri og leist öðrum meðlimi þar þannig á að hann ætti hvergi betur heima en í kvæðamannafélagi. Niels, sem hefur fengið lof fyrir frammistöðu sína sem kvæðamaður, á því framtíðina fyrir sér í þeim efnum.

Kveðja

Skáldið og kvæðamaðurinn Sigurður Sigurðarson, fyrverandi dýralæknir, bar kveðju frá Steindóri Andersen en vegna veikinda gat Steindór ekki sótt landsmótið.

Steindór Andersen hefur um árabíl verið einn þekktasti kvæðamaður okkar þjóðar, ótull í því starfi er kemur að íslenskri rímnahæfð og fengið mikið lof fyrir flutning. Minnisstætt er samstarf Steindórs og hljómsveitarinnar Sigur Rósar í kringum aldamótin sem meðal annars gaf af sér plötuna *Rímur*. Til viðbótar hafa a.m.k. komið út

þrjár plötur til viðbótar, m.a. þar sem Steindór kveður Úlfhamsrímur, en meðal samstarfsmanna hans er Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði.

Killi mara kussu mu

Fyrsta erindi laugardagsins var í höndum Agnars nokkurs Levy, af mörgum þekktur sem skemmtilegur og margfróður grúskari er kemur að kveðskaparlistinni. Hann hóf fyrirlestur sinn með þeim orðum að honum litist ekkert á að hafa verið úthlutað það verkefni að fjalla um helstu skáld Vatnsness á hálf tíma, enda þyrfti helst að fjalla til jafns um þau sem ekki væru jafn áhugaverð – svo hin fengu að njóta sín. Agnar naut sín annars vel í pontu og minnst á heimörg ágætis skáld, þar á meðal Sigurð Bjarnason, eitt afkastamesta skáldið sem m.a. hafði gert 966 vísur með 10-11 bragarháttum. Sæunn Jónsdóttir var nefnd, frá árinu 1790, en hún var þó skilningslaus á tungumálið eins og við flest þekkjum það. Þróaði hún sitt eigið og samdi vísur hin djarfasta, sem falla undir allar réttar kveðskaparreglur. Sem dæmi má nefna fyrstu línu einnar vísu hennar; „Killi mara kussu mu...“

Eftir hádegisverðinn tók ungliðinn Linus Orri Gunnarsson Cederborg við keflinu en hann hefur verið stjórnandi Kvæðakórs Reykjavíkur um nokkurt skeið. Leiðbeindi hann gestum við þjóðlagasöng í einföldum útsetningum og gláddi viðstadda með hressilegri framkomu og stjórnun enda sungið af hjartans lyst.

Að því loknu var haldið í heimsókn

YAMAHA

ÁREIÐANLEIKI KRAFTUR GÆÐI



GRIZZLY EPS SE

700cc fjörgengis-4WD-H/L drif- driflæsing-spil-rafmagnsstýri- dráttarkúla-götuskráð-hvít númer 307kg eigin þyngd.

Verð: 2.690.000 kr.

45.672 kr.*

afborgun á mánuði

Lykill
Fjármögnun

*Afborganir miðast við Lykillán fyrir 75% af kaupverði til 60 mánaða frá Lykli fjármögnun. Vextir miðast við 11,25% breytilega vexti og eru tengdir við eins mánaða reibor vexti. Lánaskilmála má finna á www.lykill.is. Árleg hlutfalltala kostnaðar – ÁHK er 13,46% - Verð innifelur virðisaukaskatt.

YAMAHA Á ÍSLANDI
ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | S: 540 4900 | www.yamaha.is



Bára Grímsdóttir formaður stýrði viðstöddum í kvæðasöng.



Kaffi og með því fór vel ofan í þá er nutu gestrisni hjónanna á Stapa.



Kvæðakórinn reykvíski var bæði lagviss og hressilegur.

að Stöpum á Vatnsnesi til hjónanna Kjartans Sveinssonar og Maríu Huldar Markan sem buðu upp á rjúkandi kaffi, pönnukökur og kleinur, auk þess sem þar var kveðið úr rímum Guðmundar Bergþórssonar, eins mikilvirkasta rímnaskálds allra tíma. Guðmundur var mikið fatlaður, en fluggáfaður, næmur og sírkjandi. Er merkt að vitna í manntal þessara ára en hann var eini Íslendingurinn sem var skrifaður skáld – en ekkert annað. Guðmundur fór aldrei á sveitina þrátt fyrir fötlun sína heldur sá vel fyrir sér.

Dagskrá laugardagsins lauk svo með dýrindis hátíðarkvöldverði og kvöldvöku í félagsheimilinu þar sem mikil skemmtan hófst, kveðskapur og söngdansar og má með sanni

segja að aðildarfélag Stemma gefi engum eftir þegar gleði ríkir sem hæst. Landsmótinu lauk svo á sunnudagsmorgun með aðalfundi og nutu gestir hádegisverðar á veitingastaðnum Sjávarborg um hádegisbil.

Aðildarfélag Stemma eru Kvæðamannfélögin Iðunn í Reykjavík, Vatnsnesingur í Vestur-Húnavatnssýslu, Gefjun á Akureyri, Ríma í Fjallabyggð, Árgali í Árborg, Snorri í Reykholti, Gná í Skagafirði og Félag ljóðaðunnenda á Austurlandi. Fyrir þá sem hafa áhuga á að ganga til liðs við félag má hafa samband við hana Báru Grímsdóttur á netfanginu bara.grimsdottir@gmail.com.

VINNUVERNDARNÁMSKEIÐ EHF

- ✓ Öll vinnuvélaréttindi í fjarnámi
- ✓ Þú getur byrjað þegar þú vilt
- ✓ Þú getur lært þar sem þú vilt
- ✓ Bóklegt lokapróf í heimabyggð



Nánari upplýsingar og skráning á vinnuverndarnamskeid.is

VALTRA A115 H4



Verð kr.
12.400.000
án vsk.

TIL AFHENDINGAR STRAX

- 4ja cyl.4.4 L 115 Hp Agco Power
- Kúplingsfrír vendigir með innbyggðum handhemli
- Vökvavendigir með bremsustoppi
- 4 milligírar og 4 rafskiptir gírar
- Vel hljóðeinangrað rúmgott öikumannshús með miklu útsýni til allra átta
- Glerþak að hluta fyrir aukið útsýni
- Valtra connect fjarvöktun
- Húsfjöðrun
- Loftþúðasæti
- Vökvakerfi með 98 L dælu
- 3x2 tvívirkt vökvúttök ásamt bakflæði í tank
- 3ja hraða aflúrtak 540-540E-1000
- Ámoksturstæki G4S með fjöðrun, 3ja sviði, EURO/SMS ramma, og 2,1m skóflu
- Rafstýripinni fyrir ámoksturstæki

AFLVÉLAR



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Haukur og Kiddi eru ekki róbótar

Þeir eru alvöru sérfræðingar með áratuga reynslu og vita allt um smurólur á landbúnaðartæki jafnt sem skipaflotann.

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá fyrirtækjapjónustu Olís, í síma 515 1100, eða á olis.is.

Fyrirtækjapjónusta Olís

Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu

olis



Þann 16. júní 2018 fór svo fyrsti bjór RVK bruggfélags í sölu.

Sigurvegjarar í Bjórhlöpinu 2019. Siggi, eigandi RVK Bruggfélags, Einar Njálsson og Helga Jóna Jónasdóttir.

Handverksbrugghúsin á Íslandi:

Allir með strætó

Höskuldur og Stefán
hoskuldur@bondi.is



Í undanförunum tölublöðum Bændablaðsins hafa Höskuldur og Stefán fjallað um sögu handverksbrugghúsanna á Íslandi og að þessu sinni er komið að RVK bruggfélagi.

RVK bruggfélag er með eitt af þessum lögum sem allir yfir

fertugu staldra við, halla höfði og hugsa: „Hvar hef ég aftur séð þetta merki?“ Svarið er auðvitað í gamla Reykjavíkurlandi Strætó, Strætisvögnum Reykjavíkur eða SVR. Tíldrög þessa brugghúss, sem í fyrstu bar hið eilítið óþjóðlega nafn RVK Brewing en breyttist svo í RVK Bruggfélag, íslenski málnefnd til ómældrar ánægju, má þó rekja til veiðiferðar í Laxá í Mývatnssveit. Þar fékk Sigurður Snorrason, lengi þekktur sem Siggi saison vegna dálætis síns á þeim ágæta bjórstíl,

en í seinni tíð einfaldlega Siggi í RVK, að dreypa á heimabrugguðum Wit-bjór. Heimabruggarinn sagði undan og ofan af tilurð bjórsins, en sem meira máli skipti þá benti hann Sigurði á spjallsíðu Fágúnar, Félags áhugafólks um gerjun. Þar með fóru hjólin að snúast svo um munaði.

Siggi hafði starfað á verðbréfamörkuðum Wall Street í tæpa tvo áratugi þegar hann flutti heim 2004. Ekki grunaði hann að bruggið ætti endilega eftir að verða næsta stóra verkefni en aðdragandinn var í sjálfu sér kunnulegur glöggum lesendum þessa greinaflokks: fólk á tímamótum í lífi sínu kemst í kynni við undraveröld heimabruggsins sem leiðir af sér ástríðu og loks opunar á brugghúsi.

Sprengju varpað

Eftir þennan örlagaríka bjór í Mývatnssveitinni fór okkar maður að skoða og stúdera Fágúnarspjallið þar sem hið litla en nána íslenska heimabruggarasamfélag skiptist á hugmyndum, skoðunum, tækjum og hráefnum. Eitthvað var hann



Sigurður Snorrason á bjór hátíðinni á Hólum 2018. Siggi hafði starfað á verðbréfamörkuðum Wall Street í tæpa tvo áratugi þegar hann flutti heim 2004.

þó tvístígandi en lét slag standa 2012 þegar sprengju var varpað á spjallborðinu! Ungur maður að nafni Hrafnkell Freyr Magnússon tilkynnti um að hann hefði flutt inn nokkra sekki af korni og væri að selja það í lausu út úr bílskúrum hjá sér. Þessi póstur var upphafið af því sem í dag er Brew.is. Þetta varð til að ýta mörgum af stað, þar á meðal Sigga, sem keypti af Hrafnkatli grunnbúnað og hráefni og hóf að brugga.

Fljótlega vatt tómstundagamanið upp á sig, tækin urðu stærri og betri, bjórarnir flóknari og stílmir meira framandi. Beðinn og óumbeðinn lét Siggi vini og vandamenn smakka veigarnar og ýmist reyndi að lagfæra bjórana eða bæta smekk viðkomandi, eins og hann orðaði það í viðtali við Bruggvarpið, hlaðvarpi um bjór, sumarið 2021, allt eftir því hvernig viðbrögðin voru. Það var síðan æskuvínur hans, gamall lúðrasveitarfélagi, bekkjarbróðir úr menntó og kollegi í fjármálaheiminum, maður að nafni Steinhólfur Baldursson, sem hvatti hann til að taka skrefið til fulls og stofna brugghús. Saman fóru þeir og skoðuðu það af fullri alvöru en Steinhólfur lést í kjölfar erfiðra veikinda síðsumars 2016 og náði því ekki að klára þessa vegferð með vini sínum sjálfur. Þann 1. mars 2017, á sjálfan bjórdaginn, var fyrirtækið stofnað og nefndist það SB brugghús ehf. til að heiðra Steinhólfur og eftir það var ekki aftur snúið.

Sögulegur dagur

Sem fyrr segir voru bjórar brugghússins í fyrstu seldir undir engilsaxneska heitinu RVK Brewing company, enda sá Siggi fyrir sér erlenda gesti sem uppistöðukúnnahópinn, sérstaklega á Bruggstofunni, en síðar þegar ljóst varð að Íslendingar höfðu mun meiri áhuga en reiknað hafði verið með var nafninu breytt í RVK Bruggfélag. Fyrirmyndin voru mkróbrugghúsin í

Bandaríkjunum sem Siggi hafði verið duglegur að heimsækja, sem kannski útskýrði hugmyndirnar um samsetningu kúnnanna upphaflega.

Í maí 2018 hófst bruggun í brugghúsinu sem komið hafði verið fyrir á neðstu hæð í atvinnuhúsnæði í Skippholti. Þann 16. júní fór svo fyrsti bjórinn í sölu á Skúla Craftbar, en varla mætti hræða á opnunina. Ástæðan var reyndar ekki áhugaleysið á bjórnum heldur var Ísland að keppa við Argentínu á HM þar sem frægasta víti Íslandssögunnar var vandlega varið og jafntefli gegn framtíðarheimsmeisturum tryggt. Óhætt er að segja að RVK hafi kunnað að velja daginn, en bjórinn var tilbúinn og engin bulla í hópnum, þannig að svo fór sem fór.

Brugg í stað bingós

En fall er fararheill er stundum sagt. Litla brugghúsið í Skippholti óx og dafnaði en fyrst um sinn var einungis einblínt á veitinga- og kútamarkað og gekk það ágætlega. Fyrsti bruggmeistari RVK var Alyson Hartwig frá Bandaríkjunum, sem hafði numið bruggfræðin í Siebel Institute í Chicago en fljótlega fór hún í Ölgerðina og Valgeir Valgeirsson, sem áður hefur komið við sögu í þessum pistlum, hafði vistaskipti frá Borg til RVK. Valgeir hefur nú horfið á braut en Hjalti Einarsson hefur borið þungann af bruggun og þróun bjóra undanfarið ár.

Rúmum tveimur árum eftir að fyrsti bjórinn kom á markað var farið að huga að stækkun brugghússins. Covid-bylgjan var farin að leika landsmenn



Litla brugghúsið í Skippholti hefur vaxið og dafnað en fram undan er opnun á nýrri bruggstofu í anddyri Tónabíós í sumarbyrjun.



Lífraent
Hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótél o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

Þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueiningar



HVAMMSHÓLAR





Alyson Hartwig, fyrsti bruggmeistari RVK, í fyrsta brugginu þann 7. maí 2018.



Sömmer lövin, sumarbjör RVK bruggfélags.

grátt og þegar veitingastaðir lokuðu færðist fókusinn af því að þjónusta veitingastaðinn og yfir í Vínbúðina. Veltan óx jafnt og þétt og margfaldaðist framleiðslan þannig að stækkunin var ákveðin. Ekki var þó leitað langt yfir skammt, heldur var útbúið nýtt brugghús í næsta húsi, í kjallaranum á gamla Tónabíói, sem hefur raunar verið kunnara sem bingósalurinn Vínabær síðustu áratugin. Það er ef til vill tímanna tákn að bingóspil Templara hafi að lokum vikið fyrir handverksbruggurum?

Bjórarnir frá RVK bruggfélagi hafa spannað litróf björstilanna, frá Imperial Grisette og þungum Hnallþorustátum yfir í léttari Yzuz hrísgrjónalagerbjör og allt þar á milli. Hverfi Reykjavíkur hafa fengið bjóra nefnda í höfuðið á sér: Hlíðar, Skuggi og Holt eru allir bjórar sem komið hafa á markað og svo má nefna bjórinn Verum bara vinir, súröl með ástaraldin. Þar er orðagrín sem lesendum er eftirlátið að geta sér til um. Þá er varla hægt að sleppa því að minnst á Ora jólabjórinn sem sló rækilega í gegn jólin 2021 en það samstarfsverkefni var tilnefnt til ýmissa verðlauna utan bjórheima. Ora-bjórinn rataði alla

leið í Landann, sem er næstum eins gott og að komast í skaupið!

RVK bruggfélag hefur gert ýmislegt annað en að framleiða bjóra, eins og t.d. að skipuleggja í þriggja alþjóðlegt bjórhláup, sem hefðu verið fleiri ef ekki hefði verið fyrir Covid. Þá var til skamms tíma starfrækt Bruggstofa og Honkítónk BBQ-staður á afar vídeigandi stað á Snorrabrautinni, þar sem áður var ÁTVR vinnubú til húsa og þar áður höfuðstöðvar Strætó, en verkstaði var rekið þar á efri hæð hússins. Það ævintýri varð einnig veirunni slyngu að bráð, eins og margar aðrar góðar hugmyndir.

Fram undan er síðan að opna nýja bruggstofu í anddyri Tónabíós og er hún fyrirhuguð í sumarbyrjun. Þar hefur Siggí nostrað við hlutina og endurnýjað eins mikið upprunalegt og hann hefur getað til að halda í anda hússins. Lesendur Bændablaðsins ættu líka að finna þar góða strauma en bæði þar og kælirinn í kjallaranum eru fengnir frá Hótel Sögu og endurbýggðir í Skipholtinu. Ljóst er hverjum sem þar kemur að einkunnarorð RVK bruggfélags, „gríðarlega vandað“, sem fengin voru frá æskuvininum Steinþóri, eru í hávegum höfð.




SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 5.350.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“

Sauðfjárnvörur



LCI Lely Center Ísland
Skoðið úrvalið á lci.is



Wendel

AMMANN
JARÐVEGSPJÖPPUR
Í MIKLU ÚRVALI
GÆÐI SEM ENDAST

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík / 551 5464 / wendel.is

Flateyri:

Hjónabandssælan alltaf góð

Kristín Pétursdóttir frá Flateyri hefur sett á markað kökumix undir heitinu Litlabýli. Er það með hinni sígildu íslensku hjónabandssælu og heimagerðri rabarbarasultu.

Hugmyndin kom þegar erlendir ferðamenn vildu kaupa kökur og flytja með sér heim, en óhentugt er að taka þær í ferðalag. Kristín og Ívar Kristjánsson, eiginmaður hennar, reka gistiheimili í Litlabýli á Flateyri og á Sæbóli á Ingjaldssandi. Þegar hún byrjaði með gistiþjónustu langaði hana að bjóða upp á heimagerð matvæli á morgunverðarborðinu og varð hjónabandssælan fyrir valinu, enda fljótleg og góð. „Kakan vakti mikla lukku og vildu gestir kaupa hana til að taka með sér. Eins og allir vita verður hún ekki mjög góð eftir margar vikur á ferðalagi og þá byrjaði hugmyndavinnan hvernig væri hægt að koma henni í söluvænari umbúðir sem gestir gætu tekið með sér,“ segir Kristín. Eins og með margt gott kom lausnin af kökumixinu í góðra vina hópi yfir kaffibolla.

Sultan frá Sæbóli

Öll framleiðslan á sér stað í Öndarfirði. Kristín og Ívar hafa komið sér upp löggiltu eldhúsi á Flateyri í húsnæði sem áður þjónaði hlutverki bílskúrs. Hráefnið í sultuna kemur úr rabarbaragarði ömmu Kristínar á Sæbóli á Ingjaldssandi. Garðurinn er staðsettur við gamalt reykhus og var öskunni þaðan gjarnan stráð yfir moldina, sem Kristín segir að gefi hið sérstaka bragð sultunnar.

Uppskriftin að sultunni kemur frá móður Kristínar, Elísabetu Pétursdóttur (Betty), sem er bóndi á Sæbóli.

Sjálf kökuuppskriftin er byggð á uppskrift frá stjórnmóður Kristínar, sem ólst upp á Bæjum á Snæfjallaströnd í Ísafjarðardjúpi. Þegar Kristín vann að þróun blöndunnar lét hún vini sína prófa, sem annars vegar eru reyndir bakarar, og hins vegar þá sem kunna ekkert að baka. Út frá því gat hún þróað uppskrift og bókunarleiðbeiningar sem ganga sem víðast.

Árið 2020 var Vestfjarðastofa með námskeið fyrir vestfirska smá-



Kristín Pétursdóttir selur kökumix með hjónabandssælu um allt land, sem upphaflega átti að vera minjagripur fyrir þá sem gistu á Litlabýli.



Rabarbarinn í sultunna kemur frá Sæbóli á Ingjaldssandi. Öll fjölskyldan kemur að tínslunni.

Myndir / Aðsendar

framleiðendur. Kristín tók þátt í því sem varð til þess að kökumixið fór í vestfirska jólakörfu, sem seld var til fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu. Hún segir boltann hafa byrjað að rúlla upp frá því, en hún gekk í kjölfarið í samtök smáframleiðenda. Þann félagsskap segir hún afar gagnlegan, því annars vegar bjóða þau upp á námskeið og ráðgjöf, og hins vegar leita endursöluaðilar sem vilja íslenska framleiðslu til þeirra. Kristín hvetur alla litla aðila í matvælaframleiðslu

til að ganga í áður nefnd samtök, eða Beint frá býli, því aðgengi að þeirra þekkingu sparar mikinn tíma.

Aðspurð um viðtökurnar segir Kristín að þær hafi farið fram úr björtustu vonum, þar sem upphaflega hafi þetta verið hugsað sem minjagripur fyrir gesti Litlabýlis. Reynslan hefur sýnt sig að bæði erlendir ferðamenn og Íslendingar kaupi hjónabandssæluna. Nú er kökumixið komið í verslanir víðs vegar um landið, eins og Melabúðina, Hagkaup og Taste of Iceland. /ÁL



Vel heppnuð safnhaugamold er besta mold sem hægt er að hugsa sér.

Mynd / Markus Spiske

Garðyrkja:

Góður tími til að hefja jarðgerð

Aukinn áhugi á sjálfbærni og garðrækt, ekki síst matjurtarækt, hefur leitt til aukins áhuga á nýtingu þess sem fellur til í eldhúsinu og garðinum til heima-jarðgerðar. Vorið er góður tími fyrir þá sem vilja taka fyrstu skrefin og koma sér upp safnhaugi í garðinum.

Ymsar leiðir eru færar þegar kemur að jarðgerð og ekki víst að sama aðferðin henti alls staðar. Algengast er að garðeigendur komi sér upp einum eða fleiri kössum fyrir lífrænan úrgang og hann sé látinn jarðgerast í þeim. Hægt er að velja á milli þess að kassinn sé einfaldur, eða lokaður og einangraður. Jarðgerð í einföldum kassa kallast köld jarðgerð en heit í lokuðum og einangruðum kassa og gengur sú mun hraðar fyrir sig.

Miklu máli skiptir að koma safnhaugakassanum eða tunnunni fyrir á hlýjum og skjólgóðum stað þar sem auðvelt er að komast að honum. Kassinn þarf að standa á mól eða moldarjarðvegi og gott er að setja greinar í botninn þannig að jarðvegsdýr eigi auðveldan aðgang upp í hann.

Hvað má og má ekki fara í kassann?

Til jarðgerðar má nota flest sem fellur til úr garðinum, fyrir utan rótarrillgresi, eins og til dæmis húsapunt, skriðsóley eða túnfífil, hvað þá, illgresi eins og krossfífil eða dúnurt sem hæglega geta þroskað frá í safnhaugnum.

Nýslegið gras má ekki vera meira en 20% en lauf, smáar greinar, barr, visnuð blóm og þurr hey má allt fara í jarðgerðina.

Úr eldhúsinu má setja salat og kál, rötargrænmeti, hýði af ávöxtum og kartöflum, eggjaskurn, brauð, te- og kaffikorg og eldhúspappír en varast skyldi að setja fisk- og kjötafganga í opinn safnhaug þar sem slíkt getur laðað að sér óæskileg nagdýr.

Saxa í smátt og blanda öllu saman

Best er að hafa úrganginn sem fer í kassann eða tunnuna sem smágerðastan og hræra öllu vel saman. Í botninn er upplagt að setja um fimmtán sentímetra lag af misgrófum greinum og mikið

af þurru efni eins og þurru heyi í neðsta lagið.

Ef ekki er hægt að hræra í kassanum þarf að fylla á hann í þunnum lögum og gott er að setja mold eða þurran garðaúrgang á milli laga. Auka má öndun í massanum með því að stinga í hann með stungugaffli af og til. Til að flýta fyrir jarðgerðinni er gott að sáldra gamalli, fingerðri moltu eða þurru hænadríti á milli laga.

Þumal fingursreglan segir að ef sett sé í kassann ein fata af grænmeti skuli setja með 1/3 af þurru efni, til dæmis heyi. Komi sterk rotunarykt úr kassanum er efnið í honum líklega of blautt. Yfirleitt er nóg að blanda þurru heyi eða sagi í innihald hans til að laga þetta.

Vatn, súrefni og hiti

Til þess að jarðgerð eigi sér stað er þrennt sem þarf að koma til. Vatn, súrefni og hiti. Örverurnar sem umbreyta efni í kassanum í jarðveg þurfa vatn svo að lífsstarfsemi þeirra sé eðlileg. Of mikið vatn hægir á starfsemi þar sem það dregur úr súrefni, sem er einnig nauðsynlegt svo að gott niðurbrot eigi sér stað.

Við jarðgerð myndast hiti sem örvar niðurbrotið enn frekar. Hæfilegt rakastigi í kassanum er þegar efnið er eins og blautur svampur viðkomu eða með 50 til 60% raka. Fari rakastigið niður fyrir 30% stöðvast starfsemi örveranna og jarðgerðin stöðvast.


Ef vel tekst til við jarðgerðina safnast í kassann ógrynni af jarðvegslífverum, ánamaðkar, járnsmiðir, þúsundfætlur og grá-pöddur – sem aðstoða við og flýta fyrir niðurbrotinu.

Besta mold í heimi

Vel heppnuð safnhaugamold er besta mold sem hægt er að hugsa sér. Hún er iðandi af lífi, full af næringarefnum og lífrænum efnum á mismunandi þroskastigi.

Nota má safnhaugamold til að auka frjósemi garðsins með því að dreifa henni yfir beð eða grasflötina í þunnu lagi. Hún er einnig tilvalin með þegar settar eru niður hvers konar plöntur. Í öllum tilvikum verður að blanda moltu eða safnhaugamold saman við moldina sem fyrir er. /VH

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Bændablaðið kemur næst út
11. maí

Garðyrkjuskólinn:

Vilhjálmur og Elínborg handhafar verðlauna

Elínborg Erla Ásgeirsdóttir og Vilhjálmur Lúðvíksson hlutu garðyrkjuverðlaun á sérstakri hátíðardagskrá Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ólfusi sem stóð fyrir opnu húsi á sumardaginn fyrsta.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra færði þeim Elínborgu Erlu og Vilhjálmi verðlaunin. Elínborg Erla hlaut hvatningaverðlaun en hún er, garðyrkjuframleiðandi á Breiðargerði í Skagafirði. Hún útskrifaðist sem garðyrkjufræðingur úr Garðyrkjuskólanum 2020. Í Skagafirði stundar hún lífræna útiræktun á grænmeti auk þess að vera með ræktun í þremur gróðurhúsum.

Þar að auki er skógrækt á jörð hennar á um 50 hektara svæði samkvæmt samningi við Skógræktina og gróðursettar um 10 þúsund plöntur á ári. Heiðursverðlaun garðyrkjunnar í ár fékk Vilhjálmur Lúðvíksson, verkfræðingur. Vilhjálmur er stúdent frá MR 1961 og hélt svo til Bandaríkjanna þar sem hann lauk doktorsprófi í efnaverkfræði.

Vilhjálmur gegndi stöðu framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins og síðar RANNÍS um langt árabíl. Auk þess gegndi hann fjölda



Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, fékk hvatningaverðlaun garðyrkjunnar 2023 en Ásmundur Einar sá um að afhenda verðlaunin. Myndir /MHH

trúnaðarstarfa fyrir stjórnvöld sem fulltrúi í nefndum og ráðum, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Hann hefur einnig sinnt ritstörfum meðfram öðrum störfum og ritstýrði m.a. Riti Landverndar, bakgrunnsskýrslum á úttekktum OECD á vísinda- og tæknistefnu Íslendinga og Garðyrkjuriti Garðyrkjufélags Íslands. /MHH



Vilhjálmur Lúðvíksson hlaut heiðursverðlaun garðyrkjunnar 2023. Hann hefur verið virkur í félagsstarfi í skógrækt og garðyrkju um langt árabíl og stuðlað að ýmsum verkefnum sem hafa haft jákvæð áhrif til langs frama.

CLAAS

Claas Arion 450 MR CIS+

ER EINSTAKLEGA VEL HEPPNUÐ ALHLÍÐA DRÁTTARVÉL. SÉRSTAKLEGA HÖNNUÐ FYRIR ALLA ÁMOKSTURSTÆKJA VINNU. AFL LIPURÐ OG FRAMÚRSKARANDI UMHVERFI STJÓRNANDA GEGNIR LYKILHLUTVERKI



- Meðal helsta búnaðar má nefna:
- Hreyfill 4 strocka með 4.5 L rúmtaki, 135 hestafla, skilar 573 Nm tugi
- QUADRISHIFT 16x16 girar 40 km ökuhraði með sjálfskiptimöguleika
- SMART STOP þá nærir að stíga á bremsu til að nema staðar
- Vökvavendigir. Auka vökvavendigir í servói í armhvílu hægri megin
- Álagsstýrð vökvadæla (load sensing) 110 ltr. Rafstýrt vökvakerfi
- Tvær miðjusettar vökvaspólur fyrir ámoksturæki
- Power Beyond/load sensing vökvauúttök
- Bakflæðislögn/free flow return
- Vökvafukrókur með útskot
- Þriggja hraða aflúttak 540/540 eco/ 1000 rpm
- 2 punkta húsfjöðrun
- ELECTROPILOT Rafstýrður ölvirkur stýripinni/servo í armhvílu
- Farþegasæti með öryggisbelti
- Dekk að aftan 600/65 R38 Trelleborg TM 800
- Dekk að framan 480/65 R28 Trelleborg TM 800
- Claas FL 120 ámoksturæki með EURO ramma fyrir tengitæki.
- Mach 2 hraðtengi fyrir 3 svið
- Vökva skóflulás
- Fjöðrun á gálga. Tengd og aftengd með rofa inni í ökumannshúsi
- Og margt fleira

VÉLFANG - Verkin tala

Gylflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

Eru gæði andrúmsloftsins í lagi? Er geymslulykt eða fúkkalykt?

ActivePure

Fyrir heimilið, skrifstofuna, skólastofuna...

Pure & Clean
fyrir heimili



Beyond
fyrir stærri skrifstofur
og kennslustofur



K. Skúlason ehf.

Sími 774 6220 - kskulason.is

sales@kskulason.is

Hafðu samband við okkur og leyfðu okkur að kynna þér málið



Þessar þæjur létu sig ekki vanta í afmælið, Rannveig Pálsdóttir (alltaf kölluð Bubba) t.v., eiginkona Kristins Kristmundssonar heitins og fyrrverandi skólameistara, og Margrét Steina Gunnarsdóttir, eiginkona Óskars H. Ólafssonar, fyrrverandi kennara við skólann.



Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari sem tók á móti forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, ásamt Þórköttlu Loftsdóttur, árs hátíðarformanns nemendafélagsins Mímis, þegar hann mætti til að taka þátt í hátíðardagskránni, sem fór fram í íþróttahúsinu á Laugarvatni.

Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Menntaskólinn að Laugarvatni 70 ára

Mikið var um dýrðir í Menntaskólanum að Laugarvatni miðvikudaginn 12. apríl síðastliðinn þegar skólinn fagnaði 70 ára afmæli sínu með hátíðardagskrá og opnu húsi í skólanum. Í dag nema um 130 nemendur í skólanum, sem allir eru í heimavist. Tók meðfylgjandi myndir. / MHH



Kór Menntaskólans söng tvö lög en um 90% nemenda við skólann eru í kórnum. Stjórnandi er Eyrún Jónasdóttir.



Heiðursmennirnir, Óskar H. Ólafsson (t.h.), stúdent 1954 og Jóhann Gunnarsson, stúdent 1956, voru elstu nemendur Menntaskólans að Laugarvatni sem heiðruðu skólann sinn með nærveru sinni á 70 ára afmælishátíðinni. Óskar varð síðan kennari við skólann til fjölda ára.



notadir.benni.is

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA



SsangYong Rexton '17, sjálfskiptur, ekinn 102 þús. km. Verð: 3.990.000 kr.



Jaguar I-Pace SEV400, rafmagn, '21, sjálfsk., ekinn 21 þús. km. Verð: 9.790.000 kr.



Jeep Compass Trailhawk Phev '22, sjálfsk., ekinn 12 þús. km. Verð: 6.990.000 kr.



Ford Kuga '14, beinskíptur, ekinn 207 þús. km. Verð: 1.690.000 kr.



Nissan Juke '20, sjálfskíptur, ekinn 60 þús. km. Verð: 3.490.000 kr.



Peugeot Rifter '19, sjálfskíptur, ekinn 93 þús. km. Verð: 2.790.000 kr.

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar tegundir bíla á skrá!

Sjáðu fleiri bíla á
notadir.benni.is

Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035

**Bílaúð
Benna**
Notaðir bílar



Málverk af fyrrverandi skólameistara skólans, Halldóri Páli Halldórssyni, var afhjúpað á 70 ára afmælinu. Halldór Páll er mjög sáttur við verkið eins og sjá má en það var Gunnar Júlíusson, listamaður og fyrrverandi nemandi skólans, sem sá um að mála verkið.



Um 130 nemendur eru í menntaskólanum í dag, um 30% piltar og 70% stúlkur.

FRÆÐSLA



Virkjuð háhitaborhola. Um 60% svonefndrar frumorku sem notuð er á Íslandi felst í hitaveitunum en 25% er raforka hennar og 15% á forni innflutts jarðefnaeldsneytis.

Mylnd / Orka náttúrunnar

Mikilvæg hugtök

– Fróðleikur um orkumál og orkuskipti – 6. hluti

Hvernig er stórnotandi skilgreindur með tiltekinni ársnotkun raforku? Er flutningstap óhjákvæmileg?

Afl tapast ávallt í raflinum við flutning raforku frá virkjun til notanda. Það gerist vegna eðlilegs rafviðnáms í málmeftni leiðara í loftlínu eða jarðstreng. Því lengri sem loftlína eða jarðstrengur er, og því meiri raforka sem flutt er á hári spennu, þeim mun meira verður flutningstapið. Reikna má með að jafnaði um 2% flutningstapi í raflínakerfinu. Hægt er að minnka flutningstap í raflinum og benda hagaðilar á ólíkar leiðir á næstunni, t.d. byggingu smávirkjana og staðbundins raflínunets í einn stað en í annan frekari samtengingu stærri virkjana og öflugra, samtengds flutningsnets.

Stórnotandi

Stórnotandi er, skv. lögum, aðili sem nýtir a.m.k. 80 GWst raforku á ári, á einum og sama stað, til a.m.k. þriggja ára í senn. Slík notkun getur þurft 12-14 MW rafafli. Ýmis verkefni eru í skoðun eða vinnslu þar sem notendur falla eða munu falla í þennan flokk. TDK Foil Iceland (fyrrum Becromal) á Akureyri og fiskimjölsverksmiðjur eru þar fyrir, rafvæddar hafnir, stór landeldisfyrirtæki og ylræktarver, samvinnuhópur ylræktenda, auðlinda-garðar og framleiðendur matvæla eða t.d. þörungna geta bæst við. Hugtakið stóriðja er jafnan notað um allra stærstu stórnotendur, svo sem álver sem notar ár hvert t.d. 550 MW rafafli til yfir 4.000 GWst orkunotkunar við framleiðsluna.

Hugtakið orkufrek starfsemi sést líka og nær yfir nýtingu stórnotenda jafnt sem stóriðju og enn eitt hugtakið er orðið stóriðnaður.

Uppsett afl

Orkuver gefa jafnan upp afltölu (í kW

eða MW) sem er fengin með því að ákvarða hve miklu rafafli tækjabúnaður orkuvinnslustöðvar getur skilað við fullt álag miðað við hönnun hennar.

Allar vatnsaflsvirkjanir með afl að 10 MW falla undir lög um orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) en jarðvarmavirkjanir hafa hærra viðmið í þessum efnunum: 50 MW. Fyrir vindaflið, sem líka fellur undir rammaáætlun, gæti 10 MW viðmiðið sem best gilt.

Smávirkanir, undir umræddum viðmiðunarmörkum, eru margar fyrir í landinu og þeim fjölgar, allt vatnsaflsvirkjanir að svo komu máli, eða stækkar jarðvarmavirkjana.

Endanleg orkuframleiðsla virkjana, gefin upp sem MWst eða GWst, samsvarar oftast heldur lægri afltölu nýtingar en uppsetta aflíð. Ýmsar orsakir koma til, t.d. vatns- eða gufuskortur, bilanir og svökölluð reglun (á fyrst og fremst við vatnsvirkanir) þegar breyta þarf álagi í flutningskerfinu og t.d. flytja raforku milli landshluta.

Orkugeta

Orugeta er hugtak yfir árlega orkutölu (í kWst, MWst, GWst eða TWst), sem reiknuð er út miðað við möguleg afköst virkjunar, eða niðurstaða mælinga á ársgrunni.

Kröfluvirkjun (framleiðir einungis rafmagn) er t.d. 60 MW en Hrauneyjafossvirkjun 280 MW. Hellisheiðarvirkjun framleiðir um 300 MW rafaafli og 120 MW varmaafli en Svartsengisvirkjun 75 MW rafaafli og 150 MW varmaafli og verður brátt stækkuð.

Tvö vindorkuver Landsvirkjunar sem eru í rammaáætlun eru samanlagt um 220 MW að rafafli.

/ATG



Lækjarvellir land 2, Hörgársveit, breyting á deiliskipulagi, auglýsing deiliskipulagstillögu Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum þann 23. mars 2023 að vísa deiliskipulagstillögu fyrir breytingu á Lækjarvöllum land 2 í auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í deiliskipulagsbreytingu athafna-, verslunar- og þjónustuvæðis við Lækjarvelli, felst að gerð er breyting á norðurhluta svæðisins þar sem legu vegar og göngustíga er breytt.

Þá eru gerðar breytingar á lóða- mörkum og lögum byggingarreita og/eða á lóðanúmerum eftirfarandi lóða: 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 19, 21 og 23.

Við skilmála deiliskipulags bætast við eftirfarandi kvaðir: Gerð er krafa um að manir sem skilgreindar eru í gildandi deiliskipulagi verði kláraðar og gróðursett í þær. Gerð er krafa um að lýsing á lóðum lýsi ekki upp umhverfið í kring heldur miðist að því að lýsa upp viðkomandi lóð og sé glýjufri.

Tillagan að deiliskipulagsbreytingunni er aðgengileg á sveitarskrifstofu Hörgársveitar, Pelamerkurskóla 604 Akureyri, milli 12. apríl 2023 og 24. maí 2023 sem og á heimasíðu sveitarfélagsins, horgarsveit.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillögunar til miðvikudagsins 24. maí 2023.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulagsfulltrúi.

TIL SÖLU HESTALEIGA Í FULLUM REKSTRI

Um ræðir stórglæsilega hestaleigu, ásamt tilheyrandi fasteignum og lausafé. Sólhestar er ferðapjónustufyriræki sem er með daglegan rekstur allt árið um kring í Fjárborgum Reykjavíkur og Borgargerði í Ölfusi.

Miklir vaxtamöguleikar

Áætlaðir 12.000 viðskiptavinir árið 2023

SÖLUYFIRLIT

- Hesthús í Reykjavík
- Starfsmannaaðstaða
- Ökutæki / Hestakerrur
- Viðskiptatengsl
- Bókunarkerfi / Vefsíða
- 60 Hross / Reiðtygi
- Möguleiki á að leigja aðstöðu í Ölfusi

Sólhestar



oli@olafur.is / 416-2220 - Selfossi

solhestar@solhestar.is



Nýlega fékk íslenskt lambakjöt verndaða upprunatilvísun frá Evrópusambandinu, svokallaða PDO-merkingu (e. Protected designation of origin). Þessi vottun er árangur af starfi Icelandic Lamb.

Komi þeir sem koma vilja!

Þá er vorið komið og sumarið á næsta leiti, hefðbundnar sviptingar í veðurfari og flest eins og við eigum að venjast sem stundum sauðfjárrækt. Fram undan er skemmtilegasti tími ársins, sauðburðurinn. Annasamur tími þar sem oft geta skipst á skín og skúrir.



Trausti Hjálmarsson.

Við sem stöndum í stafni fyrir sauðfjárbændur gerum það af óbilandi trú á íslenski sauðfjárrækt og þeirri gæðaframleiðslu sem hún gefur af sér.

Íslenskt lambakjöt stendur undir öllum þeim kröfum sem neytendur nútímans gera til matvæla, lítil notkun sýklalyfja, hreint vatn, heilnæmt fóður og svo veri lengi hægt að telja. Á síðastliðnum 6 árum höfum við verið að undirbúa okkur undir nákvæmlega það sem er að gerast á markaði héraðsins. Innflutningur á lambakjöti er orðinn að veruleika og í verslunum má finna kjótkæla fulla af innfluttu spænsku lambakjöti. Það eru kaldar kveðjur til sauðfjárbændna nú í upphafi sauðburðar.

Reyndar þurfa sauðfjárbændur ekki að óttast neina samkeppni. Svo framarlega sem afurðastöðvar og smásöluaðilar nýti sér kosti og gæði íslenska lambakjötsins í markaðs- og sölustarfi. Þar skiptir miklu máli að upplýsa neytendur um gæði vörunnar, sérstöðu og ekki síður að upprunaland vörunnar komi skýrt fram á neytendapakningum. Nýlega fékk íslenskt lambakjöt verndaða upprunatilvísun frá Evrópusambandinu, svokallaða PDO-merkingu (e. Protected designation of origin).



Í verslunum má finna kjótkæla fulla af innfluttu spænsku lambakjöti.


Þessi vottun er árangur af starfi Icelandic Lamb. Með þessari vottun er lambakjötið sett á sama stall og margar þekktar evrópskar landbúnaðarafurðir svo sem parmaskinka, fetaostur og kampavín.

Um þessar mundir er meðalafurðaverð til sauðfjárbænda 1.120 kr/kg. Síðasta haust var reiknað meðalafurðaverð á Íslandi 755 kr/kg. Aðeins afurðaverð í Rúmeníu er lægra. Ef það er raunverulegur grundvöllur að flytja inn lambakjöt frá Spáni, hvar bændur fá 43% hærra afurðaverð, þá hlýtur að vera hægt að tryggja íslenskum bændum sambærileg kjör. Við óttumst ekki samkeppni við innflutt lambakjöt. Við sauðfjárbændur gerum bara þá einföldu kröfu að okkur séu gefin tækifæri til að lifa af okkar búskap. Markaðurinn sér svo um sína.

Komi þeir sem koma vilja, fari þeir sem fara vilja, mér og mínum að meinalausu.

Trausti Hjálmarsson,
formaður deildar sauðfjárbænda.

Afurðaverð á lambakjöti í Evrópusambandinu - 10. apríl 2023
Miðað við gengi Evru = 150




Heimild: Weekly price report on Heavy Lamb and Light Lamb prices in the EU. <https://europa.eu>.

Fækkun nauta sl. 2 ár (allur aldur)



Í dag eru rúmlega 2.500 færri lifandi naut í landinu en þau voru fyrir tveimur árum. Fækkunin á sér stað í öllum aldursflokkum nauta, að aldrinum 18-20 mánaða undanskildum, en sveiflur geta verið á milli aldursflokka á milli ára. Mest er fækkunin í nautum yngri en 12 mánaða, eða í ásetningsnautum en þau eru í dag tæplega 1.200 færri en þau voru fyrir tveimur árum.

Þróun á fjárhæðum nautgriparæktarsamnings frá aldamótum



Nú er endurskoðun búvörusamninga hafin. Það er nauðsynlegt að stjórnvöld setji aukio fjármagn í búvörusamninga til að tryggja framleiðslu og til að bæta afkomu bænda.

Eflum fæðuöryggi: Er stjórnvöldum alvara?

Undanfarið hefur mikið verið rætt og skrifað um fæðuöryggi þjóðarinnar.



Rafn Bergsson.

Ráðamönnum verður tíðrætt um það og mikilvægi þess að auka fæðuöryggi. Það er eðlilegt þar sem heimsfaraldur Covid-19 og síðar innrás Rússa í Úkraínu hefur sýnt okkur að kerfið okkar er viðkvæmara en við töldum. Það hefur sýnt sig að það er hverri þjóð nauðsynlegt að vera sjálfri sér næg á sem flestum sviðum. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að við framleiðum eins mikið og mögulegt er af heim matvælum sem við þurfum hér innanlands. Aðfangakeðjurnar hafa hökt og verð á aðföngum rokið upp. Há verðbólga og miklar vaxtahækkningar í kjölfarið hafa svo gert ástandið enn verra.

Minni ásetningur nauta

Nautgripabændur hafa ekki farið varhluta af þessu, reksturinn hefur þyngst og afkoman versnað mikið, hvort sem lítið er til mjólkur- eða nautakjötsframleiðslu. Þó er staðan hjá nautakjötsframleiðendum sýnu verri, en þar erum við farin að sjá umtalsverða fækkun á gripum og því ljóst að framleiðsluvilji bænda er að bresta! Í dag eru rúmlega 2.500 færri lifandi naut í landinu en þau voru fyrir tveimur árum. Fækkunin á sér stað í öllum aldursflokkum



nauta, að aldrinum 18-20 mánaða undanskildum, en sveiflur geta verið á milli aldursflokka á milli ára. Mest er fækkunin í nautum yngri en 12 mánaða, eða í ásetningsnautum en þau eru í dag tæplega 1.200 færri en þau voru fyrir tveimur árum.

Neikvæð afkoma nautakjötsframleiðenda, ár eftir ár

Ástæður samdráttar í nautakjötsframleiðslu eru einfaldar. Rekstarkilyrði í nautakjötsframleiðslu hafa verið gífurlega erfið undanfarin ár. Skýrsla RML um rekstur og afkomu nautakjötsframleiðenda 2017-2021 sýnir þetta glögg.

- Árið 2019 borguðu nautakjötsframleiðendur 603 krónur með hverju framleiddu kíló.
- Árið 2020 borguðu nautakjötsframleiðendur 568 krónur með hverju framleiddu kíló.
- Árið 2021 borguðu nautakjöts-

framleiðendur 412 krónur með hverju framleiddu kíló.

Varlega áætlað er að á árinu 2022 hafi nautakjötsframleiðendur greitt a.m.k. 500 krónur með hverju kíló af framleiddu nautakjöti, þrátt fyrir að afurðaverð hafi hækkað og viðbótarfjármagn hafi komið í formi áburðarstuðnings og í gegnum spretthóp matvælaráðherra.

Þar sem að rúmlega 3.000 tonn af nautakjöti voru framleidd á árinu 2022, þýðir það að nautakjötsframleiðendur greiddu rúmlega 1,5 milljarða með framleiðslu sinni það árið.

Þessari stöðu þarf að bregðast við strax. Við höfum góðar aðstæður hér á landi til að framleiða það nautakjöt sem við þurfum hér innanlands.

Það verður því að skapa nautakjötsframleiðslunni ásætlanleg starfsumhverfi og tryggja að þeir sem hana stunda hafi viðunandi afkomu.

Rekstur kúabúa fer hallandi

Samkvæmt skýrslu RML um rekstur kúabúa fyrir árin 2019-2021 kemur fram að framlegðarstig afurðatekna hafi lækkað frá árinu 2019, úr 53,5% niður í 51,8% árið 2021, þrátt fyrir að hagnaður búanna hafi aukist. Bendir það til þess að íslenskir mjólkurframleiðendur séu farnir að vinna utan búis í auknum mæli til að ná endum saman í rekstrinum. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að á árunum 2019-2021 hafi auknar afurðatekjur einfaldlega ekki náð að halda í hlutfallslega hækkun á aðföngum og aðkeyptri þjónustu, en á tímabilinu hækkuðu afurðatekjur um 9,3% en á sama tíma hækkaði breytilegi kostnaðurinn um 13,3% og annar kostnaður um 7,1%.

Á árinu 2022 og það sem af er ári 2023 hafa aðfangahækkanir haldið áfram og hafa hækkanir á áburði, kjarnfóðri, olíu o.fl., hlaupið á tugum prósent. Staða mjólkurframleiðenda hefur því síst batnað.

Í skýrslu RML kemur einnig fram að heildarskuldir þáttökubúanna hafi verið tæplega 122 milljónir krónur að meðaltali fyrir hvert bú í lok árs 2021. Frá miðju ári 2021 hafa stýrivextir hækkað úr 1% í 7,5%, en þessi hækkun hefur þó ekki farið öll út í vaxtakjör bankanna. Ef við gefum okkur að vaxtakjör búanna í rekstrarskýrslunni hafi hækkað um 5% þá hafa vaxtagreiðslur hækkað um 6,1 milljón á ári, eða um 17 krónur á hvern lítra. Frá 1. desember 2021 hefur afurðastöðvaverð til bænda hækkað um 20 krónur. Það er því ljóst að mikið vantar upp á til að afurðatekjur haldi í við þær hækkanir sem bændur hafa orðið fyrir. Á skuldsettustu búnum dugar hækkinin á afurðaverði því ekki fyrir hækkin á vaxtaliðnum einum, og þá eru eftir allar aðrar hækkanir.

Aukin framleiðsla, minni stuðningur

Frá aldamótum hafa íslenskir mjólkurframleiðendur brugðist við aukinni eftirspurn mjólkur með auknum framförum í afköstum og framleitt mjólk upp í heildargreiðslumark sem er í dag 149 milljónir lítra en var 100 milljónir lítra árið 2000. Á sama tíma hefur heildar ríkisstuðningur við nautgriparektina lækkað um þrjú milljarða, sbr. mynd hér að neðan. Stuðningsgreiðslur á hvern lítra hafa þannig lækkað úr 103 kr./ltr. niður í 49,8 kr./ltr. sé gert ráð fyrir því að heildarstuðningur nautgriparektarinnar deilist allur á greiðslumark hvers árs, en það gerir hann í raun ekki og dreifist einnig á allt nautakjöt sem framleitt er hér á landi. Þessu til viðbótar hafa tollkvótar verið auknir og sú tollvernd sem er til staðar hrundið að raunvirði.

Endurskoðun búvörusamninga

Nú er endurskoðun búvörusamninga hafin. Það er nauðsynlegt að stjórnvöld setji auknið fjármagn í búvörusamninga til að tryggja framleiðslu og til að bæta afkomu bænda. Viðunandi afkoma er forsenda þess að greinin geti þróast áfram, og bændur geti haldið áfram að framleiða gæðaafurðir við góðan aðbúnað. Trygg afkoma og fyrirsjáanleiki er einnig forsenda þess að tryggja nýliðun. Nú þarf að snúa þróuninni við og efla innlenda landbúnaðarframleiðslu og um leið að efla fæðuöryggi þjóðarinnar. Samhliða verjum við þau fjölmörgu afleiddu störf sem landbúnaðurinn skapar. Ef stjórnvöldum er alvara í að efla fæðuöryggi þá er tækifæri til þess núna, í endurskoðun búvörusamninga.

Rafn Bergsson,
formaður búgreinadeildar
nautgripabænda hjá BÍ.

LAUSNIR Á LAGER

Landsliðið í dælum

Eldsneytis- og efnadælur, tunnudælur, mælar, slöngur og fylgihlutir.



LANDVÉLAR | SMÍÐJUVEGI 66 | 580 5800 | LANDVELAR.IS

LANDVÉLAR

Næsta Bændablaðið kemur út 11. maí
Skráðið smáauglýsingar á www.bbl.is

SERRALUX

Gróðurhús og yndisreitir í miklu úrvali

Sérstyrkt fyrir íslenskar aðstæður - 24 ára reynsla á Íslandi



Lágafell
verslun og byggingar

LÁGAFELL VERSLUN OG BYGGINGAR EHF
VÖLUTEIGUR 4, 270 MOSFELLSBÆR
WWW.LAGAFELLVERSLUN.IS
846 7014 – 895 4152

Lágafell verslun og byggingar
Gróðurhús og Garðhús

Bændageð:

Á ég að byrja eða hætta?

Óneitanlega fylgja því fjölbreyttar tilfinningar að byrja í nýju starfi. Langoftast er það viss tilhlökkun að takast á við ný verkefni og nýjar áskoranir sem fylgir starfanum en rannsóknir hafa þó sýnt fram á að með nýju starfi geti jafnframt fylgt streita og einnig hjá þeim sem eru að ljúka starfsferli sínum eða hætta í starfi.



Halla Eiríksdóttir.

Fyrir því eru margar ástæður. Að hefja rekstur er eitt og sér stórt viðfangsefni sem snýr ekki einungis að fjármálum heldur einnig þekkingu á því lagaumhverfi sem unnið er eftir. Við það bætist þörf á þekkingu í meðferð búfjár, jarðræktun, fóduröflun og meðhöndlun á tækjum og búnaði. Þeir sem hefja rekstur eru jafnframt að hefja störf sem framtíðarstjórnendur og þurfa sem slíkir að mæta sýbrætilegum áskorunum og að vera vel á sig komnir líkamlega og andlega. Til að kóróna háan streitustuðul þá er heimilið yfirleitt staðsett á vinnustaðnum þannig að viðkomandi er nær alltaf í vinnunni.

Kúltúr á vinnustað

Líkt og á öðrum vinnustöðum er vinnustaðamenning og stjórnunarstíllar í landbúnaði mjög mismunandi sem mótast yfirleitt af reynslu og menntun. Vinnumenning okkar er samsett af hegðun, gildum, viðhorfum og samskiptum sem viðkomandi hefur ýmist lært af öðrum eða tekið upp frá sinni menntun í greininni. Þetta þekkja flestir sem vinna verkhaefð störf sem geta lýst sér í viðhorfum eins og „við gerum svona hér“, þó svo að forsendan sé ekki þekkt. Á sama vinnustað eru oft ólíkar kynslóðir, með ólík viðhorf og afstöðu til vinnu sem brýnt er fyrir samstarfsfólk og stjórnendur að gera sér grein fyrir og einnig þeim annmörkum sem geta fylgt þessum breytileika.

Hér á landi eru um 9.000 störf tengd landbúnaði. Þetta er vinnuafli sem er samsett að meginhluta af karlmönnum á miðjum aldri, þar sem starfanum fylgir oft líkamlegt erfiði sem krefst viðveru nær alla daga ársins. Ef þetta er yfirfært á stöðuna í dag spannar samsetning bænda kynslóðir sem hafa eins og sagt er mismunandi stjórnunarstíll. Elsti hópurinn, 60–80 ára, var alinn upp af

kynslóð sem þekkti ekki annað en að lífið væri vinna og aðhylltist mikla formfestu. Þessi kynslóð dregur dóm af þeim lærdómi og er mjög vinnusamt og þekkt fyrir að ganga mjög nærri sér í vinnu. Þetta er kynslóð sem er jafnvel ekki viljugt til að sleppa tókunum til þeirra sem yngri eru. Aldurshópurinn 30–60 ára er fjölmennastur en ólíkur þeim eldri, sýnir meira sjálfstæði, fylgir ekki ráðum forfeðra og vilja gera hlutina á sinn hátt. Og það sem munar mestu að þau eru ekki jafn reiðubúin að fórnara talsvert ólíkt eldri kynslóðum. Að lokum er það yngsta fólkið. Þeim er eðlislægt að vinna í hópi og breytingar eru hluti af eðlilegu lífi. Þetta er kynslóð sem býr yfir fjölbreyttari menntun og meiri tæknifærni og mun væntanlega leiða atvinnuveginum í framtíðinni.

Enginn er fæddur í starfið

Paulreyndur og farsæll kúabóndi hafði það á orði að honum þætti best að ráða til sín fólk sem sýndi vinnusemi, frumkvæði og væri fyrst og fremst skemmtilegt. Þeir aðilar væru mun móttækilegri fyrir leiðbeiningum og kæmu með jákvætt viðhorf til starfssins sem er afar mikilvægt því enginn er fæddur í nokkurt starf. Að þessu sögðu er ljóst að stjórnunarstíllar geta verið mjög ólíkir og sem dæmi um það er hvernig fólk er sagt til þegar það hefur störf.

Það er mikill munur á því að kenna fólk með því að henda þeim í djúpu laugina og troða marvaðann og láta fólk sjálft um að bjarga sér eða vera með bæði munnlegar og skriflegar leiðbeiningar um hvernig á að vinna verkin. En þetta er á hnotskurn dæmi um viðhorf fólks til vinnu og afstöðu þeirra sem stjórna. Stjórnun getur reynst mörgum erfitt verkefni og að skipuleggja eigin vinnu, og á sama tíma verið frábær samstarfsfélagi. Að stýra og stjórna fyrirtæki er ekki meðfæddur hæfileiki heldur þarf hver og einn að læra það til að ná sem farsælustum rekstri. Það ætti að vera eðlilegur hlutur að þeir sem hætta eða hefja búskap leiti ráðgjafar varðandi svo fjölpætt og oft flókin verkefni sem þessum ákvörðunum fylgir.

Að vera sáttur við sitt hlutskipti og vera stjórnandi í eigin lífi er hluti af góðu geðheilbrigði og farsælu lífi.

Halla Eiríksdóttir,
stjórnarmaður BÍ, hjúkrunarfræðingur og sauðfjárbóndi.

Eflum samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu

Með nokkuð reglulegu millibili sprettur upp umræða um hvernig ganga megi frá íslenskrar matvælaframleiðslu, „íslenskum neytendum til hagsbóta“.



Herdís Magna Gunnarsdóttir.

Helstu tillögur sem hafa heyrst undanfarið eru afnám tollverndar á búvörur og afnám heimildar fyrir afurðstöðvar í mjólkuriðnaði til að starfa saman með það að markmiði að halda niðri kostnaði, heimild sem íslenskur mjólkuriðnaður hefur starfað eftir síðastliðin 20 ár og á grunni hennar náð fram mjög aukinni hagkvæmni í rekstri.

Nokkurs misskilnings virðist gæta í umræðunni um umrædda undanþáguheimild, hún sé jafnvel hið undarlegasta apparat og ýjað að því að þetta sér gjörspillt og séríslenskt fyrirbæri. Hér geri ég undanþáguheimildir afurðastöðva að umræðuefni mínu og vona að það verði einhverjum að gagni.

Íslenska undanþáguheimildin

Íslenskur landbúnaður býr við eina undanþágu frá samkeppnisreglum sem gildir einungis fyrir afurðastöðvar í mjólkuriðnaði. Í 71. grein búvörulaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði veitt undanþága frá ákvæði í samkeppnislögum sem felst í því að þeim er þar gert heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða.

Samkvæmt skýrslu Hagrannsóknasf, um þróun og hagræðingu í mjólkurvinnslu á Íslandi á árunum 2000-2018 hafa hagræðingaradgerðir í íslenskum mjólkuriðnaði, sem umrædd undanþáguheimild gerði afurðastöðvum kleift að ráðast í, skilað ávinningi sem nemur um 2-3 milljörðum króna á ári hverju, sem skilar sér svo til neytenda í lægra vöruverði og bænda í formi herra afurðaverðs.

Mjólkursamsalan er fyrirtæki í eigu íslenskra kúabænda. Fyrirtækið er langstærst afurðastöðva hér á landi en aðrar minni afurðastöðvar líkt og Arna og Bio bú hafa einnig náð að hasla sér völl þó að hlutdeild þeirra á markaði sé minni. Reyndar er það svo að það er margt í íslenska kerfinu eins og það er í dag sem auðveldar nýjum aðilum að koma á fót mjólkurvinnslu. Minni aðilar hafa enga móttöku- og söfnunarskyldu á mjólk, minni aðilar þurfa ekki að tryggja framboð allra vörutegunda allt árið um kring, allar vinnslustöðvar fá hrámjólk á sama opinbera verði frá afurðastöð og þurfa ekki að greiða sérstaklega fyrir flutning að vinnslustöð sinni sama hvar þær eru staðsettar á landinu og til viðbótar gefur Auðhumla, móðurfélag MS, smærri vinnsluáðilum afslátt upp á fyrstu 300 þúsund lítrana sem þær vinna.

Í umræðunni á fólk það til að kalla Mjólkursamsölu RISA á markaði. Kannski hefur þjóðarstoltið gefið nokkurn fyrirséð, Ísland er stórasta land í heimi og allt það. En við skulum aðeins líta á hvernig málum er háttað í nágrannaríkjum okkar.

Erlendar undanþáguheimildir

Samkvæmt skýrslu Lagastofnunar HÍ 2020 um undanþágu frá samkeppnisreglum er varða samstarf búvöruframleiðenda í ljósi



Undanþáguheimildir fyrir fyrirtæki í landbúnaði er að finna víða um heim. Í Michigan í Bandaríkjunum er til að mynda ostagerð starfrækt sameiginlega af þremur stórfyrirtækjum.

Mynd / Glanbia

EES/ESB-réttar segir að víðtækar undanþágu gildi fyrir framleiðendur landbúnaðarvara í Noregi og innan ESB. Í norsku landbúnaðarstefnunni er lögð áhersla á að samkeppnishæfni framleiðenda landbúnaðararfurða verði meiri starfi þeir í stórum rekstrareiningum. Í ESB hefur landbúnaðarstefnan forgangsáhrif gagnvart samkeppnisreglum og framkvæmdastjórn ESB leggur mikla áherslu á stækkun rekstrareininga.

Ef við lítum til fyrirkomulags á Norðurlöndunum má sjá að svipað kerfi þekkt þar. Í Danmörku er fyrirtækið Arla með um 80% af allri unninni mjólk, en Mammen mejerierne er næst stærst með tæp 3%. Í Finnlandi er Valio með um 75% af unninni mjólk, Arla er næst stærst með tæp 9%. Í Noregi er TINE langstærsti aðilinn á markaði og var lengi vel eini aðilinn. Í dag sér fyrirtækið um söfnun og dreifingu u.þ.b. 95% allrar framleiddrar mjólkur í landinu og árið 2016 framleiddi fyrirtækið um 80% af öllum mjólkurvörum í Noregi. Í Svíþjóð er Arla stærsta fyrirtækið og er umfang þess um 60% af mjólkurmarkaðinum.

Til að átta okkur betur á stærðarmun mjólkurframleiðslu landanna þá framleiddi danskir kúabændur (skv. International Dairy Federation) um 5,7 milljónir tonna af mjólk árið 2021 og sænskir kúabændur framleiddu um 2,7 milljónir tonn. Íslenskir kúabændur framleiddu um 153 þúsund tonn af mjólk sama ár.

Ef við horfum út fyrir landamæri Evrópu er augljóst að undanþáguheimildir fyrir fyrirtæki í landbúnaði er að finna annars staðar í hinum stóra heimi. Í Michigan í Bandaríkjunum er til að mynda ostagerð starfrækt sameiginlega af þremur stórfyrirtækjum. Þessi mjólkurvinnsla vinnur mjólkurafurðir úr um 1,3 milljörðum lítra af mjólk á ári hverju eða tæplega nifaldri heildarársframleiðslu íslenskra kúabænda. Meðal eiganda afurðastöðvarinnar er samvinnufyrirtæki Dairy Farmers of America sem er stærsta mjólkur-vinnslufyrirtæki í heimi með um 3,4% markaðshlutdeild á heimsvísu.

Mjólkursamsalan er í raun agnarsmátt það í samanburði við stór mjólkurvinnslufyrirtæki landanna sem ég nefni hér að ofan. Íslenskir kúabændur eru í beinni samkeppni við þessa aðila og fleiri og eykst sú samkeppni ár frá ári. Árið 2022 var hlutfall innflutnings 12,5% af sölu innlendra osta. Í magni hefur innflutningur osta aukist um 459 tonn frá árinu 2016, þegar sala innfluttra osta var 5,1% af markaðnum. Hlutfall erlendra osta hefur þannig rúmlega tvöfaldast frá 2016. Þó ekki sé nema bara í ljósi þróunar á samkeppnisumhverfinu er nauðsynlegt fyrir okkur að glata ekki þeirri stærðarhagkvæmni sem við þó höfum náð undanfarin ár og áratugi.

Í ljósi þessa er erfitt að skilja umræðu um að afnema einu íslensku undanþáguheimildina frá

samkeppnisreglum og brjóta upp stórar rekstrareiningar, þveröfugt við það sem þekkt og stefnt er að innan ESB.

Þrjú skref að minni samkeppni

Það er torskiljanlegt að þeir aðilar sem berjast hvað harðast gegn undanþáguheimildum fyrir íslenskan landbúnað eru oft þeir sömu og tala fyrir inngöngu í ESB, þar sem mun víðtækari undanþáguheimildir frá samkeppnisreglum gilda en hér á landi. Í þennan kokteil blandast svo áhugi þessara sömu aðila á að afnema þá fáu verndartolla sem eftir eru fyrir íslenskan landbúnað.

Sé lokamarkmiðið að veikja samkeppnishæfni innlendrar matvælaframleiðslu þá er þetta þó auðvitað skothelt plan: Skref 1; afnema verndartolla, skref 2; koma í veg fyrir að íslenskur landbúnaður búi við sama regluverk og þekktist í helstu samkeppnislöndum og skref 3; afnema einu undanþáguheimildina fyrir íslenskan landbúnað sem fyrirfinnst í íslensku regluverki.

Þannig munum við í raun sjá samkeppni á íslenskum markaði minnka, þegar innlend framleiðsla verður komin úr kælum matvöruverslana og innflutningsaðilar verða einir um markaðinn.

Gerum innlendan landbúnað samkeppnishæfari

Við höfum nú þegar fengið smjörþefinn af afleiðingum minni tollverndar í íslenskrar nautakjötfremleiðslu. Frá árinu 2018 hefur tollkvóti fyrir nautakjöt frá ESB sjöfaldast í magni, en tollkvóti er tiltekið magn vöru sem hegt er að flytja inn til landsins án allra tolla. Á sama tíma hefur útboðsverð á tollkvótunum lækkað um 28% sé tekið tillit til verðlagsbreytinga. Hefur þetta engu skilað til neytenda skv. upplýsingum Hagstofunnar, raunar hækkaði verð á nautakjöti og á sama tíma lækkaði afurðaverð til bænda. Bænda sem eru nú margir hverjir að gefast upp og við erum farin að sjá aukinn skort á íslensku nautakjöti og þar með minna úrval fyrir neytendur.

Erlendis búa afurðastöðvar við undanþáguheimildir sem gera þeim kleift að ná aukinni framlegð og hagkvæmni í kjötvinnslu. Stjórnvöld alls staðar í kringum okkur átta sig á mikilvægi þess að veita landbúnaðinum þetta aukna svigrúm. Skynsamlegast væri að horfa til þess að veita svipaðar undanþágu fyrir kjötafurðastöðvar hér og þekktist í í ESB og Noregi, frekar en að ganga frá greininni hérlendis með afnámi tolla og almennri þröngsýni.

Í stað þess að leggja til að taka skref afturábak og afnema einu undanþáguheimild landbúnaðarins frá samkeppnislögum í íslenskum lögum eigum við að taka skref fram á við og efla samkeppnishæfni innlends landbúnaðar.

Herdís Magna Gunnarsdóttir
varaformaður BÍ.

Bændageð

Nýtt myndband á baendaged.bondi.is

Umfjöllunarefni: Askoranir þess að byrja og hætta í búskap - Kristín Linda

Jónsdóttir, fyrrum bóndi og sálfræðingur



Launagreiðslugeta sauðfjárbúa er óásættanleg


Árið 2022 stóð íslenskur landbúnaður frammi fyrir miklum áskorunum vegna gífurlegrar hækkunar á framleiðslukostnaði.



Trausti Hjálmarsson.

Þessi staða var ekkert einsdæmi á Íslandi. Stjórnvöld hér á landi, líkt og um allan heim, komu til móts við bændur með auknum stuðningi. Enda hverri sjálfstæðri þjóð mikilvægt að standa vörð um matvælaframleiðslu og þau störf sem henni tengjast.

Þrátt fyrir aðgerðir á síðasta ári er því miður ekki hægt að segja að betur líti út með rekstur sauðfjárbúa árið 2023. Viðbótarstuðningur stjórnvalda á síðasta ári var einskiptis aðgerð. Á síðasta ári hækkaði afurðaverð til bændu um 35%. Sú hækking gerði lítið annað en að leiðrétta, fordæmalaust hrun afurðaverðs á árunum 2016-2017. Verðhækkningar á helstu rekstrarvörum hafa aðeins gengið til baka að litlu leyti. Í sumum tilvikum hækkað enn frekar. Það er því áfram vert að hafa áhyggjur af afkomu þeirra sem stunda sauðfjárbúskap. Frá haustinu 2016 hefur framleiðsla á dillakjöti dregist saman um 20%. Farið úr 9.283 tonn niður í 7.408 tonn. Verði ekki brugðist við mun enn aukast á samdrátt í greininni.



Mynd / Jón Eiríksson.

Í greiningu Bændasamtaka Íslands á afkomu sauðfjárbændu árið 2023 er, að óbreyttu, gert ráð fyrir því að það vanti um 400-600 kr/kg dillakjöts í tekjur til að reksturinn skili ásættanlegri afkomu og standi undir eðlilegri launagreiðslugetu. Gert er ráð fyrir því að rekstrar-kostnaður sauðfjárbúa hækki um 5% milli ára. Munar þar mestu um hækkingu fjármagnskostnaðar og aðkeypt vinnuafli. Stórir rekstrarliðir eins og áburður, fóður, olía og plast eru nær óbreyttir milli ára.



Sauðfjárrækt á Íslandi byggir, líkt og aðrar búgreinar, á Búvöru-

lögum sem ramma inn það samkomulag sem stjórnvöld og bændur hafa gert um starfsskiyrði landbúnaðarins. Markmið þess samkomulags er að tryggja innlenda framleiðslu á landbúnaðarvörum og um leið skapa bændum viðunandi afkomu. Nú er í gangi endurskoðun á búvörusamningum. Í þeirri vinnu verður að horfa til þess hvort þessum grunnmarkmiðum Búvörulega sé náð.

Það felast mikil verðmæti í þeirri þekkingu og framleiðslugetu sem sauðfjárræktin býr yfir. Með samdrætti í greininni tapast þessi verðmæti. Á sama tíma og unnið er að því að skapa sauðfjárrækt viðunandi rekstrarskiyrði má ekki gleyma að kröfur samfélagsins til landbúnaðar hafa breyst. Verkefni landbúnaðarins snýr ekki eingöngu að framleiðslu hefðbundinna afurða. Landbúnaðurinn gegnir einnig mikilvægu hlutverki á sviði umhverfis-, loftslags- og byggðamála. Öllum þessum hlutverkum þarf landbúnaðurinn að sinna. En á sama tíma verður að tryggja þeim sem stunda landbúnað afkomu í samræmi við aðrar stéttir þessa lands. Þar þarf að byrja og þar liggur grunnur að farsælli lausn allra verkefna landbúnaðarins –

Tryggjum bændum sanngjörn laun fyrir sín störf.

Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbændu.



Vegna tilnefninga til ræktunarbús ársins

Búgreinadeild hrossabændu Bændasamtaka Íslands vill koma á framfæri að á Búgreinapingi Hrossabændu 2023 var samþykkt að forsenda tilnefningar til ræktunarbús ársins miðist við fulla félagsaðild í Bændasamtökunum fyrir 1. maí ár hvert.

Ekki er gerður greinarmunur á hvort ræktandi sé persóna eða skráð kennitala fyrirtækis. Aðrar forsendur fyrir tilnefningu eru óbreyttar.

Stjórn Búgreinadeildar hrossabændu

ER ALLT Í LACI HJÁ PÉR?

Eldvarnateppið er ómissandi í eldhúsinu

[ELDVARNAR] bandalagið

KÄRCHER

Hreinsibúnaður og vélar

PGG rafstöðvar

NT ryksugur

rafver.is - S: 581 2333 - rafver@rafver.is

SKÓGRÆKT



Stofn og lauf á álmi.

Myndir/ Pétur Halldórsson

Álmur (*Ulmus glabra*)

Árið 2020 mældist álmur í Múlakoti í Fljótshlíð 20,54 metrar á hæð. Þar með bættist hann í flokk þeirra trjáttegunda sem náð hafa tuttugu metra hæð hérlendis.

Þær eru nú tíu og nefnast í stafrófsröð alaskaösp, álmur, blágreni, degli, evrópulerki, fjallapínur, rauðgreni, rússalerki, sitkagreni og stafafura.

Fáeinir tegundir í viðbót nálgast tuttugu metra markið, skógarfura, hengibirki, gráelri, bláelri og askur.

Álmur er samheiti nokkurra tuga lauftrjáttegunda af álmættkvíslinni sem vaxa víða um norðurhvel jarðar, allt frá norðurheimskautsbaug og suður fyrir miðbaug. Þetta eru tré sem gjarnan geta orðið 30-40 metra há eða meira. Það sem við köllum í daglegu tali álm er sú tegund sem hefur fræðiheitið *Ulmus glabra*, er algengasta álmtegundin í norðvesturhluta Evrópu og sú eina sem hefur þrífist hérlendis. Á höfuðborgarsvæðinu eru myndarleg álmtré sem sennilega eru af dönskum uppruna. Þau geta orðið að tignarlegum trjám en eru kalsækin og henta einkum sunnanlands. Hingað hefur einnig borist álmur frá Beiarn á 67° norðurbreiddar í Noregi. Hann er fullkomlega harðger en seinvaxinn og oft kraklóttur. Slíkt getur sumum jafnvel þótt kostur frekar en galli svo sem í garðrækt eða við götur og torg þar sem er mikilvægast að trén séu hraust og þrífist en síður að þau verði mjög stór.

Hér er komin tegund sem gefa mætti meiri gaum hérlendis, ekki síst hin norðlægu kvæmi frá Noregi. Álmtré eru yfirleitt einstofna tré með breiða, regnhlífarlaga krónu sem gefur þeim einkennandi svip, svo þau þekkjast gjarnan langar leiðir, hvort sem er í skógi eða gördum. Haustlitir eru fallega gulir. Álmur er áhugaverð tegund til að auka fjölbreytni og prýða umhverfið því hann brýtur upp einsleit form innan um aðrar trjáttegundir með sínu hvelfda krónuformi.

Tegundin hefur verið reynd víða um land og reynst vel á jafnvel ólíklegum stöðum þar sem næðir um hana, svo fremi hún búi við nægan raka og frjósaman jarðveg. Hérlendis vex álmur fremur hægt en örugglega ef hann verður ekki fyrir áföllum, svo sem kali eða snjóbroti.

Styrkleiki álms er ekki síst gott vindþol tegundarinnar sem sannarlega er þakkarvert hérlendis, ekki síst í þéttbýlisgördum. Vert væri að huga meira að ræktun álms í þéttbýli, jafnvel sem götutré. Laufið á álminum er þétt í sér og þóli þannig vindbarning mun betur en sumar aðrar tegundir, svo sem alaskaösp. Þá þóli álmur allvel saltákomu af sjó og sömuleiðis loftmengun. Annar meginstyrkleiki álms er viðurinn



Álmur er hentugt garðtré.

sem hefur verið eftirsóttur til smíða enda fallegur og oft með fallega brúnan kjarna, en líka bæði léttur og sterkur. Á sjöunda og áttunda áratugum voru til dæmis innihurðir, innréttingar og jafnvel veggja- og loftaklæðningar í íslenskum húsum gjarnan spónlagðar með svokölluðum gullálmi, ljósgullnum víði úr tilteknu blendingsyrki álms, *Ulmus x hollandica* 'Wredei'.

Alkunn er álmsýkin, sveppsjúkdómur sem barker- bjöllur bera milli trjána og þurrkaði álm að miklu leyti út í Evrópu á seinni hluta síðustu aldar. Álmsýki olli líka miklum skaða vestanhafs og á Nýja-Sjálandi. Illa hefur gengið að finna kvæmi eða einstaklinga af evrópskum álmi með mótstöðuafli gegn álmsýki. Hins vegar hefur tekist að rækta fram yrki, bæði í Evrópu og Norður-Ameríku, sem sögð eru þola sjúkdóminn, m.a. með því að sækja erfðafæni í asískar álmtegundir með náttúrulega vörn gegn sýki þessari. Nú er komið nokkurt úrval af slíkum yrkjum í ræktun bæði austan hafs og vestan, þar á meðal blendingar við evrópska álminn. Hægt gengur þó að auka vinsældir tegundarinnar á ný, sennilega vegna þess slæma orðs sem álmurinn fékk á sig þegar trén drápuð unnvörpum á síðustu öld, ekki síst glæsileg götutré sem víða settu mikinn svip á evrópskar borgir.

Hingað til lands hefur álmsýki ekki borist og ekki heldur aðrar helstu óvæur sem herja á tegundina, ef undanskilin er álmlús. Hún getur farið illa með lauf trjána þegar líður á sumarið og spillt útliti þeirra en er ekki skaðleg að öðru leyti. Rífstegundir eru millihýsill álmlúsar og því er óráðlegt að rækta rífs í nágrenni við álmtré.

Ef rétt er staðið að ræktun álms ætti þessi tegund að geta í auknum mæli prýtt götur og torg íslenskra þéttbýlisstaða en líka verið til yndisauka og aukinnar fjölbreytni í gördum og skógum landsins.

Pétur Halldórsson.

Á FAGLEGUM NÓTUM



CFIT kerfið reiknar út þunga kúa og fylgist með áti þeirra.

Fagþing dönsku nautgripa-ræktarinnar 2023

– Þriðji hluti

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com




Hið árlega og einkar áhugaverða danska fagþing nautgripa-ræktarinnar, Kvægkongres, var haldið í lok febrúar sl. og líkt og undanfarið áratug voru þar flutt ótal erindi sem eiga mörg hver erindi við íslenska bændur.

Fagþingið, sem er í senn bæði ársfundur félagsamtaka danskra nautgripabænda og fagfundur helsta vísindafólks í greininni, stóð í tvo daga og var skipt upp í 12 málstofur með 67 erindum. Í þessari grein verður gripið niður í nokkur erindi sem voru flutt í málstofunum um dýraheilbrigði og -velferð og nýtingu.

7. Dýraheilbrigði og -velferð

Í málstofunni voru flutt fimm erindi og sneri eitt þeirra m.a. að því hvers vegna fjölonæmar bakteríur eru að verða stærra og umfangsmeira vandamál en verið hefur. Skýringin á því er nánast hömlulaus og röng notkun á sýklalyfjum í fjölmörgum löndum, bæði í landbúnaði en ekki síður í almennri heilbrigðisþjónustu. Þannig er t.d. aðgengi að slíkum lyfjum víða þannig að fólk getur einfaldlega keypt þau í næsta apóteki án lyfseðils.



Flemming skipti of sjaldan um bursta í mjaltapjónunum.

Þetta leiðir bæði til ofnotkunar og rangrar notkunar og bakteríurnar þróast þá samhliða slíkri notkun, aðlagast og þannig geta þróast afbrigði sem eru hreinlega ónám fyrir lyfjameðferð. Þetta er auðvitað grafalvarlegt og getur valdið stórtjóni ef ekki verður brugðist við og/eða ný lyf koma fram sem ráða við þessar breyttu bakteríur.

Um þetta fjallaði erindi lækisins Ute Wolff Sönksen og dýralæknisins Øystein Angen.


Þeir sögðu í erindi sínu að þó svo að mörg lönd, svo sem Ísland og Noregur, hafi náð verulega góðri stjórn á notkun sýklalyfja, þá sé áhyggjuefni hve hömlulaus notkunin er í mörgum öðrum löndum. Hinar breyttu bakteríur spyrja ekki um landamæri og geta því hæglega dreift sér um allan heim m.a. með bæði ferðamönnum og matvælum og komið sér þannig fyrir á nýjum stað með tilheyrandi vandamálum.

Fram kom í erindi þeirra að talið sé að 1,3 milljón manns hafi látist af völdum fjölonæmra baktería í heiminum árið 2019 og þessi fjöldi vaxi ár frá ári.

Þó svo að þeir félagar hafi í raun hrósað dönskum landbúnaði, og þá sérstaklega kúabændum, fyrir ábyrga notkun sýklalyfja, þá lögðu þeir áherslu á að allir þurfi að vera á varðbergi og fylgja í einu og öllu þeim leiðbeiningum sem gefnar eru varðandi notkun sýklalyfja. Þá væri mikilvægt að passa vel upp á að stöðva mögulegar smitleiðir á búum, svo draga megi úr líkum á því að óheppilegar bakteríur dreifi sér. Hér vegur þyngst að huga að hreinlæti og passa upp á að rjúfa mögulegar smitleiðir inn á búin, s.s. tryggja að aðkomandi bílar eða einstaklingar beri ekki með sér smit.

Frumuhátt mjaltapjónabú

Annað áhugavert erindi í þessari málstofu var reynslusaga danska



Fjölonæmar bakteríur eru vaxandi vandamál víða um heim. Myndin sýnir hlutfall sumra tegunda baktería sem eru ónám fyrir sýklalyfjum.

kúabóndans Flemming Søndergaard, en erindið flutti hann ásamt mjólkurgæðaráðgjafanum Michael Lyrhøj Mortensen.

Flemming er með 200 svart-skjölddóttar kúr, með orkuleiðrétt meðalnyt upp á 13.200 kg og fjóra Lely A3 mjaltapjóna. Kúabúið var með nokkuð stöðugt frumutöluvandamál og hún oftast í kringum 280 þúsund í ml. Hann var orðinn þreyttur á þessu, enda fá danskir bændur herra verð fyrir mjólk sem er að jafnaði með færri frumur í ml en 200 þúsund, auk þess sem alþekkt samhengi er á milli aukinnar hagkvæmni og lægri frumutölu vegna aukinnar framleiðslu og færri kostnaðarsamra meðhöndlana. Flemming fékk Michael með sér í lið og fyrsta verkefnið var að „skrifborðsgreina“ búið, þ.e. skoða fyrirbyggjandi gögn og rýna í þau.

Gagnarýnið sýndi skýrt að ungu kýrnar voru síður með frumutöluvandareði eins og oft er og ágerðist vandamálið eftir því sem kýrnar höfðu verið lengur í fjósinu. Aureus sýkingar voru algengar en einnig Ubersis og Dysgalactia en þessar bakteríur ollu um helmingi allra jógurbólguþilfella. Vegna eðlis Aureus baktería lá beinast við að skoða smitvarnir við mjaltapjónana og vegna tíðni Dysgalactia mátti einnig ætla að mjaltapjónarnir meðhöndluðu spenana ekki af nærgætni eða rétt við og eftir mjaltir. Þá bentu Ubersis sýkingarnar til þess að hreinlæti í fjósinu væri ábótavant. Þetta mátti allt greina án þess að stíga fæti inn í fjósið!

Þegar í fjósið var komið lagði Michael strax áherslu á að skoða spenana vel og sá fljótt að spenaendarnir litu að jafnaði ekki vel út, þ.e. margir útdregnir. Þetta bendir alltaf til þess að mjaltirnar séu rangar og oft er skýringin sú að kýrnar selja ekki nógu vel. Það sýndu mælingar Michael einnig en margar kýr lögðu ekki niður mjólkina nógu vel í upphafi mjalta. Það gerir mjaltirnar lengri og það verður auk þess of mikill undirþrýstingur við spenaendana, vegna lítills flæðis mjólkur, sem veldur því að þeir dragast út. Auk þess mat hann þrífnað mjaltapjónanna ekki nógu góðan, þvottaburstar þeirra voru of slitnir og kýrnar heldur óhreinar þegar þær komu í mjaltir. Allt þetta hafði áhrif á tíðni smita af völdum framangreindra baktería.

Það var því farið í það að auka undirburðinn í básunum, svo kýrnar yrðu hreinni og fara yfir stillingar á innréttingum svo kýrnar myndu liggja rétt í básunum. Þá var tíðni útskiptinga á þvottaburstum aukin og þvottatími burstanna á spenum var aukinn til að auðvelda kúnum að leggja niður mjólkina.

Þá var skipt um spenasprey og yfir í tegund sem mýkti húðina,

sett var upp staðlað þrifaskipulag á mjaltapjónunum og fleira var gert til þess að koma í veg fyrir að bakteríur gætu smitað jafn auðveldlega og áður. Niðurstæða þessarar vinnu, og breytinga á vinnulagi, skilaði sér í því að í dag er búið með að jafnaði 130 þúsund frumur í ml.

8. Nýting

Góð nýting á aðföngum, tækni, gripum, vinnutíma og fleiru er hverju kúabúi mikilvægt og þessi málstofa kom inn á þetta efni. Í málstofunni var m.a. fjallað um fjölbreytt aðgengi kúabænda að hrati frá hinum og þessum framleiðslufyrirtækjum, hrati sem hægt væri að nýta sem ódýrt fóður fyrir nautgrip. Þá var talað um nýtingu á gefnum steinefnum, nýtingu á landi o.fl. en það erindi sem e.t.v. á best við íslenskar aðstæður var það sem fjallaði um nýja tækni við mat á áti og þunga kúa. Þessi tækni kallast CFIT, sem stendur fyrir Cattle Feed InTake, og samanstendur af þrívíðum myndavélum sem komið er fyrir í fjósum. Þessar myndavélar taka myndir af kúnum og sér forrit um að reikna út þunga þeirra. Þá fylgist kerfið með áttíðni hverrar kýr og getur þannig gefið mikilvægar upplýsingar sem hægt er að keyra saman við önnur gögn um kúna s.s. afurðasemi til þess að finna hagkvæmstu gripina.

Það er einmitt megintilgangur CFIT, að finna hagkvæma einstaklinga fyrir áframhaldandi ræktun, enda er kerfið þróað af norræna ræktunarsambandinu Viking Genetics með það í huga að finna gripa sem nýta fóðrið sem best.

Kerfið er enn í prófun og þróun en fyrstu niðurstöður lofa góðu um framhaldið. Þannig hafa vísindamenn Viking Genetics komist að því að gögnin má nota til þess að bæta bústjórn búanna og kerfið kemur t.d. upp um slakt fóður en þá éta kýrnar minna sem kerfið nær að mæla. Þá benda fyrstu niðurstöður til þess að nota megi upplýsingarnar til þess að finna kýr sem þurfi athygli s.s. vegna beiðslis eða sjúkdóma svo dæmi sé tekið.

Mjög áhugavert kerfi sem er þó enn í þróun en Viking Genetics hefur þó gefið út að stefnt sé að því að bústjórnarhugbúnaður fyrir CFIT verði tilbúinn til nota fyrir bændur árið 2026.

Í þeim þremur greinum sem nú hafa verið birtar í Bændablaðinu um danska fagþingið í ár hefur hvorki verið fjallað um allar málstofur, né heldur öll erindi í þeim málstofum sem þó hefur verið gripið niður í og því er áhugasömum lesendum bent á að svo til öll erindi danska fagþingsins eru aðgengileg á vefnum www.tilmeld.dk.

Búfjáreigendur í Kjósarhreppi athugið.


Eigendur jarðanna Hvammsvíkur, Hvamms, Háls, Neðri Háls, Laxárnaess, Fells, Eyrar og Káraness í Kjósarhreppi. **Vekja hér með athygli búfjáreigenda að ekki er heimilt að beita búfé á þessum jörðum nema með leyfi jarðareigenda.**

Verði ágangur búfjár annara en landeigenda á þessum jörðum verður leitað atbeina sveitarstjórnar, eða eftir atvikum lögreglu, til að smala ágangsbúfénaði þangað sem það á að vera á kostnað eigenda þess. Sbr. 33. gr. laga nr.6/1986.

Er búfjáreigendum bent á beita búfé sínu í þeirra heimalöndum eða annarsstaðar sem þeir hafa heimild til að beita því.

Kjósarhreppur apríl 2023 - Landeigendur

POTTASTÝRING



SJÁLFVIRK POTTASTÝRING MEÐ SNERTISKJÁ OG VEFVIÐMÓTI

Hitatækni

Smíðjuvegur 10, 200 Kópavogur - hitataekni.is - Sími 588 6070

Rafmögnuð gæði




Leiðrétting

Í 4. tölublaði Bændablaðsins í ár fjallaði undirritaður um einkar áhugaverða ársskýrslu IFCN fyrir árið 2021, en fyrir mistök var titill hinnar ensku töflu, sem með greininni fylgdi, ranglega þýddur þannig að upplýsingarnar úr töflunni urðu ekki réttar og þar af leiðandi hluti af umfjöllun í texta. Biðst velvirðingar á því. Taflan, sem er hér í rétttri mynd, sýnir annars vegar helstu mjólkurframleiðslulönd heimsins raðað eftir framleiddu mjólkurmagni og hins vegar raðað upp eftir því mjólkurmagni sem skilar sér í afurðastöðvar viðkomandi lands. Hér sést vel hve gríðarlega mikill munur er á milli landa þegar horft er til uppbygginga á afurðastöðva- og sölukerfum. /SS

Númer	Land	Magn framleiddrar orkuleiðréttar mjólkur milljarðar kg.	Númer	Land	Magn innveginna orkuleiðréttar mjólkur milljarðar kg.
1	Indland	236,8	1	Bandaríkin	101,0
2	Bandaríkin	101,6	2	Indland	40,6
3	Pakistan	50,1	3	Kína	32,3
4	Kína	34,8	4	Þýskaland	31,7
5	Brasilía	34,1	5	Nýja-Sjáland	25,1
6	Þýskaland	33,1	6	Brasilía	24,7
7	Nýja-Sjáland	25,1	7	Frakkland	24,4
8	Frakkland	24,9	8	Rússland	19,1
9	Tyrkland	19,8	9	Bretland	15,6
10	Rússland	19,1	10	Holland	15,0

KLETTUR



Af nautum og erfðamati

Nú er búið að keyra erfðamat í nokkur skipti og kynbóta-/erfðamat er nú uppfært því sem næst mánaðarlega í Huppu. Þetta þýðir að einkunnir einstakra gripa taka örur breytingum en þegar matið var keyrt 3-4 sinnum á ári. Það fylgir því ávallt nokkur spennan þegar gripir fá sitt fyrsta mat.



Guðmundur Jóhannesson.

Nautin sem hafa verið í notkun á undanförunum vikum skarta erfðamati og nokkur þeirra einnig afkvæmadómi. Það liggur í hlutarins eðli að öruggasta matið er á þeim nautum sem hafa bæði arfgreiningu og afkvæmadóm og það á við um nautin fædd 2017. Þau nautanna sem yngri eru hafa erfðamat þar sem öryggið er nánast það sama og á nauti sem nýlökkið hefur afkvæmaprófun.

Stóra breytingin sem varð í haust þegar innleiðing erfðamengisúrvals hófst er sú að nú keyrum við ekki kynbótaskipulagið lengur með reyndum og óreyndum nautum. Þau naut sem eru í notkun núna er öll „reynd“ að því leyti að mat þeirra byggir á ætterni og arfgreiningum. Það þýðir að mat þeirra er nægilega öruggt til þess að setja þau í notkun án þess að fram hafi farið afkvæmaprófun. Á sama tíma var skipt yfir í að val og kaup nautkálfa á Nautastöðina á Hesti byggir alfarið á arfgreiningum. Með þeim hætti á að vera tryggt að sá hópur sem þangað kemur til kynbóta í íslenska kúastofninum er eins góður og kostur er, þetta er og verður rjóminn af nautum landsins.

Úr því minnst er á rjóma, þá erum við nú í þeirri stöðu að úr þeim nautum sem fædd voru 2018-2022 fleytum við rjómann. Þá á ég við að við tökum eingöngu til nota allra bestu nautin úr þessum árgöngum enda sést það glögg á þeim nautum sem til boða standa að þarna fara engir meðaljónar. Allt eru þetta naut sem hafa til að skarta einkunnum sem hingað til hafa þótt nauksfeðrum sæmandi. Nú er nautunum ekki lengur skipt í nauksfeður og kýrfeður.

Öll naut sem í notkun eru geta orðið nauksfeður. Þetta er rétt að hafa í huga og tilkynna um nautkálfa undan góðum og hátt metnum kúm og ekki síður efnilegum kvígum sem vonir eru bundnar við. Hver veit nema að kálfurinn sem fæddist í nótt eða morgun hafi til að bera flesta þá kosti sem við sækjumst eftir, það gæti verið nýr Kaðall, Birtingur, Sjarmi, Jörfi, Kvóti, Marmari, Banani eða Óðinn sem stendur hjá móður sinni í burðarstúnni. Þá er um að gera að hafa samband við okkur hjá RML, kanna hvort ekki sé áhugi fyrir kálfinum og saman tökum við ákvörðun um hvort taka eigi sýni úr gripnum.

Þarna gildir ekki hógværdin, ekki hugsa sem svo að það verði aldrei tekið naut á stöð frá búinu. Það er enginn erfðafræðilegur munur milli búa þannig að í hverju einasta fjósi landsins geta leynst gullmolar og því fleiri gripir sem við höfum úr að velja, því betra. Vinnulagið er þá þannig að kálfurinn fær DNA-merki í eyrað, merkið er sett í til þess gerðan plastpoka merktan forgangssýni og sent. Sýnið fer þá í forgang í greiningu og að lokinni greiningu er keyrt erfðamat sem gefur til kynna hvaða eiginleikum kálfurinn býr yfir. Þá er tekin ákvörðun um hvort hann verður keyptur til kynbóta að Hesti eður ei.



Kvóti 19042 frá Ytri-Tjörnum í Eyjafirði, sonur Sjarma 12090 og dóttursonur Úlla 10089.



Óðinn 21002 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi er undan Kláusi 14031 og móðurfaðir er Úlli 10089.



Kaldi 21020 frá Hraunhálsi í Helgafellssveit er undan Risa 15014 og móðurfaðir er Foss 09042.

Plastpokarnir sem ég minnst á eru sérmerktir og ráðunautar RML eru þessa dagana að dreifa þeim samhliða kúaskoðunum.

Þá er einnig hægt að fá á starfsstöðvum RML á Hvanneyri, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.

Nóg um það að sinni, nú er rétt að líta aðeins á nautin sem eru í notkun. Í kútum frjótækna eru nú 17 naut, hvert öðru betra.

Faðerni þeirra er dreift þannig að menn hafi sem breiðastan grunn til þess að velja úr og geti forðast þörun mjög skyldra gripa eins og kostur er. Hér á eftir fer stutt umfjöllun um þá í aldersröð.

Búkki 17031 frá Lundi í Lundarreykjadal er Dropasonur 10077 og móðurfaðir er Bolti 09021. Eins og ætternið bendir til gefur Búkki stórar og háfættar kýr en hans meginstyrkur liggur í úrvalsgóðri júgurgerð. Helsti gallinn eru fremur stuttir og grannir spenar. Heildareinkunn 108.

Ós 17034 frá Espihóli í Eyjafirði er undan Úlla 10089 og móðurfaðir er Kambur 06022. Kostir Óss eru miklir, mjólkurlagni dætra, úrvalsgóð júgurgerð og góðar mjaltir en gallinn er lág efnahlutföll í mjólk. Heildareinkunn 109.

Títan 17036 frá Káranesi í Kjós er sonur Úranusar 10081 og móðurfaðir er Dynjandi 06024. Títan er öflugt naut sem skartar góðri júgurgerð dætra ásamt frábærum mjóltum og úrvalsgóðu skapi. Galla er fáa eða mjög litla að finna í dætrahópnum. Heildareinkunn 108.

Kollur 18039 frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum er Skallasonur 11023 og móðurfaðir er Flóki 13020.

Þarna er á ferðinni naut sem á að gefa miklar mjólkurkýr með góða júgur- og spenagerð og frábært skap. Gallar ættu að verða litlir sem engir og þá helst að efnahlutföll í mjólk muni liggja um meðallag. Heildareinkunn 110.

Tindur 19025 frá Hvanneyri í Andakíl er sonur Sjarma 12090 og móðurfaðir er Klettur 08030. Dætur Tinds verða að öllum líkindum fádæma mjólkurlagnar kýr með góða júgurgerð, úrvalsgóðar mjaltir og gott skap. Helstu gallar á þeim gætu orðið efnahlutföll í mjólk undir meðallagi og að þær verði í lágfættari kantinum. Heildareinkunn 112.

Skáldi 19036 frá Skáldsstöðum í Eyjafirði er undan Bárði 13027 og móðurfaðir er Klettur 08030. Þarna er fer enn eitt úrvalsnautið sem skartar væntingum um mjólkurlagnar kýr með góða júgurgerð, mjög góðar mjaltir og sélega gott skap. Eini gallinn á þeim verður líklega lágt próteinhlutfall í mjólk. Heildareinkunn 109.

Kvóti 19042 frá Ytri-Tjörnum í Eyjafirði, sonur Sjarma 12090 og dóttursonur Úlla 10089, kom til notkunar í haust með miklum glæsibrag. Hann skartar geysigóðu afurðamati, hefur til að bera mikla júgurhreysti og mjög góðar mjaltir og skap.

Helstu gallar eru að júgurgerð virðist um meðallag og rétt er að hafa í huga að spenar eru nettir. Fyrir áhugamenn um liti er Kvóti án efa spennandi en hann var dökkkolóttur með gráar yrjur og erfir því líklega frá sér gráan lit. Heildareinkunn 115.

Bússi 19066 frá Búvöllum í Aðal-dal er sonur Stera 13057 og móðurfaðir er Dynjandi 06024. Þarna er á ferðinni mikið afurðanaut þar sem saman fara mikil mjólkur- lagni og há efnahlutföll í mjólk.

Spenagerð verður líklega góð en til galla verður að telja að jógurgerð verður um meðallag sem og mjaltir og skap. Heildareinkunn 113.

Bersi 20004 frá Birtingaholti 1 í Hrunamannahreppi er sonur Hálfmána 13022 og móðurfaðir er Baldi 06010. Hér fer afurðanaut, mjög gott mat fyrir mjólkurlagni og efnahlutföll. Jógurgerð verður líklega góð en jógurband þó ekki áberandi. Heildareinkunn 109.

Marmari 20011 frá Glitstöðum í Norðurárdal er undan Jörfa 13011 og móðurfaðir er Bambi 08049. Marmari kom fram á sjónarsviðið í haust með miklum látum enda hefur hann til að bera gott afurðamat og stórgóðu mati fyrir mjaltir og skap.

Eins og hann á kyn til er mat fyrir jógur- og spenagerð sérlega gott. Heildareinkunn 115.

Hengill 20014 frá Klauf í Eyjafirði, sonur Ýmis 13051 og móðurfaðir er Úlli 10089. Hengill sækir sína kosti einkum í jógur- og spenagerð ásamt mjög góðum mjóltum og frábæru skapi.

Afurðagetan verður líklega í góðu meðallagi og fituhlutfall í mjólk heldur neðan meðallags. Heildareinkunn 111.

Banani 20017 frá Vatnsenda í Eyjafirði er sonur Jörfa 13011 og móðurfaðir er Bambi 08049. Banani kom til notkunar í haust eins og stormsveipur. Eins og ætternið segir til um liggja styrkleikar Banana í frábærri jógur- og spenagerð auk þess sem vænta má stórgóðra mjalta og góðs skaps. Heildareinkunn 115.

Keilir 20031 frá Brúnastöðum í Flóa er undan Hálfmána 13022 og móðurfaðir er Bolti 09021. Styrkleika sína sækir Keilir í mjög gott fyrir jógurgerð, mjaltir og skap ásamt því að afurðamat er gott.

Rétt er að benda á að mat fyrir hæð dætra er sérlega hátt, nokkuð sem hann hefur frá afa sínum, Bolta 09021. Heildareinkunn 108.

Garpur 20044 frá Birtingaholti 1 í Hrunamannahreppi er sonur Jörfa 13011 og móðurfaðir er Bambi 08049. Það kemur ekki óvart ef horft er til ætternis að Garpur sækir sína kosti í jógur- og spenagerð en auk þess er mat hans fyrir afurðir, mjaltir og skap mjög gott. Fátt er um galla að segja enda er heildareinkunn 112.

Óðinn 21002 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi er undan Kláusi 14031 og móðurfaðir er Úlli 10089. Þarna fer afurðanaut, mikil mjólkurlagni og hátt fituhlutfall í mjólk. Jógurgerð virðist góð, spenagerð mjög góð og mat fyrir skap er sérlega gott.

Mat um próteinhlutfall í mjólk er hins vegar neðan meðallags. Heildareinkunn 115.

Hákon 21007 frá Skeiðháholti 1 á Skeiðum er sonur Ýmis 13051 og móðurfaðir er Fossdal 10040. Þarna fer naut þar sem vænta má frábærrar jógurgerðar, jógurhreysti, mjalta og skaps.

Spenar aftur á móti stuttir og frekar grannir og afurðageta í góðu meðallagi þar sem próteinhlutfall er í lægri kantinum. Heildareinkunn 109.

Kaldi 21020 frá Hraunhálsi í Helgafellssveit er undan Risa 15014 og móðurfaðir er Foss 09042. Kaldi er yngsta naut sem komið hefur til notkunar fram að þessu án þess að teljast til óreyndra nauta, ekki enn liðin tvö ár frá fæðingu hans.

Kaldi skartar mjög góðu afurðamati ásamt góðu mati um jógur- og spenagerð og skap. Mjaltir verða líklega meðalgóðar og dætur hans ættu að verða stórar og háfættar kúr eins og ætterni hans segir til um. Heildareinkunn 111.

Eins og sjá má af þessari yfirferð er nautakosturinn afbragðsgóður og aldrei hafa eins ung naut verið í fullri notkun. Með því næst fram umtalsverð stytting ættliðabils sem aftur hraðar erfðaframförum verulega.

Þá styttist í að meirihluti íslenska kúastofnsins verði arfgreindur sem aftur styrkir nausmæðravalíð verulega og bætir enn í erfðaframfarirnar. Á næsta ári fara fyrstu kvígurnar, sem tekin voru síni úr eftir að sýnataka varð almenn, að bera. Þar með mun hlutfall mjólkurkúna með erfðamat fara hratt hækkandi í stofninum.

Ég vil beina þeim tilmælum til þeirra sem ekki hafa enn hafið sýnatöku úr kvígum að gera það hið fyrsta. Hér gildir hið fornkefna með að allir taki þátt. Það sama á við um kynbótastarfið í heild sinni þar sem eitthvert stærsta vandamálið er lítil notkun sæðinga á kvígur.

Þetta leiðir af sér að kynbótastarfið er ekki keyrt á mestu mögulegum afköstum sem aftur dregur úr erfðaframförum og svo veldur þetta ákveðnum vandkvæðum í sæðingastarfsemi.

Með fækkun búa getur sá vandi komið upp að á einstaka svæðum verði fjárhagslegum grunni sæðinganna ógnað ef meginþorri búa á viðkomandi svæði notar ekki sæðingar á kvígur. Það er staða sem við viljum ekki að upp komi.

Ég óska ykkur svo gleðilegs og góðs sumars með þökk fyrir veturinn.

Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur í nautgripærkt.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg
Skiopholt 50b, 105 Reykjavík



Síberíu lerki

Lerki@lerki.is S:845 2525

Pallaefni

Stærð 27mm x 145mm
Lengdir 3m - 4m - 6m

Sending 25. apríl næstum uppseld.
Verð pr. lm. kr. 1.580,-
Kvistalítið úrvalsefni.

MICROLIFT HYBRID BRETTATJAKKAR

Tjakkarnir eru til sýnis hjá PMT Krókhálsi 1

Microlift
material handling e-solution

Nokkrir Microlift Hybrid tjakka með 1,5 og 2,0 tónna lyftigetunni á tilboðsverði

ET15MH Microlift 1500kg burðargeta, 221.400 kr + vsk. (Rafdrifin keyrsla)
ET15MH Microlift 1500kg burðargeta. Stuttir gaflar* 243.000 kr + vsk.

*Stuttir gaflar kom vel út í þrengstu aðstæðum

ET20MH-P 2.000kg burðargeta. 305.100 kr + vsk. (Rafdrifin keyrsla og lyfting)
ET20MH-P-S 2.000kg með tölvuvog 374.400 kr + vsk. (Rafdrifin keyrsla og lyfting)

Góð kaup eru í brettatjakki með vog sé þörf fyrir gaffalvog

Microlift hefur reynst vel hjá Garðyrkjubændum og Fjábændum.
Spyrjið þessa: Halla s. 662 6693 (Gröður), Vignir (Auðnsholt), Dagur 862 1502 (Reiti, Borgarfirði), Bjarki 848 0038 (Breiðaváði, Blönduós), Jón Elvar s. 863 4410 (Prasastöðum, Fljótum).

Hringu í 698 1539 eða sendu tölvupóst á siggi@pmt.is og við sendum þér nánari upplýsingar og Microlift vídeó.

ETNA

EYJALIND Belti og undirvagnshlutir

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR frá Ifor Williams

Ifor Williams Trailers




Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekktu framleiðanda til afgreiðslu **Strax**



Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Skráðið smáauglýsingar á www.bbl.is



Háannatími fram undan í fjárhúsunum

– Burðarhjálp

Við alla aðstoð sem veitt er við burð er gott að hafa í huga að trufla ána sem minnst, fara að öllu með gát, aðstoða hiklaust og ákveðið.

Ef ærin er róleg getur verið einfalt og þægilegt að ganga að henni og hefja aðstoðina. Ef ærin er stýgg er gott að hafa grind og spila hana af. Þannig komum við í veg fyrir að úr verði eltingarleikur sem hefur neikvæð áhrif á burðinn og aðrar ær í kringum hana.

Þegar ærin er orðin róleg getum við athafnað okkur við hjálpina. Það er líka gott að hafa annan til aðstoðar til að halda við ána.

Til að viðhalda sem eðlilegustum gangi burðarins er best að toga einungis þegar ærin hefur hriðir. Svo er það alltaf spurning hvað á að bíða lengi með að aðstoða. Ef lambið er mjög stórt er betra að athuga með að hjálpa ánni fyrir en sína. Sérstaklega með gemlinga þar sem burður er stór. Þá skilar lambið sér ekki alltaf aftur í grindina, þá er mjög mikilvægt að gefa þeim tíma til að víkka á sem eðlilegastan hátt. Ekki slíta lambið út á sem skemmstum tíma! Förun inn í ána, finnum hvernig lambið liggur, smellum vír eða bandi aftur fyrir hnakka og rólega byrjum að mjaka lambinu af stað, höldum ró okkar. Þegar burður er stór og jafnvel mikill hornagardur getur verið gott að snúa hausnum örlítið þannig að annað hornið komi upp í toppinn á grindinni og getur þannig „popað“ út.

Við að rétta úr fótum sem bera ekki rétt er gott að halda um klaufir lambsins til að vernda leg ærinnar. Þá minnkum við líkur á að klaufirnar skrapi ána að innan og rífi hana. Þegar hjálpa þarf ána á síðustu metrunum er gott að hafa í huga að draga þarf lambið út „í réttir röð“ passa að draga ekki fætur alla leið út og sömuleiðis ekki bara höfuðið og skilja fætuna eftir, þá liggur lambið í raun vílaust fyrir framhaldið. Þegar við finnum hausinn smella út úr grindinni er ágætt að staldra eilíftið við, draga andann aðeins djúpt og vanda framhaldið. Þá þarf að muna að rétta úr fótunum og þá er lambið komið í þá stöðu sem við viljum hafa það í til að það renni rétt út.

Ýmis tæki og tól sem gott er að hafa við höndina þegar burðarhjálp er viðhöfð, til dæmis:

- Stífur vír til að koma inn fyrir grind og aftur fyrri hnakka eða eyru lambsins ef aðstoða þarf við að koma lambinu út.
- Sprautu með stuttri slöngu sem hægt er að nota til að koma burðargeli inn fyrir þegar lambið er orðið mjög þurr og lítið legvatn er til staðar.

Vír er auðvelt að þvo og sótt-hreinsa eftir hverja notkun. Einnig er hægt að nota bönd sem eru mjúk og sveigjanleg og auðvelt að smokra inn fyrir ef ærin er þröng. Þá ríður á að vera ekki sparsamur á burðargeli. Mýkja band og eða vír með burðargeli áður en inn er farið. Gott er að sjóða böndin reglulega og sótt-hreinsa eftir notkun.

Þegar afturfótarfæðing á sér stað eru margvíslegar aðferðir og hefur hver sitt lag. Gott er að hafa handklæði við höndina til að ná góðu gripi á lambinu þegar það kemur út því vnt getur verið að toga einungis í fætur því sú hætta er fyrir hendi að lambið verði fyrir skaða. Lambið getur komið afturábak og legið rétt en það getur líka verið á hvolfi (ekki algengt) en gott að hafa það í huga þegar lambið er dregið út hvernig það liggur inni í ánni. Þegar fætunir eru komnir út er mikilvægt að toga örlítið niður til að létta á brjóstskatta lambsins til að auðvelda því útkomuna. Þegar þarna er komið getur verið gott að



Það er gaman þegar allt heppnast vel og niðurstaðan er fallegur ásetningur.

Myndir / GHG

smeygja handklæði á lambið til að ná góðu taki á því. Mikilvægt er að hafa ákveðin og hröð handtök því hætta er fyrir hendi að naflastrengurinn sé slitinn í ferlinu. Varast skal þó að rykkja í lambið og fylgja skal hriðum.

Að snúa ánni á bakið er nokkuð útbreidd aðferð þegar lömbin koma afturábak. Þá er rétt úr afturfótum, ánni síðan varlega velt yfir á hrygginn og lambið þannig dregið út. Gengur hratt fyrir sig og minna álag á lambið. Stundum festast lömbin alveg í restina á hausnum ef hornin eru stór, þá krækjast þau í grindina og þá þarf að sækja fætuna og fá hausinn út. Preifa eftir hornunum og staðsetja í grindina og þannig ná hausnum út. Við þessa aðferð er lágmark að hafa góða aðstoð.

Sé lamb á hvolfi en frampartur þess ber að er best að reyna að snúa lambinu aftur á „réttuna“. Þannig er ekkert annað að gera en að prófa að snúa því til hægri, finnst manni ekkert gerast, er best að skipta um hönd og prófa að snúa því til vinstri. Mikilvægt er að snúa lambinu í þá átt sem það virðist vilja snúa. Ekki þvinga það í átt sem það vill ekki fara í. Þessu ferli er ákaflega vel lýst í myndbandi frá Karólínu og Axel á youtube sem heitir einfaldlega „lamb á hvolfi“.

Þannig er gott að hafa þurr handklæði til staðar til að grípa í bjórinn á lambinu og þannig ná góðu taki á því.

Við höndina er gott að hafa skipulagðan kassa með öllu því sem nota skal helst. Kassi sem inniheldur burðargelið, góðan spotta fyrir burðarhjálp, hreint handklæði. Öll þau tæki og tól sem mest er verið að nota á hverjum degi. Sjá fyrri grein sem birtist í Bændablaðinu.

Við burðarhjálp er hægt að notast við margvíslegar aðferðir og hefur það reynst vel þegar ærin er mjög þröng og eða lambið er komið of langt inn í fæðingurveginum að hækka ána að aftan 10-20 cm og þannig ná að athafna sig betur. Gott getur einnig verið að lyfta ánni í „vinnuhæð“, leggja hana á plötu eða grind upp á garðaböndin, þannig gefst þeim sem er að aðstoða hana gott rými til að athafna sig við hjálpina. Það er stundum heftandi að þurfa að krjúpa á hnjúnum á gólfinu.

Legsnúningur er ekki algengur en kemur þó alltaf fyrir annað slagið. Eitthvað sem hægt er að

laga og bændur geta gert sjálfir með ákveðnum aðferðum. Á myndbandi frá Karólínu með aðstoð dyggra bænda er ákaflega vel lýst hvernig hægt er að vinda ofan af legi og hvernig best er að finna í hvora áttina snúningurinn er. Best er að vera tveir við þetta verk. Hvetjum við bændur til að skoða myndböndin þeirra Karólínu og Axels af kostgæfni, þau eru ákaflega vel unnin og veita mikinn fróðleik.

Að lokum er vert að minnst á að ærnar heilgast venjulega eftir um það bil 1-3 klst. Ef það hins vegar tekur lengri tíma en 10-13 klukkustundir er best að hafa samband við dýralækni. Aldrei skal toga í hildir til að flýta fyrir heilgun, það getur orðið til þess að allt legið komi út á eftir og þá erum við enn verr stödd. Einhverjar ær éta hildirnar og því sér maður þær ekki alltaf.

Best er að lamb fari sem fyrst á spena, broddurinn gefur þeim góða næringu sem heldur líkamshita þeirra stöðugum og einnig er hann fullur af mótrefnum gegn sjúkdómum. Gott er að jöða naflastreng og vera viss um að allt sé í lagi með lambið, hreinsa spena á ánni og þannig minnka líkur á kólísmi. Í leiðinni er gott að taka fyrsta bogann og finna þá hvort ekki sé allt í lagi með júgríð á ánni.

Lömb eru viðkvæmt ungvíði og fylgjast þarf náð með öllum ungu lömbum sem og ánum. Að minnsta kosti þarf að fara eftirlitsferð einu sinni á sólarhring og þannig skoða hvert einasta lamb og allar ær. Að öll lömb sé södd og pattaraleg, ærnar séu búnar að fá nægilegt magn af hreinu vatni og góðan aðgang að fersku fódri. Nauðsynlegt er fyrir lömb að geta komist í var og liggja þau oft undir garða og þarf að líta eftir þeim þó þau virðist liggja í makindum. Á fyrstu sólarhringunum er mikilvægt að tryggja að lömb sem fá einhvern sjúkdóm fái eins fljótt og auðið er meðhöndlun við hæfi. Það getur skipt sköpum að grípa fljótt inn í.

Allir eiga rétt á góðu starti

Að hámarka afkomu sauðfjárbúa hefur sterka fylgni með því að hámarka afurðir. Þegar kemur að sauðburði snýst það fyrst og fremst um að hámarka fjölda lamba til nytja og lágmarka fjölda þeirra lamba sem ekki ná eðlilegum þroska. Ásamt vönduðu eftirliti, burðarhjálp þegar

nauðsyn ber til og góðri umhirðu er skilvirkt verklag við að venja lömb milli áa einn lykilaftur þess að ná árangri á þessu sviði. Með því má fækka þeim lömbum sem ganga undir sem fleirlembingar og eiga á hættu að verða útundan og fækka þeim ám sem ganga fleirlembdar án þess að ráða við það. Þannig jafnast möguleikar lambanna á því að skila sér til nytja með fullnægjandi hætti.

Bændur nota mismunandi aðferðir við að venja undir en eftirfarandi atriði geta haft áhrif á árangur og að vel heppnast með framhald fósturlamb og fóstursystkinis þess.

Öll lömb þurfa nægilegt magn af góðum broddi annars vegar innan við 2 klst. frá fæðingu og hins vegar fyrsta sólarhringinn af lífinu. Miðað er við að hvert lamb fái 200 ml broddmjólkur innan tveggja klukkustunda frá fæðingu og 200 ml/kg lífpunga alls á fyrsta sólarhring. Styrkur broddsins m.t.t. mótefna er mestur strax eftir burð og minnkar svo smám saman eftir því sem frá líður burði. Mótefnaframléiðslan sem slík hættir í raun við burðinn eða mjög fljótlega eftir burðinn en mótefni eru að koma í mjólkinni um það bil fyrsta sólarhringinn. Langalgengast er að bændur noti niðurstöður fósturtalningar sér til aðstoðar við að venja undir og láti þá lamb til einlemba áður en þeirra lamb fæðist. Við þær aðstæður er nauðsynlegt að gæta þess að fósturlambið gangi ekki um of á broddmjólkina áður en eigið lamb kemst á spena. Til dæmis má nýta plástra eða íþróttateip til að loka spenum eða mjólka frá þeim brodd til að gefa þeirra lambi þegar það fæðist. Þetta á ekki síst við þar sem barátta við slefsýki eða aðra sjúkdóma í unglömbum er hörð. Ef vinnufyrirkomulag miðar að því að taka „umfram“ lömb undan og setja á pela þar til þau eru vanin undir þarf að gæta vel að því að þarfir þeirra fyrir brodd, bæði að magni og tímaramma, séu uppfylltar. Það má gera með því að miða við að taka lömbin ekki undan fyrr en að sólarhring liðnum ef móðirin gefur nægan brodd fyrir lömbin sín eða bæta þessum lömbum upp með því að gefa brodd úr pela.

Líffræðilega er best að lamb fái brodd úr eigin móður, næstbest úr á eða ám úr sömu hjörð, þá safnbroddur úr kúm (blandi af broddi úr nokkrum kúm) og lakast, en samt betra en ekkert, er gervibroddur af einhverju tagi.

Til að hámarka þroska lamba er mikilvægt að þau verði aldrei undir á þeim aldri sem vaxtargetan er hvað mest. Samkeppni við öflugra stjúblamb getur orðið erfið og því ágætt að para saman lömb af svipaðri stærð og aldri. Margir bændur taka einlembinga undan og venja tvo fleirlembinga undir í staðinn eða skipta á þörum þannig að t.d. gemsatvlembingar fari undir einlembu og gemlingurinn fái einlembinginn í staðinn. Líklegra er að öflugir einlembingar spjari sig betur á pelafóðrun en litlir fleirlembingar þurfa heldur á umhyggjusamri móður að halda.

Annað sem getur valdið því að fósturlamb verði undir er að móðirin taki lambið ekki vel eða ekki strax. Það er því mikilvægt að vanda til verka við það að venja undir. Það sem skiptir mestu máli í því er að engin tortryggni vakni hjá móðurinni gagnvart fósturlambinu. Ærnar nota fyrst og fremst lyktarskynið til að greina milli lamba og fyrstu 30-60 mínúturnar eftir burð eru ærnar líffræðilega næmar fyrir því að taka inn lyktarprófil lamba sinna.

- Rannsóknir sýna að það er mikilvægt að ærin hnusi og sleiki mikið á þessu tímabili til að hún þekki lömbin vel. Samkvæmt rannsóknum hefur legvatn mikilvægt hlutverk í ferlinu við að tengja saman móður og afkvæmi. Ær laðast frekar að eigin legvatni en legvatni frá annarri á þó ekki sé búið að rannsaka til fulls hvort það er vegna þess að hún finnur lyktina um leið og fæðingin byrjar eða hvort það er henni eðlislægt að þekka eigið legvatn. Það hefur einnig sýnt sig í rannsóknum að það að minnka legvatn í kringum ær minnkar getu þeirra til að gera upp á milli lamba og samkvæmt þeim er ær líklegri til að taka að sér þvegið fósturlamb ef hennar lamb er líka þvegið. Nýting legvatns úr burði fósturmóður eða frá öðrum ám, þvottur beggja lamba og að ýta undir að ær hnusi og sleiki, til dæmis með því að salta yfir lömbin eða baða þau úr létsöltu vatni, eru því allt aðferðir sem nýstast vel við að venja undir. Gæta þarf þess að legvatn sem safnað er upp fúlmi ekki og til þess er söltun, kæling eða frýsting besta aðferðin.

- Að setja lambið undir fósturmóðurina á „réttum“ tíma, til dæmis rétt fyrir fæðingu einlembings út frá niðurstöðu fósturtalningar, auðveldar það ferli ákaflega mikið þar sem lambið er þá komið undir ána þegar hún er móttækileg fyrir því að taka inn lykt lambs sem hún ætlar að eiga.
- Hegðun lambsins skiptir líka máli. Best að þau fari sem fyrst að sjúga, að þau séu óhrædd við fósturmóður sína og leiti í hana þannig að hún hafi greiðan aðgang að því að sleikja þau og hnusa af þeim. Eftir því sem lömb eru yngri þegar þau eru vanin undir því líklegra er að þau sýni þessa hegðun og því mikilvægt að taka lömb til að venja undir eftir aldursröð ef ekki er tækifæri til að færa lömb á milli strax við fæðingu sem er æskilegast og auðveldast.
- Ef ærin sýnir tortryggni gagnvart fósturlambinu er best að grípa strax inn í það og taka lömbin saman þar sem lyktin af þeim getur blandast saman og þau geta sögið samtímis við næsta skipti sem þau sjúga. Ef strax er gripið inn í tekur styttri tíma að venja parið saman þar sem ærnar eru enn þá með vakandi öll líffræðileg viðbrögð varðandi tengsl móður og afkvæmis sem hormón í kringum fæðinguna kveikja. Þau fjara smám saman út fyrsta sólarhringinn.

Þegar lömb eru færð á milli þarf að halda skráningum um það vel



Rólegheitafæðing í burðarstíu.

til haga. Á stórum búum þar sem frjósemi er mikil eða ójöfn geta tilfærslur orðið margar og eru dæmi um að 10-18% lifandi fæddra lamba á einstökum búum fái fósturmóður. Oft og tíðum getur flækjustigið því orðið hátt og mikilvægt að skráningar og utanumhald endurspegli það. Einnig má benda á að þetta eru oft „verðmæt“ lömb í ræktun þar sem þau eru oftast undan frjósmustu ánum. Þar sem margir koma að sauðburðarvinnunni bættist enn við áskorunin af því að allar skráningar skili sér örugglega á miðlægum stað, gjarnan inn í gulu vorbókina eða beint inn í fjárvis.is ef rafrænar skráningar fara fram í rauntíma. Þar sem rafrænar skráningar fara fram í rauntíma er auðvelt að setja fósturmóður eða breyta fósturmóður beint inn í örugga vistun í vorbókinni í Fjárvis en til þess þarf þó nokkra tæknivæðingu. Mæla má með því að hafa tvöfalda skráningu fyrir reglu, til dæmis að skrá bæði hjá blóðmóður og fósturmóður í gulu bókina eða bæði í síma og á töflu sem tekin er mynd af með reglulegum hætti. Þó skráningin gleymist á öðrum staðnum er ólíklegur að hún gleymist á báðum stöðum. Eitt af því sem mögulegt er að nota til að auðvelda utanumhald um lömb sem vanin eru undan er að hafa aukánúmeraröð til að merkja þau strax. Þá er best að geyma saman skráningabók, penna, númer og töng, skrifa aukánúmerið og smella

í lambið um leið og það er tekið undan. Í hitt eyrað fær þá lambið númer inni í númeraröðinni við hlið systkinis ef um það verður að ræða. Þetta á auðvitað sérstaklega við um þau lömb sem eru tekin undan strax og sett á munaðarleysingjameimili þar til tækifæri kemur til að venja þau undir aðra móður.

Gott skipulag borgar sig

Eftirlit og umhirða á sauðburði þarf eftir fremsta megni að fara eftir föstu skipulagi. Það minnkar líkur á að nauðsynleg verk verði útundan eða að eftirlit fari ekki fram tímanlega til að grípa bráðatilfelli sem leiða til affalla. Engin ein regla um skipulag getur hentað öllum búum en hvert bú þarf að setja niður sitt skipulag og allir sem koma að vinnunni þurfa að vera upplýstir um hvert þeirra hlutverk er. Þá þarf skipulag að taka mið af því að uppfylla grunnþarfir bæði manna og dýra fyrir hvíld og fóður. Sem dæmi um það má nefna að láta eftirlitsferðir á einstaklingsstíur fara fram þegar hvort sem er styttest í tilfærslur, þríf eða gjafir en hafa eftir föngum tímabil strax eftir slíkt þar sem ró er á svæðinu sem einstaklingsstíur eru til að tryggja nægilegan áttíma og jórturtíma/hvíld.

Mikilvægt er að sníða vinnuskipulag og skipulag í fjárhúsum saman. Þá er gott að hafa í huga að gönguleiðir séu greiðar og

stuttar til að spara sporin og orkuna í mannskapnum. Stutt þarf að vera og auðvelt að nálgast þau hjálpartæki og tól sem nýtt eru við sauðburð, til dæmis við burðarhjálp, þríf og svo framvegis. Í stórum fjárhúsum er ágætt að hafa fleiri en eitt sett af mest notuðu hlutum. Sömuleiðis má nefna að hafa saman þær ær sem fljótleiga eiga að bera eða báru á svipuðum tíma til að auðvelda eftirlit. Gott er að hafa ákveðið rými, helst þar sem umgangur er mikill, fyrir sjúkkrastíur og stíur til að venja undir þar sem eftirlit þarf að vera enn þá tíðara en reglubundið eftirlit.

Nauðsynlegt er að hafa burðareftirlit með óbornum ám sem ekki eru komnar í virkan burð með að minnsta kosti tveggja klukkustunda fresti skv. spurningakönnun meðal sauðfjárbænda. Þeir bændur sem nefndu þá tíðni voru með minni afföll en þeir sem höfðu lengra á milli eftirlitsferða. Þegar burður er hafinn þarf að þetta eftirlit með því að allt fari eðlilega fram en gæta þess að ær hafi næði þegar allt er eðlilegt þar sem ónæði getur tafið burðinn og gert vandamálaburð úr annars eðlilegum burði.

Eftirlit á fyrstu 36 klst. eftir burð þarf að vera nokkuð þétt. Fyrst þarf að hafa eftirlit með því að lömb hafi komist eðlilega á fætur og á spena helst innan klukkustundar. Næst tekur við eftirlit með því að ærin jafni sig eðlilega eftir burðinn, gangi sér til fódurs og með því að lömb sýni ekki einkenni slefsýki. Misjafnt er eftir eðli og alvarleika slefsýki hversu þétt það eftirlit þarf að vera en víðast þarf það að vera á 3-6 klukkustunda fresti. Þá þarf að athuga hvort lömb eru blaut á höku, löt eða hafa loftþaninn kvið. Í flestum tilfellum koma einkenni slefsýki ekki fram fyrr en eftir 4-6 klst. og hættan er sömuleiðis liðin hjá eftir 1-2 sólarhringa frá burði.

Eftirlit eftir að 36 klst. eru liðnar snýst um aðrar sýkingar eða sjúkdóma hvort sem er lamba eða áa og hvort ær éta vel og hvort framför lamba er eðlileg. Þá má lengja á milli eftirlitsferða en reglubundið eftirlit borgar sig allan tímann sem fé er á húsi og þar til því er sleppt.

*Guðrún Hildur Gunnarsdóttir,
Guðfinna Harpa Árnadóttir, Árni
Brynjar Bragason
og Eyþór Einarsson.*

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

hogballe



SPARIÐ ÁBURÐ MEÐ HÁTÆKNI DREIFURUM

- ✓ GPS stjórnbúnaður og viktarsellur
- ✓ Áratuga reynsla við Íslenskar aðstæður
- ✓ Einn endingarbesti dreifarinn á markaðnum

Margar gerðir á lager



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

LR Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA

Vönduð og fagleg lögmansþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.

Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldprotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl. Yfir 30 ára reynsla af lögmansstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400



Bilanaust

FYRIR FÓLK
Á FERÐINISkoðuðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is

VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

STÓRVERSLUN
BÍLDHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

STÓRVERSLUN
BÆJARHRAUNI 12
220 HAFNARFIRDI
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244



Er þetta ekki flott?



Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæspir, 2-3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.

Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2-3 m (Sælendsaspir, keisaraaspir og iðun). Íslenskt birki 2-3 m.

Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570



Þórarinn Lárusson, f.v. ráðunautur, annaðist sýnatök og mælingar á þurrefni og þúsundkornavigt yfir 20 ára tímabil (1994-2014) á Austurlandi og dæmi um hans útreikninga er að sjá á mynd. Línuritíð er dæmigert fyrir mælingarnar yfir þetta tímabil, óháð árferði, og sýnir niðurstöðu úr sýnum sem tekin voru í fyrrihluta september 2009 en sýnin úr lífrænni ræktun í Vallanesi er að sjá efst á myndinni.

Ræktunarmenning og akuryrkja

Það hafa margir eflaust lesið skýrslu starfshóps um eflingu kornræktar hér á landi af áhuga, enda fróðleg um margt.

En það vakti athygli margra hve hispurlaust er talað fyrir aukinni notkun plöntuvarnarefna (eiturfena) í umræddri skýrslu. Skýrsluhöfundar telja nær útlokad annað en að auka notkun á varnarefnum hér á landi þar sem mikið er undir í kornrækt. Ég leyfi mér að hvetja til endurskoðunar á þeim markmiðum sem fela í sér þaulrækt og efnanotkun til að viðhalda henni, í því annars mikilvæga verkefni að efla kornrækt á Íslandi, því vel er hægt að rækta korn án varnarefna.

Áhrif eiturfena s.s. skordýraeiturs í landbúnaði á lýðheilsu, jarðveg og grunnvatn eru þekkt. Notkun eiturfena í Evrópu lýtur reglum stjórnvalda sem setja viðmið um leyfilegt magn þeirra auk þess sem framleiðendur setja notkunareglur til að standast þau viðmið. Nú er vitað að víða er þessum reglum og viðmiðum ekki fylgt í Evrópu, þetta er vandræðaástand sem ESB er að reyna að sporna gegn. Hvort þessi almenna hegðun af meginlandi Evrópu hafi tilhneigingu til að endurtaka sig hér skal ósagt látið. Evrópa hefur skilgreint „rétt almenninga til að lifa í óeirtruðu umhverfi“, hvorki meira né minna. Aukinn lífrænn landbúnaður er í stefnu sambandsins eitt veigamikilið atriði til að ná því markmiði að draga úr efnanotkun um 50% fyrir árið 2030.

Á málþingi Fagráðs í lífrænum landbúnaði nýverið kom fram hversu mikið er í húfi fyrir mannkynið að varðveita heilbrigði jarðvegs fyrir komandi kynslóðir, s.s. til að sporna gegn áhrifum hlýnandi loftslags en heilbrigður jarðvegur getur bundið mikið kolefni. Meðal fyrirlesara var Austurríkismaðurinn Gerald Dunst, sem er sérfræðingur í jarðgerð og lífkolum. Austurríki er það land sem hvað mestum árangri hefur náð við útbreiðslu lífræns landbúnaðar í Evrópu og gegnir greinin mikilvægu hlutverki þar í landi umhverfislega en einnig til verðmætasköpunar. Fram kom að lífrænnir bændur eru að skila meiri uppskeru þar í landi. Uppskerumagn hér á landi hefur auk þess verið sambærilegt eða meira í lífrænni kornrækt skv. mælingum og samantektum sem gerðar hafa verið. Þórarinn Lárusson, f.v. ráðunautur, annaðist sýnatök og mælingar á þurrefni og þúsundkornavigt yfir 20 ára tímabil (1994-2014)



Eygló Björk Ólafsdóttir.

á Austurlandi og dæmi um hans útreikninga er að sjá á mynd. Línuritíð er dæmigert fyrir mælingarnar yfir þetta tímabil, óháð árferði, og sýnir niðurstöðu úr sýnum sem tekin voru í fyrrihluta september 2009 en sýnin úr lífrænni ræktun í Vallanesi er að sjá efst á myndinni.

Hér á landi eru afköst í lífrænni ræktun oft töluð niður m.a. vegna þess að þar þarf að stunda skiptiræktun (sáðskipti) en gætum sanngirni í þeim samanburði. Lífrænnir bændur fylgja því fyrirkomulagi að færa tegundir á milli spildna eftir takti sem er misjafn eftir tegundum. Í kartöflum ættu að líða 3 ár á milli þess sem þær eru ræktaðar á sama stað. Korn er æskilegt að færa eftir 3 ár. Tegundir af krossblómaætt s.s. repju ætti að færa ár hvert. Þetta þýðir ekki að landið sé ekki í notkun það ár sem er skipt heldur ber að víxla tegundum í ræktun á viðkomandi spildu. Skiptiræktun þýðir því ekki að land sé alfarið tekið „úr framleiðslu“ það ár sem er skipt. Það fer eftir aðstæðum. Bændur í fjölbreyttri lífrænni ræktun hafa því að öllu jöfnu tækifæri til að halda landi nær alltaf „í framleiðslu“. Túnrækt er vissulega hluti af þessu.

Skiptiræktun, sem alltaf hefur talist til góðra búskaparháttá, er grundvallaratriði í lífrænni ræktun sem gerir að verkum að plöntusjúkdómur þrífast síður í jarðveginum og dregur úr þörf á að eitra. Heilbrigði plantna og geta þeirra til að verjast skaðvöldum getur einnig oltið á því að næring í jarðveginum sé fjölbreytt og góð enda fóðraður á lífrænum áburðarefnum. Í hefðbundnum landbúnaði hér á landi virðast sveppasýkingar algengar í kornrækt og þá er gripið til sveppavarnarefna til að kornið leggist ekki og fari forgörðum. Þessi vandamál eru nær óþekkt þeim sem stunda lífræna kornrækt hér á landi.

Losun kolefnis út í andrúmsloftið, hnignandi jarðvegs-gæði, mengun grunnvatns, minni lífræðilegur fjölbreytileiki eru allt raunverulega vandamál sem raunverulega þarf að vinna gegn. Með þaulrækt, tilbúnum áburði og eiturfennotkun er ekki verið að leggja á árárnar í þeirri baráttu.

Eygló Björk Ólafsdóttir, lífrænn ræktandi í Vallanesi.



Kristján Óttar Eymundsson við mælingar á síðsumarsýningu á Hólum.

Hrossarækt:

Skráningar á kynbótasýningar vorsins

Opnað verður á skráningar á kynbótasýningar 4. maí. Skráning og greiðsla fer fram eins og síðustu ár í gegnum heimasíðu RML www.rml.is en á forsíðunni er flýtihnappur sem skráð er í gegnum.



Halla Eygló Sveinsdóttir.

Á forsíðu WorldFengs er einnig hægt að skrá hross til sýningar. Nánari leiðbeiningar varðandi skráningar er að finna á heimasíðu RML. Í meðfylgjandi töflu má sjá hvaða sýningarstaðir eru í boði og lokaskráningardag á hverja sýningu en skráningu þarf að vera lokið á miðnætti þess dags. Ef sýning fyllist lokast sjálfkrafa á sýninguna þó svo skráningarfrestur sé ekki útrunninn. Eigandi/umsjónarmaður hrossins verður þá að velja aðra sýningu. Til að fá aðstoð er hægt að hringja í síma 516-5000, eða senda tölvupóst á netföngin.halla@rml.is og hross@rml.is. Við bendum á að utan dagvinnutíma eru starfsmenn RML ekki til staðar til að svara síma eða tölvupósti og því hvetjum við eigendur/umsjónarmenn hrossa til að skrá tímanlega.

RML áskilur sér rétt til að fækka dögum á sýningum ef skráningar eru færri en búist er við og sameina sýningar ef þess gerist þörf. Sýning verður ekki haldin nema lágmarksfjöldi skráninga náist, sem eru 30 hross.


Hér að ofan má sjá sýningar-áætlun vorsins og hvenær eru síðustu skráningadagar. Allar upplýsingar um röðun niður á daga munu birtast á heimasíðunni www.rml.is, þegar þær eru tilbúnar, sem verður nokkrum dögum fyrir sýningu.

Sýningargjöld og fleira

Verð fyrir fullnaðardóm er 39.350 kr. en fyrir sköpulagsdóm/hæfileikadóm 30.000 kr. Ganga þarf frá greiðslu um leið og hrossið er skráð. Hægt er að greiða með debet- eða kreditkortum, ekki er hægt að greiða með millifærslu. Um leið og hrossið hefur verið skráð og greiðsla framkvæmd, birtist hrossið strax inn á viðkomandi sýningu. Ef það gerist ekki er rétt að kanna hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis við skráninguna.

Aðeins þau hross sem hlotið hafa fullnaðardóm á sama sýningarári er hægt að skrá eingöngu í reiddóm.

Endurgreiðslur á sýningargjöldum koma því aðeins til greina ef forföll eru tilkynnt með tölvupósti fyrir kl.



Á heimasíðu RML er auðvelt að skrá hross til sýningar.

Sýningaráætlun vorsins

Dags.	Staður	Loka skráningadagur
30.5- 02.6	Gaddstaðaflatir, Hella I	föstudagur 19. maí
05.6- 09.6	Víðidal, Reykjavík	föstudagur 26. maí
05.6- 09.6	Gaddstaðaflatir, Hella II	föstudagur 26. maí
12.6- 16.6	Sprettur, Kópavogi	föstudagur 26. maí
12.6- 16.6	Gaddstaðaflatir, Hella III	föstudagur 26. maí
12.6- 16.6	Hólar, Hjaltadal I	föstudagur 26. maí
19.6- 23.6	Brávellir, Selfossi	föstudagur 26. maí
19.6- 23.6	Gaddstaðaflatir, Hella IV	föstudagur 26. maí
19.6- 23.6	Hólar, Hjaltadal II	föstudagur 26. maí

16.00 síðasta virka dag fyrir upphaf sýningarviku á netfangið hross@rml.is. Endurgreitt er 22.500 kr. fyrir hross sem skráð hefur verið í fullnaðardóm og 17.200 kr. fyrir hross sem hefur verið skráð í sköpulags- eða hæfileikadóm. Slasist hross eftir að sýning hefst er sama hlutfall endurgreitt gegn læknavottorði.

Endurgreiðslukrafa vegna slasaðra hrossa þarf að hafa borist fyrir 1. júlí. Skipti knapi út hrossi í sýningu og velji að sýna annað hross en það sem skráð er, ber sá hinn sami fulla ábyrgð gagnvart þeim sem greiddi fyrir plássíð. Greiðsla fyrir það hross sem skipt var út verður notuð til greiðslu á hrossinu sem kom í staðinn.

Minnum á eftirfarandi:

- Ekki er hægt að skrá hryssur eða geldinga til sýningar nema búið sé að taka úr þeim stroksýni til DNA-greiningar og staðfesting á því liggja fyrir í WF.
- Allir stóðhestar verða að vera DNA-greindir svo og foreldrar þeirra.
- Úr öllum stóðhestum fimm vetra og eldri þarf að liggja fyrir í WF að búið sé að taka blóðsýni og röntgenmynda vegna spatts.
- Ekki er hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema þau séu örmerkt.

Ef örmerki finnst ekki í hrossi sem mætir til dóms ber að örmerkja það á staðnum og taka stroksýni úr nös til DNA-greiningar á ætterni, með þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir eiganda/forráðamann. Örmerki og DNA-sýni þurfa ávallt að fylgjast að. Ekki er hægt að skrá hross til sýningar nema ofantaldar kröfur séu uppfylltar og skráning liggja fyrir í WorldFeng.

Hross sem koma inn á sýningu í stað annarra skráðra hrossa, og uppfylla ekki þessi skilyrði, verður vísað frá sýningu strax hjá mælingamanni án undantekninga. Sýningargjald er ekki endurgreitt í slíkum tilfellum.

Ef þess er nokkur kostur þá er fyrir alla aðila farsælust að skrá rétt hross á sýningu strax í upphafi því það einfaldar alla vinnu á sýningarstað. Munum því eftir að taka sýni og röntgenmyndir í tíma.

Nánari upplýsingar um reglur og annað sem viðkemur kynbótasýningum má finna á heimasíðunni www.rml.is eða hringja í síma 516-5000 hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið.hross@rml.is.

Halla Eygló Sveinsdóttir, ráðunautur í hrossarækt.

Uppbygging skýrslu- haldskerfanna

Skýrsluhaldskerfi Bændasamtakanna hafa verið í umsjón og þróun RML frá áramótum 2019-2020 þegar tölvudeild BÍ var sameinuð RML.



Karvel L. Karvelsson.

Sú breyting að forritun, þróun og þjónusta við kerfin séu rekin sem ein heild var mjög jákvætt skref.

Skýrsluhaldskerfin Fjávís, Huppa, Worldfengur, Heiðrún og Jörð eru gagna- lindir sem halda utan um íslensku búfjárfyrir og landupplýsingar. Þau eru þannig grundvöllur fyrir ræktunarstarfi í búfjárrækt og kortlagningu ræktunarlands, en eru jafnframt bústjórnartæki fyrir bændur, mikilvægur hluti greiðslukerfis í landbúnaði og upplýsingaveitur fyrir hið opinbera.

Þetta víðtæka hlutverk skýrsluhaldskerfanna getur verið áskorun þegar kemur að þróun á forritunum og forgangsröðun verkefna. Halda þarf í við hraða þróun í tækni og hugbúnaði, bæði því sem snýr að forritunum sjálfum en ekki síður vegna þess að landbúnaður er á hraðri leið í að verða mjög tæknivædd atvinnugrein.

Á síðustu misserum höfum við verið að bæta verklag og auka á skilvirkni við forritun og þróun. Einnig verið að aðlagða forritin að nútíma forritunarmálum til þess að geta aukið öryggi þeirra en einnig til að auðvelda vinnu við framtíðarþróun. Auðveldara er að mæta kröfum notenda hverju sinni ef hugbúnaðurinn er uppfærður

samkvæmt nýjustu þekkingu. Forritin eru komin mislangt í þessu ferli.

Það er markmið að bændur, notendur kerfisins geti sagt til um hvernig æskilegt sé að kerfin þróist í framtíðinni. Við höfum því hafið vinnu við stefnumörkun og var Fjávís fyrsta forritið sem tekið var fyrir. Gerð var skoðanakönnun meðal notenda Fjávís varðandi þróun á kerfinu. Helstu niðurstöður úr þeirri vinnu voru birtar í síðasta Bændablaði en glögg mál sjá að notendur leggja áherslu á þróun sem lýtur að aukinni snjallvæðingu kerfisins og tengingu við jaðartæki svo sem örmerkjalesara. Það er því hafin vinna við að bregðast við þeim óskum. Stefnt er að því að senda út sambærilegar notendakannanir vegna Huppu og Jörð.is á næstu mánuðum og verða kynningar á þeim niðurstöðum gerðar ljósar á síðum Bændablaðsins.

Verðskrá forritanna hefur ekki fylgt þeim kostnaði sem þarf til þess að viðhalda kerfunum. Sem dæmi hafa notendagjöld vegna Huppu verið um 12 milljónir á ári. Kostnaðurinn hefur hins vegar verið mun hærri og því innkoman engan veginn staðið undir eðlilegu viðhaldi kerfisins. Kúabændum hefur fækkað og því færri sem eru að borga notendagjöld inn í kerfið.

Kerfið er því ekki sjálfbært og ekki útlit fyrir að það breytist nema kúabændum fari að fjölga verulega eða notendagjöld hækkuð.

Þetta á við öll kerfin en þó eru þau misvel fjármögnuð vegna mismunandi fjölda notenda. Hingað til hafa notendagjöldin á ári við forritin verið um 20 þús kr. (aðeins mismunandi á milli forrita) eða

innan við 2 þúsund kr. á mánuði. Notendagjöld á Fjávís, Jörð og Heiðrúnu hafa verið þrepaskipt fram að þessu og þá miðað við búfjárfjölda eða fjölda hektara þannig að ódýrustu notendagjöldin með aðild að BÍ voru innan við 5 þúsund krónur á ári. Nú hefur verðskránni verið breytt þannig að öll þrepin falla út og sama verð er til allra með þeim rökum að kostnaður við kerfin eru alveg þau sömu óháð búfjáreign eða fjölda hektara.

Aðild að Bændasamtökunum veita 30% afslátt af notendagjöldum eins og verið hefur. Sjá verðskrá inn á www.rml.is.

Í allra nánustu framtíð verður gerður mun meiri munur á því sem kallað er lögbundið skýrsluhald þar sem notandi hefur lágmarksaðgang að kerfunum en getur uppfyllt þær kröfur sem stjórnvöld krefjast varðandi hjarðbækur og skil vegna greiðslukerfis.

Í gegnum slíkan aðgang verða ekki þeir möguleikar sem bjóðast þeim sem hafa fullan aðgang. Svo sem hverslags bústjórnunarmöguleikar, tenging jaðartækja, skýrslubirtingar o.s.frv. enda greiða notendur með fullan aðgang fyrir þróun á þeim hluta kerfisins.


Skýrsluhaldskerfin eru verðmæti sem mikilvægt er að hlúa að þannig að þau séu jöfnum höndum gott vinnutæki fyrir bændur og fyrir þá aðila sem nýta gögn úr þeim til dæmis við framkvæmd ræktunarstarfs, vegna umhverfis og loftslagsmála og síðast en ekki síst til þess að halda utan um búfjáreign og þróun á afurðum íslenska búfjársins.

Karvel L. Karvelsson,
framkvæmdastjóri RML

Hágæða vatnshitara

Vörukaup
Tel. 516-2600 | vorukaup@vorukaup.is

CLAGE



Eignatorg kynnr: Lögbýlið Hóll í Firði og Hóll 2, Ísafjarðarbæ.

Um er að ræða jörð á einstaklega fallegum stað með góðum húsakosti. Heimarafstöð sem getur framleitt upp undir 42 kwh. og möguleikar til mun meiri rafmagnsframleiðslu.

Á jörðinni eru m.a. eftirfarandi byggingar:

Íbúðarhús er byggt 1984, 278,5 fm og er á tveimur hæðum.

Aðgengilegt er að hafa tvær sjálfstæðar íbúðir í húsinu, hvor með sérinnangi.

Sumarhús byggt 2007, 59,9 fm.

Fjós byggt 2003, 678,3 fm. er stálgrindarhús með steyptri plötu,

klætt með yleiningum og getur hentað til margs konar starfsemi.

Fjósíð er sambyggt flatgryfju og fjárhúsum og er innangengt á milli þessara húsa.

u.þ.b. 23 mínútna akstur til Ísafjarðar og 14 mínútna akstur á Flateyri.

Óskað er eftir tilboðum í eignina.

Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson búfræðingur og löggiltur fasteignasali í síma 510-3500 / 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg



Hrossabændur - hestamenn!

Vantar hross til slátrunar

Sláturpantanir í síma 480 4100.


Sláturfélag Suðurlands
Selfossi

Músa- og kakkalakkafælar SEM VIRKA



...fæst í öllum betri landbúnaðarverslunum

radarcan®



Nýtt upphaf kornkynbóta

Nýlega undirrituðu Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) og matvælaráðuneytið (MAR) samning um kynbætur á byggi fyrir íslenskar aðstæður.

Samningurinn markar í raun tímamót þar sem hlé hefur verið á kornkynbótum frá því Jónatan Hermannsson kornkynbótamaður fór á eftirlaun. Enn njótum við góðs af því merka starfi og af þeim efnivið sem hann skildi eftir sig. Samtals hafa átta yrki komið úr því verkefni, helst ber að nefna hinn sexraða Smyril og hina tvíraða Kríu. Nýr samningur felur í sér samstarf LbhÍ við Lantmänninn, sænskt fyrirtæki í eigu bænda, sem meðal annars stundar kynbætur á plöntum. Þetta er nýtt samstarf af gömlu meiði.

Lantmänninn og Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA), síðar LbhÍ, áttu í samstarfi um plöntukynbætur og sérstaklega bygg fyrir tilstuðlan Þorsteins Tómassonar, fyrrverandi forstjóra RALA.

Verkefnið byggði á samstarfi við Lars Gradin, fyrrverandi tilraunastjóra og byggkynbótamanns í Lännäs í Norður-Svíþjóð. Sem dæmi má nefna yrkið Judit frá Lars sem hefur lengi verið vinsælt meðal íslenskra bænda. En Lars fór nýverið líka á eftirlaun.

Í ljósi þessara tímamóta var ráðist í að endurskipuleggja kynbótaverkefnið hjá Lantmänninn. Innleitt var erfðamengjaúrval og byggð kynbótahvelfing með stuðningi sænska ríkisins. Vegna hins árangursríka samstarfs gafst okkur tækifæri á að taka þátt í hinu nýja kynbótaverkefni og með fjármagni MAR hafa fyrstu foreldralínurnar úr íslenska byggkynbótaverkefninu verið sendar í kynbótahvelfinguna í Svalöv í Svíþjóð. Þar verða til á bilinu 10-20 þúsund einstaklingar árlega, allir erfðagreindir, sem fá sitt kynbótamat byggt á erfðaspá. Eitt þúsund byggjlinur úr kynbótahvelfingunni munu koma til Íslands strax næsta vor til prófunar og bætingar á erfðaspálfkönum.



Byggjrkjatilraun á Hvanneyri 2022.

Breyttar áherslur verða einnig á eiginleikum og vægi þeirra fyrir íslenska byggið. Uppskera, rúmþyngd og þurrefnishlutfall vega þyngst. Hæð byggs mun einnig fá sinn sess, en það er mitt mat að byggstráid sé of langt við okkar aðstæður. Þess skal samt geta að kornbændur hafa hafnað dvergþöxnum yrkjum. Hin ákjósanlegasta hæð er enn til rökræðu. Mikilvægt er að ná virku samráði við bændur um þessa eiginleika og vægi þeirra í kynbótum. Stofnun fagræðs í jarðrækt með það hlutverk að ræða kynbótamarkmið gæti orðið hinn virki samráðsvettvangur.

Hagkvæmni byggkynbóta fyrir búgreinina eru ótvíráð og skynsöm fjárfesting hins opinbera. Hin nýja tækni mun enn fremur efla erfðaframarar í kynbótum með styttra kynslóðabili og auknu öryggi í úrvali. Akademískur arður af verkefninu er einnig talsverður þar sem norrænt samstarf mun eflast fyrir vikið, staða LbhÍ verður sterkari og aðgengi að alþjóðlegum samkeppnisjóðum mun aukast með tilkomu fastrar fjármögnunar í kynbótum.

Ljóst er að eftirvæntingin er mikil og kröfurnar háar. Vinnan verður strembin og fátt má út af bregða til þess að ná tilætluðum árangri á sem skemmstum tíma. En þetta verkefni framtíðarinnar byggir á traustum grunni. Vegurinn fram undan er beinn og breiður, bundinn slitlagi og af herðum risanna er skyggni gott.

Hrannar Smári Hilmarsson,
tilraunastjóri í jarðrækt hjá
Landbúnaðarháskóla Íslands.



Starfsmenn RML að störfum við ómmælingar á Høystad Angus.

Mynd / I eigu Sveins Eberhard Østmoe

Ráðunautar læra búfjárdóma og ómmælingar holdagripa í Noregi

Norðmenn hafa ræktað Aberdeen Angus í 65 ár og í dag eru þar nærri 1.700 kýr ættbókarskráðar. Samtals eru um 9.800 kýr sem má kalla Angus en til þess þurfa þær að vera a.m.k. 75% Angus.


Norskir bændur hafa stundað markvissa ræktun í fjölda ára og eru útlitsdómar og ómmælingar á bakvöðva notaðir til að velja ásetningsgripi eins og þekktist úr sauðfjárræktinni hérlandis.

Árið 2017 voru Aberdeen Angus fósturvísar fluttir hingað til lands frá Noregi. Síðan þá hefur erfðafni úr þeim verið í dreifingu með sæðingum en einnig hafa verið seldir lifandi gripir og fósturvísar frá einangrunarstöð Nautís. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur fengið fyrirspurnir um dóma og ómmælingar á lifandi gripum sem koma út úr þessari ræktun og því lögðu tveir ráðunautar RML land undir fót og fóru til Noregs að læra meira um ræktunarstarf Norðmanna.

Útlitsdómur svipaður og í mjólkurkúm

Útlitsdómurinn minnir mikið á þann dóm sem notaður er hérlandis á mjólkurkúr. Ákveðnir eiginleikar eru metnir á skalanum 1-9 en breytilegt hvaða gildi er best og er skalinn ólíkur milli kúakynja. Í töflu 1 má sjá hvaða eiginleikar eru dæmdir og hver er besta einkunnin fyrir hvern eiginleika hjá Angus kyninu.

Fætarnir eru undirstaða gripsins og því er lagt mikið upp úr því að þeir séu í lagi. Samkvæmt Kristian Heggelund, ábyrgðarmanni ræktunar hjá TYR, á ekki að nota gripi í ræktun sem skora lágt í eiginleikum fyrir fætur. Ástæðan er sú að það hefur áhrif á endingu gripanna og getu nauta til að stökkva, ásamt getu kúa til að standa undir nautinu við beiðsli. Þá eru staða hækla og halli klaufa mikilvægir eiginleikar sem hafa mikil áhrif á heildarmat og geta



Ditte Clausen. Linda Margrét Gunnarsdóttir.

valdið því að glæsilegur gripur fari ekki í ræktun.

Bakvöðvi er mældur meðfram hryggjasúlunni milli 13. rifbeins og mjaðmarhorns (mynd 1). Þegar komin er mæling á vöðva og fitu spáir hugbúnaður í ómtækinu til um fitusprengingu í vöðvanum. Hjá góðum Angus nautum er æskilegast að hún sé yfir 3%. Fitusprenging hefur mikil áhrif á kjötgæði og er æskilegast að kjötið sé vel fitusprengt því þá er það bragðmeira, safaríkara og meyrara. Hátt arfgengi er á þykkt bakvöðva, fitu og fitusprengingu og því eiginleikar sem gott er að skoða í ræktun.

Kristian sá um skipulag heimsóknarinnar til Noregs og byrjaði ferðin á nautastöðinni Staur skammt utan við Hamar. Þar voru 24 naut sem biðu dóms en alls voru 80 naut af Charolais, Simmental, Hereford, Limosín og Angus kyni í fjósinu. Nautin eru tekin inn á nautastöð við 230 daga aldur og fara í tilraun þar sem vaxtargeta og fóðurnýting er mæld í 147 daga. Í lok tilraunar eru öll nautin byggingarmæld, ómmæld og þeim gefinn útlitsdómur.

Fyrir hvert kyn eru ákveðin viðmiðunargildi fyrir þá eiginleika sem eru skoðaðir, m.a. hæð, brjóstþýpt, breidd mala og ummál pungs. Sé nautið undir viðmiðum við mælingar er það mælt aftur 14 dögum seinna til að tryggja að hann sé nógu þroskaður fyrir sæðistöku. Naut undir viðmiðum eru tekin úr tilrauninni. Eftir dóm og mælingar

á Staur eru sæðingnautin valin en nautin sem ekki fara í sæðistöku eru flest seld á uppboði nema þau sem fá falleinkunn fara í slátrun. Naut sem tekin eru í ræktun þurfa að fá yfir 5 í heildareinkunn og vera innan viðmiða í byggingamælingum. Oft eru það fætarnir á nautunum sem gerir lokaútslagið, en það er lagt mikið upp úr því að fótstaða og halli klaufa séu rétt og nautin hreyfi sig rétt. Annar eiginleiki sem er afar mikilvægur í norska ræktunarstarfinu er skap gripanna. Síni nautin frávik í skapi, séu ógnandi eða hættuleg í hegðun, eru þau ekki sett í ræktun og ef þau eru hættuleg manningum á nautastöðinni eru þau tekin úr tilrauninni. Það gerist þó afar sjaldan. Séu efasemdir um skap eru nautin aterlisprófuð áður en ákvörðunin er tekin.

Heimsókn hjá Høystad Angus

Eftir þjálfun RML starfsmanna á Staur var farið með Kristian að dæma árgömlu naut og kvígur hjá Svein Eberhard Østmoe, eiganda Høystad Angus og formanni Norsk Angus félagsins. Svein er mikill ræktunarmaður og hefur verið öflugur í notkun sæðinga og fósturvísa og má rekja nokkur íslensk Angus naut til hans bús.

Aðstaðan á búinu er einföld með heimagerðri rétt og rekstrarhring að einföldum tókubás (Mynd 2). Gripirnir voru greinilega vanir að fara inn í hringinn og voru þeir allir mjög rólegir. Í mínus 20 stiga frosti undir hálfþaki sáu starfsmenn RML um að ómmæla alla 48 gripina en Kristian sá um útlitsdóminn.

Fita og vöðvi eru ekki mæld á staðnum eins og í lambadómum hér á landi, heldur inni á skrifstofu þar sem niðurstaðan er meðaltal tveggja mynda sem tækið geymir fyrir hvern grip. Þegar dómurinn og mælingarnar eru komin inn í skýrsluhaldsforritið er bændum send

Aðalfundur Ferðapjónustu bænda hf.

Stjórn Ferðapjónustu bænda hf. hefur ákveðið að boða til aðalfundar **fimmtudaginn 11. maí 2023, kl. 10:00.** Fundurinn verður haldinn í Bragganum, Nauthólsvegi 100, 102 Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 15. gr. samþykkt.
2. Tillaga um starfsjarastefnu
3. Tillaga um kaup á eigin bréfum.
4. Önnur mál.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Tilkynnt verður um framboð tveimur sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar á skrifstofu félagsins. Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthófum til sýnis tveimur vikum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 09:30 á fundarstað.

Reykjavík, 26. apríl 2023
Stjórn Ferðapjónustu bænda hf.

	Norsk aberde en Angus						Skrokkur (vægi 24%)						Vöðvafylling (vægi 38%)						Fætur (vægi 28%)						Vægi 10%
	Yfirfla	Stærð	Halli mala	Malalengd	Malabreidd	Beinabygging	Frávíkskóbar	Bógþreidd	Boldýpt	Herbarbreidd	Lend	Lærabreidd	Innri læri	Læradýpt	Lærahold	Staða hækla frá hlið	Halli klaufa	Staðahækla aftan frá	Fótstilling að framan	Klaufsamhverfa	Klaufvegur	Klaufform	Frávíkskóbar	Heildarmat	
Besta einkunn	5	7	7	9	8	3	0	7	9	9	9	8	9	9	9	6	5	8	8	5	6	5	0	9	
Vægi í %	20	15	15	15	15	15	5	12,5	12,5	12,5	12,5	12,5	12,5	12,5	15	15	13	13	13	13	13	5	100		

Dómsskallinn fyrir útlitsdóm er frá 1-9 en 9 er ekki alltaf besta einkunnin. Fyrir Aberdeen Angus raðast besta einkunn fyrir hvern eiginleika og vægi þess í útreikningum á heildarmati eins og sýnt er í töflunni.

skýrsla þar sem gripum eru raðað upp eftir niðurstöðunni frá besta til lélegasta. Ekki er einungis raðað upp eftir ómmælingu og útlitsdómi, heldur teknir með margir þættir s.s. kynbótamat fyrir fæðingarpunga, vaxtarhraði og margt fleira. Allar upplýsingar um gripina koma fram og eru í þessari skýrslu sem er svo aðgengileg öllum í skýrsluhaldinu og notuð varðandi sölu og kaup lífdýra. Sé gripurinn ekki hæfur til undaneldis kemur það skýrt fram á blaðinu hans með rauðum stöfum þannig að það fari ekki fram hjá bóndanum þegar hann velur ásetnings- eða sölugripi.

Búffárdómar á íslenskum Angusgripum

Í framhaldi ferðarinnar til Noregs og þjálfunarinnar sem fór þar fram mun RML bjóða bændum að fá starfsmenn RML til að dæma nautgripi af Angus kyni (minnst 50% Angus). Í fyrstu verður aðeins hægt að fá útlitsdóm á gripum en vonandi verður hægt að bæta við ómmælingum í nánustu framtíð. Gripir þurfa að vera á aldrinum 290-450 dagar þegar þeir eru dæmdir en gott er að miða við um eins árs aldur. Mikilvægt er að hafa aðstöðu í lagi þannig að umhverfi og aðgengi til að dæma gripina sé öruggt. Dómarar hjá RML eru Ditte Clausen og Linda Margrét Gunnarsdóttir. Þau sem hafa áhuga á að fá útlitsdóm á Angusgripi til að auðvelda val á ásetningi eða sölugripum er bent á að hafa samband við Ditte Clausen (ditte@rml.is, s: 5165011).

Ditte Clausen og Linda Margrét Gunnarsdóttir



Heimasmíðuð aðstaða til meðhöndlunar gripa. Tökubásinn og rekstrarhringur eru undir þaki en annars er aðstaðan opin.

Sérniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT
FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Allar almennar bílavíðgerðir

VELASTILLINGAR VIRAHLUTIR SMURJÓRNISTA PÓSTJÓRNISTA KLÓASTILLINGAR VIÐGERÐIR

UMHVERFISVÆNT VERKSTÆÐI

Viðurkenndur þjónustuaðili

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

Smíðuvegur 68, Kópavogi | Sími 567 1350 | bifkop.is

VÖRU SKEMMA TIL SÖLU

Skaftárhreppur óskar eftir tilboðum í vöruskemmu sem keypt var til notkunar sem sorpflokkunarstöð.

Skemman hefur aldrei verið reist og er seld í því ástandi sem hún er í. Um er að ræða um 540 fm vöruskemmu með gluggum og hurðum, kambstáli og steypustyrktarneti keyptri hjá H. Hauksyni ehf. Skemman verður afhent að lðjuvöllum 10, Kirkjubæjarklaustri. Skaftárhreppur tekur sér rétt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Skemman verður seld með öllu því sem henni tilheyrir ásamt teikningum sem liggja fyrir.

Tilboð berist fyrir 1. maí nk.
Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi á skrifstofu Skaftárhrepps, fyrir 1. maí 2023.
Tilboð skulu merkt: Vöruskemma, ásamt nafni bjóðanda og fullu heimilisfangi.

Nánari upplýsingar
Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri í síma 842 5800.

klaustur.is

Selen fyrir lömb

Chevivit E-Selen/sR

- ◆ Örvar kyngiviðbragðið
- ◆ Getur fyrirbyggt stíuskjögur
- ◆ Stuðlar að auknu ónæmi
- ◆ Getur flýtt fyrir þroska
- ◆ Hraðar efnaskiptum í vöðvum
- ◆ Einstaklega góð upptaka
- ◆ Mjög bragðgott
- ◆ Nákvæm skammtadæla
- ◆ Tilbúið til notkunar

*Flaskan dugur í 100 lömb

Verð 2.390kr

Frekari upplýsingar inn á **WWW.KB.IS**

BÚREKSTRARDEILD
Borgarnes | Sími: 430 5500 | kb@kb.is | www.kb.is

Límtré-Timbureiningar

STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

LESENDARÝNI



Margur verður af aurum api

Er það ekki meira en nóg fyrir íbúa Seyðisfjarðar að takast á við olíumengandi flakið af El Grillo á botni fjarðarins í tæp 80 ár?

Er þá ekki mikið meira en nóg fyrir þau og okkur hin að vinna með áfallið frá því fyrir tveimur árum þegar fjallið nánast hrundi yfir hluta gömlu byggðarinnar, hreif með sér óbætanlegar byggingar og menningarminjar að eilífu? Tárin eru varla þornuð síðan þá þegar annar harmleikur blasir við og nú af mannavöldum. Meðvirkir áhangendur auðvaldsins ætla að lítilsvirða mörk mannlegra þjóninga með því að rústa fagurri ásýnd Seyðisfjarðar með sjókvíum. Hvað varð um vitið? Nei þýðir NEI!

Stavarr Garðarsson,
Búardal.

Efla þarf stöðu landsbyggðar

Nýlega birta Bygðastofnun nýjar mannfjöldatölur um íbúafjölda sveitarfélaga og byggðakjarna og kom þar fram að íbúar á Íslandi eru 387.758 en þar af búa 369.048 (95%) í byggðakjörnum og 18.710 (5%) í dreifbýli.



Anton Guðmundsson.

Á höfuðborgarsvæðinu eru 240.882 íbúar (64% landsmanna) en 135.366 (36%) búa utan höfuðborgarsvæðis. Íbúum landsins fjölgaði um 11.510 (3,1%) á árinu 2022 en mest fjölgun varð á Suðurnesjum (6,7%) og á Suðurlandi (4,2%). Þegar maður rýnir í þessar tölur má sjá að íbúum landsbyggðar fer fækkandi og strumurinn liggur allur á suðvesturhornið, ég tel að það sé mikilvægt að við höldum öllu landinu í byggð og gerum fólki kleift að velja sér búsetu í landinu þar sem það vill búa og stuðla þannig að blómlegri byggð um allt Ísland. Landið er fagurt og frítt og náttúruundrin víðast hvar stórkostleg og það eru í raun forréttindi að búa á landsbyggðinni.

En hvað getum við gert til þess að auka búsetu á landsbyggðinni?

Ég tel að tækifæri landsbyggðarinnar séu í fjórum atriðum, ferðapjónustu, sjávarútvegi, landbúnaði og einnig ætti að færa stofnanir og störf hins opinbera út á land, það er

vel hægt með nútímatekni og störfum án staðsetningar.

Hvað sjávarútveg varðar þá þarf að hugsa það kerfi upp á nýtt, kerfið er búið að missa marks og er að eiga sér stað samþjöppun sem stuðlar að því að aflaheimildir dreifast ekki á byggðir landsins, heilu sveitarfélögin og þorpin lamast. Ég tel að best væri að aflaheimildum væri skipt jafnt á milli sveitarfélaga í landinu. Til að tryggja atvinnu í byggðarkjörnum.

Í landbúnaðinum ríkir alvarleg staða, meðalaldur bænda er 60 ár og fer þeim fækkandi. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum úr matvælaráðuneytinu hefur orðið um fimm prósentu fækkun sauhjár á milli ára, úr tæplega 386 þúsund niður í rúmlega 366 þúsund fjár. Sögulega þykir það nú tíðindum sæta að sauhjár er færri á landinu en mannfjöldi. Staða nautakjötsframleiðslunnar á Íslandi er grafalvarleg. Nú stefnir í að haustið 2024 verði á markaði um 300 tonnum minna af íslensku nautakjöti en síðustu tvö ár.

Það þarf að stóruka framlög til bænda í gegnum búvörusamninga, einnig þarf ríkið að skapa sér nýja stefnu sem snýr að fæðuöryggi í landinu, aðgengi að matvællum sem framleidd eru í landinu fer minnkandi. Setjum landsbyggðina á dagskrá og verndum grunngeildi þjóðarinnar.

Anton Guðmundsson,
oddviti Framsóknar í Suðurnesjabæ og formaður bæjarráðs.

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



Bændur, búalið, ráðherrar og þingmenn, vaknið!

Heimsins brestur hjálparlið

hugur skerst af ergi.

Þegar mest ég þurfti við

þá voru flestir hvergi.

(Friðrik Jónsson)



Guðni Ágústson.

Alvarleg staða blasir við í sveitum landsins. Það er eins og „flestir séu hvergi“. Ögnin núna er skortur á kjöti og mjólk. Og afurðaverði sem ekki stendur undir framleiðslunni. Innflutningur getur dauðrotað íslenska framleiðslu verði ekki gripið til aðgerða. Mikill vandi stöðjar að afkomu sauhjárþænda, ekki mörg augljós bjargráð. Sem landbúnaðarráðherra stóð ég að mikilli hagræðingu í fækkun sláturhúsa og vinnslustöðva í mjólk. Einn bóndinn komst svo að orði: „Ég sker féð mitt frekar í fljótið en að fara í annað sláturhús.“ Hagráðinginn í mjólkinni skilar milljörðum, og fækkun kúabúa í kjölfarið var sársaukafull en mikilvæg og bætti bæði kjör bænda og neytenda. Hagráðinginn skilaði neytendum tveimur milljörðum árlega og bændum einum. Kúabúskapurinn hefur þróast í stærri og færri bú og sýnt er að nýju tæknivæddu fjósin eru farsælur einingar.

Staða landbúnaðarins er samt vond

Staða landbúnaðarins og afkoma bænda í öllum búgreinum er miklu verri en viðurkennt er. Kúabúin berjast í bökkum. Margir kjósa að hætta. Dýrt að byggja upp kúabú í hagkvæmstu stærð vegna þess hversu mikið fé er bundið í nútíma-kúabúum.

Kynslóðaskipti og sala bújarða innan fjölskyldu varla möguleg. Unga fjölskyldan færð í skuldahlekk og þrælubúdir bankanna, og eldra fólkið gengur ósátt frá ævistarfi. Nautabúskapurinn kæfður í fæðingu, nautkálfnar skotnir að húsabaki. Svínakjötið og kjúklingurinn fluttur inn, þó eru þessar afurðir allar framleiddar undir öðrum og meiri gæðakröfum en gerist erlendis.

Stjórnmalamenn þögulir

Stjórnmalamennirnir segja fátt og margan grunar að hagsmunum bænda verði enn fórnad. Með enn frekari lækunum tola í kjarasamningum og lengt skuli í tollanidurfellingu við Úkraínu. Göfugt að hjálpa Úkraínu en það gerir ekki ríkisstjórn og Alþingi á kostnað landbúnaðarins og bænda.

Landbúnaðurinn stendur í sömu sporum og hann gerði um aldamótin síðustu og enn frekar eins og 1942 þegar Ingólfur Jónsson, síðar landbúnaðarráðherra, fór fyrir kjötverðlagsnefnd sem lagði til umbótatillögur fyrir bændastéttina, eða 100% hækkun á afurðaverði. Þá var í stríðinu mannlóti úr sveitunum og afurðaverðið lágt. Nú eru búskaparlok á bæjunum og niðurskurður, næg önnur atvinna. „Betra að vera á bótum en búa,“ segja dugnaðarbændur.

Stórt sláturhús á „Sláturvöllum“

Sauðfjorbændur geta hagrætt með batnandi samgöngum, fækkun sauhjárþænda og ekki síst vegna hins, að slátrunin er mönnuð að miklu leyti um allt land með mannafla sem kemur úr fjarlægum heimsálfum. Er stórt tæknivætt sauhjársláturhús lausn? Það yrði staðsett á „Sláturvöllum“, en svo nefni ég staðarvalið sem bændurnir yrðu að koma sér saman um.

Allir Íslendingar vita að lambakjötið er eitt besta kjöt og mesta villibráð í veröld allri. Sauðfjorbúskapurinn er hryggjarstykkíð í búsetunni hringinn í kringum landið. Enn fremur er mikil nýsköpun möguleg í sveitunum með ferðamönnum. Hrossabúgarðar og ferðamannabýli eru til fyrirmyndar.

Það er eins og menn ekki skilji að framfarir ráðast af nýrri tækni og nýsköpun, þar ættu sveitirar ekki að standa sjávarútveginum að baki. Um 90% af allri fæðu verða til hjá bændum. Vantar hugdirfsku og eða fjármagn? Búsældarlegar sveitir eru unaður ferðamannsins. Niðurníðdar sveitir eru eins og krabbamein í ásýnd landsins. Því er spáð að erlendir ferðamenn verði fimm milljónir innan skamms. Verða matvælin bara flutt inn?

Að reikna og finna lausnir

Reiknimeistarar getu reiknað hagræðinguna af því að koma upp sauhjársláturhúsi af stærðinni 75-80% af öllu



Ísland er vel fallið til landbúnaðar.

Mynd / ghp

sauðfé sem færi þar í gegn. Nú gæti sláturhúsið verið sameign stóru afurðastöðvanna. Því skal ekki trúað að Samkeppniseftirlitið leggist gegn samvinnu um að slátra búfé?

Hins vegar er það mikilvægt að stjórnmalamenn og bændaforystan óski eftir viðræðum við Pál Gunnar Pálsson, bóndasoninn húnvetnska í Samkeppniseftirlitinu, ef sauhjárþænda og búskapurinn á ekki að leggjast af. Hverju myndi hagræðinginn skila til sauhjárþænda og neytenda? Yrðu það upphæðir af svipuðum toga og hagræðinginn í mjólkurframleiðslunni sem skilar þremur milljörðum á ári? Eða kannski enn hærri upphæðir? Svo gætu auðvitað sláturhús eins og Seglbúdir og Fjallalamb starfað áfram við ákveðna sérstöðu.

Hitt reiknidæmið er, hvernig komum við í veg fyrir hrun landbúnaðarins? Hvaða aðgerðir þarf að fara í til að ungt fólk velji sér landbúnað sem sitt framtíðarstarf? Hvernig geta kynslóðaskipti átt sér stað? Hvernig getur unga fólkið staðið undir því að byggja upp?

Nýr bændaflakur?

Það reynir á pólitíkina ef bændur taka sér svipuna í hönd. Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna, spurði hvort hollenska aðferðin að stofna Bændaflokk yrði lausnin hér? Hótun formannsins fékk litla athygli fjölmiðla.

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri minnir á í Bændablaðinu: „Íslensk landbúnaðarframleiðsla er lítil í sniðum og fyrst og fremst ætluð sem örugg fæðuöflun fyrir landið okkar. Í eðli sínu og umgjörð er hún ósamanburðarhæf við erlenda iðnaðarframleiðslu sem ætlað er að afkasta fyrir umfram þörf nærumhverfis.“

Einkaþyrlurnar kæfðu ræðurnar á Búnaðarþingi

Nú tröllrjúður loftlagsmanían umræðunni, mér er sagt að búnaðarþingsfulltrúarnir hafi vart heyrð mannsins mál fyrir einkaþyrlunum á Reykjavíkflugvelli.

Íslenskir bændur bera enga ábyrgð á loftlagsvánni og Ísland er fremst allra landa og fyrirmynd heimsins með yfir 90% af endurnýjanlegri orku. Markmið ESB er víst að komast í 30%.

Þrír ráðherrar hafa verið bændur?

Bændurnir okkar búa við þá ánægjuvög að neytendur vilja að þeir framleiði fyrir sig matvælin; kjötið, mjólkina, mjólkurverurnar og grænmetið. Á þessu þurfa ráðherrarnir að átta sig, því margir þeirra hafa málefni sveitanna á sinni könnu á einn eða annan hátt. Þrír ráðherrar í ríkisstjórninni hafa verið bændur, sá fjórði er skógarbóndi. Ríkisstjórnin ætti að halda vinnufund eina helgi, þar sem bændaforystan, sérfræðingar og reiknimeistarar færu yfir stöðuna.

Þetta er dauðans alvara

Eina leiðin er eins og 1942 að horfa beint fram á veginn, og marka landbúnaðinum og bændum umgjörð og aðstæður til að una glaðir við sitt.

Ísland er vel fallið til landbúnaðar. Öflugur landbúnaður er þýðingarmikill fyrir fæðuöryggi í heimi þar sem aðdráttarleiðir eru ótryggar og eins stöðja ýmsar aðrar ögnir að.

Þróttmikill innlendir landbúnaður er veigamikill þáttur í ferðapjónustu um landið allt og síðast en ekki síst hornsteinn í að varðveita menningu þjóðarinnar.

Guðni Ágústson,
fyrirverandi landbúnaðarráðherra.

Eldvarnir:

Nauðsyn viðvörðunar- búnaðar vegna elds

Skipt getur sköpum um afleiðingar af eldsvoða ef viðeigandi viðvörðunarbúnaður er fyrir hendi.

Þetta á ekki síst við í dreifbýli þar sem viðbragðstími slökkviliðs er lengri en ella. Fyrstu viðbrögð ábúenda á upphafsstigi elds geta ráðið miklu um hversu miklu tjóni hann nær að valda.

Sérstaklega er mikilvægt að hafa viðvörðunarbúnað í gripahúsum. Reyksogskerfi henta vel sem viðvörðunarbúnaður í gripahúsum. Þau eru þannig gerð að einföld röralögn er lögð um húsið. Göt eru boruð á rörin samkvæmt forskrift og þau tengd við dælu sem sagnar loftsynni stöðugt inn í rörin og sendir þau í gegnum rakagildru og ryksíu að reykskynjara í stjórnstöð kerfisins. Verði vart við reyk í loftsyninu gerir stjórnstöðin viðvart með því að setja sírenu í gang eða með því að senda boð í farsíma með aðstoð smáforrits.

Hita- og reykskynjarar

Hita- og reykskynjarar geta hentað sem viðvörðunarkerfi í útihúsum og getur verið gott að hafa báðar



Vigdís Häsler.



Garðar H. Guðjónsson.

gerðir skynjara. Hitaskynjarar eru ekki eins viðkvæmir fyrir ryki og reykskynjarar. Tengja má marga hita- og reykskynjara saman þannig að fari einn í gang gera allir hinir það sömuleiðis. Þannig má tengja reykskynjara í útihúsum við reykskynjara í íbúðarhúsnæði svo fólk fái boð um eld hvort sem fólk er stadd í útihúsum eða á heimilinu, hvort sem er í vöku eða svefni.

WiFi skynjara má tengja við farsíma í gegnum smáforrit og er hægt að tengja marga slíka saman. Komi upp eldur sendir viðkomandi skynjari boð í farsíma, einn eða fleiri. Unnt er að merkja hvern og einn skynjara í forritinu þannig að þegar skynjari sendir boð er strax unnt að staðsetja eldinn. Smáforritið veitir

einnig upplýsingar um hleðslu á rafhlöðum í skynjunum. Skynjarar af þessari gerð henta einkar vel þegar býlið er mannaust.

Rýmingaráætlun

Prófa þarf reykskynjara ekki sjaldnar en árlega. Á markaði eru úðabrusar sem nota má til að prófa reykskynjara sem erfitt er að ná til vegna lofthæðar.

Hringið alltaf í 112 og óskið eftir aðstoð ef elds verður vart. Hafið viðeigandi slökkvibúnað tiltækan og notið hann ef færi gefst en leggið ykkur sjálf eða aðra aldrei í hættu við slökkvistörf.

Nauðsynlegt er að hafa rýmingaráætlun fyrir gripahús, tryggja að rýmingarleiðir séu greiðar og koma búfé út eins fljótt og kostur er.

Vigdís Häsler,
frankvæmdastjóri
Bændasamtaka Íslands,
og
Garðar H. Guðjónsson,
frankvæmdastjóri
Eldvarnabandalagsins.

ERTU KLÁR Í ÆVINTÝRIN?

GOES AODES



GOES X-WOLF 700

NÝTT GOES
HJÓL!



GOES X-WOLF 700
TVEGGJA MANNA
FJÓRHJÓL 4X4

Kynningarverð:
1.690.000 kr
m/vsk



ODES 650, 850, 1000

STYRKUR OG
KRAFTUR!



ODES 650
TVEGGJA MANNA
FJÓRHJÓL 4X4

Verð:
1.690.000 kr
m/vsk

ODES 850
TVEGGJA MANNA
FJÓRHJÓL 4X4

Verð:
1.990.000 kr
m/vsk

ODES 1000
TVEGGJA MANNA
FJÓRHJÓL 4X4

Verð:
2.390.000 kr
m/vsk



aflvelar.is

Öll fjórhjól eru traktorsskráð T3b
Verð geta breyst án fyrirvara

AFLVÉLAR



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Bændablaðið á Instagram & Facebook

MITSUBISHI ELECTRIC
Changes for the Better

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

Varmadætur - Vörukaup ehf

516-2600
vorukaup@vorukaup.is

VÖRUKAUP

BELMAC HAUGSUGUR

BELMAC 7.274 Ltr.
Með sjálfvirkri áfyllingu og
Vökvarótor 3.000.000+vsk

SKESSAN 13.638Ltr
með öllu 9.450.000+vsk

BELMAC 9.564 Ltr.
Með sjálfvirkri áfyllingu og
Vökvarótor 3.920.000+vsk

www.vallarbraut.is

vallarbraut@vallarbraut.is

S-4540050

BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Þjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skýli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.



BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535

LESENDARÝNI

Áhættumat erfðablöndunar

– Hafrannsóknastofnun verður svarað

Þann 9. mars síðastliðinn birtist grein í Bændablaðinu undir heitinu Áhættumat erfðablöndunar útskýrt.



Valdimar Ingi Gunnarsson.

Greinin var eftir Ragnar Jóhannsson, rannsóknastjóra fiskeldis hjá Hafrannsóknastofnun, og var andsvar við grein minni: „Áhættumat erfðablöndunar – hvað næst?“ sem birtist í Bændablaðinu þann 9. febrúar. Málinu var síðan fylgt eftir með fréttatilkynningu á vef Hafrannsóknastofnunar þann 9. mars.

Verður svarað

Ragnari Jóhannssyni er þakkað fyrir að svara grein minni og vekja þannig athygli á málinu. Undirritaður hefur gagnrýnt opinberlega vinnubrögð Hafrannsóknastofnunar er varðar áhættumat erfðablöndunar allt frá árinu 2019. Höfundur á því ekki almennt að venjast að fá andmæli við alvarlegum athugasemdum við áhættumat erfðablöndunar og hér gefst kærkomið tækifæri að koma með andsvar.

Fréttatilkynningu Hafrannsóknastofnunar og grein Ragnars verður svarað líð fyrir líð í ítarlegri rannsóknaskýrslu í sumar. Jafnframt verða birtar greinar í fjölmiðlum um afmarkaða þætti málsins.

Greinar í Bændablaðinu

Á árinu 2020 birti höfundur 13 greinar í Bændablaðinu þar sem farið var yfir annmarkaða áhættumats erfðablöndunar:

- Áhættumat erfðablöndunar – Hver passar upp á íslenska náttúru? 07.05.2020.
- Áhættumat erfðablöndunar – Of fá veiðivötn skilgreind. 20.05.2020.
- Það er búið að lögfesta heimild til erfðablöndunar á villtum íslenskum laxastofnum. 04.06.2020.
- Áhættumat erfðablöndunar og sjálfbærir villtir laxastofnar. 02.07.2020.
- Áhættumat erfðablöndunar og mótvægisáðgerðir. 16.07.2020.
- Áhættumat erfðablöndunar og vöktun laxastofna. 30.07.2020.
- Áhættumat erfðablöndunar og viðbrögð við slyssleppingum. 20.08.2020.
- Áhættumat erfðablöndunar sem íslenska leiðin. 10.09.2020.
- Áhættumat erfðablöndunar í nýju fót keisarans. 24.09.2020.
- Rýniskýrslan og vöktun laxastofna. 08.10.2020.
- Litlu laxastofnanir sem á að fórna. 05.11.2020.
- Litlu laxastofnunum fórnað til að auka framleiðsluheimildir á frjóum eldislaxi. 19.11.2020.
- Litlu laxastofnarnir – Skortur á vöktun og hugsanlegar skaðabótakröfur. 03.12.2020.

Greinarar vöktu athygli og margir höfðu samband og undruðust þau vinnubrögð sem væru viðhöfð í þessu máli.

Samfélagsverkefni gegn spillingu

Í byrjun árs 2022 hóf undirritaður formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og einnig eftir að lögin

voru samþykkt. Sýnileiki og umfang verkefnisins hefur verið að aukast og nú er reglulega sendur tölvupóstur m.a. til alþingismanna og fjölmiðla þar sem upplýst er um framganginn. Eitt af þeim verkefnum sem unnið er að í samfélagsverkefninu er að senda fjölmiðlum leiðbeiningar um afmarkaða þætti málsins og hvetja til faglegrar og vandaðrar rannsóknablaðamennsku. Nokkrum dögum eftir að fréttatilkynningin birtist á vef Hafrannsóknastofnunar sendi höfundur fréttatilkynningu til allra fjölmiðla.

Rannsóknaskýrslur

Umfangsmesta verkefni samfélagsverkefnisins eru skrif á rannsóknaskýrslum sem verða grunnurinn að bókinni Lög um fiskeldi

„Þetta hefur eftirmál“. Nú er lokið við að taka saman eftirfarandi rannsóknaskýrslur sem hægt er að sækja á vef verkefnisins lagareldi.is og einnig á sjvarutvegur.is:

- Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings
- Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings
- Landssamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi
- Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan

Enn þá á eftir að taka saman nokkrar rannsóknaskýrslur sem nú er unnið að. Vegna fréttatilkynningar Hafrannsóknastofnunar var ákveðið að taka einnig saman rannsóknaskýrslu um áhættumat erfðablöndunar.

Rannsóknin

Eftir að áhættumat erfðablöndunar var fyrst gefið út á árinu 2017 hefur það verið endurskoðað einu sinni, þ.e.a.s. á árinu 2020. Þær 13 greinar um áhættumat erfðablöndunar sem birtar voru á árinu 2020 í Bændablaðinu tóku mið af stöðunni á þeim tíma.

Ný endurskoðun á áhættumatinu verður væntanlega birt í vor og jafnframt hefur matvælaráðherra skipað starfshóp sem á að fara yfir þau lög og þær reglur sem gilda um slyssleppingar á Íslandi.

Í fyrirhugaðri rannsóknaskýrslu um áhættumat erfðablöndunar verða m.a. upphaflegar tillögur Hafrannsóknastofnunar skoðaðar, breytingar sem hafa verið gerðar og staða mála samarið 2023.

Ófagleg vinnubrögð

Það er margt athugavert við vinnubrögð sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar er varðar áhættumat erfðablöndunar.

Í umsögn háskólafrófessors við fiskeldisfrumvarpið á árinu 2019 er varðar áhættumatið kemur m.a. fram að „það er jafnframt fráleitt að fela ótilteknum aðilum innan einnar stofnunar alla ábyrgð í þessu máli í þeirri trú að niðurstaðan verði bæði rétt og óhlutlæg“. Próffessorinn tók að vísu fram að hann bæri fullt traust til sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar en það er ekki hægt að segja það sama um höfundur og varðar þá starfsmenn stofnunarinnar sem unnið hafa að áhættumatinu. Því miður verður að segjast að gögnum hefur verið hagrætt, vinnubrögðin ófagleg og óheiðarleg og því full ástæða að veita aðhald í þessu máli eins og gert mun vera í sumar og á næstu árum.

Valdimar Ingi Gunnarsson
sjávarútvegsfræðingur.



Hópur að hlusta á Bruce Darrel sem er með RED gardens í Cloughjordan.

Mynd / Sigríður B. Svavarsdóttir

Eflum auðlegð innan sveitarfélaganna

Helgina 25.-26. mars sl. sóttum við ráðstefnu í vistþorpinu Cloughjordan á Írlandi um landbúnað, fæðuöryggi og eflingu landsbyggðar. Við fórum tvær á vegum samtakanna Landsbyggðin lifi, sem er hreyfing fólks sem vill efla og styrkja byggð um land allt.



Hildur Þórðardóttir.

Mynd / RA

um það. Hvernig tókst þeim að halda í litlu býlin í sveitinni og láta bæjarlífið blómstra sem aldrei fyrr, þrátt fyrir þróun í öfuga átt?

Plessé er eitt af sveitarfélögum í Loire Atlantique sýslu, sem er fjórða stærsta landbúnaðarsvæðið í Frakklandi. Í Plessé búa um 5.000 manns og helsti atvinnuvegurinn er búfjárrækt. Þar eru nú 92 býli á samtals 104 km² landi.

Þegar fyrirséð var að 40% bændanna myndu bregða búi ákvað sveitarstjórnin að taka til sinna ráða. Í stað þess að biða eftir hinu óhjákvæmilega, að fjárfestar keyptu upp jarðir til að sameina í verksmiðjubúskap og íbúar yfirgæfu bæinn fyrir stærri borgir í leit að atvinnu, ákvaðu þeir að búa til sína eigin landbúnaðarstefnu PAAC.

PAAC stendur fyrir *Politique agricole et alimentaire communale*, Samfélagsstefna um landbúnað og mat. Markmiðið var að halda öllum smábýlum á svæðinu starfandi og tryggja að nýir bændur gætu tekið við af þeim sem vildu hætta, ásamt því að tryggja fjölbreytta fæðuöflun á svæðinu. Sett var hámark á söliverð jarðanna, um 1.600 evrur á hektara, sem er um 240 þúsund íslenskar krónur.

Í stefnunni er líka kveðið á um að mötuneyti á svæðinu, bæði opinberra stofnana og fyrirtækja, kaupir mat af bændum á svæðinu. Þetta tryggir bændum ákveðna afkomu. Auk þess er sunnudagsmarkaður þar sem bændur selja íbúum beint. Í bígerð er að stofna verslun í bænum með vörur beint frá býli.

Bændur og íbúar eru jafnframt hvattir til að auka vöruúrvalið

með nýjum afurðum, þótt það sé í smáum stíl, til að halda sem mestu á svæðinu. Það sem einkennir Plessé er að þar eru engin stórbýli, allt smábændur sem blómstra. Bændurnir hafa alla tíð unnið vel saman og stofnað sameignarfélag um stórar landbúnaðarvélur sem þeir nýta sameiginlega og sparar þeim augljóslega mikinn kostnað.

Stefnan skyldar sveitarfélagið til að verja meiri peningum í eigin framleiðslu í stað þess að flytja inn ódýrari verksmiðjuframleiðslu og tapa peningum úr héraði. Þetta eflir bændur í heimabyggð og skilar á endanum meiri tekjum til sveitarfélagsins.

Sett var á fót nefnd með 26 sjálfbodaliðum úr samfélaginu, bæði bændum og neytendum, sem og 12 launuðum fulltrúum til að styðja við bændur og fylgja stefnunni eftir. Þannig fylgja íbúarnir sjálfir PAAC eftir en sveitarfélagið gerir þeim það kleift með opinberri stefnu sinni.

Frá því stefnan var sett árið 2020 blómstrar bærin. Íbúar eru meðvitaðir um að þeir skapi sjálfir eigin framtíð. Þeir eru hjartsýnni á framtíðina og öruggari. Þeir hafa nú tækifæri til að taka þátt í samráðsnefndinni í heimabyggð svo þeir upplifa sig ekki lengur sem fórnarlömb ósanngjarnrar stefnu stjórnvalda.

Næstu átta árin verður hægt að fjármagna kaup á býlum og húsnæði á Loire Atlantique svæðinu þar sem Plessé er, úr tilteknum sjóði fyrir svæðið, *Établissement public foncier de Loire-Atlantique*, sem allir íbúar Frakklands borga skatt í. Sjóðurinn mun gera bæjarfélaginu jafnframt kleift að kaupa upp býli ef engir kaupendur eru fyrir hendi og stofnaður hefur verið „Bæjarlandsbankinn“ til að halda utan um eignarnar sem sveitarfélagið á. Eins og bæjarstjórnin Aurélie Mézière segir: „Við viljum styðja bændur á víðtækan máta, tryggja að nýir taki við af þeim sem hætta, viðhalda þekkingu og ekki síst að vernda og verja auðlindir á svæðinu. ... Ef við viljum hafa bændur verðum við að varðveita jarðir. Það má ekki aðskilja hús og jarðir því „býli“ eru heild, þar sem er bæði búið og starfað.“

Venjulega eru landbúnaðarmál ekki á höndum sveitarstjórna, en hins vegar var ljóst að frönsk yfirvöld ætluðu ekki að gera neitt í málinu, frekar en íslensk.

En hvernig er hægt að gera þetta á Íslandi þar sem bændur eru skuldsettir upp í rjáfur og landið allt of hátt metið? Þegar bændur loksins gefast upp og hætta búskap eru útlendingar þeir einu sem hafa efni á íslenskum jörðum. Smám saman verður allt land í eigu útlendinga ef ekkert verður að gert og eini búskapurinn verksmiðjubúskapur.

Við þurfum að líta heildrænt á hlutina. Viljum við að Ísland verði í höndum útlendinga sem nýta landið fyrir áhugamál sín og loka það fyrir almenningi? Viljum við borða verksmiðjuframleiddan mat eingöngu? Bændur eru mikilvægasta stétt landsins, því án þeirra værum við ekki sjálfstæð þjóð og sjálfbær.

Í íslenskum sveitarstjórnalögum er kveðið á um að sveitarfélög ráði sjálf málefnum á sínu svæði. Þeir geta tekið að sér hvert það verkefni er varðar íbúa þeirra og skulu gera sérstaka samþykkt um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Það er hvergi kveðið á um að þeim sé bannað að sýsla með málefni landbúnaðar á svæðinu. Þvert á móti ber þeim skylda til að tryggja velferð íbúanna og það hlýtur að þýða að tryggja afkomu þeirra og öryggi.

Áðgerðir eins og þessar gera landsbyggðina eftirsóknarverðari. Með síaukinni fjarvinnu hefur fólk tækifæri til að búa hvar sem er á landinu og meiri líkur á að það velji staði þar sem bæjarlífið blómstrar.

Sveitarstjórnir þurfa að gera sér grein fyrir að valdið er í þeirra höndum. Þeir hafa vald til að efla auðlegð sveitarinnar með því að halda peningum í heimabyggð. Til dæmis er hægt að opna verslanir í bæjum með vörur beint frá býlum í nágrenninu í stað þess að allir versli í Bónus eða Krónunni, sem hirða arðinn fyrir sína hluthafa.

Sveitar- og bæjarstjórnir geta ákveðið að mötuneyti skóla og opinberra vinnustaða kaupir mat af bændum á svæðinu og beint þeim til mælu til stórfyrirtækja að gera hið sama. Það er ekki hagkvæmt að leita alltaf ódýrustu lausnanna.

Dæmið frá Plessé sýnir að það er til vænlegri leið en sú núverandi, þ.e.a.s. að sveitarstjórnir og fólk sjálft taki málin í sínar hendur.

Hildur Þórðardóttir.
félagi í Landsbyggðin lifi,
hildur.thordardottir@gmail.com

Úrgangur dýrahraeja

Dýraúrgangur er eðlilegur fylgiskur í matvælaframleiðslu úr dýraafurðum auk þess sem alltaf fellur til dýraúrgangur af öðrum ástæðum. Dýrahrae eru skilgreind sem landbúnaðarúrgangur samkvæmt reglugerð um urðun úrgangs.



Halla Signý Kristjánsdóttir.

Umhverfisstofnunar að höfðu viðuráði við héraðsdýralækni.

Svona er staðan, hvað er þá vandamálið?

Úrræði vantar

Vandamálið er að núverandi lög og reglur ganga ekki upp þar sem nauðsynlega innviði skortir. Það er einungis einn brennsluofn til að brenna hrae hér á landi og annar hann ekki þörf. Úrgangsmál eru á ábyrgð sveitarfélaganna og falla undir lögbundið hlutverk þeirra, þ.e. söfnun og meðferð úrgangs og skólps. En segja má að dýrahrae sé úrgangsflokkur sem snýr minna að loftslagsmálum og auðlindanýtingu heldur fremur að sóttvarnar- og hollustuháttasjónarmiðum.

Staðan hefur verið sú um tíma að nokkur sveitarfélög hér á landi hafa boðið upp á þá þjónustu að safna saman dýrahraejum af sjálfdaudum dýrum, dýrum sem lógað er vegna sjúkdóma auk sláturúrgangs og komið til förgunar.

Söfnun hraeja og förgun er bæði mjög dýr og erfið í framkvæmd, m.a. vegna varnarlína og er þessi leið varla í boði lengur þar sem sveitarfélögin koma ekki lengur úrganginum frá sér.

Sameiginleg ábyrgð

EFTA dómstóllinn hefur komst að þeirri niðurstöðu að Ísland hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar hvað



Söfnunargámur fyrir dýrahrae.

Mynd / AL

varðar meðferð dýraleifa, einkum með því að hafa hvorki komið á viðeigandi kerfi til að meðhöndla dýraleifar með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lögum, né eftirlitskerfi til að tryggja að þessum lagafyrirmælum sé fylgt. Dómstóllinn sagði einnig að íslensk stjórnvöld hafi látið það hjá líða að koma í veg fyrir að dýrahrae, sláturúrgangur af áhættuflokk 3 og úrgangur frá heimaslátrun væru urðuð á viðurkenndum urðunarstöðum og að koma í veg fyrir að dýrahrae og úrgangur frá heimaslátrun séu grafin á staðnum án þess að uppfyllt séu skilyrði reglugerða.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi gaf út nýverið minnisblað sem fjallar um ráðstöfun dýraleifa, þ.m.t. um ábyrgð sveitarstjórna og mögulegar úrvinnsluleiðir og er ætlað að varpa ljósi á skyldur sveitarfélaga hvað varðar ráðstöfun dýraleifa, svo og helstu ráðstöfunarleiðir sem nú eru tiltækar eða til greina kæmi að byggja upp. Finna má þetta minnisblað inni á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sameiginlegt vandamál, sameiginleg lausn

Þótt ábyrgð á úrgangsmálum sé hjá sveitarfélögum þá er mikilvægt

að ríkið komi að og vinni með sveitarfélögum við að byggja upp innviði líkt og brennslustöð fyrir dýraúrgang. Það þarf sérhæfða brennslustöð í eyðingu dýraúrgangs þar sem dýrahrae eru illbrennanleg vegna rakainnihalds og nýtast því illa í hefðbundnar brennslustöðvar sem nýta má í orkuframleiðslu.

Auk þess þarf ríkið að aðstoða sveitarfélögin við að leita lausna á þeim vanda sem upp er komin og í þeim verkefnum er af mörgu að taka svo sem eins og flutningur á úrgangi á milli varnarlína.

Við vorum óþægilega minnt á það í dymbilvikunni þegar riða greindist á bæ í Miðfirði, að hraða þarf vinnu við lausn á málinu. Þar var sauðfjársvæði sem var alveg hreint og minnir okkur á að fara varlega með smitaðan úrgang á milli svæða.

Það er mikilvægt að unnið verði á breiðum grunni hjá viðkomandi ráðuneytum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga til þess að koma með sameiginlega lausn á þeim vanda sem blasir við í úrgangsmálum dýrahraeja.

Halla Signý Kristjánsdóttir, þingmaður Framsóknar.



Leyndar perlor

Austur-Þýskalands

13. – 20. ágúst 2023

Fararstjórn: Sigrún Sól Ólafsdóttir

Verð 255.900 kr. á mann í tvíbýli

Í ferðinni upplifum við hinar sögulegu perlor, Dresden og Leipzig, sem eftir fall múrsins hafa aftur náð fyrri dýrð. Við heimsækjum þjóðgarðinn Sächsische Schweiz, liðum á gondólum eftir sikjum hins græna skógarsvæðis Spreewald og endum ferðina í heimsborginni Berlín.

bænda
FERDIR

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is

Síðumúla 2
108 Reykjavík



Sjávarjarðir

Aðalfundur Landssamtaka eigenda sjávarjarða verður haldinn á Hótel Hilton, Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, föstudaginn 5. maí 2023 og hefst hann kl. 14:00.

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Auðun Helgason, lögmaður mun ræða um helstu hagsmunamál sjávarjarða.
3. Karl Gauti Hjaltason, fyrrverandi alþingismaður, flytur erindi um „Auðlindin okkar“ frá sjónarhóli samtakanna.

Sjá heimasíðu samtakanna www.ses.is
Allir velkomnir, félagsmenn sem aðrir.

Stjórnin

Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar



WPL
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



Ársfundur – stjórnarkjör 2023

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda verður haldinn föstudaginn 26. maí 2023 kl. 13 að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík.

Dagskrá:

- Venjuleg ársfundarstörf.
- Stjórnarkjör skv. samþykktum.
- Önnur mál.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu.

Lífeyrissjóður bænda auglýsir eftir framboðum til setu í stjórn sjóðsins:

- Eitt sæti konu eða karls í aðalstjórn til fjögurra ára.
- Eitt sæti konu í varastjórn til fjögurra ára.

Framboðsfrestur er til 28. apríl 2023.

Upplýsingar um stjórnarkjörið og hvaða gögnum beri að skila vegna framboða til setu í stjórn sjóðsins má sjá á heimasíðu sjóðsins, www.lsb.is.

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda

Lífeyrissjóður bænda | Stórhöfða 23 | 110 Reykjavík
Sími 563 1300 | lsb@lsb.is | www.lsb.is

LESENDARÝNI

Nautgriparækt:

Kollóttar kýr

Það hefur verið yfirlýst stefna í nautgriparækt hér á landi frá því um miðja síðustu öld að rækta skyldi íslensku kúna sem kollóttar kúastofn. Í ræktunarstarfinu voru athafnir til að ná þessu marki ekki mjög markvissar, aðeins sú regla að ekki væru tekin hyrnd naut til notkunar á sæðingastöð og því að nautin mættu heldur ekki eiga hyrnda móður.



Jón Viðar Jónmundsson.

Árangurinn var meðan ég starfaði að þessum málum ekki björgulegri en að yfirleitt virtist hlutfall hyrndra gripa vera á bilinu 2-3% og virtist sveiflast tilviljunarkennt en ekki þróast í neina ákveðna átt, enda þarf róttækari ræktunaraðgerðir en þetta eigi að útrýma hornum úr stofninum.

Ég kem nánar að því síðar í greininni en út frá þeim fátæklegu upplýsingum sem ég hafði tiltækar þá bendir ekkert til þess að þróunin geti verið í rétta átt þessi árin hérlendis.

Hornin voru vörumerki

Við þekkjum það úr sögunni að viðhorfin til horna hjá kúm hafa breyst mikið. Í árdaga byggðar á Íslandi voru hornin vörumerki í verslun með nautgripum, af þeim lásu menn aldur gripa sem gengu kaupum og sölu. Fornar lögbækur munu innihalda ákvæði þar um þó að ég kunni ekki þá lögfræði.

Það sem varð til þess að ég hamra þessar hugleiðingar á lykklaborðið er að nýverið nánast samtímis hlýddi ég á mjög sérstaka hljóðupptöku í umræðu frá fundi um erfðamengjaúrval þar sem spurt var um horn hjá íslenskum kúm og möguleikum á að takast á við þau með þessum nýju verkferum sem verið var að kynna, en þá á sama tíma var ég nýbúinn að lesa nýlega grein í því ágæta fagriti norskra kúabænda, Buskap. Þar er fjallað um hvernig Norðmenn taka á þessum málum hjá sér. Ljóst er að stóraukin áhersla og umræða um velferð búfjár í matvælaframleiðslunni hefur kallað á aukinn áhuga fyrir kollóttum gripum í framleiðslunni. Litið er á afhornun gripa, sem víða á sér stað, sem dýraníð og hættulegt mál fyrir ímynd framleiðslunnar.

Á allra síðustu árum hefur útflutningur erfðaefnis, fyrst og fremst sem sæði, stóruakist og hjá sér rekja Norðmenn það ekki hvað síst til þess að litið er orðið á norsku kýrnar sem einn besta valkost á kollóttum mjólkurkúm í heiminum.

Þess vegna er eiginleikinn horn/kollótt orðinn skilgreindur eiginleiki með talsvert vægi í ræktunarmarkmiði fyrir norsku kýrnar. Þetta er því mál sem íslenskir kúabændur ættu að gefa gaum.

Hyndur eða kollótt

Eiginleikinn hyndur/kollótt er vel þekktur hjá nautgripum að stjórni í meginatriðum af einu geni sem er ríkjandi gen fyrir kollóttu. Þannig geta hornin ætíð verið falin og skyndilega og oft óvænt birst sem hyrndur kálfur undan tveim kollóttum foreldrum. Árangur ræktunarstarfsins ræðst af því hvaða upplýsingar eru skráðar og um leið hvernig þær eru notaðar.

Í byrjun greinar skýri ég frá okkar fátæklegu reglum. Það hefur að vísu lengi þekkt að skrá upplýsingar um horn nautgripa bændum til upplýsinga eins og í skýrsluhaldinu hjá kúnum og við skoðun gripa

og í nautaskrá. Hvað bændur hafa notað þetta veit enginn. Ég held takmarkað, og fyrst og fremst hafi þetta verið skráningar skráninganna vegna. Þannig er ekki von um neinn ræktunarárangur. Meðan ég starfaði að nautgripakynbótum með bændum hér á landi komu þess mál margoft til umræðu á fundum með þeim. Ég svaraði alltaf að þessi eiginleiki væri ekki í ræktunarmarkmiðinu og við sættum okkur við óbreytta stöðu. Lærir sá er lifir, nú sé ég að margt hefði mátt betur gera, m.a. af því sem ég les um vinnubrögð Norðmanna.

Skráning hjá norskum bændum


Snúum okkur þá að norskum bændum. Þeir skrá eiginleikann mun víðar en við. Byrjunarskráning er hjá gripnum þegar hann fæðist og hún nær til allra fæddra kálfa og síðan eru þessar upplýsingar leiðréttar með auknum þroska og aldri gripsins komi í ljós að eiginleikinn var rangskráður í upphafi. Þá bætast við alveg óþekktar skráningar hér á landi sem er afhornun gripa, sem er veruleg hjá kyni þar sem hornóttir gripir eru jafn margir og þar. Skoðanir á gripum eru miklu fátíðari en hjá okkur en skipta engu máli í samanburði þar og hér vegna þess að við skráðum eiginleikann en notum aldrei skráningarnar.

Norðmenn hafa gert rannsóknir á hversu nákvæmar skráningar hliðstæðar okkar skráningum séu. Fundu þeir að skráningar væru aðeins með um 80% nákvæmni. Þetta mundi koma aðeins hagstæðara út yrði það einhverju sinni í framtíðinni rannsakað hér en það væri ekki sökum meiri nákvæmni íslenskra kúabænda en stéttarbræðra þeirra í Noregi við skráningar, heldur tölfræðilegum blekkingum vegna þess að eiginleikinn er nær alltaf kollótt hjá íslensku kúnum. Norska talan um 80% er því alveg raunhæf fyrir okkur líka.


Norðmenn sættu sig illa við þessa nákvæmni og gerðu sér litlar vonir um ræktunarárangur á þennan hátt. Þess vegna fóru þeir að þróa gervigreind til að auka nákvæmni. Þeir létu gervigreindina smala saman öllum upplýsingum sem telja mátti fljótt í milljónum margs konar skráninga. Þar skipti hvað mestu skráning eiginleikans hjá öllum fæddum kálfum sem þýddi það að hefði kýrin borið oftast en einu sinni þá notaði gervigreindin þessar upplýsingar fyrir alla fædda kálfa hennar, hver svo sem örlög þeirra urðu í framhaldinu. Með allri þessari gagnasmölu fundu þeir að nákvæmni hafði aukist í 93%.

Þetta er gott og vel en þeir sáu að meira þurfti að gera til að ná árangri. Þegar byrjað var að sinna eiginleikanum í ræktunarstarfinu hjá þeim gerðu þeir það með að velja ákveðna nautsfeður sem þeir keyptu aðeins kollóttu nautkálfa undan, þetta skilaði sáralitlu, líkt og tilburðir okkar. Vakinn er athygli á að þá voru flestar norskar kýr orðnar hyrndar. Eftir aldamótin koma erfðagreiningar til sögunnar hjá þeim og öll naut eru erfðagreind en aðeins hluti kúnna öfugt við það sem áætlað er að gera hér á landi. Þess vegna nýtist áfram öll vinna með gervigreindina við fyrsta val nautsmæðranna.

En þeir hafa gert enn þá meira,



Kýrin Bára I númer 1 á Goðdöllum í Skagafirði árið 1956. Bára er tígulega hyndur, ákaflega vel byggð og að auki grá að lit, sem er víst að verða sjaldséður litur í kúastofninum. Bára var af húnversku bergi brotin fædd að Hnjúki í Vatnsdal. Í greininni segir að gripið hafi verið til róttækra aðgerða til útrýmingar hornum um miðja síðustu öld. Framkvæmdin var samt ekki strangari en það að á sömu sýningu og myndin mun tekin fékk sonur hennar, Goði 54-057, einstaklingsviðurkenningu, þó að sjálfur væri hann hyrndur og í ofanálag skyldleikaræktaður afkomandi Bárú I. Mynd / Timarit.is



Vikingur á Möðruvöllum í Hörgárdal frá gripasýningu 1907. Vikingur var hyrndur og heimildir munu til um að hann rekti ættir sínar til nautgripa innfluttra frá Danmörku. Líklega mætti staðfesta slíkt út frá gögnum sem enn munu til. Mynd / Timarit.is

þeir hafa tekið eiginleikann í ræktunarmarkmið sitt þar sem hann hefur meira en 5% vægi. Þeir segja því að kollóttum kúm muni stórfjölgja hlutfallslega í Noregi á allra næstu árum.

Hornagenið hjá kúm er löngu þekkt

Auðvelt er líka að láta hyrnda kýrnar hverfa alveg á Íslandi á allra næstu árum gangi áform um erfðagreiningu á öllum kúm og nautum eftir og að eiginleikinn fái viðunandi vægi í ræktunarmarkmiði íslensku kýrinnar.

Það er vegna þess að ég veit ekki betur en að í snippasafninu sem erfðagreint er sé að finna flest þekkt gen hjá mjólkurkúm. Þar hlýtur því að vera að finna hornagenið hjá kúm sem er löngu þekkt. Þess vegna hefðu ráðunautarnir á umræddum umræðufundi átt að geta svarað faglegar en þeir gerðu, þegar spurt var um þessi mál þar.

Nautaskráin helsta heimildarit um nautgripakynbætur

Í lokin smá hugleiðing um stöðu

mála hér á landi í dag. Sveinbörn Eyjólfsson er ávallt svo vinalegur að senda mér eintak af Nautaskránni þegar hún kemur út á hverju ári en hún er orðin helsta heimildarit um nautgripakynbætur hér á landi.

Þar tel ég mig geta lesið arfgerð reyndu nautanna sem eru að fá sinn fyrsta afkvæmadóm og því tekin í notkun sem nautsfeður sem ég held að sé ögn alvarlegur misskilningur. Held meðan ég kom að þessari útgáfu hafi það verið mögulegt fyrir öll reyndu nautin sem voru í notkun hverju sinni að lesa þessar upplýsingar í nautaskránni.


Ég lét mér nægja að skoða arfgerðir þessara nauta á síðustu nautaskrá og skrá útgefni fyrir þrem eða fjórum árum. Þannig gat ég smalað saman arfgerðaupplýsingum fyrir 14 naut. Þetta eiga að vera naut sem einkenna stofninn í dag og á morgun. Mér reiknaðist samkvæmt þessum upplýsingum til að tíðni erfðavísisins fyrir hornum væri nú 0,25.

Mér reiknast til út frá þessu að hlutfall hyrndra gripa ætti að vera 6,25% samkvæmt þeirri hóperfræði en ég lærði fyrir

meira en 50 árum og stendur enn óhöggud. Þó að ég hafi lengi ekki séð neinar tölur um þróun eiginleikans neita ég að trúa því að breytingar um langt skeið verði áætluð og lág vegna þess að bændur hafi ekki sett á hyrnda kálfa nema út úr neyð. Sá úrvslstyrkur er samt ómögulega það mikill að áður nefndar tölur boði ekki hlutfallslega fjölgun hyrndra gripa á allra næstu árum. Hefðu verið til tölur um eiginleikann hjá öllum fæddum kálfum eins og hjá Norðmönnum hefði verið fyrir hendi skemmtilegt verkefni fyrir háskólanema við Landbúnaðarháskólann til að rannsaka áhrif úrvals í litlum erfðahópi.

Nú er það ykkar kúabænda að hugleiða þessi mál og ákveða hvort aðeins verði kollóttar kýr á Íslandi á komandi árum.

Jón Viðar Jónmundsson, sjálfstætt starfandi búvísindamaður.



Mynd 1 sýnir þróun litaerfa hjá hyrnum hrútum á sæðingastöðvunum samkvæmt hrútaskrá 2000-2001 til 2022-2023. Sjá nánari lýsingu á flokkun hrútanna í texta greinarinnar. Lárétti ásinn sýnir tvo síðustu tölustafi úr seinna ártalinu í hrútaskráheitunum. Línurnar sýna hlutfallslega þróun arfgerðarflokka hrútanna. Mynd 2 sýnir sömu þróun fyrir kollóttu stöðvahrúta.

Er ástæða til að velja litaarfgerðir sæðingastöðvahrúta?

Ég bar meginábyrgð á framkvæmd ræktunarstarfsins í sauðfjárrækt hér á landi í um tveggja áratuga skeið og hafði áður meira og minna séð um skýrsluhald sauðfjárræktarinnar rúma tvo áratugi áður. Þannig tel ég mig hafa öðlast sæmilega yfirsýn um framkvæmd ræktunarstarfsins hér á landi síðustu hálfa öld.

Þegar horft er til þessa tíma þá er í mínum huga alveg ljóst hvar starfið gekk verst en það var í sambandi við ull og gæðaeiginleika hennar. Þessu var miklu minna sinnt en hægt hefði verið.

Magn og gæði

Tekjur bænda af ull sem þeir framleiða ráðast bæði af magni og gæðum. Á báðum þessum sviðum er mögulegt með ræktunarstarfi að ná miklum árangri. Bændur lögðu okkur ekki mikið lið í sambandi við ullarmagnið því að ef eitthvað var sem alveg fór úrskaiðis þá var það að fá bændur til skráninga á ullarmagni einstakra grípa. Þrátt fyrir verulega hvatningu til bænda um að taka upp skráningu á ullarmagni ána. Svörum bænda um skráningu þessa eiginleika var nánast engin og óralangt undir þeim mörkum sem hefði þurft að ná til að geta unnið með ullarmagnið í ræktunarstarfinu.

Ullargæði eru fjölmargir eiginleikar en sennilega er það ullarlitur, sauðalitur og gul háir í ull, sem mestu ráða um verð á ull til bænda fyrir gæði. Hér er vandamál til viðbótar að ullarmarkaður er tvískiptur, ullariðnaðurinn og hlutfallslega vaxandi markaður fólk sem sinnir ullarvinnslu sem handverki. Virðist sem viðhorf þessara aðila til gæðabátta ullar sé á stundum ólík. Slíkt er óheppilegt vegna þess að stefnu í ræktun þarf að markaða til lengri tíma, ekki farsælt að tjalda til einnar nætur.

Hinn hagnýti áttaviti

Litaerfaðreglur þær sem Stefán Aðalsteinsson fullmótaði á sjöunda áratug síðustu aldar hafa verið og munu verða hinn hagnýti áttaviti í þessum efnum og ætla ég aðeins að velja fyrir mér hvort við mögulega gætum nýtt okkur þær enn betur því að þær eru skráningar nægar sem er litaskráning í skýrsluhaldi sauðfjárræktarinnar.

Það eru breytingar í hrútastofninum sem mestu skipta um ræktunarárangur, fyrst og fremst vegna miklu meiri úrvalsstyrks og styttra ættliðabils hjá hrútunum en ánum. Meira en helmingur ásettra hrútlamba á hverju ári munu sýnir stöðvahrúta.

Vegna þessa þá eru það þeir sem meiru ráða um ræktunarárangur en nokkur annar einn þáttur. Þess vegna tók ég mig til og fór gegnum allar hrútaskrár stöðvanna frá 2000-2001 til 2022-2023 og smalaði saman upplýsingum um litaarfgerðir stöðvahrúta frá þessu tímabili. Langar mig að kynna ykkur afraksturinn og aðeins velja fyrir mér hvort nýta megi þessar upplýsingar betur.

Upplýsingar skráði ég fyrir alla hrútana nema tvo hópa sem sleppt var. Annar sá hópur voru feldfjárrútar

og forystufjárrútar sem augljóslega hefðu skekk allar niðurstöður vegna sáralitillar notkunar þeirra í samanburði við aðra stöðvahrúta en hefðu auk þess allir lent í sama flokki eins og ég vann þetta. Hins vegar var að sjálfsögðu líka sleppt nokkrum lambhrútum sem finnast í skránum vegna þess að þeir voru skiljanlega ekki með upplýsingar fyrir þá flokkun sem ég gerði. Eflaust segja einhverjir að galli sé að ég telji sama hrútinn sem einstakling ár eftir ár ef hann er notaður í fleiri ár í röð. Mögulega hefði líka verið best að vega tölur með afkvæmafjölda hrútanna á hverju ári en þær tölur voru mér ekki aðgengilegar fyrir allt tímabilið. Þá gerði ég talninguna aðskilda fyrir hyrnda og kollóttu hrúta enda rækta flestir bændur stofnana aðskilda.

Flokkun hrútanna

Ég flokkaði hrútana einfaldlega í arfhreina hvíta hrúta (lína merkt hvít á myndunum) og hins vegar alla aðra hrúta, arfblendna hvíta og af öðrum lit en hvítum (lína merkt blendin á myndunum). Einnig voru taldir sérstaklega hrútar sem ekki voru hvítir (lína merkt dökk á myndunum). Tölurnar eru sýndar sem hlutfallstölur allra hrúta sem flokkaðir voru úr hrútaskrá hvers árs.

Niðurstöðurnar má sjá í tveim töflum, annarri fyrir hyrnda hrútana en hinni fyrir þá kollóttu.

Ekki er þörf á að fjalla mikið um niðurstöðurnar. Menn skoða þær sjálfir og draga sínar ályktanir. Þróunin er mjög skýr hjá hyrnda hrútunum þar sem arfhreinum hvítum hrútum fækkar jafnt og þétt hlutfallslega. Einnig fer hrútum af öðrum lit en hvítum hlutfallslega fjölgandi. Þróunin hjá kollóttu hrútunum er ekki jafn skýr vegna þess að þær eru ónákvæmari vegna talsvert minni fjölda kollóttu hrútanna en hinna hyrnda. Síðustu árin er þróunin samt greinilega sú sama og hjá hyrnda hrútunum.

Æskileg þróun?

Eðlilegt er að velja fyrir sér hvort þetta sé æskileg þróun. Það liggur í hlutarins eðli að miklu auðveldara er að stýra þróun á litum í hjörðinni með arfhreinum en arfblendnum hrútum. Frá þeim sjónarhóli er þróunin síðustu ára öfugþróun. Hvert hlutfall hrúta sem ekki eru hvítir á að vera vil ég ekki hafa neina skoðun á. Verður eftirsurnin eftir þeim hrútum ekki að stýra því? Hins vegar held ég að æskilegast sé að viðhalda dökku og flekkóttu fé fremur með hrútum af þessum litum en arfblendnum hvítum hrútum. Alveg eins og hvíta fénu verður best viðhaldið og fjölgað með arfhreinum hvítum hrútum.

Væri einnig æskilegt að gráu stöðvahrútarinn væru arfhreindir gráir? Það ætti að vera fullkomlega raunhæft markmið.

Jón Viðar Jónmundsson, sjálfstætt starfandi búvísindamaður.



Til sölu 68,5m² iðnaðarbil til afhendingar strax í Breiðamýri 3, Selfossi.

Allar nánari upplýsingar veitir Loftur Erlingsson, löggtur fasteignasali
S: 896 9565, loftur@husfasteign.is

NÝ VERSLUN VAGNHÖFÐA 7

VINNUPALLAR EHF
Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

www.bbl.is

VÉLABÁSSINN

Alhliða pakki

– Prufuakstur á Land Rover Discovery

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Í rúma þrjá áratugi hefur hinn breski jeppaframleiðandi Land Rover boðið kaupendum upp á alhliða fjölskyldujeppa undir heitinu Discovery.

Bændablaðið tók til prufu nýjustu útgáfu þessa bíls sem telst til stórra lúxusjeppa og keppir við aðra Land Rover, eins og Defender eða Range Rover Sport. Einnig myndu Audi Q7, Volvo XC90 og Toyota Land Cruiser höfða til sömu kaupenda.

Frá upphafi hefur áherslan við hönnun Discovery verið að koma sem flestum farþegum þægilega fyrir í öflugum jeppa. Þegar bifreiðin er skoðuð utan frá sést hversu hátt þakið er, og hækkar þegar aftar dregur til að höfuð öftustu farþeganna komist fyrir. Þessi nýjasta útfærsla Discovery hefur verið á markaðnum frá árinu 2017, en árið 2020 fór bíllinn í andlitslyftingu (e. facelift), sem fól í sér smávægilegar breytingar á ytra byrði, en umbýltingu á tæknibúnaði innandyrna.

Fríður ættarsvipur

Í samanburði við fyrri gerðir Discovery er þessi straumlínulagaður með rúnnaðar línur. Þó að hvössu hornin séu horfin heldur ættarsvipurinn sér vel og ef horft er á bíllinn úr nógu mikilli fjarlægð (800 metrar ættu að duga) eða augun þíð er hægt að rugla þessum við forvera sína. Þegar nær er komið sést að hönnunin er á margan hátt svipuð þeirri og er á öðrum nýjum Land Rover bílum og myndu óvanir geta ruglast á þessum og Range Rover. Myndirnar tala sínu máli, en Discovery er forkunnarfríður – hver einasta hlið er í samræmi við aðrar og hlutföllin rétt mátuleg.

Þegar stigið er um borð tekur á móti manni vistleg innrétting sem ber merki um vandaða hönnun.

Allt yfirborð er úr mjúkum og dýrum plastefnum og sætin með fyrsta flokks leðri. Í miðju mælaborðsins er margmiðlunarskjá, sem hefur verið í Discovery frá 2020, og er sá sami og er í öðrum nýjum Land Rover jeppum.

Hugbúnaðurinn er með þeim fullkonnari sem völ er á – allt viðmótið er notendavænt og rökrétt, myndirnar eru skýrar og auðvelt að tengjast utanaðkomandi snjalltækjum. Undirritaður var búinn að tengja símann þráðlaust við Android Auto á fyrstu tveimur mínútunum eftir að hafa sest upp í bíllinn og small tengingin snurðulaust í hvert skipti sem jeppinn var ræstur eftir það.

Vinalegur ómur af vélinni

Bifreiðin í þessum prufuakstri var með sex strokka, þriggja lítra dísilmotor. Allir nýir Discovery sem BL flytur inn eru tvínnbílur. Rafmotorinn er lítill og er hugsaður til að minnka eyðslu og styðja við vélinna þegar tekið er af stað. Dísilmotorinn er afar þýður og berst lítill titringur inn í öikumannshúsið. Vélarhljóðið er þrýðilega einangrað, en þó heyrir alltaf þessi vinalegi og mjúki ómur sem fylgir sex strokka dísilvélum. Hestöflin eru 250 og ef athyglin er ekki við aksturinn er ólöglegum hraða náð á örskotsstundu.

Þegar ekið er á Discovery er auðvelt að líða eins og setið sé á háum hesti. Þetta er afar stór bifreið og horfir maður niður á




Land Rover Discovery er rúmgóður jeppi sem gerir allt vel. Ólíkt aragrúa fjölskyldujeppa, þá hefur Discovery flesta þá kosti sem torfærutæki þarf að bera. Myndir / AL



Inni í þessum pakka rúmast sjö manns með sóma. Stórar felgurnar fjaðra illa á grófum vegum.



Innréttingin er fögur og mjúk viðkomu. Margmiðlunarskjánn er rökréttur og þýður í notkun.



Aftursætin eru há og mikil birta í rýminu.



Skottið er stórt og ferkantað. Þegar miðjusætaröðin er lögð niður jafnast rýmið á við sendibíl.



Þriðja sætaröðin dugar vel fyrir fólk að 60 ára aldri, en aðgengið er nokkuð ankannalegt.

almúgann í sínum fólksbílum og smájeppum. Stærðinni fylgja þeir kostir að nóg pláss er fyrir sjö fullorðna einstaklinga. Framsætin eru langþægilegust, þar á eftir kemur miðjusætaröðin með breið sæti og háa sætisstöðu. Aukasætin í skottinu rúma stórt fólk, en sessan er ekki mikið hærra en gólfíð.

Aðgengið að þeim er ankannalegt og ef enginn er til að hleypa manni út lenda farþegarnir í sjálfhældu, því ekki er hægt að renna miðjusætinum aftan frá (undirritaður skrifar af reynslu).

Þegar öftustu sætin eru ekki í notkun falla þau vel ofan í gólfíð og eftir stendur flennistórt skott. Sé þörf á enn meira geymsluplássi er hægt að fella miðjusætaröðina niður með rafmotorum. Ólíkt fyrri gerð Discovery, þá falla sætisbökin ekki alveg niður, heldur halla þau örlítið. Rýmið sem stendur til boða er á pari við minni sendibíla.

Stórar felgur hastar í holum

Akstursupplifunin stendur vel undir væntingum við flestar aðstæður. Eins og áður segir eru sætin þægileg og lítið sleppur inn af vind-, veg- og vélarhljóði. Discovery er á loftþúðafjöðrun sem fjaðrar vel allar helstu ójöfnur á þjóðvegum og innanbæjar og gefur möguleika á að stilla veghæð.

Nokkur vonbrigði voru þegar ekið var á holóttum og grófum malarvegum, en þá reyndist bíllinn hastur. Skýrist það eflaust af því að bíllinn í þessum prufuakstri var á 21 tommu felgum. Upplifunin væri eflaust betri ef bíllinn væri á belgmeiri dekkjum sem fjöðruðu betur. Þar sem Discovery skarar fram úr flestum keppinautum sínum er eiginleikinn til að aka utanvegar. Að felgunum undanskildum er hann með allt sem alvöru jeppi þarf til að takast á við torfæru: Lágt drif;

læstan millikassa; mikla veghæð; og Terrain Response kerfið frá Land Rover sem notar tölvutækni til að efla drifgetuna.

Stærð bílsins gefur af sér mikla kosti sem taldir hafa verið hér fyrir ofan. Helstu ókostir Discovery stafa hins vegar af því hversu fyrirferðarmikið ökutækið er. Upplifunin af akstri í þröngum íbúðagötum er eins og að troða úlfalda í gegnum nálarauga og leitinn að bílastæði er torsótt. Dyrnar á bílnum eru firnastórar og ef framdyrnar eru opnar upp á gátt þarf að teygja sig býsna langt til að loka þeim. Því getur fylgt mikið átak ef vindurinn stendur úr vitlausri átt.

Tölur

Land Rover Discovery SE R-Dynamic bíllinn í þessum prufuakstri kostar 18.490.000 krónur m.vsk.

hjá BL. Í því verði eru nokkrir aukahlutir, eins og skriðstillir með aðlögun og þriðja sætaröðin. Vélin er með 250 hestöfl og 570 Nm tog. Hámarks dráttargeta er 3.500 kílógrömm.

Eigin þyngd er 2.437 kílógrömm, en heildarþyngd fer upp í 3.260 kílógrömm með farþegum og farni. Helstu mál í millimetrum: Lengd 4.956; breidd 2.220 og hæð 1.888. Mesta veghæð er 283 millimetrar og hámarks vaðdýpt er 900 millimetrar.

Að lokum

Land Rover Discovery er alhliða pakki sem getur ógrynni hluta og gerir næstum alla geysilega vel. Indælt er að aka bíllinn og fer vel um sjö farþega, eða fimm með mikinn farangur.

Jeppinn skeiðar ekki mjúklega yfir grófustu vegina, en kemst auðveldlega á áfangastað.

BÆRINN OKKAR

Nýkrýndur formaður búgreinadeildar geitfjárbænda, Brynjar Þór, flutti ásamt konu sinni, Guðrúnu Lilju, í Gilhaga árið 2018, en þau keyptu jörðina af afa Brynjars. Hófu þá að vera með sauðfé aftur en ræktun hafði verið lögð af 1997 þegar farið var alfarið í skógrækt.

Býli: Gilhagi

Staðsett í sveit: Öxarfirði – Norðurþing.

Ábúendur: Brynjar Þór Vigfússon og Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Brynjar og Guðrún. Bóel Hildur (9), Edith Beta (6), Hrafn Dýri (3), Hundarnir Kappi og Iroh og kötturinn Brynja.

Stærð jarðar? Rétt yfir 100 ha, þar af tún ca 30 ha og skógrækt ca 30 ha.

Gerð bú? Sauð- og geitfjárrækt ásamt ullarvinnslunni, en í Gilhaga er rekin ullarvinnsla.

Fjöldi búfjár og tegundir? Sauðfé 90 og geitur 15, 4 hestar, nokkrar endur og hænur. 2 býflugnabú sem lifðu af veturinn, fjöldi þeirra óljós í augnablikinu en allavega nokkur þúsund.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Farið í fjárhús að stússast



að morgni eftir að börn fara í skóla. Unnið í ullarvinnslunni þar til börn koma úr skóla og þá farið aftur í fjárhúsin. Árstíðarbundin verkefni eru síðan mörg og mismunandi. Til dæmis umhirðan í kringum skógræktina sem er orðin þó nokkur vor, sumar og haust. Einnig ýmislegt tengt móttöku ferðamanna í ullarvinnsluna allt árið.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Börnunum þykir skemmtilegasta stússið í kringum geit- og sauðburð og réttir á haustin. Leiðinlegasta verkið var að skafa skítinn úr gólfinu. En nú erum við komin með nýtt gólf sem mögulega gerir það að skemmtilegasta verkinu.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk og smjör.

Hvernig sjáid þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Einhver stækking



Gilhagi

á bústofni til að nýta betur fjárhús og tún. Markmið var sett á 150-200 kindur og 50 geitur.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Heimabökuð pítsa, tortilla og kjötsúpa.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Líklega eru allir geitburðirnir eftirminnilegastir. Það er alltaf eitthvað nýtt að gerast hjá kiðlingunum og orkan mikil. Skemmtilegast er að leyfa þeim að hlaupa um með krökkunum í hlöðunni í einhverri nýuppsettri þrautabraut.



MATARKRÓKURINN

Grillað nauta rib-eye með Bérnaise-sósu

Hafliði Halldórsson
hafliði@icelandicdamb.is



Við Íslendingar elskum sósur og borðum mikið af þeim, en líklega á engin sósa eins marga aðdáendur og Bérnaise-sósan sem passar einstaklega vel með góðri nauta- eða lambasteik.

Grilltímabilið á Íslandi er nú hafðið og nokkuð víst að margur heimakokkurinn vildi gjarnan geta hrist Bérnaise fram úr erminni. Það er vissulega órlítill kúntur að búa til smjörsósur, en vel þess virði að láta vaða, prófa sig áfram og ná tökum á tækninni sem nær yfir allan smjörsósuflökkin. Sem er augljóslega flokkurinn sem allir eru til í að kjósa, svikur nefnilega aldrei lofordin.

Ef þið náid tökum á því að gera smjörsósur opnast nýr kafla fyrir ykkur í matreiðslunni og matarboðin verða vinsælli. Grunnsósan í þessum ópólítíska flokki er Hollandaise sem samanstendur af eggjarauðum, smjöri og sítrónusafa. Hún passar einstaklega vel með fiski og grænmeti, t.d. ferskum hvítum aspas, sem er sem bestur og ferskastur í Evrópu akkúrat þessar vikurnar. Hún er líka ómissandi í hinn vinsæla morgunverðarrétt Egg Benedict sem oft má sjá á bróns-hlaðborðum.

Tilbrigði við Hollandaise með viðbættum þeyttum rjóma heitir Mousseline og aðrar þekktar útgáfur eru Noisette sem inniheldur brúnað smjör sem skilar ristudum hnetukeim. Dijon sem einmitt inniheldur Dijon sinnep og svo Maltaise þar sem blóðappelsínusafa er bætt á Hollandaise-sósuna. Aðrar útgáfur af Bérnaise-sósu eru t.d.



Choron þar sem tómátpúrrer er notað í stað fáfnisgrass og loks Foyot þar sem kjötgjálja er bætt í.

Það er ástæðulaust að óttast það að gera ekta Bérnaise-sósu, en ekki alveg án ástæðu að sumir veigri sér við því að prófa. Þess vegna hvet ég ykkur til að sættast við möguleg mistök og læra af þeim þar til þið náid tökum á sósunni.

Hafið öll áhöld og hráefni tilbúin því sósan leyfir engum að skreppa frá eftir að þið byrjið. Hafið endilega hitamæli tiltækan í fyrstu skiptin til að styðjast við þar til þið eruð orðin örugg, því rétt hitastig er aðalatriðið ef allt á að ganga upp. Skál sem er sett ofan á pott með vatni á að vera

nógu víð til að þið getið pískað af krafti án þess að slettist.

Blauta tusku er gott að hafa á borðinu og setja skálina á til að forðast að hún fari á flug þegar smjörinu er pískað saman við.

Bérnaise-sósa
500 g smjör
5 eggjarauður
1 msk. vatn
3 msk. bérnaise essence
1 msk. þurrkað fáfnisgrass eða 2-3 msk. ferskt
Salt og nýmullinn pipar

Bræðið smjörið á meðalhita, látið kólna ögn þar til hitastigið er á bilinu

60-65 °C. Setjið vatn í pott og hitið að suðu, lækkið hitann.

Setjið eggjarauður, bérnaise essence og vatn í víða skál sem passar á pottinn. Þeytið viðstöðulaust yfir heitu vatnsbaðinu þar til rauðurnar þykkna og blandan verður loftkennd og létt í sér.

Ath., hér er auðvelt að fara fram úr sér og elda rauðurnar of hratt en athugið að hitinn á líka að gerilsneyða eggjarauðurnar.

Til að forðast að ofhita eggjarauðurnar er gott að taka skálina af hitanum nokkrum sinnum og hægja þannig á ferlinu sem má taka nokkrar mínútur, en hér má alls ekki hætta að þeyta. Takið af hitanum þegar réttir

áferð er náð, setjið skálina á blauta tusku á borðið og þeytið smjörinu í smáum skömmtum saman við eggjarauðurnar.

Bætið fáfnisgrasi við og smakkið til með salti, pipar og mögulega ögn af bérnaise essence því sósan má gjarnan hafa ögn af síru sem vinnur vel til mótvægis við allri fitunni. Geymið á volgum eða heitum stað þar til sósan er borin fram, en ekki heitara en 60 °C.

Grillað rib-eye og maís
1 kg íslenskt rib-eye, 2-3 vænar steikur, ætlað fyrir fjóra.
Maískólfar forsoðnir
Sjávarsalt
Svartur pipar nýmullinn
Matarolía

Takið steikurnar úr kæli tímanlega, best er ef þær hafa náð stofuhita fyrir eldun. Hituð grillið vel, penslið steikurnar með ögn af olíu og saltið ríkulega á báðum hliðum. Grillið eftir smekk, persónulega kys ég að elda rib-eye medium rare, en margir vilja steikina ögn meira eldaða. Endilega notið kjarnhitamæli!

Látið steikurnar hvíla í 10-15 mínútur áður en þið sneiðið þær niður. Penslið máisinn og grillið vel og vandlega.

Gufusoðið kál
1 lítill haus hvítkál eða blöðrukál
Sjávarsalt
Sítróna

Grillað feitt kjöt og smjörsósa þarfnast einhvers mótvægis, gufusoðið kál er einfalt að laga og nota sem meðlæti. Skerið kálið í báta og gufusjóðið þar til er meyrnt en forðist að ofsjóða það, kreistið sítrónusafa yfir og saltið.

HANNYRÐAHORNID

Morgenbris Sweater



Mynstur

- slétt lykka
- ▣ á milli 2 lykka er slegið 1 sinni uppá prjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður slétt svo það myndist gat
- ▤ 2 lykklar slétt saman
- ▥ lyftið 1 lykku af prjóni eins og prjóna eigi slétt, 1 lykka slétt, steypið lyftu lykkinni yfir lykkinna sem var prjónuð
- ▧ lyftið 1 lykku af prjóni eins og prjóna eigi slétt, 2 lykklar slétt saman, steypið lyftu lykkinni yfir lykkinna sem var prjónuð

A.3 A.2 A.1

Prjónuð peysa úr Drops Air. Stykkið er prjónað ofan frá og niður með laskalínu og gata-mynstri á ermum.

DROPS Design: Mynstur ai-438
Stærðir: S (M) L (XL) XXL (XXXL)
Yfirvidd: 102 (108) 116 (128) 178 (150) cm

Garn: DROPS AIR (fæst hjá Handverkskúnst)
300 (300) 350 (400) 400 (450) g
litur á mynd 01, natur

Prjónar:Hringprjónar nr 5, 40 cm og 80 cm. Hringprjón nr 4, 80 cm.

Prjónfesta: 17 lykklar á breidd og 22 umferðir á hæð með sléttprjóni = 10 x 10 cm.

Laskalína: Aukið út um 1 lykku hvoru megin við 2 lykklar í sléttprjóni (prjónamerkið situr á milli þessa 2 lykka) í hverri skiptingu á milli fram- og bakstykki og erma (8 lykklar fleiri).

Aukið út um 1 lykku með því að slá 1 sinni uppá prjóninn. Í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn slétt svo ekki myndist gat. Prjónið síðan nýjar lykklar í sléttprjóni á framstykki og á bakstykki og inn í mynstur á ermum.

Peysa - stutt útskýring á stykki: Berustykkið er prjónað í hring á hringprjóna frá miðju að aftan, ofan frá og niður og aukið er út fyrir laskalínu. Berustykkið skiptist fyrir fram- og bakstykki og ermar. Fram- og bakstykkið er prjónað í hring á hringprjóna. Ermar eru prjónaðar í hring á stuttan hringprjón.

Berustykki: Fitjið upp 100 (104) 108 (112) 116 (120) lykklar á hringprjón nr 4 með DROPS Air. Prjónið 1 umferð slétt. Prjónið stroff (2 lykklar slétt, 2 lykklar brugðið) yfir allar lykklar í 3 cm, í síðustu umferð í stroffi er fækkað um 2 lykklar jafnt yfir = 98 (102) 106 (110) 114 (118) lykklar. Skiptið yfir á hringprjón nr 5 og setjið 1 prjónamerki í byrjun á

umferð, stykkið er nú mælt héðan. Nú eru sett 4 prjónamerki í stykkið eins og útskýrt er að neðan (þetta er gert án þess að prjóna umferðina). Prjónamerkin eru notuð þegar auka á út fyrir laskalínu og hvert prjónamerki er sett á milli 2 lykka.

Teljið 15 (16) 17 (18) 19 (20) lykklar (hálf bakstykki), setjið 1 prjónamerki, teljið 19 lykklar (ermi), setjið 1 prjónamerki, teljið 30 (32) 34 (36) 38 (40) lykklar (framstykki), setjið 1 prjónamerki, teljið 19 lykklar (ermi), setið 1 prjónamerki, það eru 15 (16) 17 (18) 19 (20) lykklar á prjóni á eftir síðasta prjónamerki (hálf bakstykki).

Prjónið síðan sléttprjón yfir lykklar á framstykki og á bakstykki og 1 lykku slétt, A.1, A.2, A.3, 1 lykka slétt yfir lykklar á hvorri ermi, jafnframt í fyrstu umferð byrjar útaukning fyrir LASKALÍNA í hverri skiptingu á milli fram- og bakstykki og erma – sjá útskýringu að ofan. Í hvert skipti sem A.1 og A.3 hefur verið prjónað 1 sinni á hæðina, prjónið 2 mynstureiningar

fleiri af A.2 á breiddina. Haldið áfram með útaukningu fyrir laskalínu í annarri hverri umferð þar til aukið hefur verið út alls 22 (23) 25 (28) 31 (33) sinnum = 274 (286) 306 (334) 362 (382) lykklar. eftir síðustu útaukningu fyrir laskalínu er prjónað áfram án útaukningar þar til stykkið mælist 23 (24) 25 (28) 31 (33) cm frá prjónamerki.

Næsta umferð er prjónuð þannig: Prjónið fyrstu 38 (40) 43 (47) 51 (54) lykklar (hálf bakstykki), setjið næstu 61 (63) 67 (73) 79 (83) lykklar á þráð fyrir ermi, fitjið upp 10 (12) 12 (14) 16 (20) nýjar lykklar á prjóninn (í hlið undir ermi), prjónið næstu 76 (80) 86 (94) 102 (108) lykklar (framstykki), setjið næstu 61 (63) 67 (73) 79 (83) lykklar á þráð fyrir ermi, fitjið upp 10 (12) 12 (14) 16 (20) lykklar á prjóninn (í hlið undir ermi) og prjónið þær 38 (40) 43 (47) 51 (54) lykklar sem eftir eru (hálf bakstykki). Héðan er nú stykkið mælt.

Fram- og bakstykki: = 172 (184) 196 (216) 236 (256) lykklar. Haldið áfram

í sléttprjóni þar til stykkið mælist 16 (17) 18 (17) 16 (16) cm frá skiptingu. Prjónið 1 umferð slétt þar sem aukið er út um 40 (40) 48 (52) 52 (56) lykklar jafnt yfir = 212 (224) 244 (268) 288 (312) lykklar. Skiptið yfir á hringprjón 4. Prjónið stroff (2 lykklar slétt, 2 lykklar brugðið). Haldið svona áfram með stroffi í 8 cm. Fellið af aðeins laust. Peysan mælist ca 52 (54) 56 (58) 60 (62) cm frá öxl.

Ermi: Setjið 61 (63) 67 (73) 79 (83) lykklar af þræði í annarri hlið á stykki á stuttan hringprjón 5 og prjónið að auki upp 1 lykku í hverja og eina af 10 (12) 12 (14) 16 (20) lykklum sem fitjaðar voru upp í hlið undir ermi = 71 (79) 87 (95) 103 lykklar. Haldið áfram með A.2 eins og áður, þær lykklar sem ekki ganga jafnt upp í A.2, eru prjónaðar í sléttprjóni. Prjónið áfram þar til stykkið mælist 31 (31) 30 (27) 25 (23) cm frá skiptingu. Fellið af með sléttum lykklum.

Prjónakveðja, Stelpurnar í Handverkskúnst.

Gott garn á góðu verði!
Sendum um allt land.

Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 888-6611

SUDOKUPRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Létt

		2		3	1	9	4	
	8		9	6		3		
	1	3				6		2
1	7				6	4		
3			5	4	8		6	
6						2	9	8
		4	3	7	5			
7			1				3	9
	3	1		8				4

Miðlungs

							1	
8	3							2
5			4		3			9
6			2					1
					1	9		
		3		7		5		
		9		8	4			
	2				7			5
1								6

Pung

				9	8		6	
				1		2		
7			3					
	8				1			
6				5	4		2	
		4					3	
		3	4		7		8	
2			1		3			5

Þyngst

					9	8		6
					1		2	
7			3					
	8					1		
6				5		4		2
		4						3
		3	4		7		8	
2			1		3			5

ERFINGJAR LANDSINS

Gaman að vera til

Hann Ívar Þór er hress og öflugur strákur frá Egilsstöðum sem á framtíðina fyrir sér í motocrossi.



Nafn: Ívar Þór Adamsson.
Aldur: 7 ára.
Stjórnumerkir: Vog.
Búseta: Egilsstöðum.
Skóli: Egilsstaðaskóli.
Skemmtilegast í skólanum: Leika við vini og læra stærðfræði.
Áhugamál: Vera með fjölskyldunni minni og úti að leika við vini.
Tómstundaiðkun: Fimleikar, körfubolti, motocross og skíði.
Uppáhaldsdýr: Hundar og kindur.
Uppáhaldsmatur: Mjög margt, t.d. grjónagratgur.
Uppáhaldslag: Space Jam - Quad city DJ's.
Uppáhaldslitur: Bleikur.
Uppáhaldsmynd: Space Jam.
Fyrsta minningin: Þegar ég stökk niður af bekknum í fangið á mömmu minni þegar hún var búin að burstu í mér tennurnar.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Mótörhólaferðalagið með pabba mínum.
Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Atvinnumaður í körfubolta og motocrossi.

FRÆÐSLA



Gulönd er fiskiönd líkt og toppönd, enda oft kölluð stóra systir toppandarinnar. Þær virðast stundum líkar í fjarska, sérstaklega kvenfuglarnir. En gulönd er áberandi stór, hún er okkar stærsta ferskvatnsönd og mun stærri en litla systir hennar. Stofninn er hins vegar mun minni, eða um 300 varppör á meðan stofn litlu systur hennar er tífalt stærri. Hún hefur sérhæft sig sem fiskiæta og er mjög lagin við að kafa eftir smásilung, laxaseiðum og hornsilum. Þær eru ákaflega styggar og með allra stygguustu fuglum á landinu. Endrum og sinnum þegar is hefur lagt yfir ár og vötn þá hafa örfáir fuglar leitað á opnar ár nærri mannabyggðum. Nú á liðnum vetri voru t.a.m. nokkrar gulöndur sem héldu sig á læknum í Hafnarfirði. Fyrir marga var það einstakt tækifæri til að virða fyrir sér þessar stóru fallegur endur án þess að þær væru að fljúga í burtu. Hún er staðfugl og utan varptíma eru þær nokkuð félagslyndar. Þá sjást þær gjarnan í litlum hópum á straumvatni og stöðuvötnum.

Mynd og texti / Óskar Andri Viósson

Tíska:

Léttstíg og leikandi í sumar

Í heimi tískunnar er aldrei að vita hvert stefnir. Einn daginn er það klassík á borð við niðurþröngar buxur og rokkaraskó, en aðra daga mætti halda að þeir sem halda um taumana hafi gjörsamlega misst tökin.

Þegar virðist sem enginn sé við stjórnvölinn koma í ljós atriði á borð við háhælaða Crocs skó Balenciaga svo og svokallaða „táskó“ – undir sama merki – sem hafa, þótt ótrúlegt sé, fengið afar góð viðbrögð. Hafa neytendur meðal annars upplifað sig afar kynþokkafulla í skónum sem gerðir eru úr endurunnu efni. Fréttaritari Vouge vildi sannreyna þann orðróm og varð ekki fyrir vonbrigðum. Á vefsíðu Vouge kemur fram: „*Mér líður eins og ég sé að smeygja mér í klæðskerasaumaða silkihanska sem bæði gæla við hörundið og lita glæsilega út. Þéttur sóli skótausins leyfir mér svo að stíga þokkafullt til jarðar þar sem ég merki yfirráðasvæði mitt með eigin þunga.*“

Stórt og mjúkt

Nú er ekki vitað hvort allir upplifa sig á sama hátt og fréttaritari Vouge, en skórnir eru í það minnsta forvitnilegir. Ekki er hægt að dæma þá glæsilega út frá hönnunarsjónarmiði, en í dag virðist sem neytendur líti æ oft fram hjá útlitinu og versli frekar eftir andlegri upplifun sinni og vellíðan. Kemur það sem andsvar við óþægilegri hátísku sem oft á illa við annir daglegs lífs. Líkamleg vellíðan helst auðvitað í hendur við þá andlegu og má segja að áhrifavaldar víðs vegar um heiminn séu oft en ekki að stíga skref í þá átt. Stórir og mjúkir strigaskór



Hinir kynþokkafullu táskó Balenciaga.

drottina nú yfir skótísku vorsins og spurning er hvort slíkt sé ekki akkúrat sumargjöfin í ár.

Strigaskótíska þeirra miðaldra

Nú velta lesendur ef til vill fyrir sér um hvers konar skó er að ræða. Þeir sem miðaldra eru muna gjarnan eftir Buffalo skótískunni sem þótti hvað helst móðins fyrir um 30 árum.

Var Buffalo upphaflega stofnað í Þýskalandi árið 1979, en náði á stall evrópskar hátísku um miðjan tíunda áratuginn. Voru stúlkurnar í hljómsveitinni Spice Girls þekktar fyrir að ganga í skónum sem voru jafnan með tíu sentímetra þykkum botni, en hinar allra djörfustu strunusuðu um í allt að tuttugu sentímetrum. Voru klassískir Buffalo skór helst svartir eða hvítir, en var þó að finna í öllum regnbogans litum.

Með tuttugustu og fyrstu öldinni döludu vinsældir skónna en í dag virðist sem þeir séu að hljóta aukið fylgi. Á vefsíðu fyrirtækisins má sjá að skref hafa verið tekin í átt að veganstemningu þeirri, er ríkt hefur nú um nokkurt skeið hjá forsvarsmönnum tískuheimsins. Til að mynda er notast við endurunnið efni og lífræna bómull og segir á vefsíðu þeirra, buffalo-boots.com, að leitast sé við að halda áfram á þeirri braut.

Fyrir áhugasama má finna þar ýmiss konar skófatnað, bæði vegan og ekki.



HOKA, skór sumarsins.

Vor 2023

En þetta var útúrdúr. Það sem þykir nú allra smartast vorið 2023 eru strigaskór sem bera nafnið HOKA, vel þéttir og halda vel að fæti. Framleiðendur skónna, sem hófu starfsemi sína árið 2009 í Frakklandi, eru í raun undirfyrirtæki bandaríska fyrirtækisins Deckers sem hefur verið í framlínunni síðastliðin 50 ár. Meðal annarra fyrirtækja undir vængjum Deckers má nefna UGG og Teva, sem bæði eru þekkt merki víðs vegar um heiminn. HOKA skórnir, sem hafa þó verið í framleiðslu í þó nokkur ár, hafa smám saman verið að klífa metorðastigann.

Breiddist hróður þeirra hratt út, meðal annars í hlaupasamfélagi bæjarins Boulder í Colorado-ríki Bandaríkjanna, eftir að hlaupari keypti hvorki meira né minna en 770 pör. Innan fárra ára voru strigaskór HOKA á listum yfir bestu skó markaðarins og viðurkenndir af úrvalsíþróttamönnum víða um heim. Forsvarsmenn fyrirtækisins segja að upphaflega hafi hönnunin verið atlaða að lausn á því að fara sem hraðast niður brekkur án þess að renna, en sérstáða skónna er að stórum hluta sú að sólinn er í nokkurri yfirstærð.



Buffalo skór voru afar vinsælir hjá stúlkahljómsveitinni Spice Girls.

Útkoman varð sú að þarna varð til lögun á hlaupaskóm sem ekki hafði áður þekkt, en er í dag einna helst sú tegund sem utanvegahlauparar (og aðrir) kjósa við iðkun sína. HOKA skórnir þykja einstaklega þægilegir á fæti, mjúkir og hentugir fyrir þá sem þurfa að vera mikið á fótum í vinnu sinni og eiga jafnvel við eymsl að glíma í hnjám.



Segir orðrómur að notkun þeirra „sé eins og að ganga á skýjum“. En þetta er nú staðan í dag. HOKA skó má finna hérlendis á nokkrum stöðum og því um að gera að versla sér þar ef áhugi er á því að klífa skriður, skriða kletta og þar fram eftir götunum – nú eða til þess eins að fylgja hátísku vorsins. /SP



Crocs á öðru leveli frá Balenciaga.

Svampur.is

Bjódum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321



Ég leita að stórríttvél sem gengur ekki fyrir rafmagn. Lumir þú á slíkrri, sem er fól eða gefins, máttu hafa samband í s. 822-5269 eða senda skeyti á netfangið astvaldurl@gmail.com.



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 mtr. í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos s. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30. www.brimco.is.



Opel Corsa-E, árg. 2016, beinskiptur, ekinn 120.000 km. Tilboðsverð kr. 890.000. Verð áður kr. 1.190.000. - notadir.bennis.is - s. 590-2035



Rúllunet 3.600 metra. Verð kr. 29.900.- +vsk. Búvís s. 465-1332.



Til leigu jörð á Vesturlandi, 5 herbergja íbúðarhús, fjárhús með vélengum áburðarkjallara, hlaða og hesthús. Laus 1. júlí 2023. saudfjarbu@gmail.com.

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is



Vandaðir vatnabátar frá Póllandi. Stærð- 4,04 m x 1,67 m, 110 kg. Bátarnir eru með tvöföldum botni með frauði á milli. Bátunum fylgir sami búnaður og á mynd, ásamt tréarum. Vinsamlega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Hákonarson ehf, netfang- hak@hak.is. S. 892-4163.



12,2 ha. land til sölu

Útsyni að Snæfellsjökli, Stapafelli og Faxaflóa

Til sölu 12,2 ha. eyðijörð, landnúmer 177170. Melabúð að Hellnum, Snæfellsbæ. magnus@fasteignamidstodin.is - s. 550-3000.



Bráðgott og meyrnt ungnautakjöt. 1/8 úr skrokk um 20 kg. Inniheldur steikir, hakk, gúllas og snitsel. Heimkeysla á höfðuborgarsvæðinu. S. 868-7204 www.myranaut.is



Mono Sólarcellur 120w, Verð kr. 21.900.- 180w. Verð kr. 29.900.- 370w. Verð kr. 59.900.- Uppl. í s. 888-1185.



Óskast til kaups, Toyota bílar, mismunandi gerðir og ástand. Einnig fleiri tegundir. Upplýsingar dagbjartur80@gmail.com / s. 896-5001.



Óska eftir mjólkurtanki, svipaðan í útliti og á þessari á mynd. Vantar ekki liggjandi tank. Óskandi væri ef mjólkurtankurinn væri í kringum 1000l (200 l til eða frá) s. 898-9759 email-kombucha.liv@gmail.com.



Glænytt 42,7 fm 3 herbergja lykklátt heilsárshús. Húsið inniheldur vatns-, rafmagns- og skólplagnir. Led ljós inni sem að utan. Baðherbergi inniheldur sturtu og klósett. Hurðar - 3faldir gluggar - vífta á klóssetti. Inntak fyrir heita og kalda vatn er til staðar. Hitakútur fylgir. 3 fasa rafmagn. Húsið er staðsett í Mosfellsbæ og er tilbúið til flutnings. Verð kr. 13.000.000. Uppl. í s. 691-7343.



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



2,5L Subaru Outback árgerð 2011 til sölu. Einn eigandi frá upphafi, farið reglulega í yfirhalningu og tékk hjá BL, keyrður í kringum 200.000 km. Verð 1.100.000 kr. Uppl. á netfanginu subarutillsolu@gmail.com. S. 662 4124.



Rampar fyrir Frysti/Kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratakur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is

Jesús sagði:

„Ég er dyrnar. Sá sem kemur inn um mig mun frelsast og hann mun ganga inn og út og finna haga.“

Jóh. 10.9

biblian.is

CFMOTO



CFORCE 625

Glæsilegt tveggja manna öflugt fjórhjól bæði fyrir leik og störf. Fjórhjóladrif með driflæsing, sjálfstæð A-arma fjórðun, vökvabremsur, 18 lítra tankur. Þyngd 400 kg. Burðargeta 210 kg. Eldsneytistankur 18 L Eins strokka, vatnskælt. Áfelgur. Dekk 25x8-12 og 25x10-12.

1.491.129,- án Vsk
1.849.000,- m. Vsk



Nitro - Urðarharvi 4 - 557 4848 - nitro.is

JOBMAN

Nýjar teygjubuxur frá Jobman!

Durability at work since 1975

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.

Vefverslun: Khvinnufot.is

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

Jobman 2391

- Allt efni 4-átta teygja
- Hægt að taka vasa af
- Cordura hnéstyrking
- Styrking í vösum
- Litir: Svartar og gráar



Öryggi fyrst og fremst

Verð: 19.406 kr.



Réttu fötin fyrir þig!

EYJALIND Varahlutir í Bobcat



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO
QUALITY FOR LIFE



UNSIINN

Schmidt
FAHRZEUGBAU



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðu úrvalið á www.brimco.is eða kirtu í heimsókn.



Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

Færibanda-reimar

Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla



GÚMMISTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.

Gyflahlöt 3 - 112 Reykjavík - Sími 567 4467 - gummisteypa@gummisteypa.is - www.gummisteypa.is



Ökukennsla í 50 ár



BILPROF.IS

Aukin ökuréttindi

Fjarnám í rauntíma
02. maí 2023

Hraðnámskeið - staðnám
11. maí 2023

Bóklegt bifhjólanám

Staðnám
2. - 4. maí



Skráning á bilprof.is

Endurmenntun

atvinnubílstjóra

Maí 2023

2. maí 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 1

3. maí 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 2

6. maí 09:00 - 16:00 / Umferðaröryggi

8. maí 17:00 - 20:30 / Vistastur - hluti 1

9. maí 17:00 - 20:30 / Vistastur - hluti 2

10. maí 17:00 - 20:00 / Lög og regl. - hluti 1

11. maí 17:00 - 21:00 / Lög og regl. - hluti 2

13. maí 09:00 - 16:00 / Skyndihjálpi

15. maí 17:00 - 20:30 / Vörufll. - hluti 1

16. maí 17:00 - 20:30 / Vörufll. - hluti 2

Sjá fleiri námskeið og skráning á bilprof.is

Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - Sími: 567 0300 - mjodd@bilprof.is

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR

— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningsstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togsþil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hjóðnemar fyrir rútur, voltmælur, amperemælur, spennufellur 24V / 12V, truflanapáttar, loftnetsframlingar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggiahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Spáfréttis fyrir Landover. Símanúttíll fyrir Bassakætur. Bassakætur. Öxulhosur. Spennustíllar. Dísur. Rafgeymaskólar. Jarðsemstönd. Dísulöyri. Reinsakúfur fyrir alternatara. Kúplinggeymar. Stöðvarstöng. Lengur í alternatara. Rífl í alternatara. Kúplinggeymar. Stöðvarstöng. Lengur í alternatara. Rífl í alternatara.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is

BÍLARAFMAGN



Vinsælu þurrkofnarnir eru komnir aftur. Ryðfrítt stál, toppgæði, verð aðeins kr. 59.000 +vsk. Uppl. í s. 822-8844.



Bretttagaflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðanar festingar- Euro. Euro + 3 tengi. Sérþöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfllum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettur bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Eigum ýmis ný tæki til matvælavinnslu. Hakkavélar, töfrasprota, matvinnsluvélar, grænmetiskvarnir, þurrkofna og áleggshnífa, einnig ýmis notuð tæki. Uppl. í s. 822-8844 Bjarni.



Vatnshitara fyrir háþrýstþvott. Hitar vatn í allt að 110°C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margs konar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagn eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf, S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



Viltu lækka raforkukostnaðinn um 25-40 prósent? Vindmyllur fyrir bændur og smáfyrirtæki til sölu. Kostir eru, lægri raforkukostnaður, einangrar kaupanda frá framtíðar verðhækkunum í 20 ár, 5 ára ábyrgð, hámarksvindálag 59,5 m/sek. Smáorka ehf, S. 773-5400, www.smaorka.is



Opel Mokka, rafmagn, árg. 2021, sjálfstýrtur, ekinn 30.000 km. Tilboðsverð - kr. 4.690.000. Verð áður kr. 4.790.000. notadir.benni.is - s. 590-2035.



Klósettdeilur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Brian james flutningskerrur, innamál 5,5 m x2,10. Henta vel til flutninga á tækjum, bílum og dóti, eða einfaldlega sem geymsla. Mjög léttar í drætti og hægt að opna á alla vegu. Verð kr. 3.360.000 +vsk. S. 695-2015.



Innihræður fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræður glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðlettingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Patrol 2005 - Breyttur f 38 tomnu 2016. Nýlegir demparar að framan - Nýlegur olíutankur - Nýlegar felgur og dekk - Stærri kæli - 3" þúst - Snorkel- Stærri intercooler - Nýlegt olíuverk - Nýleg túrbína - Nýleg glóðakerti - Nýlegur 3ja raða vatnskassi - Spottakassi frá Formverk - Lækkuð hlutföll 5/42 - Stýrisarmur frá Ægi. Verð kr. 4.200.000. Uppl. í s. 899-0410.



Glussadrifnar gólfhræður. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Til sölu Terhi Nordic 6020 með 15 hestaflo Suzuki mótur. Baturinn er á vagni og fylgja tvær færarúllur og björgunarvesti. Baturinn er á Dalvík. Uppl í s. 866-2486.



Belarus 1025-3 100ha góð dekk, lítið notuð. keyrð 2100 tíma verð kr. 1.700.000. vinsamlega aðeins ákveðnir hringi, rúllugreip fylgir ekki. Uppl s. 893-4165 eða hordure@gmail.com



Er á Norðurlandi. keyrð aðeins 2007 tíma, skófla fylgir, ekki greip, nýleg afturdekk, góð framdekk. 100 Ha. vél í góðu lagi, beinskipt og einföld. Uppl s. 893-4165.




Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á kist. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vegristar 2,4x4 m, bera alla venjulega umferð, kr. 390.000 +vsk. Zinkhúðaðar hliðgrindur á vegristar verð kr. 89.500 +vsk. pr. stk. Veghlið, gönguhlið. Safnferðir, sama verð um land allt. Sæblær ehf. s. 899-2202, 862-1909 eða skilaboð á FB sbl.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjólfl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Glussadrifnar haughræður á ámoksturstæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útítanka, útítölu og víðar. Lengdir : 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn óxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is - www.hak.is - S. 892-4163.



Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x 110. Net 15x10. Frá kr. 24.900, m/ vsk. 5 grindur, +vsk. Lamasett 3.990.



S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel. Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta - 8.000 kg. Stærð - 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.

Aðalfundur Sögufélags Eyfirðinga 2023

Aðalfundur Sögufélags Eyfirðinga 2023 verður haldinn miðvikudaginn 03. maí kl. 20:00
Fundurinn fer fram á Amtsbókasafninu á Akureyri.


Dagskrá aðalfundar: 1. Skýrsla stjórnar

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar

3. Lagabreytingar 4. Kjör stjórnar og annarra trúnaðarmanna 5. Önnur mál.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstöfum flytur Arnór Bliki Hallmundsson erindi um nokkur áhugaverð eldri hús á Akureyri og nærsveitum.


Allir velkomnir!



Fjárhúsgrindur. Eigum á lager fjárhúsgrindur 40x60 cm. Nánari upplýsingar í s. 897-3290 og á samleid@samleid.is



Atlas Copco loftþessa GA11FF (árg. 2016) með innbyggðan loftþurrkara. Lítil notkun (17.000 klst) og reglulegt viðhald. Verð kr. 1.000.000 +vsk. Upplýsingar í S. 695-2521.



Báruál og aluzink - tilboðspakkar á miklum afslætti vegna tiltektar. Nánari upplýsingar á altak@altak.is, Áltak ehf. - Fossaleyni 8 - 112 Reykjavík - www.altak.is



Til sölu iðnaðarbílskúrhúsið. Hæð 2.47 m. Breidd 3.35 m ps. á til 2 aukaklefa sem hækka hana um ca 80 cm. Uppl. í s. 898-0131.



Einföldu fjárgindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Polaris Scrambler XP 1000 S. Árgerð 2021 Verð kr. 2.600.000. Er á 30 tommu dekkjum og 27 tommu fylgja með. Uppl. í s. 777-6502.



Tilboð óskast í Suzuki Boulevard C50-806cc 2006, 9300 km. Geymir og dekk ný. Allur búnaður fylgir, útlit mjög gott. uppl. í s. 895-0508.



Mjög vel með farinn íslenskur upphlutur til sölu. Stærð um 42. Tilboð S. 862-2374.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 gr. að þyngd. Verð kr. 9.900 m/vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Hnifataetarar í mörgum stærðum og útfærslum. 230 cm breiðir, kosta kr. 695.000 +vsk. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - S. 555-6520.



Kurlarar í úrvali. Þessi er með 15 hp bensínvél og rafstarti og kostar kr. 395.000 +vsk. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - S. 555-6520.



Sumargjöfin í ár. Flottir götuskráðir buggbílur, nýir bílar 1.100 cc beinskíptir 5 gíra 4x4 með læst drif. Verð kr. 2.290.000 +vsk. Nánari uppl. í s. 892-0017 aðeins nokkrir bílar eftir.



Rafstöðvar með original Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hjóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang - hak@hak.is



Höfum til sölu Furufis í um 28 kg böllum. Verð kr. 2.153- brettaafsláttur. Einnig spónaköggjar í 15 kg pokum kr. 1.655- Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



HARKA
Ekkert ryk - Ekkert slit
harka.is



TIMBUR EININGAHÚS

Sími: 893 3022 einingar@einingar.is
www.einingar.is

NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far



Toyota Selfossi
www.toyotaselfossi.is
Sími 480-8000

Valtra G135
Árgerð 2021
Notkun 348 klst
Húsfjóðrun og fjaðrandi framhásing með 100% driflæsingu
Ásett verð 13.500.000 kr + VSK
Glæsileg vél í alla staði.

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ
ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600



Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is





Mercedes-Benz Sprinter, 516, sjálfskiptur 2/2019. Ekinn 13.000 km. Dísel. Nánari uppl. í s. 849-4044 – 696-0444. eða www.nvja.is



Valtra N123. Árgærd 2015. 3600 vs. Verð kr. 8.700.000. Uppl. s. 894-0444, Þorsteinn.



Mercedes Bens Vito Háþekja. Árgærd 2013, ekinn 170.000 km. Með Forhitara og bakkmyndavél. Hurðir báðum hliðum. Uppl. s. 837-7727 / 896 6866.

Gröfuleigan ehf

Er með Kobelco SK18 smágröfu til leigu. Verð- Sólarhringur kr. 39.000 m/vsk. Helgarleiga frá kl. 17:00 á föstudegi til 12:00 á mánudegi kr. 78.000 m/vsk. Vikuleiga kr. 137.000 m/vsk. Mánudagur til föstudags kr. 110.000 m/vsk. Innifalið í leigunni er flutningskerra og 4 skóflur, 20, 40, 60 og 100 cm. Frábær þjónusta og gott verð. Hafid samband eða sendið mér skilaboð í s. 866-1074 eða á Facebook síðu leigunnar Gröfuleigan ehf.




Peugeot 307, árg. '04, ek. 73.000 km, sjálfsk. Sérútbúin fyrir hreyfihamlaða (eldsneytisgjafin hægra/vinstra megin), alltaf verið fyrir norðan. Uppl. í s. 830-2993.



Eldhestar óska eftir hestum til kaups, leigu eða láns. Óskað er eftir traustum og áreiðanlegum hestum sem eru auðveldir í umgengni og henta byrjendum en einnig vanari reiðmönnum. Aldursbil frá 8 - 18 vetra. Þeir verða að vera mjúkgengir – allhliðahestar æskilegri. Tökum einnig að okkur að koma hrossum í þjálfun og undirbúa þau fyrir ferðir sumarsins. Frekari upplýsingar eru veittar af Sigurjóni Bjarnasyni í s. 896-4841 eða sigurjon@eldhestar.is



Smágrafa 1,2 tonn. Verð kr. 1.780.000 +vsk. Aukabúnaður í úrvali fyrir ólík viðfangsefni. www.hardskafi.is-sala@hardskafi.is – S. 555-6520



Fjárhúsmottur - járnristar Stærð 183 x 91,5cm Verð kr. 12.900 m/vsk. H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Við hjá Hringrás eigum og getum útvegað dekkjahringi. Við seljum dekkjahringina eftir vigt, 50 kr. per kg +vsk. Hafid samband í S. 550-1900 eða ottarfreyr@hringras.is



Brettarekkar til sölu vegna breytinga. 48 stk. Þverslár 270 cm 16 stk. Stoðir 500cm. Gaflar dýpt 100cm. Verð kr. 360.000 +vsk. Nánari upplýsingar í s. 868-6186.



Háþrýstidælur fyrir verkataka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitara fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Hyundai Tucson Style, árg. 2021, Hybrid, sjálfskiptur, ekinn 55.000 km. Verð kr. 5.990.000. notadir.bennis.is – s. 590-2035.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Original Honda vélar með smurliuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Gúmmirampar fyrir brettatjakka. Stærð- L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd-21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Girðingarefni, lowa gaddavir 200 metrar-kr. 9.100. Motto gaddavir 200 metrar-kr. 4.500. 5 strengja túnnet 100 metrar - kr. 14.900. 6 strengja túnnet 100 metrar - kr. 17.500. Þanvir 625 metrar-kr. 11.900. H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Brettgafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Til sölu JCB 1CX grafa, fin í garðinn. Verð kr. 2.700.000. Staðsett í Reykjavík. Ekin 3425 klst. Uppl. í s. 899-9998, María eða mariaoskars@gmail.com



Prýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir samurhús, ferðapjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Super socco TS rafmagns bifhjól árg. 2019 ekið rúma 600 km, eins og nýtt. Nær 70 km hraða og krefst ökuréttinda á skellinöðru eða bifreið. Keypt nýtt í Elko á kr. 500.000. Skoða öll tilboð. Nánari upplýsingar í s. 845-9718.



Brettarekkar frá ísold til sölu vegna breytinga. Gafstigar, 2,9 metrar, verð kr. 6.300 +vsk. pr. stk. Nývirði kr. 14.190 +vsk. Per stigi Þverslár, 270 sm. verð kr. 3.500 +vsk. pr. stk. Nývirði kr. 7.000 +vsk. per þverslá. Nánari upplýsingar í s. 868-6186.



Álbrautir fyrir kerruna. Párið frá 400 kg í burðargetu og allt að 4.060 kg. Ýmsar lengdir. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. S. 894-5111 opíð frá kl.13-16.30 www.brimco.is

Atvinna

Leigjum út sogdælur fyrir gler og samlokueiningar. Upplýsingar í s. 893-6975.

Michael, frá Ghana en nú starfandi í Abu Dhabi, óskar eftir vinnu í sveit á Íslandi. Hann hefur reynslu af störfum í sveit, talar góða ensku og getur hafid störf fljótlega. Uppl. á vipermichael2@gmail.com.

Óska eftir að fá vinnu í sauðburði í vor á blönduðu búi. Svar sendist á sisvet@snerpa.is

Óska eftir að ráða konu til heimilisstarfa á lítið sveitaheimili á besta stað í Borgarfirði. Góð aðstaða í boði. Nánari upplýsingar í s. 894-5063.

Fjórir verkfræðingar sem nýlök hafa námi óska eftir að komast í verknám í ágúst mánuði annað hvort í sveit eða við önnur störf. Þeir tala reiprennandi spænsku og ensku ásamt frönsku. Uppl. á miglesiamorenoOO@gmail.com eða í s. +34 648277292.

Viktor, 55 ára Úkraínumaður, óskar eftir vinnu við bústörf. Hann talar litla ensku. Upplýsingar í s. 836-4588.

Leiga

Veitingarekstur og vinnuástaða til leigu. Staðsett rétt hjá Akureyri. Margs konar möguleikar. Upplýsingar í s. 849-8902.

Óska eftir

Óska eftir amerískum pallbíl, helst dísel, en skoða allt. Má þarfnast lagfæringar, endilega hringja eða senda sms í s. 774-4441.

Óska eftir Kia Sorento, árgærd 2005-2010 beinskíptum, má vera ryðgaður og óskoðaður. Uppl. í s. 660-2866 - Snorri.

Óska eftir landi með blautum sandi, til þess að byggja stærsta asparskóg Íslands. Byrja í haust. Upplýsingar s. 849-0636.

Kaupi vinyllplötur og CD. Staðgreiði stór plötusöfn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin Háaleitisbraut 58. s. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir greinakurlara fyrir 30 ha dráttarvél. Uppl. s. 863-5650.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

CASE 785 XL (895) árg. 1989. Bilaður girrkassi. Með ámoksturstaekjum- skófla 215 cm á breidd. Þökkalega góð dekk. Vélin er á Sauðárkróki. Uppl. í s. 862 6245.

28kw heimarafstöð til sölu. Nánari upplýsingar í s. 892-6805.

Biab 3 fasa loftþessa með O kút, 40 metra loftslanga og tveir loftborar, verð kr. 30.000. Palllok á Mitsubishi L200 fyrir árg. 2006-2015, verð kr. 50.000. Góð vetrardekk, 3 stykki stærð 225/70R 16, verð kr. 7000. Er í Reykjavík, S. 899-6471.

Byggingarefni. 1000 setur, 1x6" óheflað, 1x6" heflað, stálstoðir galv. 70 stk, stálstoðir ógalv. 70 stk. Allt fæst á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 692-3457.

Lítill ósamsett, grá eldhúsinnrétting 8-10 ára, enn í pakkningu, geymd inni á pallettu- 1 stk 60 cm undirskápur; 1 stk 60 cm undirsk. m/3 skúffur; 1 stk 80 cm undirsk. m/3 skúffur; 1 stk 90 cm hornskápur m/hringsnúa; 3 stk efrisk. m/gleri 60x35,5x36 cm. S. 692-1755 / 821-1855.

Tilkynningar

Til búfjáreigenda. Eigendur jarðanna Brekkuvalla, Haukabergrs og Holts á Barðaströnd vekja hér með athygli búfjáreigenda á að ekki er heimilt að beita búfé í lönd jarðanna. Verði ágangur búfjár í löndum jarðanna verður leitað atbeina sveitarstjórnar eða eftir atvikum lögreglu til að láta smala ágangsfénu þangað sem það á að vera á kostnað eigenda þess. Sbr. 33.gr.laga nr.6/1986 13.04.2023. Landeigendur.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafid samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Hagabeit í sumar. Tökum að okkur hestahópa/ferðahesta í hagabeit, mjög góð aðstaða fyrir hesta bæði úti og inni. Uppl. í s. 893-4515.

Sé um uppsetningu á net- og rafmagnsgirðingum á Suðurlandi. Til að fá verð og frekari upplýsingar sendið email á bkgirdingar@gmail.com

P

PROTEC

Lambhagavegi 13 - 113 Reykjavík - Sími: 869 5300

Límtré

Stál & Harðviður

🔒 **protec.is** 🔍

Yleiningar

Harðviður & Náttúrusteinn

VIÐ MALBIKUM
**GRÆNNI
VEGI**

MEÐ HÁGÆÐA OG

UMHVERFISVÆNNA MALBIKI



MALBIKSTÖÐIN

WWW.MALBIKSTODIN.IS | SÍMI: 5160500

ERT ÞÚ KLÁR Í SUMARIÐ?

Við hjálpum þér að
finna réttu vöruna



WEBER

Spirit E-315 GBS gasgrill

- Rafstýrt kveikja og lokaður skápur
- Pottjárnsgrillgrindur - „BBQ system“
- Ryðfrítt stál í bragðburstum
- Postulins-glerungshúabál lok E315SPIR

109.995

Eða 10.242 kr. í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 122.905 kr. | ÁHK 22%



MOBICOOL AC/DC kælibox - 38 L

- 38 L box með tvöföldu kælikerfi
- Kælir allt að 20° C undir umhverfishita
- 12 V eða 230 V tenging og snúrur fylgja
- 45 x 51 x 52 cm
MB40

42.995



OONI

Koda 12" gas pizzaofn

- Gasknúinn 12" pizzaofn 30 mbar
- Hitnar í allt að 500° C á 15 mínútum
- Bakar pizzur á innan við 60 sek.
- Stillanlegur hiti og eldar hvað sem er OONI90272

54.995



GREEN CELL

EV09 eMobility Type 2 hleðslukapall - 5 m

- 5 metra Type 2 kapall
- Einfasa 7,2 kW (1x32A)
- IP55 ryk- og vatnsvörn
- Polir -30° C - 50° C umhverfishita EV09

29.995

GREEN CELL

bílahleðslustöð 22 kW 3x32A

- Þriggja fasa, 22 kW hleðsla
- LCD skjár og 5 RFID aðgangsslyklar
- IP66 ryk- og vatnsvörn
- RCD AC og DC leikavörn EV15RFID

99.995

Eða 9.380 kr. í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 112.555 kr. | ÁHK 24%

FINNDU VINDINN Í HÁRINU



XIAOMI

Pro 2 rafmagnshlaupahjól

- 300W, allt að 45 km drægni
- 25km/klst. hámarkshraði
- Tvöfalt bremsuferfi, hraðamælir
- Ljós að framan og aftan M365PRO2

89.995

Eða 8.517 kr. í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 102.205 kr. | ÁHK 26%



POWERNESS

Hiker U300 orkustöð

- Li-ion 296 WH - 20 Ah - 14.8 V rafhlaða
- Hlaðin með 12 V - 230 V eða sólarcellu
- AC / DC / 12V / USB-A / USB-C / þráðlaus
- Hleður iPhone 18x, dróna 7x, tölvu 5x U300

44.995

POWERNESS

SolarX S80W sólarcellur

- Hleður 120 W - 18V - 6,6A
- Stafrænn innbyggður skjár
- Létt og veðurþolin (IP65)
- Hleðslusúrur fylgja S80

36.995



A++
Orkuskipti

QLIMA

S4626 varmadæla - 100 m²

- Ræður við allt að 100 m²
- WiFi tengjanleg og Smart app
- Hitar, kælir og hreinsar loftið
- Seld án uppsetningar og lagnaefnis S4626

99.995

Eða 9.380 kr. í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 112.555 kr. | ÁHK 24%

ELKO

